

Fyrir alla eða útvalda?

Vilja allir prestar gifta samkynja pör? Samviskufrelsi presta hefur verið í deiglu undanfarið. Er kirkjan fyrir alla eða er hún bara fyrir útvalda? ➔38



Læknar geta verið allra verstu sjúklingarnir ➔44

Leigu-
markaðurinn
sprunginn
Ítarleg uttekt ➔28



Skrautlegt
hjá Steinunni
eldflug ➔46

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • ATVINNA • FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlökönun Gallup apríl-júní 2015

Full búð af glæsilegum afmælistilboðum

Kaupaukar á meðan birgðir endast

name it.

Smáralind og Kringlunni

Facebook: NAME IT ICELAND Instagram: @NAMEITICELAND

RÚNAR
70 JÚL
SVEITAPILTSINS
DRAUMUR

HÁSKÓLABÍÓ 31. OKTÓBER



MIDASALA ER HAFIN Á TÍXJIS


Kauphlaup

1.-5. október

15-50% afsláttur af nýjum vörum

SMÁRALIND

Veður



Hæg breytileg átt, en suðaustlæg átt suðvestan til. Áfram dálitlar skúrir og líkur á slydduéljum á stöku stað. Hiti 3 til 9 stig að deginum, en allviða næturfröst. **SJÁ SIÐU 64**

Prestar vilja hjálpa flóttafólki

FÉLAGSMÁL Prestar þjóðkirkjunnar í Kópavogi bjóða bæjaryfirvöldum samstarf og aðstoð við móttöku flóttamanna.

„Innan kirkjunnar er víðtæk reynsla af félagsstarfi, reynsla af stuðningi við innflytjendur sem þarfnast aðstoðar, þekking á ólíkum kristnum kirkjudeildum, á öðrum trúarbrögðum en kristnum og reynsla af þvertrúarlegu samstarfi,“ segir í bréfi sem séra Steinunn A. Björnsdóttir sendir til bæjarstjórnar fyrir hönd Kópavogsprestanna allra.

Fram kemur að í Kópavogi séu fjórir þjóðkirkjusöfnuðir, „þá sækir fólk á öllum aldri og með ólíkar skoðanir. Á þeim vettvangi gefst tækifæri á mál-svarastarfi fyrir flóttafólk og möguleiki til ýmissa viðburða sem gætu tengst komu og aðlögun flóttafólks,“ segir í bréfi Steinunnar þar sem prestarnir fagna því að bæjarstjórnin hafi lýst Kópavog reiðubúinn að taka á móti flóttafólki.

Í september hvöttu biskupar þjóðkirkjunnar allt kirkjufólk til að bregðast fljótt og af hlýju við þeim mikla vanda er við blasir varðandi flóttafólks. frá heimalandinu – gar

Innan kirkjunnar er víðtæk reynsla af félagsstarfi, reynsla af stuðningi við innflytjendur sem þarfnast aðstoðar, þekking á ólíkum kristnum kirkjudeildum, á öðrum trúarbrögðum en kristnum og reynsla af þvertrúarlegu samstarfi

Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir prestur



Berlínarmúrinn í Borgartúni



Brot úr Berlínarmúrnum hefur verið sett upp í Borgartúni, steinsnar frá Höfða. Grjótið er gjöf frá Berlínarbúum. „Þælingin á bak við að hafa þetta þarna er augljós að því leytninu til að það er bein tenging við Höfða sem við viljum halda fram að hafi átt þátt í því að menn hættu að vilja standa í köldu striði,“ segir Hjálmar Sveinsson borgarfulltrúi. Múrinn hafi verið táknmynd Kalda stríðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR.



Komum skemmtiferðaskipa til Eyja fjölgað mikið. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Bæta aðstöðu við höfnina

FERÐAÞJÓNUSTA Hafnarráðið í Vestmannaeyjum vill bæta aðstöðu fyrir móttöku skemmtiferðaskipa. Um 40 slík skip komu til Eyja í sumar en þau voru um 25 árið á undan.

Á fundi hafnarráðsins var farið yfir möguleikana og sérstaklega ræddur möguleiki á aðstöðu fyrir skemmtiferðaskipin norðan Eiðis og í Skansfjöru. „Ljóst er að aukin umsvif í Vestmannaeyjahöfn hafa þrengt verulega að starfsemi við höfnina,“ sagði ráðið sem vill að kannaður verði kostnaður við nauðsynlegar rannsóknir vegna hugsanlegs legukants í Skansfjöru. – gar

Heyrnarhlífar verði til taks fyrir kennara

Sigurður Karlsson, sérfræðingur hjá Vinnueftirlitinu, segir hljóðstyrk í kennslurýmum leik- og grunnskóla oft og tíðum fara yfir heilsuverndarmörk reglugerða. Ábyrgðin sé vinnuveitenda Doktor í talmeinafræðum telur aðstæður skelfilegar.

MENNTAMÁL Edlilegt er að leik- og grunnskólakennarar eigi þess kost að vera með heyrnarhlífar við störf sín. Þetta er mat Sigurðar Karlssonar, sérfræðings í hljóðvist hjá Vinnueftirlitinu.

Kennarasamband Íslands, Háskólinn á Akureyri og Vinnueftirlitið efndu sameiginlega til ráðstefnu í Háskólanum á Akureyri í vikunni um streitu og hávaða á vinnustöðum. Sigurður hélt þar erindi um hljóðmælingar á vinnustöðum kennara og reglugerðarumhverfi hvað varðar hljóðvist í vistarverum skólanna.

Sigurður fór yfir mælingar á hávaða í grunnskólum landsins sem Vinnueftirlitið hefur mælt síðustu ár. Í leikskólum hafi það gerst æði oft að meðaltalshávaði yfir daginn hafi farið yfir 85 desibel og að leikfimisalir séu sér á parti hvað hljóðvist varðar. „Leikfimisalir eru sérstaklega erfiðir og samkvæmt reglugerð um varnir gegn álagi vegna hávaða á vinnustöðum ættu kennarar í mörgum tilfellum að vera með heyrnarhlífar,“ segir Sigurður. „Þar sem við sköðum þetta út frá sjónarhorni launþega þá er reglugerðin brotin á mörgum stöðum.“

Doktor Valdís Jónsdóttir talmeinafræðingur segir nálgun Vinnueftirlitsins ekki til eftirbreytni. „Þeir mæla bara meðaltalshávaða, sem er ekki nógu gott. Þetta er eins og að standa með aðra löppina í sjóðandi vatni, hina í ísköldu vatni og segja svo vatnið vera ylvolgt. Meðaltalshávaði segir ekki nema hálfu söguna. Við verðum að geta greint gögnin mun betur en þetta,“ segir Valdís.

Einnig hefur Vinnueftirlitið



Sigurður segir að leikfimisalir séu sér á parti hvað hljóðvist varðar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Meðaltalshávaði segir ekki nema hálfu söguna. Við verðum að geta greint gögnin mun betur en þetta.

Valdís Ingibjörg Jónsdóttir talmeinafræðingur



kannað hljóðvist í leikfimisölum og þar voru næstum allar mælingarnar hærrí en reglugerð segir til um. Sigurður segir að með byggingarreglugerð eigi að taka á þessum málum. Það sé hins vegar oft á tíðum þannig að þetta sé ekki kannað nægjanlega þegar hús eru byggð eða tekin í notkun. „Ábyrgðin er síðan ávallt vinnuveitenda. Þeir eiga að fylgja reglum sem settar eru. Eg kannast hins vegar ekki við að kennurum og öðru starfsfólki skóla hafi verið gefnar heyrnarhlífar þó reglugerð segi að það eigi að gera,“ segir Sigurður. sveinn@frettabladid.is

RÓM

22. - 26. október

Tilboðsverð frá **59.900 kr.** og **12.500 Vildarpunktur**

Flugsæti fram og tilbaka. Verð án Vildarpunkta **69.900 kr.** Kanníð verð á flugi og hóteli á **vita.is**

Flugið með Icelandair



Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is

VITA - Skógarhlíð 12 - Sími 570 4444



VITA er lífið

Kauphlaup

Dagana 1.–5. október



15-50%
afsláttur af nýjum vörum

Skoðaðu tilboðin á smaralind.is



TÖLUR VIKUNNAR 28.9.2015 - 4.10.2015

erlendra ferðamanna frá fyrra ári verður árið 2015 að mati sérfræðinga.

27,5%
fjölgun

312,5%

er fjölgun bíla frá 2010 sem nýta aðra orkugjafa en bensín eða dísilolíu eingöngu.

23.580

einstaklingar höfðu í árslok 2014 leitað meðferðar vegna áfengis- og/eða vímuefnavanda hjá SÁÁ frá árinu 1977.

50**rostungahauskúpur**

og -tennur hafa fundist hér við land á undanföllum 100 árum eða svo og er það elsta frá árinu 1884.

6%

þeirra sem hafa veikt vegna myglusvepps telja sig hafa náð fullri heilsu á ný.

5,7

milljarða greiddi Orkuveita Reykjavíkur á 15 árum til Frumherja fyrir leigu á mælum sem hún keypti aftur nýlega.

3.000 rúmmetrum

á sekundu náði Skaftárhlaupið í vikunni og er það stærsta sem mælt hefur verið.

Þrír í fréttum Pólítík, svartur blettur og útlendingar

Hanna Birna Kristjánsdóttir tilkynnti að hún ætlaði ekki að gefa kost á sér til áframhaldandi starfa sem varaformaður Sjálfstæðisflokksins. Töluverður þrýstingur hafði verið á Ólöfu Nordal innanríkisráðherra um að bjóða sig fram til varaformanns. Höfðu einstök félög innan Sjálfstæðisflokksins skorad á hana að gefa kost á sér í embættið.



Kristín Völundardóttir, forstjóri Útlendingastofnunar, sagði ekki hafa verið brugðist nógu fljótt við og að um mistök hefði verið að ræða þegar ekki var sótt um skólavist fyrir börn hælisleitenda. Álagið væri mikið og ofyrirséður fjöldi hælisleitenda og flóttamanna hefði komið til landsins undanfarið.



Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-löðu, sagði tugi mála hafa komið inn á borð til sín vegna brota á kjarasamningum. Langflest málin tengdust ferðaþjónustu og oftast en ekki væri um ungt fólk að ræða. Sagði Björn ungt fólk ekki eiga þetta skilið. Um væri að ræða svartan blett sem þyrfti að uppræta.



LEIÐRÉTT

Í leiðara blaðsins þann 1. október kom fram að fullyrðing starfsmanns Útlendingastofnunar um að þjónustuúrræði fyrir hælisleitendur væri fullnýtt væri ósönn. Það er ekki rétt. Hið rétta er að þjónustuúrræði sveitarfélaganna er fullnýtt - og tekur þá Útlendingastofnun við því hlutverki að veita þjónustuna. Hlutadeigandi eru bednir velvörðingur á þessum mistökum.

Hælisleitandi grét í Hæstarétti

Martin Omolu hefur verið á flótta vegna samkynhneigðar sinnar í meira en áratug. Hæstiréttur vísaði máli hans frá á fimmtudag og vísar honum til Ítalíu. Þaðan óttast hann að verða sendur aftur til Nígeríu.

MANNRÉTTINDI „Depurð er ekki orð sem ég get notað til að lýsa því hvernig mér líður. Það er eins og lífið sé að fjara undan mér, ég er að missa það,“ segir Martin Omolu, nígerískur hælisleitandi, sem stendur til að vísa til Ítalíu samkvæmt Dyflinnarreglugerðinni en Hæstiréttur vísaði umsókn hans um hæli frá og staðfesti úrskurð Útlendingastofnunar og innanríkisráðuneytis.

Martin hefur dvalið á landinu í þrjú ár og þrjú mánuði og kom hingað frá Ítalíu 29. júlí 2012. „Ég hef eignast mikinn fjölda vina hér og í fyrsta sinn á ævi minni lífi ég frjals og öruggur. Ég get í fyrsta sinn treyst fólki, fáir vita hvað það þýðir að fá svona tækifæri. Að byrja lífið upp á nýtt. Þótt það sé seint,“ segir hann.

Martin er samkynhneigður og fæddur og uppalinn í borginni Delta í Nígeríu. Hann á tvo yngri bræður. Móðir hans er á lífi en faðir hans lést fyrir nokkrum árum. Hann flúði Nígeríu í kjölfar barsmíða og ofsókna vegna kynhneigðar sinnar. Hann ber enn ör eftir barsmíðarnar. „Ég varð fyrir barsmíðum og ofsóknum oftast en einu sinni. Lögreglan vildi ekkert gera og ég ber enn slæm ör.“ Hann bendir á fótleggina á sér.

Hann flutti til borgarinnar Lagos í Nígeríu. „Þaðan fór ég til Gana og þaðan til Marokkó. Frá Marokkó fór ég til Ítalíu.“

Martin kom til Ítalíu árið 2003 og sótti um hæli þar. Ítölsk yfirvöld synjuðu hælisleiðni hans. „Árin á Ítalíu voru ömurleg, þeim vil ég helst gleyma, ég lífið tvöföldu lífi,“ segir hann og segist líka hafa glímt við erfiðleika vegna kynhneigðar sinnar á Ítalíu þótt þeim erfiðleikum væri ekki hægt að líkja við ofbeldið í Nígeríu.

Hvað felst í svokallaðri Dyflinnarreglugerð?

Dyflinnarreglugerðin er hluti af Schengen-samstarfi Evrópuríkja og snýr að málsmeðferð í málefnum hælisleitenda. Með henni er ætlað að koma í veg fyrir að ríkisborgari utan Schengen-rikja geti sótt um hæli í mörgum ríkjum.

Reglugerðin tilgreinir hvaða ríki ber ábyrgð á hælisumsókn hælisleitenda. Ef hælisleitandi ferðast til annars ríkis er því ríki heimilt að vísa honum aftur til þess ríkis þar sem hælisumsóknin er í meðferð.

Í september útilokaði Ólöf Nordal að Ísland myndi fylgja fordæmi Þýskalands og hætta að fylgja Dyflinnarreglugerðinni. Þetta þýðir að Íslandi er enn heimilt að vísa hælisleitendum til þess lands þar sem þeir hafa lagt fram umsókn.

Ég get í fyrsta sinn treyst fólki, fáir vita hvað það þýðir að fá svona tækifæri. Að byrja lífið upp á nýtt.

Martin Omolu hælisleitandi

Hann segir það nánast öruggt að ítölsk yfirvöld sendi hann aftur til Nígeríu og þar bíði hans sömu ofsóknir og hann flúði. „Ég vona að Íslendingar finni það í hjarta sínu að hjálpa mér. Ég vil ekki týna þessu sem ég hef fundið.“

Hann fór að gráta þegar honum varð ljós úrskurður Hæstaréttar. „Ég missti mig bara,“ segir hann. kristjanabjorg@frettabladid.is



Martin Obolo hælisleitandi fær ekki hæli hér. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Störukeppni bitnar á skólunum

MENNTUN Öllum 28 kennurum söngskóla Sigurðar Demetz var sagt upp í gær. Gunnar Guðbjörnsson skólastjóri segir skólann upphaflega hafa gert ráð fyrir fjármögnun á grundvelli samkomulags Reykjavíkurborgar og ríkisins frá árinu 2011 en fjármögnunin dugar ekki lengur fyrir rekstri skólans. Fjármagnnið frá hinu opinbera haldi til að mynda ekki í við launahækkunar.

„Samkvæmt lögnum er ætlast til að sveitarfélögin greiði kennslukostnaðinn í tónlistarskólunum.“

Í samkomulaginu 2011 kom ríkið með fjármagn inn í málaflökkinn. Gunnar segir að borgin telji að ríkið hafi tekið þetta yfir en þannig túlka önnur sveitarfélög það ekki.

„Borgin vill ekki borga fyrir þennan mismun á þeim grundvelli að ríkið hafi tekið þetta yfir en þannig túlka önnur sveitarfélög það ekki.“

Í vor settust málsaðilar að samningaborði þar sem menntamálaráðuneytið átti áheyrnarfulltrúa. Þar var komist að niðurstöðu um ásættan-



Við erum með raunhæft samkomulag í höndunum sem gengur út á að Reykjavíkurborg komi með 90 milljónir inn í þetta. Þá séu önnur sveitarfélög tilbúin að leggja til 30 milljónir en úti standi 60 milljónir frá ríki. Þá þurfi að samþykkja málið í ríkisstjórn og tryggja fjármagn á fjárlaunagæmum. - srs

Skúli Helgason

Hollusta Heimilisins



há gæða vítamín

Tax
Free

GEORG JENSEN

Jólaóróinn 2015

Verð áður: kr. 7.690

Tax Free verð: kr. 6.200*

(Fríhafnarverð: kr. 6.400)

*19,35% afsláttur

1. - 5. október

Kauphlaupstilboð

Allar aðrar vörur á 10% afslætti



KÄHLER

Omaggio Silfurvasi - 20cm

Verð áður: kr. 8.780

Nú: kr. 7.024

Takmarkað magn!

20% AFSLÁTTUR

3
fyrir 2

iittala®

Múmínkrús

Margar gerðir

Verð áður: kr. 3.580 stk.

Nú: kr. 2.387 stk.

Við kaup á 3 könnum

33% AFSLÁTTUR



 ROSENDAHL
COPENHAGEN

Grand Cru Soft - 4 skálar 15,5cm

Verð áður: kr. 4.390

Nú: kr. 2.195

50% AFSLÁTTUR



Grand Cru Soft - Skál 26cm

Verð áður: kr. 4.580 stk.

Nú: kr. 2.290 stk.

50% AFSLÁTTUR



WMF

Pottasett - Saphir

4 pottar

Verð áður: kr. 49.580

Nú: kr. 29.750

40% AFSLÁTTUR

 Stressless
EKORNES

Hægindastólar

Consul - Medium

Verð áður: kr. 233.220

Nú: kr. 184.960

Ambassador - Large

Verð áður: kr. 242.430

Nú: kr. 193.940



LE CREUSET®

Grillpanna - 26cm

Verð áður: kr. 23.990

Nú: kr. 19.192

20% AFSLÁTTUR

Pottur - 24cm

Verð áður: kr. 37.990

Nú: kr. 30.392

20% AFSLÁTTUR

Frá kr. **116.900**

Upplifðu Agadir

26. okt í 10 nætur

Stærsti sólstrandarstaður Marokkó

Heimsferðir bjóða nú sólarferð til Agadir í þriðja sinn en Agadir er einn af þessum einstöku áfangastöðum sem maður verður að upplifa. Agadir hefur hlotið afar góða dóma meðal farþega okkar en hingað kemur fólk til að njóta sólarinnar og skyggnaströnd inn í einstaka menningu þessarar yndislegu og stoltu þjóðar. Ekki þarf að fara langt til þess að upplifa menningu heimamanna, sem gjarnan er gjörólík því sem við þekkjum. Agadir er staður andstæðna þar sem ferðamaðurinn mun upplifa eitthvað nýtt og áður óþekkt.

Iberostar Founty Bay

Frábært verð

Frá kr. **153.900**
m/allt innifaliðNetverð á mann frá kr. 153.900
m.v. 2 fullorðna og 2 börn í
herbergi.Netverð á mann frá kr. 199.900
m.v. 2 fullorðna í herbergi.

Hotel Atlas Amadil Beach

Frábært verð

Frá kr. **132.900**
m/hálft fæðiNetverð á mann frá kr. 132.900
m.v. 2 fullorðna og 1 barn í
herbergi.Netverð á mann frá kr. 149.900
m.v. 2 fullorðna í herbergi.

Kenzi Europa

Frábært verð

Frá kr. **131.900**
m/hálft fæðiNetverð á mann frá kr. 131.900
m.v. 2 fullorðna og 1 barn í
herbergi.Netverð á mann frá kr. 149.900
m.v. 2 fullorðna í herbergi.

Tulip Inn Oasis

Frábært verð

Frá kr. **116.900**
m/hálft fæðiNetverð á mann frá kr. 116.900
m.v. 2 fullorðna og 1 barn í
herbergi.Netverð á mann frá kr. 129.900
m.v. 2 fullorðna í herbergi.

Sjávarútvegshúsið fær andlitslyftingu



Það er heldur betur komin ný mynd á gafi Sjávarútvegshússins á Skúlagötu. Málverk þrýðir húsið í tengslum við svokallað Wall Poetry, sem er samstarfsverkefni Iceland Airwaves og Urban Nation Berlín sem eru samtök sem vinna með götulistamönnum um allan heim. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Vantar milljarð í þjónustu við fatlaða

Fjármál vegna þjónustu við fatlaða eru í forgangi hjá sveitarfélögunum. Þingmenn samþykktu samhljóða að stórbæta þjónustu við fatlaða en fjármagn fylgdi aldrei fögrum fyrirheitum. Bið eftir notendastýrðri persónulegri aðstoð.

FÉLAGSMÁL Rekstrarhalli sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk nam 1,1 milljarði króna árið 2014. Gera má ráð fyrir að hallinn hafi aukist á árinu 2015.

Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, segir að fjármál vegna þjónustu við fatlað fólk sé í forgrunni í samskiptum við ríkið. Halldór segir að sveitarfélögin hafi tekið þjónustu við fatlaða yfir árið 2011 vegna þeirrar vissu að endurskoðun málaflokksins frá grunni væri aðkallandi. Í samningi við ríkið er endurskoðunarákvæði sem nú er verið að nýta.

„Við erum ári á eftir áætlun því vinnan við að greina stöðuna er gríðarleg. Niðurstaða starfshóps er væntanleg á næstunni og þá förum við í viðræður við ríkisvaldið. Við teljum að það vanti meira en milljarð í verkefnið,“ segir Halldór sem bætir við að þeim, sem þiggja þjónustuna á landsvisu, hafi fjölgað um 33% síðan sveitarfélögin tóku verkefnið yfir.

Kristín Björnsdóttir, dósent við Háskóla Íslands, telur að meiri áhersla á notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) myndi fleyta málinu langt - eða að innleiða hugmyndafræði um sjálfstætt líf, sem snýst um að fatlað fólk stjórni sínu lífi sjálf og þeirri aðstoð sem það fær.

Á fjármálaráðstefnu sveitarfélaganna í september kom fram að alveg er eftir að fjármagna umframkostnað vegna NPA og nýrra húsnæðisúræða. Spurður um hvort þjónustan muni færast meira í átt til NPA-leiðarinnar í framtíðinni segir Halldór: „Við eigum

Skerðing á sjálfræði hreint mannréttindabrot

Fréttablaðið fjallaði í gær um málefni fólks með þroskahömlun. Rannsókn þriggja fræðimanna við menntavísindasvið Háskóla Íslands á lífskjörum þessa hóps leiðir í ljós að sjálfræði þeirra er verulega skert, og vart um annað en mannréttindabrot að ræða þegar horft er til samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og laga um málefni fatlaðs fólks. Nær það til flestra þátta daglegs lífs, fjármála og persónulegra sambanda.

Fram kom í viðtali við Kristínu Björnsdóttur, dósent og einn rannsakenda, að hún telur vandann felast í því að þjónustan er mjög stofnana-vædd og vegna fjárskorts sé mannekla viðvarandi vandi víða þó að margt fagfólk leggi sig mjög fram.

auðvitað að gera allt til að fólk hafi sem mest um sitt líf að segja sjálf,“ og NPA sé góð hugmyndafræði í því sambandi.

Halldór rifjar upp að þingsályktun um notendastýrða persónulega aðstoð við fólk með fötlun var samþykkt samhljóða á Alþingi þingveturinn 2009 til 2010.

„En þegar sveitarfélögin yfirtóku málaflokkinn hafði ríkið ekkert gert til að innleiða NPA hjá sér. Kostnaður við þessa leið var ekki í útsvarsprósentunni [1,24%] sem var hækkuð vegna yfirfærslu málaflokksins og þetta verður áfram sér. Þingið sem samþykkti þetta samhljóða hefur ekki fylgt þessu eftir með nauðsynlegu fjármagni. Fjármagnið sem ríkið setti í þetta, þrátt fyrir góðan vilja Alþingis, er svo lítið, að sveitarfélögin eru með biðlista eftir því að afgreiða NPA-umsóknir. Þannig er staðan í dag,“ segir Halldór.

svavar@frettabladid.is

Fjármagnið sem ríkið setti í þetta, þrátt fyrir góðan vilja Alþingis, er svo lítið, að sveitarfélögin eru með biðlista eftir því að afgreiða NPA-umsóknir. Þannig er staðan í dag.

Halldór Halldórsson, formaður Sambands sveitarfélaga



» Í framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðra er krafa um að í stað herbergjasambýla komi sjálfstæð búseta. Gert er ráð fyrir að breytingarnar kosti sveitarfélögin 1,3 milljarða króna á ári til ársins 2020.



HAGKAUP HOLTAGÖRÐUM OG HAGKAUP SMÁRALIND

ALLT AÐ **80%**
AFSLÁTTUR

AÐEINS **8** VERÐ



500



1.000



2.000



3.000



4.000



5.000



6.000



8.000

Tinna hættir hjá iglo+indi

VIÐSKIPTI Guðrún Tinna Ólafsdóttir er hætt sem framkvæmdastjóri barnafatafyrirtækisins iglo+indi eftir fjögurra og hálfis árs starf.

„Á þeim tíma hefur iglo+indi fengið, oftast nær, meiri tíma og athygli



Guðrún Tinna Ólafsdóttir

en hin börnin mín fimm,“ segir Tinna í bréfi til samstarfsaðila sinna. Tinna segir tímamót hjá fyrirtækinu hafa verið skemmtilegan, lærdómsríkan en jafnframt erfiðan.

Tinna segir að Helga Ólafsdóttir, sem hingað til hefur verið yfirhönnuður fyrirtækisins, muni taka við þeim störfum sem hún hafi fram til þessa sinnt sem framkvæmdastjóri.

Iglo+indi rekur þrjár verslanir og verður þar að auki senn með vörur sínar til sölu í 65 verslunum til viðbótar, þar á meðal fjölmörgum á erlendri grundu. – ih

Skatt.is
bókhald & skil

Parftu aðstoð við gerð ársreiknings?

Cand.oecon, viðskiptafræðingur í reikningsskilum hjá www.skatt.is
S. 661 3703, skatt@skatt.is

Skatt - bókhald&skil ehf



Lögreglumenn mótmæla við Stjórnarráðið í gærmorgun. Landssamband lögreglumanna er í samfloti með SFR – stéttarfélagi í almannaþjónustu og Sjúkrliðafélaginu í kjaraviðræðum við ríkið, en þær sigldu í strand í síðasta mánuði. Verkföll hefjast hjá hinum félögum 15. þessa mánaðar. FRÉTTABLAÐID/PJETUR

Hækkun á móti skertum lífeyri

Samræming lífeyrisréttinda blandast í áætlanir um upptöku nýs vinnumarkaðslíkans að norrænni fyrirmynd.

KAUPMANNAHÖFN
AÐVENTUFERÐ
Verð: **110.000 kr. á mann í tvíbýli**
(Viðbót v/einbýlis 14.500 kr.)

- Aðventuferð eldri borgara til Kaupmannahafnar verður farin 22.–25. nóvember og 29. nóvember–2. desember.
- Innifalið í verðinu er flug með Icelandair ásamt flugvallarsköttum, gisting á Hotel du Nord í 3 nætur með morgunverði og allur akstur.
- Einnig eru skoðunarferð um gamla bæinn með Sigrúnu Gísladóttur, kvöldverður og einn drykkur á komudegi, aðgöngumiði í Tívoli, „julefrokost“ á Restaurant Grøften og sigling um síkin með Jazzbandi Michael Bøving innifalin.
- Fararstjóri: Erla Guðmundsdóttir.

+ Nánari upplýsingar hjá hópadeild Icelandair:
50 50 406 | hopar@icelandair.is

ICELANDAIR



KJARAMÁL Á vettvangi svonefnds SALEK-hóps er rædd sú hugmynd að litid verði svo á að með kjarabótum sem opinberir starfsmenn fá hafi þeir fengið greiðslu fyrir þá skerðingu sem yrði á lífeyrisréttindum þeirra við samræmingu réttinda á almenna og opinbera markaðnum. Með því móti mætti mögulega réttlæta að aðrir hópar opinberra starfsmanna sem eftir eiga að semja fái viðlíka hækkun og mælt er um í niðurstöðu gerðardóms um kjör félagsfólks BHM og hjúkrunarfræðinga.

Gangi þetta eftir yrðu lífeyrisdögjöld jöfnuð upp á við þannig að þau yrðu þau sömu og hjá lífeyrisjóði ríkisins nú 15,5 prósent, í stað 12 prósent á almenna markaðnum. (Launafólk bæði á almenna og opinbera markaðnum greiðir 4 prósent launa sinna í lífeyri, en svo bætir vinnuveitandinn því við sem upp á vantar, sem nú eru 8 prósent á almenna markaðnum og 11,5 hjá hinu opinbera.)

Á móti myndi ríkisábyrgð á lífeyrisskuldbindingum opinberra starfsmanna falla niður og réttur til tóku lífeyris eftir aldri færast í sama horf og á almenna markaðnum, eða í 67 ár. Í ofanálag eru svo uppi hugmyndir um að fresta tóku lífeyris enn frekar þannig að hann færast á nokkrum árum í að verða 70 ár.

Með þessu móti er talið að vinna

mætti á móti þensluáhrifum launahækkana sem á endanum gætu ýtt undir gengisfall krónu, ná núllpunkti í höfrungahlaupi launakrafna verkalýðsfélaga og leggja grunn að nýju vinnumarkaðsfyrirkomulagi að norrænni fyrirmynd.

Samtök atvinnulífsins hafa lengi talað fyrir upptöku slíks kerfis. Hér hafi miklar hækkunir og sveiflur í launapróun í gegnum árin skilað fólki minni kaupmáttaraukningu yfir lengri tímabil en til dæmis í Svíþjóð, þar sem hækkunir hafi verið hóflegar og í takt við efnahagsþróun. Slík aðferðafræði stuðli líka að stöðugleika, öndvert við þróunina hér sem ýtt hafi undir verðbólgu og á endanum gengisfall krónunnar.

Heimildir blaðsins herma þó að flókið gæti orðið að láta hugmyndir þessar ganga upp í miðri samningalotu þar sem stórir hópar hafi þegar sótt kjarabætur. Alls sé óvíst að opinberir starfsmenn séu ginnkeyptir fyrir því að með fengnum kjarabótum hafi þeir fengið bætur fyrir fyrirséða skerðingu lífeyrisréttinda.

Fari þeir hópar fram á frekari bætur fyrir breytinguna sé um leið ljóst að verkalýðsfélag á almenna markaðnum vilji fá sinn hlut bættan og sætti sig ekki við minni hækkunir á launum en opinber félög hafi fengið. oilkr@frettabladid.is

Allir vita að það þarf að finna lausn

„Ég held að allir geri sér grein fyrir því að það þarf að finna lausn og hún þarf að vera þannig að hagsmunir þeirra sem eiga réttindi í opinbera kerfinu verði tryggðir,“ segir Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM. Þá megi ekki heldur gleyma hagsmunum komandi kynslóða. „Ef við ætlum að breyta lífeyrskerfinu þá er þar ekki síður um að tefla hagsmuni þeirra sem á eftir okkur koma.“

Hitt sé annað mál hvort og hvernig það verkefni að búa hér til eitt lífeyrskerfi sé hluti af því að búa til nýtt vinnumarkaðslíkan. BHM liti svo á að í grunninn sé um aðskilin mál að ræða. „Ég er ekki þeirrar skoðunar að þetta þurfi endilega að gerast á sama tíma, eða að náist ekki niðurstaða í lífeyrismálin innan einhvers tiltekins tíma þá sé ekki hægt að vinna að nýju samningalíkani.“ Með skilyrðum um að eitt þurfi að vera komið á undan öðru séu settar upp óþarfa hindranir.

Þórunn segir málið snúast um að búa til traust milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisvaldsins og það taki tíma – nýju vinnumarkaðslíkani verði ekki hent upp á tveimur vikum. „Ný vinnubrögð og reglur sem allir ætla að lúta þurfa að vera þannig að þær þoli bæði ríkisstjórnarskipti og mannskipti í forystu hvort sem er hjá atvinnurekendum eða verkalýðshreyfingu. Það er verkefnið hvað líkanið margumrædda varðar.“



NÝR REXTON

SSANGYONG

STÓRGÓÐUR

BYGGÐUR Á GRIND
HÁTT OG LÁGT DRIF
7 SÆTA



Bíll á mynd Rexton HLX



Stór og stæðilegur alvöru jeppi á frábæru verði!


Rexton stenst allan samanburð við aðra stóra jeppa á markaðnum. Og það skín í gegn að ekkert hefur verið til sparað í frágangi og þægindum. Rexton er fullvaxinn jeppi byggður á grind og með háu og lágu drifi. Rexton er alltaf til í tuskið. Komdu og reynsluaktu nýjum Rexton. Hann er alvöru.

- Bíll byggður á grind
- Millikassi með læsingu og lágu drifi
- Sjálfstæð fjöðrun að framan
- E-tronic 5 þrepa sjálfskipting með skiptirofum í stýri
- ABS hemlakerfi
- ESP stöðugleikastýring
- HDC, heldur á móti niður brekkur
- Tölvustýrð loftkæling


- Loftpúðar í stýri, farþegamegin og í hliðum
- Styrktarbitar í hurðum
- 16" álfelgur
- Dráttargeta 2,6 tonn
- Varadekk
- Langbogar á þaki
- Leðurstýri með útvarpsstýringu
- Hraðastillir (Cruise control)

- Útvarpstæki og geislaspilari / MP3
- 6 hátalarar og USB tengi
- Bluetooth tenging við farsíma
- Dagljósabúnaður
- Þokuljós - framan/aftan
- Hæðarstillanlegt leðurstýri
- Aðfellanlegir, rafdrifnir hliðarspeglar með hita
- Hiti í sætum


- 7 manna
- Fjarstýrðar samlæsingar
- Rafdrifnar rúður í fram- og afturhurðum
- Opnanlegur gluggi á afturhlera
- Hiti undir þurrkum í framrúðu
- Vindskeið að aftan
- Litað gler
- Þjófavörn



2WD
Há-drifs stilling



4WD
Há-drifs stilling



4WD
Lág-drifs stilling

Verð: 6.890 þús kr.

Rexton DLX • dísel túrbó • sjálfskiptur

Opið alla virka daga frá 9 til 18
Laugardaga frá 12 til 16 í Reykjavík
Laugardaga frá 10 til 14 í Reykjanesbæ
Verið velkomin í reynsluakstur

benni.is

Reykjavík
Tangarhöfða 8
Sími: 590 2000

Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

Akureyri
Glerárgötu 36
Sími: 461 3636

Bíllúð
Benna
Sérfræðingar í bílum

Skaftárhlaup



Aldrei hefur stærra hlaup komið úr Skaftáarkötlum frá því að mælingar hófust árið 1955, eða eftir að hlaupin hættu að ganga inn í Langasjó og hlaupa niður árfarveg Skaftár með þeim hætti sem þau gera í dag. Talið er að hlaupið hafi náð 3.000 rúmmetrum á sekúndu þegar það var í hámarki í gær.



Brúin yfir Skaftá í Skaftárdal var um tíma umflotin – þegar Fréttablaðið fór í prentun var ekki útséð með að þetta gamla mannvirki stæðist áhlaupið.

Kolsvartur beljandi sem aldrei fyrr

Skaftárhlaupið er það langstærsta sem mælingar ná til frá 1955. Ljóst að skemmdir á grónu landi eru tilfinnanlegar. Bændur hafa orðið fyrir miklu tjóni, óttast heimamenn. Mannvirki stóðust vatnsflauminn. Vilhelm Gunnarsson, ljósmyndari Fréttablaðsins, var á Skaftárbökkum og festi sjónarspilið á filmu.



Brúin yfir Eldvatn við Ása virkaði óvenju burðarlítill þegar vatnshæðin náði hámarki í gær. Á tímabili var óttast að hún stæðist ekki straumþungann.

Rafmagnaður í alla staði.



Led-framljós spara orku.

Frí heimahleðslustöð.

Rafdrifinn e-Golf
4.590.000 kr.



8 ára ábyrgð á rafhlöðu.

Til afhendingar strax!

Rafdrifinn e-Golf.

Með e-Golf stígur Volkswagen skrefinu lengra með vinsælu Golf fjölskylduna. Þetta er fyrsti fjölskyldu rafbíllinn sem byggir á áratuga reynslu og býður upp á öll þægindin sem þú finnur í venjulegum Golf. Skiptu yfir í framtíðina með e-Golf.



Das Auto.

Skorar á þjóð sína að þrýsta á þingið

Bandaríkjaforseti segist engin völd hafa til að breyta byssulögum. Meðan þing og ríkisstjórn vilji engu breyta megi búast við fleiri skotárásum og fjöldamorðum. Hátt í þrjú hundruð skotárásir hafa verið gerðar það sem af er árinu. Það er meira en ein árás á dag.

BANDARÍKIN Barack Obama Bandaríkjaforseti fór ekki dult með það, í ávarpi sínu til þjóðarinnar í fyrrakvöld eftir skotárásina í Oregon, að hann væri búinn að fá alveg nóg af því að ávarpa þjóðina í kjölfar skotárása og fjöldamorða.

„Við erum ekki eina landið í heiminum sem á sér fólk með geðsjúkdóma eða fólk sem vill valda öðrum skaða,“ sagði Obama. „En við erum eina þróaða landið hér á jörðu sem upplifir þessar fjöldaskotárásir á nokkurra mánaða fresti.“

Hann sagðist ekki geta gert neitt til þess að breyta þessu upp á eigin spýtur: „Ég þarf að hafa þjóðþingið með mér og ég þarf að hafa ríkisþing og ríkisstjóra sem vilja vinna með mér að þessu.“


Hann skoradi því á almenning að reyna að hafa áhrif á stjórnáráðgjafum til þess að koma á breytingum á reglum um byssueign.

Jafnframt skoradi hann á fjölmiðla að birta tölur um það hve margir láta lífið árlega í Bandaríkjunum af völdum skotárása og bera það saman við það hve margir láta þar lífið árlega af völdum hryðjuverka.

Bandarískir fjölmiðlar brugðust sumir hverjir fljótt við þessu, þar á meðal fréttavefurinn Vox og má sjá tölurnar hér á síðunni, sem taka til ára 2001 til 2011.

Mannfall í hryðjuverkum og skotárásum 2001–2011

Tölurnar sem Obama skoradi á fjölmiðla að finna:



Dagblaðið Washington Post birti einnig tölur um skotárásir það sem af er þessu ári. Þar kemur fram að 294 skotárásir hafi verið framdar á þeim 274 dögum sem liðnir voru af árinu. Þetta þýðir að meira en ein skotárás er á dag, og er þá miðað við árásir þar sem fjórir eða fleiri látast eða særast.

„Ég vona og bið um að ég þurfi ekki að stíga fram aftur meðan ég er í þessu embætti og segja að ég samhyggist fjölskyldum í þessum aðstæðum. En reynsla mín sem forseti segir mér að ég geti ekki lofað því. Og það er hræðilegt að segja,“ sagði Obama.

Morðinginn að þessu sinni hét Chris Harper Mercer, 26 ára gamall og sagður fæddur á Englandi en bjó með móður sinni skammt frá skólunum sem hann valdi til að fremja fjöldamorði.

Hann var með þrjár byssur á sér, bæði skammbyssur og riffil, og myrti níu manns og særði sjö. Sjálfur féll hann svo í skotbardaga við lögreglu.

„Hann virðist hafa verið reiður ungur maður og mjög fullur haturs,“ höfðu fjölmiðlar eftir einum lögreglumannanna sem unnu að málinu.

gudsteinn@frettabladid.is



Í krafti peningavalds

Landssamband bandarískra byssueigenda, NRA, heldur uppi miklum þrýstingi á bandaríska þingmenn og aðra ráðamenn. Með góðum árangri, enda skortir NRA ekki fé.

Peningarnir berast í stríðum straumum frá vopnaframleiðendum, sem vilja endilega fá að selja Bandaríkjamönnum fleiri og dýrari byssur.


Ársveltan er um 250 milljónir dala og drjúgur hluti fjárins kemur beint frá bandarískum vopnaframleiðendum. NRA notar peningana meðal annars til að gefa í kosningasjóði stjórnáráðgjafum, sem í staðinn sýna stuðning við málstað vopnaframleiðendanna.

Málstaðurinn snýst aðallega um að hafna hertum reglum um byssueign. Baráttan snýst þessi misserin einna helst um það, hvort gera eigi byssukaupendum skylt að undirgangast bakgrunnsathugun áður en þeir fá að kaupa skotvopn.

FRAMTÍÐ PÓSTÞJÓNUSTU

Íslandspóstur býður til opins fundar um breytingar í pósthjónustu og leiðir til þess að tryggja framtíð hennar á Íslandi.

**Grand Hótel Reykjavík, Gullteig A,
fimmtudaginn 8. október 2015
kl. 13.00–15.30**



DAGSKRÁ

Ný pósthög í Noregi og fjármögnun alþjónustu

Kristin Bergum, framkvæmdastjóri stjórnsýslu og alþjóðamála hjá Post Norge

Pósthjónusta í hlekkjum fortíðar?

Áskell Jónsson, Cand. Oecon.

Niðurstaða könnunar á þjónustupörf

Þóra Ásgeirsdóttir, framkvæmdastjóri Maskínu

Framtíð pósthjónustu

Ingimundur Sigurpálsson, forstjóri Íslandspósts

Bylting er brostin á

Derek Osborn, framkvæmdastjóri Whatnext4u

Vinsamlegast skráið ykkur hjá irisa@postur.is eða í síma 580 1100

HÚSGAGNA
DAGAR

20%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM
Í BÆKLINGNUM MIÐVIKUDAG - MÁNUDAGS
ATHUGIÐ! ÞESSI TILBOÐ GILDA AÐEINS ÞESSA 6 DAGA!

HÚSGAGNABÆKLINGURINN OKKAR ER KOMINN ÚT!

Í tilefni þess veitum við **20%** kynningarafslátt af öllum vörum í bæklingnum. Húsgögn, rúm, dýnur, sængur og koddar. Ekki missa af þessu einstaka tilboði! Athugið! Gildir aðeins miðvikudag 30. sept. til mánudagsins 5. okt. 2015

HUGMYNDIR FYRIR HEIMILIÐ
húsgögn • rúm • dýnur • sængur • koddar

20%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM
Í BÆKLINGNUM!

RÚMFATA
LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is

RÚMFATA
LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

Tilboðin gilda 30.09.15 - 5.10.15



NÝR SUBARU LEVORG FRUMSÝNDU



SYMMETRICAL ALL-WHEEL-DRIVE

Jöfn þyngdardreifing frá vinstri til hægri, er ástæða þess að fjórhjóladrifsbúnaðurinn í Subaru er annálaður fyrir virkni og öryggi.



VELDU ÖRYGGI,

SUBARU BOXER vél með lágan með jafnri þyngdardreifingu ge í akstri. Subaru Levorg er að

REYNSLUAKTU NÝJUM SUBARU LEVORG

SUBARU LEVORG Premium. Verð: 5.390.000 kr. – Sjálfskiptur / 170 hestöfl / Eyðsla 6,9 l/100 km*



BL ehf Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar Reykjanesbæ
420 0400 / www.gebilar.is

Bilasalan Bílís Akranesi
431 2622 / www.bilas.is

Bilasala Akureyrar Akureyri
461 2533 / www.bilak.is

Bilaverkstæði Austurlands Egilsstöðum
470 5070 / www.bva.is



ENEMM / SIA / N71114

Í DAG FRÁ 12-16



VELDU SUBARU

h þyngdarpunkt og fjórhjóladrif sem aðstoðar ökumann við að komast leiðar sinnar á öruggan hátt við erfiðar aðstæður. Ný gerð af stiglausri Lineartronic sjálfskiptingu tryggir að nýja 170 hestafla BOXER vélin skili ávallt hámarksnýtingu afls með eldsneytiseyðslu í lágmarki.



NÝ SPARNEYTNARI SUBARU BOXER VÉL

Nýja SUBARU BOXER vélin er sparneytin 1,6 lítra, tveggja túrbínu DIT vél sem skilar 170 hestöflum við 4.800-5.600 snúninga á mínútu.

Í DAG

Levorg er nýr sportlegur fjölskyldubíll frá Subaru. Levorg er búinn skynvæddu fjórhjóladrifi sem aðstoðar ökumann við að komast leiðar sinnar á öruggan hátt við erfiðar aðstæður. Ný gerð af stiglausri Lineartronic sjálfskiptingu tryggir að nýja 170 hestafla BOXER vélin skili ávallt hámarksnýtingu afls með eldsneytiseyðslu í lágmarki.



SUBARU

Confidence in Motion

LOKAHELGI! RISALAGERSALA á Fiskislóð 39

OPIÐ ALLA HELGINA
kl. 10-19

Allt að
90%
afsláttur

Gjafir
fyrir öll
tækifæri!

Yfir **4000**
titlar frá öllum
helstu útgefendum
landsins!



Ef keypt er fyrir 6.000 kr.
eða meira fylgir gjöf

Báðir íhuga að skjóta Byko-máli til dómstóla

Byko og Samkeppniseftirlitið íhuga bæði að skjóta úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála til dómstóla. Forstjóri Norvikur, móðurfélags Byko, segist hafa efasemdir um íslenska réttarkerfið eftir áralanga rannsókn á fyrirtækinu.

VIÐSKIPTI Bæði Byko og Samkeppniseftirlitið íhuga að skjóta úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála um verðsamráð Byko til dómstóla.

Jón Helgi Guðmundsson, forstjóri Norvikur, móðurfélags Byko, segir óboðlegt hve langan tíma rannsókn málsins hafi tekið en hún hófst árið 2010.

„Maður er með miklar efasemdir um íslenskt réttarfar og maður er með miklar efasemdir um stöðu fyrirtækja gegn þessum eftirlitsaðilum eins og t.d. Samkeppniseftirlitinu,“ segir Jón.

Úrskurðarnefndin komst að þeirri niðurstöðu að Byko hafi brotið samkeppnislög en brotin væru ekki jafn umfangsmikil, alvarleg og kerfisbundin og Samkeppniseftirlitið hafði talið.

Því var sekt sem Samkeppniseftirlitið hafði lagt á Norvik, móðurfélag Byko, lækkuð úr 650 milljónum króna í 65 milljónir króna enda hafi upprunaleg sekt verið „úr hófi frami há“.

„Samkvæmt framansögðu telur áfrýjunarnefndin að brot áfrýjandans Byko hafi ekki verið eins og Samkeppniseftirlitið leggur til grundvallar,“ segir í úrskurði áfrýjunarnefndarinnar.



Forsvarsmenn Byko eru ósattir við Samkeppniseftirlitið. FRÉTTABLAÐID/ERNIR

Þá voru 11 af 12 ákærðum starfsmönnum Byko og Húsasmiðjunnar sýknaðir í Héraðsdómi Reykjaness í verðsamráðsmáli í apríl. Því máli hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar Íslands.

Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, hafnar ásökunum um að stofnunin hafi farið offari. „Það er auðvitað staðfest þarna að brot hafi átt sér stað og brotið hafi verið gegn banni við

ólögmaetu samráði og að um kerfisbundin upplýsingaskipti hafi verið að ræða sem eftir atvikum hafi leitt til herra verðs. Á móti þá kemur kannski svoltið á óvart að sektirnar hafi verið lækkaðar þrátt fyrir þessa niðurstöðu og það er auðvitað umhugsunarefni,“ segir Páll.

Þá eigi málsmeðferðartíminn sér eðlilegar skýringar. „Mál af þessu tagi bæði hér og erlendis taki talsverðan tíma. ingvar@frettabladid.is

Telja ekki pláss fyrir flóttamenn í Grindavík

SVEITARSTJÓRNIR „Eftir skoðun á minnisblaði sem unnið var af bæjarstjóra Grindavíkur er það okkar mat að húsnæðisskortur er í Grindavík og vegur það þyngst við þessa ákvörðun,“ bókuðu fulltrúar D-lista þegar meirihluti bæjarráðs Grindavíkur samþykkti að hefja viðræður um móttöku flóttamanna.

Samkvæmt tillögu meirihlutans leggur Grindavíkurbær fram tvær til þrjár íbúðir fyrir flóttamenn og ætlar í viðræður við velferðarráðuneytið um málið. Fulltrúar minnihluta Sjálfstæðisflokks sögðu þetta ekki tímabært og sátu hjá.

„Nú þegar hafa allnokkur sveitarfélög boðist til þess að fara í viðræður við velferðarráðuneytið um móttöku á flóttamönnum. Mörg af þeim stærri eru talsvert betur í stakk búin til verkefnisins varðandi þjónustu eins og túlkun, sálfræðiaðstoð, og fleira,“ bókuðu sjálfstæðismenn og bentu á að stjórnvöld hefðu ekki tekið ákvörðun um hversu marga flóttamenn á að taka inn til landsins. „Þegar það skýrist og það verður vöntun á sveitarfélögum til að taka við flóttamönnum, erum við að sjálfstæðisflokkurinn til að endurskoða okkar afstöðu.“ – gar



Ólöf Nordal mun leggja fram samgönguáætlun á þessu þingi. FRÉTTABLAÐID/ANTON

Ólöf hyggst leggja fram samgönguáætlun aftur

SAMGÖNGUMÁL Samgönguáætlun til næstu þriggja ára verður að nýju lögð fram á Alþingi þetta haustið, þar sem ekki tókst að afgreiða hana á síðasta þingi.

Framlögð áætlun tók miklum breytingum í samgöngunefnd þingsins á síðasta þingi en þær breytingar þurrkast út og þarf að vinna málið aftur frá byrjun.

„Þá er verið að leggja fram samgönguáætlun um lítið og ekki

neitt,“ segir Kristján L. Möller, þingmaður Samfylkingarinnar og fyrrverandi ráðherra samgöngumála. „Stjórnarsinnar í meirihluta samgöngunefndar eru sammála þeirri fullyrðingu minni þar sem hann samþykkti fjölda breytingartillagna við framlagða áætlun. Ég fullyrði að breytingar meirihluta samgöngunefndar um aukið fjármagn í vegaframkvæmdir urðu þess valdandi að málið var ekki klárað.“ – sa

ÚTSALA
15-50%
afsláttur af
umgjörðum

MJÓDDIN
Sími 587 2123

FJÖRÐUR
Sími 555 4789

SELFOSS
Sími 482 3949

augastaður
Gleraugnaverslunin þín



SÖNN
HÁTÍÐAR-
STEMNING
&
JAZZAÐUR
JÓLAANDI
Á
Satt



Jazzað jólahlaðborð með klassískum jólamat í bland við

Satt brunch klæðist jólaskónum 21. nóvember
Jólahlaðborð alla daga í hádeginu og hátíðarbrunch um helgar.
Á laugardögum spila jazzarar jólalög undir borðhaldi og á
sunnudögum er notaleg fjölskyldustemning en heyrst hefur
að jólasveinninn kiki við þegar hann kemur til byggða.

Jólahlaðborð í hádegi 4.900 kr.*
Hátíðarbrunch um helgar 4.900 kr.*

ferska bragðupplifun frá matreiðslumeisturum Satt.

Jólin hefjast á Satt 20. nóvember
Hátíðlegt og gómsætt jólahlaðborð Satt á föstudags- og
laugardagskvöldum allar helgar fram að jólum.
Þekktustu jazzarar landsins spila ljúfa jólatóna undir
borðhaldi um helgar.

Jólahlaðborð á kvöldin 9.200 kr.*

*Börn 6-12 greiða hálfvirði og 0-5 ára greiða ekkert.

Icelandair hótel Reykjavík Natura Nauthólsvegur 52
Pantaðu borð tímanlega og fáðu nánari upplýsingar í síma: 444 4050 eða satt@sattrestaurant.is
Viltu gera meira úr kvöldinu? Bókaðu gistingu á Reykjavík Natura á www.icelandairhotels.is

satt

Sjálfstæðisflokkurinn grípi tækifærið



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Hanna Birna Kristjánsdóttir hefur tilkynnt að hún gefi ekki kost á sér til áframhaldandi setu sem varaformaður Sjálfstæðisflokksins. Kosid verður um embættið á landsfundi í lok mánaðar. Búið er við að Ólöf Nordal taki við og ekki er ólíklegt að hún hljóti rússneska kosningu.

Hanna Birna segir að hún treysti sér ekki í harðan pólitískan slag svo skömmu eftir lekamálið. Fyrirsjáanlegt sé að umræður kringum kosninguna myndu snúast um uppgjör þess og því hafi hún ákveðið að draga sig í hlé.

Þótt Hanna Birna hafi einstakt lag á að gera sjálfa sig að fórnarlambi í lekamálinu hefur hún nokkuð til sins máls. En Sjálfstæðisflokkurinn hefði gott af snarpri og málefnalegri kosningabaráttu milli öflugra frambjóðenda. Flokkurinn þarf að réttlæta tilvist sína frekar en áður, þegar nýr og óreynður stjórnmálaflokkur mælist með ríflega 40% fylgi í könnunum.

Þetta er ekki sérislenskt fyrirbæri. Nefna má Syriza í Grikklandi, og framgang Jeremys Corbyn í Bretlandi og Donalds Trump og Bernies Saunders í Bandaríkjunum. Alls staðar þurfa hefðbundnari stjórnmálaöfl að svitna meira fyrir atkvæðum nú en áður.

Sjálfstæðisflokkurinn mælist með um fjórðungs fylgi – svipað og flokkurinn fékk í síðustu kosningum. Sú tíð er liðin að flokkurinn geti talið þriðjung þjóðarinnar til kjarnafylgis, og með samstilltu átaki hið flokkinn í um fjórtíu prósentin. Í því felst enginn áfelligsdómur yfir núverandi forystu. Það hafa einfaldlega orðið kynslóðaskipti og nýr raunveruleiki blasir við.

Flestum ber saman um að Bjarni Benediktsson standi sig vel, þó að aðstæður séu honum hliðhollar. Með hjálp makríls og erlendra ferðamanna er þjóðarþúið á góðu róli: skuldir lækka, hagvöxtur ríkir og kaupmáttur eykst. Uppgjör gömlu bankanna og vonandi afnám gjaldeyris-hafta eru í sjónmáli. Bjarni hefur líka á sér yfirbragð röggsemi og er í margra huga leiðtogi ríkisstjórnarinnar.

Bjarni lét einhverju sinni hafa eftir sér að Píratar væru að mörgu leyti óskrifad blað, þó væri varhugavert að dæma fólk úr leik sem hefði sterkt pólitískt umboð. Þar hitti hann naglann á höfuðið.

Málflutningur Pírata fer eins og ferskur vindur um íslensk stjórnmál. Í einstaka málum, eins og höfundar-réttarmálum, er stefna flokksins þó í besta falli óskýr. Og þó að kjósendum hugnist vel kjörnir fulltrúar flokksins núna er allsendis óvist að stærri sveit falli í kramið þegar þar að kemur. Slika veikleika geta aðrir nýtt sér.

Sjálfstæðisflokkurinn, með Bjarna á formannsstöli, er í kjörstöðu. Til að nýta hana þarf flokkurinn að ná athygli kjósenda. Málefnaleg kosningabaráttu um varaformannsembættið væri ein leið til þess.



Alls staðar þurfa hefðbundnari stjórnmálaöfl að svitna meira fyrir atkvæðum nú en áður.

Alþjóðlegar sýningar KYNJAKATTA

Nú um helgina á Smáratorgi
@pið 10-17 báða daga



Nánar á www.kynjakettir.is



Gunnar



Mín skoðun Jón Gnarr

Kærleikssprútttsala ríkisins



Hið svokallaða áfengisfrumvarp er nú enn og aftur til umræðu en það gengur útá frumvarp til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak á Íslandi. Ef ég skil frumvarpið rétt þá mun það hafa í för með sér, ef það verður að lögum, að ÁTVR, sem hingað til hefur haft einkarétt á að selja áfengi, missir einkarétt sinn og fólk getur keypt sér vín úti búð. ÁTVR yrði þá gert að hætta að pæla í víni og einbeita sér meira að sigarettum og tóbaki. ÁTVR framleiðir til dæmis hræðilegan hroðbjóð sem er kallaður neftóbak. ÁTVR skaffar landsmönnum um 30 tonn af því á ári. Líklega eru þó fæstir að taka þetta í nefið, eins og í gamla daga, heldur er það síður, eða jafnvel ósýður, ungra manna að vefja því í klósettpappír og stinga undir vörina. Þessi neysla hefur farið hratt vaxandi og eykst nú um 20-30% á ári. Lítið eftirlit er með þessu og rannsóknir á skaðsemi og afleiðingum engar.

Blabla bla

Þetta er mikið hitamál. Margir óttast þessar breytingar og telja þær mikið óheillaskref, áfengisneysla muni aukast og þarfleiðandi skaðsemin sem henni fylgi. Menn benda gjarnan á kannanir máli sínu til stuðnings. Ég held reyndar að fjöldi ferðamanna á Íslandi sé orðinn það mikill að þessar neyslukannanir séu löngu orðnar ómarktækar. Flestir sem koma hingað eru í frii og það er alkunn staðreynd að fólk drekkur yfirleitt meira áfengi þegar það er í frii heldur en þegar það er ekki í frii. Það er líka mikið talað um ábyrgð. Þá er ÁTVR-söluáðferðin mjög ábyrg og hún ekki, starfsfólki ÁTVR þykir vænt um okkur og vill passa að við förum okkur ekki að voða. ÁTVR gerir auglýsingar sem hvetja til hóflegar og ábyrgar áfengisneyslu. Fólk þar á bæ vill alls ekki að við séum eitthvað að hella í okkur. Margir óttast að verslunarfólk hafi ekki þessa hlýju og umhyggju til að bera. Læknar halda því fram að áfengisneysla geti verið sjúkdómur. Alkóhólismi. Hann er mjög merkilegur sjúkdómur. Til dæmis eru engin lyf til við honum. Hluti af hefðbundinni lækn-

ingu er því samtalsmeðferð og helst þátttaka í samtökum sem byggja á kristilegum gildum og trú á æðri mátt og gætu talist nokkurskonar sértrúarsöfnuður. Skilin á milli hóflegar og óhóflegar neyslu eru líka óskýr. Með ákveðnum rökum mætti halda því fram að allir sem neyta áfengis yfirhöfuð séu alkóhólistar, bara misjafnlega langt leiddir.

Vondu kapitalistarnir

Mér er sjálfur alveg sama hvort þetta frumvarp verður að lögum. ÁTVR er fyrir löngu hætt að fara í taugarnar á mér. Enda hefur stofnunin lagt af þá anti-þjónustu sem hún stóð fyrir hér áður og býður nú jafnvel uppá kæld vín og vinsamlega þjónustu. Eina sem vantar uppá er að þeir séu með opið á sunnudögum. Það er hallærislegt og byggir á sömu hugmyndafræði og RÚV þegar ekkert sjónvarp var á fimmtudögum. Ég held líka að köllunum í Melabúðinni eða fölkunum í Bónus sé alveg treystandi til að selja okkur áfengi. Allt tal um „heft aðgengi“ að áfengi og „ihaldssemi“ finnst mér frekar innihaldslaus. Aðgengi að áfengi á Íslandi er ekki heft eða takmarkað. Þú getur keypt þér áfengi á sunnudögum þótt Ríkið sé lokað. Það kostar bara meira. Þetta er í raun bara mismunur. Jákvæðar staðhæfingar á plaggötum hafa lítill eða engin áhrif á þróun sjúkdóma. Ef alkóhólismi er í alvörunni sjúkdómur þá hefur það engin áhrif á sjúklinginn hvort bjórinn hans er kaldur eða ekki eða hvort jákvæðum staðhæfingum er haldið að honum. Sá sem á í verulegum vandræðum með drykkju er ekki að fara í bindindi vegna þess að hann fái hvergi kaldan bjór. Plaggat sem segir „Njóttum vins í hófi!“ hefur engin áhrif á sjúkan alkóhólisma, ekki frekar en „Verum jákvæð!“ hefur áhrif á þann sem þjáist af þunglyndi. Þessi hugmyndafræði er því næstum því í ætt við skottulækningar.

Ef við erum að selja áfengi þá erum við bara að því og í raun aukaatriði hvernig við gerum það. Hugmyndin um einokun ÁTVR á áfengissölu er því byggð á blekkingu og gefur falskt öryggi. Sjúkleikinn er áfengið en ekki neysluformið.

Change is Good

Nýr Hyundai Tucson

Fjór hjóladrif, sjálfskipting, dísilvél



Nýr Hyundai Tucson er einstaklega fallegur, með sjálfskiptingu, fullkomið fjór hjóladrif og sparneytna dísilvél. Komdu og upplifðu gæði Hyundai í reynsluakstri á nýjum Hyundai TUCSON með fimm ára ábyrgð.

Hyundai Tucson - Verð frá 5.490.000 kr.


HYUNDAI | NEW THINKING.
NEW POSSIBILITIES.



Dísilvél 2,0 lítrar, 136 hestöfl, eldsneytisnotkun 6,1 l/100 km* / Bensínvél 1,6 lítrar, 175 hestöfl, eldsneytisnotkun 7,6 l/100 km*.
Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð. *Viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

Hyundai / Kaupþúni 1 / Sími 575 1200 / www.hyundai.is OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16



Verum samferða



Ragnheiður Elin Arnadóttir
iðnaðar- og viðskiptaráðherra



Grímur Sæmundsen
formaður Samtaka ferðaþjónustunnar



Það sem stendur upp úr eftir alla þessa vinnu er hversu mikill samhljómur er í því hvert beri að stefna og hvaða leiðir skuli feta.

Undanfarin misseri hefur verið unnin viðamikil stefnumótunarvinna á vegum iðnaðar- og viðskiptaráðherra og Samtaka ferðaþjónustunnar. Haldnir hafa verið fjölsóttir fundir hringinn í kringum landið og telst okkur til að riflega þúsund manns hafi tekið þátt í stefnumótuninni með einum eða öðrum hætti.

Það sem stendur upp úr eftir alla þessa vinnu er hversu mikill samhljómur er í því hvert beri að stefna og hvaða leiðir skuli feta.

Næstkomandi þriðjudag munum við kynna afrakstur þessarar vinnu þar sem stefnan er mörkuð um uppbyggingu og þróun ferðaþjónustunnar á næstu árum og áratugum.

Við erum þess fullviss að með góðu skipulagi, metnaði og skýrri sýn muni íslensk ferðaþjónusta, íslensk náttúra og íslenskt samfélag blómstra hlið við hlið.

Við viljum þakka öllum þeim sem lögðu hönd á plóginn við mótun og gerð nýrrar ferðamálastefnu fyrir Ísland. Á næstu vikum munum við fylgja stefnunni eftir með kynningum um allt land og hvetjum alla áhugasama til að mæta á þá fundi og vera okkur samferða í þeirri vinnu sem fram undan er.

Á síðustu árum hefur vöxtur í ferðaþjónustu á Íslandi verið ævintýri líkastur og spár sérfræðinga gera ráð fyrir viðlíka fjölgun á næstu árum.

Þetta hefur haft í för með sér margvíslegan ávinning en um leið áskoranir fyrir íslenskt samfélag.

Ferðaþjónustan hefur á örfáum árum vaxið í það að vera sú atvinnugrein sem skapar mestar gjaldrystingur og um allt land hefur spottid upp blómleg atvinnustarfsemi í ferðaþjónustu. Það er ekki að ástæðulausu að margir segja að uppgangur ferðaþjónustunnar marki straumhvörf í uppbyggingu atvinnulífs á landsbyggðinni.

En á sama tíma hefur álag á náttúruna aukist og uppbygging á ýmiss konar innviðum ekki náð að halda í við þessa öru þróun. Þar þurfum við að gera betur og breyta verklagi. Eitt það mikilvægasta sem við getum gert er að auka samhæfingu innan stjórnsýslunnar og efla samvinnu milli hans opinbera og greinarinnar sjálfar.

Öll jöfn að hjúskaparlögum

sr. Kristján Björnsson
sr. Guðrún Karls Helgudóttir
sr. Vigfús Bjarni Albertsson
sr. Bryndís Malla Elidóttir
sr. Páll Ágúst Ólafsson
þjónandi prestar og stjórnarfolk í Prestafélagi Íslands

Heart hefur verið deilt á presta þjóðkirkjunnar vegna heimildarinnar til að gefa saman hjón. Það hefur verið réttmæt gagnrýni í ljósi þess að Íslendingar vilja vera til fyrirmyndaðar í mannréttindabaráttu. Það hefur líka verið réttmæt í ljósi þess að þjónusta prestanna krefst þess að þeir mæti hverjum einstaklingi á sama hátt og Jesús gerði, þ.e. í kærleika og virðingu fyrir manngildinu.

Í hjúskaparlögum er gerður greinarmunur á borgaralegum vígslumönnum og trúfélagslegum en þar er tekinn af allur vafi um að öll hjónaefni standa jöfn að lögum. Á hjónaefnum eru engir merkimiðar sem segja nokkuð um kyn eða kynhneigð. Allar manneskjur eru jafnar fyrir hjúskaparlögum og þurfa að uppfylla sömu skilyrði þess að fá að ganga í hjúskap. Við teljum því að umræða um samvisku vígslumannsins í þessu sambandi geti ekki verið byggð á nokkur því sem stendur í hjúskaparlögum.

Geta ekki gert upp á milli fólks

Það hlýtur hins vegar að vera slæmt fyrir flesta presta þjóðkirkjunnar að finna hvernig þessi umræða getur sært sjálfmynd þeirra sem vilja fá blessun kirkju sinnar og lögformlega hjónavígslu frammi fyrir Guði, svaramönnum og gestum sínum. Við teljum augljóst að prestar geta ekki gert upp á milli fólks sem leitar eftir þjónustu þeirra og teljum að það dugi að líta til 65. greinar stjórnarskrárinnar.



ar sem segir: „Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.“ Hjúskaparlögin staðfesta þessa skyldu presta sem embættismanna og forstöðumanna trúfélaga og eru þessi ákvæði afdráttarlausa að okkar mati.

Einn munur er þó gerður á borgaralegum og kirkjulegum vígslumönnum en það er það ákvæði í lögum að borgaralegir vígslumenn skulu gefa saman hjón. Prestar og forstöðumenn trúfélaga og lífsskoðunarfélaga hafa heimild til þess. Það er hæpið að það hafi verið vilji löggjafans að vígslumadurinn geti nýtt þessa heimild á þann hátt að hann mismuni fólki sem leitar til hans vegna kynferðis eða kynhneigðar þannig að það brjóti gegn ákvæðum stjórnarskrárinnar um jafnræði landsmanna.

Samfylgd þjóðar og þjóna kirkjunnar

Við teljum að það hafi verið farsæl hefð að prestar þjóðkirkju og forstöðumenn trú- og lífsskoðunarfélaga hafa haft vígsluheimild að lögum. Það nægir að líta til þeirrar hefðar og frjálshæðis okkar að geta gengið í hjónaband nánast á þeim tíma og þeim



Á hjónaefnum eru engir merkimiðar sem segja nokkuð um kyn eða kynhneigð.

stað sem fólk kys, oftast um helgar, og oftast að vera frjálst að velja sinn vígslumann til að leiða þennan stóra viðburð í lífi sínu í trúarlegu samhengi. Við viljum að kirkjan verði opin og vígslumenn hennar verði ætíð fúsir til að mæta fólki án fordóma í þjónustu sem einkennist af virðingu fyrir lífssýn og trú í fari þeirra sem vilja opinberlega heita öðrum einstaklingi tryggð og ást í blíðu og stríðu. Hjón byggja tryggð sína og samband á þeirri fyrirmynd sem er eilíf og stenst tímans tönn. Þannig sjáum við einmitt kærleiksboð Jesú Krists og óbilandi ást Guðs á manneskjunnar óháð því hversu breysk hún er. Við finnum til mikillar ábyrgðar í þessu máli. Við viljum þjóna sem prestar í kirkju sem er breið og lifandi kirkja. Sem stjórnarfolk í Prestafélagi Íslands viljum við að hátíðleg hjónaheit verði að fyrirmynd fyrir samfylgd þjóðar og þjóna kirkjunnar í átt til þroska, réttlætis og betri siða og líka í sambandi ríkis og kirkju.

Ristilkrabbamein og skipulögð hópleit



Dr. Sunna Guðlaugsdóttir
meltingarlæknir

Ristilkrabbamein (ristil- og endaparmskrabbamein) er önnur algengasta dánarorsök af völdum krabbameina á Vesturlöndum en árlega greinast að meðaltali 135 einstaklingar hérlendis. Árlega látast að meðaltali 50 úr sjúkdómnum. Reglubundin skipulögð hópleit hefði getað bjargað mörgum þessara mannlífa. Niðurstöður rannsóknna hafa sýnt að hópleit er árangursrík, bjargar mannlífum og sparar fé. Krabbameinsfélagið hefur í mörg ár sýnt þessu máli áhuga og síðan í apríl hefur hófundur unnið sem verkefnastjóri að undirbúningi skipulagðrar hópleitar ristilkrabbameins í samvinnu við landlækni og að beiðni velferðaráðuneytis.

Skipulögð hópleit er opinber forvarnaráætlun, ætluð einstaklingum í skilgreindum áhættuhópi. Þegar ristilkrabbamein á í hlut eru bæði konur og karlar í áhættu. Um 80% greinast á aldrinum 55-85 ára. Samkvæmt alþjóðlegum klínískum leiðbeiningum eru einstaklingar 50-75 ára skilgreindir í meðaláhættu að fá sjúkdóminn. Ofþyngd, kyrrseta, reykingar, rautt kjöt og áfengi eru helstu áhættuþættir. Annað sem eykur áhættu enn frekar er fjölskyldusaga um ristilkrabbamein, langvarandi bólgusjúkdómur í ristli (í átta ár eða lengur) og erfanleg heilkenni sem bera með sér miklar líkur á ristilkrabbameini, jafnvel á barnaldri.

Markmið skipulagðrar hópleitar er

að draga úr sjúkdómsbyrði og dánartíðni af völdum ristilkrabbameins með því að leita að sjúkdómnum í einkennalausum þannig að það komi þeim að gagni en skaði ekki.

Langflest ristilkrabbamein þróast úr óeðlilegum frumuvexti í slímhúð ristils (sepamyndun) þar sem sum eru eiginleg forstig. Um þriðjungur einstaklinga eldri en 50 ára eru líklegir til að vera með slíka sepa. Þeir geta verið hvar sem er í ristlinum og fara ekki af sjálfu sér en geta hins vegar þróast á mörgum árum í banvænt ristilkrabbamein. Þessi staðreynd þýðir að góður tími gefst til að finna og uppræta sepa á tiltölulega skaðlausan hátt og jafnvel bjarga frá krabbameinsmyndun. Tíðni sjúkdómsins er heldur lægri hjá konum en körlum á sama aldri.

Miðlæg leitarstöð

Í skýrslu Krabbameinsfélagsins til heilbrigðisráðherra er mælt með lýðgrundaðri skipulegri hópleit að evrópski fyrirmynd, þar sem heilbrigðis-yfirvöld bera ábyrgð á framkvæmd, kostnaði og gæðum. Miðlæg leitarstöð, rekin af fagfólki, skipuleggur og hefur yfirsýn yfir öll stig hópleitarinnar. Þessi leið ætti að tryggja jafnan rétt íbúa til þjónustunnar. Margir fagaðilar koma að hópleitinni. Leitarstöð Krabbameinsfélagsins sem hefur reynslu af hópleit gæti stjórntöð í samvinnu við Krabbameinsskrána.

Gert er ráð fyrir að einstaklingum í meðaláhættu verði boðin þátttaka þeim að kostnaðarlausu með bréfi og heimsendu sýnatökusetti til að ná hægðasýni sem ætlað er til skimunar fyrir blóði í hægðum. Leiðbeiningar fylgi með hvernig á að taka sýnið sem síðan er sent til baka á rannsóknarstofu. Niðurstæða myndi verða skráð og þaðan myndi sá sem þiggur þjónustuna fá svarbréf. Langt gengnir separ og nánast öll ristilkrabbamein á



Gert er ráð fyrir að einstaklingum í meðaláhættu verði boðin þátttaka þeim að kostnaðarlausu með bréfi og heimsendu sýnatökusetti til að ná hægðasýni sem ætlað er til skimunar fyrir blóði í hægðum.

frumstigum blæða þó ekki verði alltaf tekið eftir því með berum augum. Þetta er hægt að greina með hægðaprófum. Komin eru á markað ný hægðapróf (FIT) sem mæla sértækt og með mikilli nákvæmni manna-blóð í hægðum. Hægt er að nýta þau til að finna þá sem eru í brýnni þörf fyrir ristilspeglun. Unnið er að því að þessi tegund prófa komi á markað hér og hægt verði að gera slíkar mælingar hérlendis.

Árangursríkasta aðferðin síðan til að greina hvað veldur örblæðingu, ef hún reynist vera til staðar, er ristilspeglun. Skýringin gæti verið sepi eða ristilkrabbamein, en einnig bólgusjúkdómur í ristli eða gyllinæð, svo önnur dæmi séu nefnd. Með ristilspeglun er möguleiki á sýnatöku til greiningar. Separ og sum ristilkrabbamein á frumstigum er einnig mögulegt að fjarlægja í ristilspegluninni.

Mikilvægt er að átta sig á því að skimun á ekki við efnestaklingur er kominn með einkenni ristilkrabbameins. Í þeim tilfellum þarf að leita strax læknis með greiningu og meðferð í huga. Allar blæðingar frá endaparmi þarf að taka alvarlega og þarfnast lækninga. Kynntu þér einkenni ristilkrabbameins á ristilkrabbamein.is eða bleikaslaufan.is.



SÖNGVAKEPPNIN 2016

STENDUR ÞÚ Á SVIÐINU Í STOKKHÓLMI Í MAÍ?

RÚV FAGNAR 30 ÁRA AFMÆLI
SÖNGVAKEPPNINNAR ÁRÍÐ 2016

TAKTU ÞÁTT Í VEISLUNNI!

SENDU LAG INN Í SÖNGVAKEPPNINA 2016 FYRIR
2. NÓVEMBER KL. 11:59.

FRAMLÖGUM SKAL SKILA Á
www.ruv.is/songvakeppnin

VERDLAUNAFÉ KR. 1.000.000,-



Útsölunni líkur í dag!

ÚLPUDAGAR

NÝJAR ÚLPUR
20%
afsláttur

ELDRI ÚLPUR
50%
afsláttur



DIDRIKSONS 1913
Grundsund SWEDEN

Columbia
Sportswear Company

Bergans



DIDRIKSONS HAMRES
Stærðir 80-140
TILBOÐSVERÐ
11.192 KR.
VERÐ: 13.990 KR.



DIDRIKSONS IZUSA
Stærðir 80-140
TILBOÐSVERÐ
11.192 KR.
VERÐ: 13.990 KR.



COLUMBIA POWDER
Stærðir 2XS-XL
TILBOÐSVERÐ
10.312 KR.
VERÐ: 12.890 KR.



DIDRIKSONS DANE
Stærðir 130-170
TILBOÐSVERÐ
15.192 KR.
VERÐ: 18.900 KR.



DIDRIKSONS SHELTER
Stærðir XS-XL
TILBOÐSVERÐ
23.992 KR.
VERÐ: 29.990 KR.



COLUMBIA LAY 'D'
Stærðir S-XL
TILBOÐSVERÐ
39.992 KR.
VERÐ: 49.990 KR.



COLUMBIA TRASK MOUNTAIN
Stærðir XS-XL
TILBOÐSVERÐ
27.992 KR.
VERÐ: 34.990 KR.



BERGANS HELLA LADY
Stærðir XS-XL
TILBOÐSVERÐ
39.512 KR.
VERÐ: 49.390 KR.



DIDRIKSONS YED
Stærðir S-XXXL
TILBOÐSVERÐ
23.992 KR.
VERÐ: 29.990 KR.



DIDRIKSONS SHELTER
Stærðir S-XL
TILBOÐSVERÐ
23.992 KR.
VERÐ: 29.990 KR.



BERGANS NOSI INS
Stærðir S-XXL
TILBOÐSVERÐ
31.992 KR.
VERÐ: 39.990 KR.



COLUMBIA BARLOW
Stærðir XS-XL
TILBOÐSVERÐ
47.992 KR.
VERÐ: 59.990 KR.

LEITADU RÁÐA HJÁ OKKUR

Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK

Fiskislóð 1
Sími 580 8500

AKUREYRI

Tryggvabraut 1-3
Sími 460 3630

OPNUNARTÍMI

Mán.-fös. 10-18
Lau. 10-16

Stóll
274.990 kr.
 Skemill
64.990 kr.
 Stóll og skemill
269.980 kr.
~~339.980 kr.~~

GLOBE

Þægilegur heimilisvinur með tauáklæði, stillanlegu baki, hnakkapúða og snúningsfæti. Fáanlegur í mörgum litum.
 Stærð: 76 x 70 x 113 cm



CONFORM



KAMMA

Hægindastóll. Ljós- eða dökkgrátt áklæði.
 Stærð: 91 x 84 x 105 cm

55.990 kr. Afmælisverð



1.



2.

GYRO

Nettur og þægilegur á snúnings- fæti. Fæst í ótal útfærslum.
 Stærð: 66 x 66 x 88 cm



129.990 kr. -169.990 kr.



3.



4.

1. Speedtsberg kertalukt 23 cm. **6.490 kr.** 2. Kähler pipar- og saltkvörn stk. **10.990 kr.** 3. littala Kastehelmi glas, 4 litir **1.990 kr.** 4. Broste vasi Karson, hæð 20 cm. **7.990 kr.**



ANDREW

Sterkbyggðir stólar fyrir eldhúsið eða borðstofuna. Fást á tilboði í brúnu eða hvítu bundnu leðri.

13.990 kr. -19.990 kr.



ALEXA

Vandaður borðstofustóll. Ekta leður, svart, hvítt eða brúnt. Fætur úr burstuðu stáli.

27.990 kr. -34.990 kr.



NORDIC

Vandað borðstofuforbð frá Skovby. Oliuborin eik.
 Stærð: 100 x 183/274 x 74 cm.

189.990 kr.
~~229.990 kr.~~

KAMMA

Þriggja sæta sófi með viðarfótum. Dökk- eða ljósgrátt slitsterkt áklæði.
 Stærð:
 201 x 84 x 105 cm



89.990 kr. Afmælisverð



ELLY

Priggja sæta sófi.
Litir: Ljósgrár, grár
og Town dökkgrár.
Stærð: 183 x 82 x 85 cm

79.990 kr. ~~99.990 kr.~~

Vertu eins og heima hjá þér

Lokahelgi tilboðanna í septemberbæklingi



NORA

Borðstofustóll. Fæst koniak
og ljósgrár í PU leðri og
corsica blár í áklæði.

39.990 kr.



FRIDAY

Hornsófi 2H3/3H2.
Grátt og brúnt slátsterkt áklæði.
Stærð: 330 x 260 x 90 cm

269.990 kr. ~~319.990 kr.~~

UMBRIA

Tungusófi, hægri eða vinstri tunga.
Grátt eða dökkgrátt áklæði.
Stærð: 305 x 163 x 78 cm
Aukahlutur á mynd: Hnakkapúði

219.990 kr. ~~269.990 kr.~~



Nýtt blað er komið í dreifingu
<http://www.youblisher.com/p/1212708-Bæklingur-september/>

**HÚSGAGNA
HÖLLIN**

Meðalmarkaskor í leikjum liðanna í Pepsi-deildinni

SKEMMTILEGU LIÐIN

1. Keflavík 3,71 mörk í leik
2. Fjölnir 3,29
3. FH 3,24
4. Valur 3,14

SÆMILEGU LIÐIN

5. Víkingur 2,90 mörk í leik
6. ÍBV 2,86

7. IA 2,81

8. Stjarnan 2,52
9. Fylkir 2,48

LEIÐINLEGU LIÐIN

10. KR 2,38 mörk í leik
11. Leiknir R. 2,33
12. Breiðablik 2,14

Domino's 1011 Fjölnir og hægilegt ICELANDAIR A Coca-Cola SPORT 2

Enski pakinn inniheldur:
Stöð 2 Sport 2, hliðarrásir, MUTV,
LFC TV og Chelsea TV á 9.990 kr. á mán.

FYRIR
1.990 kr.
AUKALEGA FÆRÐU
ENDALAUST TAL
OG 1 GB í GSM

Fær enginn Íslendingur markaskó í sumar?

Fréttablaðið skoðaði nokkur met sem gætu fallið í síðustu umferð Pepsi-deildarinnar á árinu 2015 en Gunnleifur Gunnleifsson gæti náð tveimur í dag. Leikmenn þurfa að skora 41 mark í lokaumferðinni til að komast yfir þrjú mörk að meðaltali.

FÓTBOLTI Pepsi-deild karla lýkur í dag með 22. umferðinni sem fer öll fram klukkan tvö. FH-ingar eru búnir að lyfta Íslandsmeistarabikarnum, Leiknir og Keflavík eru fallin úr deildinni og Breiðablik og KR hafa tryggt sér Evrópusætin.

Í fyrra réðst þetta ekki fyrr en í uppbótartíma í lokaleik Íslandsmótsins en núna er allt klárt á toppi og botni deildarinnar þegar liðin spila sinn síðasta Pepsi-deildarleik á árinu 2015.

Það er ekki aðeins hægt að kvarta yfir lítill spennu í lok mótsins heldur einnig yfir markaleysi. Aðeins mesta markafloð í manna minnum kemur í veg fyrir metár í fáum mörkum. En hvað er annað undir í lokaleikjunum? Fréttablaðið fann til nokkur önnur met sem gætu fallið í kvöld.

Þrjú markahæstu leikmenn deildarinnar fá allir skó og svo gæti farið að enginn Íslendingur fái gull-, silfur- eða bronsskó í ár. Daninn Patrick Pedersen (13 mörk), Trinidadinn Jonathan Glenn (11 mörk) og Skotinn Steven Lennon (9 mörk) eru í efstu þremur sætunum fyrir lokaumferðina.

Útlendingar aldrei náð þrennuni Gullskórinn var afhentur fyrst 1983 og frá 1985 hafa leikmenn fengið gull-, silfur- og bronsskó. Á þessum 32 árum hefur það aldrei gerst að enginn Íslendingur hafi fengið skó. Gary Martin (gull) og Jonathan Glenn (silfur) fengu skó í fyrra og var það í fyrsta sinn sem fleiri erlendir leikmenn en íslenskir fengu skó.

Pedersen og Glenn keppa um gullskóinn en Glenn þarf að vinna upp tveggja marka forskot. Hann verður samt alltaf ofar en Pedersen þar sem hann hefur spilað færri mínútur.

Vonir Íslendinga um að fá skó í ár liggja helst hjá þeim Garðari Gunnlaugssyni (ÍA) og Atla Guðnasyni (8 mörk) sem báðir hafa skorað átta mörk eða hjá þeim Þóri Guðjónssyni (Fjölni) og Atla Viðari Björnssyni (FH) sem hafa skorað sjö mörk en hafa spilað færri leiki (eða mínútur) en Steven Lennon. Garðar stendur best að vígi enda er hann bara einu marki á eftir Lennon og verður alltaf ofar en Skotinn á færri leikjum spiluðum.

Nær Gunnleifur tveimur metum?

Gunnleifur Gunnleifsson, markvörður Blika, á möguleika á tveimur metum. Hann má fá á sig þrjú mörk og bæta samt metið yfir fæst mörkin fengin á sig á einu tímabili í tólfliða deild. FH-ingurinn Róbert Örn Óskarsson á metið en hann fékk aðeins á sig 17 mörk í fyrra.

Gunnleifur hefur fengið á sig 13 mörk í sumar. Gunnleifur á líka möguleika á því að halda marki sínu hreinu í tólfliða sinn en því hafa aðeins tveir markverðir náð í nútímabólta (frá 1977) eða Valsmaðurinn Sigurður Haraldsson (1978) og Framarinn Birkir Kristinsson (1988).

Keflvíkingar eiga líka möguleika á því að bæta met í mörkum fengnum



Gunnleifur Gunnleifsson getur slegið tvö met í lokaumferðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

2,82

Leikmenn Pepsi-deildar karla hafa skorað 355 mörk í 126 leikjum í sumar eða 2,82 mörk að meðaltali í leik. Það hafa ekki verið skoruð færri mörk í leik síðan 2006.

á sig en því meti verður seint fagnað. Keflavíkurlíðið hefur þegar fengið á sig 59 mörk í sumar en ekkert félag hefur fengið á sig 60 mörk á einu tímabili í efstu deild. Keflavíkurlíðið er þegar búið að jafna met Víkinga frá 1993.

Bara 2,82 mörk í leik

Það er ekki aðeins hægt að kvarta yfir lítill spennu í lok mótsins heldur einnig yfir markaleysi. Aðeins mesta markafloð í manna minnum kemur í veg fyrir metár í fáum mörkum. Liðin hafa aðeins skorað 355 mörk í fyrstu 126 leikjum mótsins sem gera 2,82 mörk að meðaltali í leik.

Þetta er áttunda sumarið þar sem deildin er skipuð tólf liðum og hingað til hafa alltaf verið skorað þrjú mörk eða meira að meðaltali í leik.

Leikmenn liðanna tólf þurfa að skora 41 mark í síðustu sex leikjum mótsins, 6,8 mörk að meðaltali í leik, ætli þeir sér að ná að halda í þessa hefð. Það bendir því allt til þess að meðalmarkaskorið lækki þriðja sumarið í röð og verði það lægsta í tæpan áratug.

Síðast var skorað undir þremur mörkum að meðaltali sumarið 2007 (2,99 mörk í leik) sem var jafnframt síðasta tímabilið með tíu liða deild.

Það hefur áður gerst að mikið hafi verið skorað í lokaumferðinni þegar lítið er undir í leikjunum. Gott dæmi um það er lokaumferðin árið 1995 þegar það voru skoruð 28 mörk í 5 leikjum eða 4,6 mörk að meðaltali í leik. Það voru líka skoruð 24 mörk í lokaumferðinni fyrir tveimur árum. Það þarf talsvert meira til í leikjum dagsins ef þetta á ekki að verða „leiðinlegasta“ tímabilið í níu ár.

Leikir dagsins fara fram í Keflavík (Keflavík-Leiknir), í Vestmannaeyjum (ÍBV-ÍA), á nýja gervigrasinu á Hlíðarenda (Valur-Stjarnan), í Vesturbænum (KR-Víkingur), í Árbænum (Fylkir-FH) og í Grafarvogi (Fjölnir-Breiðablik) og þeir hefjast allir klukkan 14.00. Leikur Fjölnis og Breiðabliks verður í beinni á Stöð 2 Sport. ooj@frettabladid.is

SVAKALEGUR SUNNUDAGUR Í ENSKA BOLTANUM

SUNNUDAGUR KL. 12:20

EVERTON-LIVERPOOL

SUNNUDAGUR KL. 14:50

ARSENAL-MAN. UTD.



Everton sem hafa verið á góðri siglingu fá erkifjendurna í **Liverpool** í heimsókn. Stemningin verður rafmagnuð.

Rauðu djöflarnir gera sér ferð í höfuðstaðinn og mæta **Arsenal** á Emirates. Halda **Rauðu djöflarnir** toppsætinu?

Ekki missa af þessum stórleikjum á Stöð 2 Sport 2.

Nýjast

Lengjubíkar karla í körfubolta

FSu - Stjarnan 81-91

Stigahæstir: Christopher Anderson 24/8, Ari Gylfason 21 - Justin Shouse 24, Al'lonzo Coleman 19/12, Marvín Valdimarsson 17.

Þór Þorl. - Haukar 83-82

Stigahæstir: Vance Michael Hall 28/8, Þorsteinn Már Ragnarsson 19 - Stephen Michael Madison 19/18 fráköst, Finnur Atli Magnússon 15.

Stjarnan og Þór Þ. mætast í úrslita-leiknum í Iðu klukkan 16.30 í dag en klukkan 14.00 spila Haukar og Keflavík til úrslita í kvennaflokki.

Olís - deild kvenna í handbolta

Fram - Selfoss 32-28

Markahæstar: Ragnheiður Júlíusdóttir 11, Elísabet Gunnarsdóttir 7 - Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir 12/4, Adina Maria Ghidoarca 7.

Fylkir - Grótta 21-31

Markahæstar: Patrícia Szölösi 9, Thema Imani Sturludóttir 4 - Sunna María Einarsdóttir 9, Eva Björk Davíðsdóttir 6.

Stjarnan - HK 31-17

Markahæstar: Stefánía Theodórsdóttir 8, Arna Dýrfjörð 5 - Emma Havin Sardarsdóttir 5.

KA/Þór - Valur 16-27

Markahæstar: Anna Kristín Einarsdóttir 5, Birta Fönn Sveinsdóttir 4 - Kristín Guðmundsdóttir 6, Sigurlaug Rúnarsdóttir 5.

FH - ÍBV 21-31

Markahæstar: Heiðís Rún Guðmundsdóttir 9 - Vera Lopes 8, Telma Amado 7.

ÍBV og Grótta eru áfram með fullt hús stíga eftir fimm umferðir.

VALDÍS OG ÓLAFÍA HÓFU LEIK Á LOKAMÓTINU Í PORTÚGAL

Valdís Þóra Jónsdóttir úr GL og Ólafía Þórunn Kristinsdóttir úr GR hófu leik á lokamóti LETAS-mótaraðarinnar í golfi í gær. Mótið fer fram í Portúgal en um er að ræða næststerkustu atvinnuþáttaröð kvenna í Evrópu.

Keppast þær um að fá sæti á mótaröðinni á næsta ári en tuttugu efstu kylfingarnir að tímabilinu loknu fá beint sæti á lokamótum. Valdís sem var í 24. sæti fyrir lokamótið lék vel í gær en hún lauk leik á einu höggi yfir pari í fimmtánda sæti, fjórum höggum á eftir Emmu Goodard sem leiðir eftir fyrsta hring. Ólafía sem var í 17. sæti fyrir mótið náði sér ekki á strik í gær og lauk leik í gær á þremur höggum yfir pari.

Í dag

14.00	Fjölnir - Breiðablik	Sport
14.00	Man. City - Newcastle	Sport 2
14.00	Sevilla - Barcelona	Sport 4
15.30	Kiel - Flensburg	Sport 6
16.30	Chelsea - Southampton	Sport 2
18.00	Zagreb - Veszprem	Sport 3
18.45	Chievo - Hellas Verona	Sport 4
20.00	Pepsimörkin	Sport

13.30	ÍR - Haukar	Austurberg
14.00	Afturelding - Fjölnir	N1 höllin
14.00	ÍBV - ÍA	Hásteinsvöllur
14.00	Valur - Stjarnan	Vodafonevöllurinn
14.00	KR - Víkingur	Alvogenvöllurinn
14.00	Keflavík - Leiknir	Nettövöllurinn
14.00	Fylkir - FH	Valbjarnarvöllur
14.00	Fjölnir - Breiðablik	Fylkisvöllur
14.00	Keflavík - Haukar	Iða, Selfossi
16.00	Afturelding - ÍBV	N1 höllin
16.30	Þór Þorl. - Stjarnan	Iða, Selfossi

Á morgun

12.30	Everton - Liverpool	Sport 2
14.45	Arsenal - Man. United	Sport 2
14.45	Swansea - Tottenham	Sport 3
15.00	Pick Szeged - Barcelona	Sport 4
16.00	Juventus - Bologna	Sport 3
18.30	Atletico - Real Madrid	Sport
18.45	AC Milan - Napoli	Sport 3
20.00	49ers - Packers	Sport

16.00	Víkingur - Akureyri	Vikin
-------	---------------------	-------

Engin tilraunastarfsemi

FÓTBOLTI Þrátt fyrir að íslenska landsliðið sé búið að tryggja sér sæti í lokakeppni EM í Frakklandi næsta sumar segir Lars Lagerbäck, annar landsliðsþjálfara Íslands, að liðið verði að taka leikina gegn Lettlandi og Tyrklandi í undankeppninni alvarlega. Góð úrslit í þeim gætu nefnilega skilað íslenska liðinu upp í þriðja styrkleikaflokk þegar dregið verður í riðla fyrir EM 12. desember næstkomandi.

„Það er mikilvægt fyrir okkur að vinna leikina til að reyna að komast upp um styrkleikaflokk. Við erum í erfri stöðu en þetta ræðst á úrslitunum í

okkar leikjum og því hvaða lið komast á EM,“ sagði Lars eftir að landsliðshópurinn fyrir leikina gegn Lettum og Tyrkjum var tilkynntur í gær. Lars og Heimir Hallgrímsson gerðu aðeins eina breytingu á hópnum frá því síðast; Hólmar Örn Eyjólfsson kemur inn fyrir Rúnar M. Sigurjónsson. Lars á ekki von á því að nýta leikina til að prófa nýja hluti.

„Við verðum ekki með neina tilraunastarfsemi. Við gerum hugsanlega einhverjar breytingar á liðsvali en höfum ekki ákveðið neitt í þeim efnum. Ef það verða breytingar



Heimir og Lars voru einbeittir á blaðamannafundinum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

verða þær ekki margar,“ sagði Lars en á blaðamannafundinum í gær kom fram að landsliðsþjálfararnir

stefndu að því að fá 7-8 vináttu-landsleiki áður en lokakeppni EM hefst 10. júní. - íps


Fjölbreyttar leiðir í bílafjármögnun

Landsbankinn býður góð kjör, fjölbreyttar leiðir og allt að 80% fjármögnun á nýjum og notuðum bílum. Kynntu þér allt um bílalán á landsbankinn.is/bilalan.

Lánshlutfall allt að 80%

Allt að 7 ára lánstími

Engin stimpilgjöld



Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000





Pengruiqio flutti til Íslands fyrir ári og byrjaði þá að fíkra sig áfram við að elda fyrir sig. Afraksturinn má sjá á sýningunni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Býður fólki að smakka listaverk

Listakonan **Pengruiqio** opnar sýninguna Ætilegt óæti þar sem hún fjallar um að flýja hugmyndafræði matargerðarinnar. Sýningin byggist á reynslu hennar af því að læra að elda eftir að hún flutti til Íslands.

Í dag verður sýningin Ætilegt óæti: Að flýja hugmyndafræði matargerðar opnuð í Ekkisens. Listakonan Pengruiqio stendur að baki sýningunni en hún er af kínversku bergi brotin. „Ég flutti til Íslands fyrir ári. Ég bjó í Bretlandi áður en þangað flutti ég með foreldrum mínum þegar ég var 12 ára. Áður en ég kom hingað til lands hafði ég unnið í London í sex ár,“ segir hún. Pengruiqio útskrifaðist úr stærðfræðideild háskólans í Man-



MATUR GETUR VERIÐ SVO SKAPANDI Á SVO MARGAN HÁTT. EFTIR AÐ ÉG KOM TIL ÍSLANDS BYRJAÐI ÉG AÐ ELDA FYRIR SJÁLFA MIG OG LÆRA UM MAT EN ÉG KUNNI EKKI AÐ ELDA ÁÐUR.

chester en breytti um stefnu og fór að vinna að myndlist. Hún flutti svo til Íslands og ákvað að einbeita sér alfarið að listinni.

Eftir að Pengruiqio flutti til Íslands byrjaði hún að læra að elda. Sýningin hennar fjallar um þetta ferli þar sem hún uppgötvar heim matreiðslunnar og Ísland í gegnum listina. Og stillir upp matargerðinni á óhefðbundinn hátt. „Sýningin mín er um mat. En þetta er ekki í hefðbundinni skilgreiningu þess sem fólk hugsar um mat. Matur getur verið svo skapandi á svo margan

hátt. Eftir að ég kom til Íslands byrjaði ég að elda fyrir sjálfa mig og læra um mat en ég kunni ekki að elda áður. Ég fór að uppgötva glænýjan heim matargerðar og fann mínar eigin leiðir við eldamennskuna. Ég bjó til mína eigin rétti. Ég ætla að búa til eitthvað af þessum réttum og leyfa fólki að smakka á sýningunni. Eftirrétti og aðra rétti sem ég fann upp. Réttirnir eru líka listaverkin mín nema að fólk getur borðað þau. Og það verður hægt að finna réttina hér og þar á sýningunni,“ segir hún en hráefnin sem hún notar við

matargerðina eru af ýmsum toga. Til dæmis býr hún til ávaxtahlaupa úr rífsberjum sem hún tindir í garðinum hjá sér en einnig mun hún bjóða upp á krabbakex.

Á sýningunni verða sýnd málverk og matreiðsluuppskriftir. Gestir geta fengið að smakka hluta sýningarinnar og þannig notið listarinnar á annan hátt, að sögn Pengruiqio. Sýningin verður opnuð í dag klukkan 17 og stendur til 11. október. Hún verður opin á daginn frá 12-17 í Ekkisens, Bergstaðastræti 25b.

viktoria@frettabladid.is

APPLE WATCH
APPLE WATCH SPORT ER KOMIÐ Í TÖLVUTEK. GLÆSILEGT OG STERKBYGGT ÚR ANODIZED ALUMINUM MED ÖLLUM ÞEIM EIGINLEIKUM SEM SINJALLÚR ÞURFA AÐ BERA.
73.900

38 ÞÚSUND LÆGRA VERÐ!
ALGENGT VERÐ 117.995

3 LITIR

4BLS BÆKLINGUR
STÚTFULLUR AF ÖLLUM HEITUSTU TÖLVUGRÆJUNUM

ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR
STÚTFULLAR VERSLANIR AF SPENNANDI NYJUNGUM

0% VEXTIR
ÁLLAR VEXTIR HAFNAÐI 12 MÓNÁÐUM

38 ÞÚSUND LÆGRA VERÐ!
ALGENGT VERÐ 117.995

APPLE WATCH
79.900

OPÍÐ Í DAG FRÁ 11-16

TÖLVUTEK

Almennt útboð á hlutabréfum í Símanum

Hefst mánudaginn 5. október kl. 10.00 og lýkur miðvikudaginn 7. október kl. 16.00

Arion banki hyggst selja 18-21% í Símanum hf.

Stærð útboðsins nemur 1.737.000.000 hlutum eða 18% hlut í félaginu og nemur söluandvirði þeirra að lágmarki 4.689,9 milljónum króna. Seljandi áskilur sér rétt til að stækka útboðið í allt að 2.026.500.000 hluti (21%) og er söluandvirði þeirra að lágmarki 5.471,55 milljónir króna. Markmið seljanda er annars vegar að útboðið geri félaginu kleift að uppfylla skilyrði Nasdaq Iceland um dreifingu hlutabréfa sem tekin eru til viðskipta á Aðalmarkaði og hins vegar horfir seljandi til þess að selja eign sína á sem hagstæðustu verði.

Tekið verður við áskriftum rafrænt á vef Arion banka, arionbanki.is

Tvær áskriftarleiðir eða tilboðsbækur eru í boði en ákvörðun um stærð tilboðsbóka mun taka mið af eftirspurn í útboðinu, bæði hvað varðar verð og magn.

Tilboðsbók A

- > Hver áskrift 100.000 – 10.000.000 kr.
- > Verðbil 2,7-3,1 kr./hlut
- > Eitt endanlegt verð, jafnt eða lægra en í B

Tilboðsbók B

- > Hver áskrift yfir 10.000.000 kr.
- > Lágmarksverð 2,7 kr./hlut
- > Eitt endanlegt verð, jafnt eða hærra en í A

Meginregla við úthlutun verður að taka þeim áskriftum sem berast á hæsta gengi. Gert er ráð fyrir að niðurstöður útboðs verði birtar opinberlega 8. október. Útboðið er með fyrirvara um að hlutir í félaginu verði teknir til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Slíkt samþykki birtir Nasdaq Iceland ásamt tilkynningu um fyrsta mögulega viðskiptadag með að lágmarki eins viðskiptadags fyrirvara. Eindagi kaupverðs er áætlaður 13. október og stefnt að því að viðskipti geti hafist á Aðalmarkaði 15. október.

Minnt er á að fjárfesting í hlutabréfum felur í sér áhættu og að áskrift í útboðinu er bindandi

Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér vel upplýsingar um félagið og skilmála útboðsins í lýsingu sem félagið hefur birt og er sérstaklega bent á kafla um áhættuþætti. Lýsinguna ásamt viðauka má nálgast á vef félagsins, siminn.is/siminn/fjarfestar, á vef Arion banka, arionbanki.is, hjá Símanum að Ármúla 25 í Reykjavík og hjá Arion banka í Borgartúni 19, Reykjavík.

Nánari upplýsingar

Fyrirtækjaráðgjöf fjárfestingabankasviðs Arion banka hf. hefur umsjón með útboðinu og hefur einnig ásamt Arctica Finance hf. umsjón með skráningu félagsins. Nánari upplýsingar og aðstoð vegna útboðsins má nálgast hjá söluaðilum þess, fyrirtækjaráðgjöf og markaðsviðskiptum fjárfestingabankasviðs Arion banka (arionbanki.is) ásamt Arctica Finance (arctica.is), eða hjá verðbréfa- og lífeyrisþjónustu Arion banka í síma 444-7000 og tölvupóstfangi siminn-utbod@arionbanki.is.



ARCTICAFINANCE



Aldrei verið erfiðara að leigja í höfuðborginni

Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is



Minnstu íbúðirnar eru dýrastar á fermetra og mið- og vesturbær Reykjavíkur vestan Kringlumýrarbrautar eru dýrustu hverfin, ásamt Seltjarnarnesi. Leiguverð er skaplegra eftir því sem íbúðin er lengra frá miðbæ. Deiliahagkerfið spilar rollu. Hér fylgir úttekt á leigumarkaðnum í höfuðborginni, sögur leigjenda, heilræði frá sérfræðingum og hvað yfirvöld hyggjast gera.

910 Airbnb-íbúðir í ferðamannaleigu

Fjölgun ferðamanna hefur verið gífurleg á undanförunum árum og fjöldi þeirra hefur heimsótt höfuðborgina okkar.



Deiliahagkerfið er viðskiptakerfi sem byggist á samnýtingu á verðmætum. Þannig geta verðmætin verið íbúðir sem eigendur deila með öðrum gegn gjaldi, til að mynda gisting í heimahúsi. Einn angi kreppunnar sem skók heimsbyggðina árið 2008 var að fólk reyndi eftir fremsta megni að fá tekið fyrir notkun á eignum sínum, bílum og íbúðum svo dæmi séu tekin.

Vinsælasta deiliahagkerfisíðan er airbnb.com, en hægt er að nota margar síður í þessum sama tilgangi. Í janúar síðastliðnum voru 1.300 gistirými í boði á Airbnb á höfuðborgarsvæðinu og nam aukningin 137% frá fyrra ári.

Samkvæmt upplýsingum frá Airbnb í febrúar síðastliðnum voru 30% gistirýma herbergi, en 70% íbúðir eða húsnæði.

Ef rétt reynist eru 910 íbúðir á höfuðborgarsvæðinu í ferðamannaleigu annaðhvort hluta úr ári eða allt árið um kring. Ljóst er að fjöldi ferðamannaíbúða dregur úr framboði á markaði.



Leigumarkaðurinn er algjört helvíti

Steinþór Helgi Arnsteinsson er þrjátíu eins árs, viðburðastjóri hjá CCP. Hann býr ásamt kærustu sinni og stjúpsyni í leiguíbúð.

Hvað borgar þú í leigu á mánuði? Ég myndi segja að svona fjórðungur af launum mínum, eftir skatta, fari í leiguna.

Hvaða reynslu hefur þú af leigumarkaðnum? Heilt yfir hef ég dilað við mjög góða leigusala. Leigumarkaðurinn er hins vegar algjört helvíti – griðarlega erfitt að fá íbúð við hæfi, hvað þá á réttum stað eða ásættanlegu verði. Erfiðast fannst mér þegar ég var að byrja að leigja og þurfti að reiða fram þriggja mánaða fyrirframleigu í tryggingu. Held að það sé baggi sem ekki margir ráði við. Ég er samt mjög ánægður með núverandi leigusala og íbúðina.



Heilt ár á vergangi

Sigurður Oddsson er þritugur, hönnunarstjóri hjá auglýsingastofu. Hann býr með sambýlskonu og barni.

Hvað borgar þú í leigu á mánuði? Vorum síðast að borga um 200 þúsund á mánuði

Hvaða reynslu hefur þú af leigumarkaðnum?

Við lentum illa í fyrstu húsnæðisakaupum, upp kom myglusveppur sem gerði okkur veik og þurftum við að flytja. Vorum í eitt ár á vergangi, í leit að íbúð til að leigja eða kaupa. Leiguíbúðirnar voru allar óásættanlegar, asnalega dýrar, ónýtar eða ekki á ásættanlegum stað. Við þurftum að flytjast á milli skammtimahúsnæðis, foreldrahúsa, túristaíbúða í eitt ár, fyrsta ár barnsins okkar, á meðan á leitinni stóð. Að lokum tókst okkur að kaupa íbúð, sem hefði aldrei tekist ef ekki væri fyrir hjálp foreldra og óhóflegrar lántöku.

Auður Björg Jónsdóttir, gefur góð ráð

Heilræði fyrir leigusala

1 Leigusali verður að vanda vel valið á leigjanda. Miklu máli skiptir í viðvarandi samningssambandi sem þessu, að gagnaðili sé heiðarlegur og traustur. Internetið getur verið mjög hjálplegt í þessu sambandi en auk þess er nauðsynlegt að sjá vanskilaskrá viðkomandi.

2 Leigusali verður að gæta þess að hafa góðar tryggingar fyrir efndum á leigusamningnum, bæði hvað varðar fjárhæð og tegund tryggingarinnar. Eigi þriðji aðili að bera ábyrgð á efndum samningsins er mikilvægt að eignakanna viðkomandi og ganga úr skugga um að hann sé borgunarmaður komi til vanefnda. Þá þarf að ihuga vandlega fjárhæð tryggingar. Algengt hefur verið að krafist sé tryggingar fyrir fjárhæð sem jafngildir þriggja mánaða leigu. Síðustu ár hafa útbuðarmál þó tekið mun lengri tíma en þau gerðu áður og trygging leigusala löngu orðin tóm þegar leigjandi er loks borinn út eftir að vanskil hafa orðið á leigu. Þetta er ein helsta ástæða þess að algengt er orðið að leigusalar fari fram á hærri tryggingar eða jafnvel ótakmarkaða sjálfskuldarábyrgð þriðja manns.

3 Mikilvægt er að leigusali láti fara fram úttekt á húsnæðinu við upphaf leigutíma. Verði fasteignin, innréttingar, tæki eða annað fyrir tjóni á leigutímanum er mjög erfitt fyrir leigusala að sýna fram á að tjónið sé að rekja til leigjanda ef ekki liggur fyrir hvert ástand eignarinnar var við afhendingu. Algengt er að leigusalar hunsi þetta þar sem þeim þykir það óþarfa kostnaður en kostnaðurinn er ekki hár, sér í lagi þegar litið er til þess að annars verður skaðabótakrafa leigusala oft að engu mótmæli leigjandi bótaskyldu. Núgildandi húsaleigulög gera ráð fyrir að byggingafultrúar framkvæmi umræddar úttektir.

4 Leigusalar einstaklingsíbúða geta stuðst við stöðluð samningsform sem nálgast má á vef velferðarráðuneytisins en betra er að lögmaður sé fenginn til að gera leigusamning fyrir atvinnuhúsnæði þannig að samningurinn sé sérsníðinn að viðkomandi starfsemi og húsnæði.

Heilræði fyrir leigjendur

1 Leigjandi verður að kynna sér í upphafi hvort leigusali sé í raun eigandi hins leigða og ganga úr skugga um að eignin sé ekki í uppboðsmeðferð. Dæmi eru um að leigjendur taki á leigu eign og greiði tryggingafé til leigusala en eignin er seld nauðungarsölu stuttu síðar og ekki tekst að endurheimta tryggingafé.

2 Komi upp galli á húsnæði eftir að það hefur verið afhent er mikilvægt að tilkynna leigusala þar um án tafar þar sem húsaleigulögin veita leigjanda aðeins mánaðarfrest til að tilkynna um galla sem vart verður við við



Auður er hæstaréttarlögmaður.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



DÆMI ERU UM AÐ LEIGJENDUR GREIÐI TRYGGINGAFÉ TIL LEIGUSALA EN EIGNIN SÉ SELD Á NAUÐUNGARSÖLU STUTTU SÍÐAR.

afhendingu eignarinnar og tvær vikur ef gallinn kemur fram eftir afhendingu. Mikilvægt er að hafa í huga að húsaleigulögin hafa að geyma strangar formreglur um hvernig leigjandi á að bera sig að, sinni leigusali ekki úrbótum á galla. Algengt virðist vera að leigjendur tapi kröfum sínum á hendur leigusala af þeirri ástæðu einni að þeir fylgja ekki reglum húsaleigulaga.

3 Sama á við um viðhald á hinni leigðu eign. Leigusala ber lögum samkvæmt að sinna viðhaldi eignarinnar en leigjandi verður að fylgja settum reglum hvað það varðar. Til dæmis getur leigjandi ekki ákveðið sjálfur að bæta úr skorti á viðhaldi og draga kostnað sinn vegna þess frá leigu næstu mánaðarmót, heldur þyrfti hann að skora á leigusala að bæta úr. Sinni leigusali ekki slíkrí áskorun þyrfti leigjandi að fá samþykki frá byggingafultrúa fyrir nauðsyn á viðgerð og samþykki fyrir fjárhæð reiknings vegna viðgerðar. Að því búnu mætti hann draga fjárhæð reikningsins frá næstu leigugreiðslu.

4 Afar mikilvægt er að allar breytingar á leigusamningi séu gerðar skriflega þannig að unnt sé að sýna fram á þær. Leigjendur hafa brennt sig á að gera munnlegt samkomulag um að fá að rýma húsnæði áður en tímabundnum leigusamningi lýkur og hafa þá litlar varnir vilji leigusali halda samninginn upp á leigjanda eða gerir kröfu um greiðslu leigu út hinn samningsbundna leigutíma.

Meðalleiguverð á fermetra árið 2014

	Stúdíóíbúð	2 herb.	3 herb.	4 herb.
Reykjavík, vestan Kringlumýrarbr. og Seltjarnarnes	2821	2318	2036	1838
Reykjavík milli Kringlumýrarbr. og Reykjanesbr.	2596	2094	1817	1648
Kópavogur	2423	2019	1759	1492
Garðabær, Hafnarfjörður og Álftanes	2667	1951	1677	1498
Grafarv., Grafarh., Árbær, Norðlingah. og Úlfarsárdalur	2398	2000	1730	1561
Breiðholt	2144	1900	1683	1545
Kjalarnes og Mosfellsbær	2181	1814	1630	1362

HÁSPENNUBÓK!

„Arftakar Stiegs Larsson eru margir ...
Kepler er langfærastur þeirra.“

TIME



★★★★★
VG

★★★★★
„... hröð, skelfileg og grípandi ...
ekki fyrir viðkvæma og það er ráð að hafa
ljósin kveikt meðan á lestri stendur.“

KG / DV (UM ELDVITNIÐ)



Viðbrögð stjórnvalda verið fálmkennd

„Húsaleiga hefur hækkað vegna mikillar eftirspurnar frá ungu fólki en stór hluti þjóðarinnar samanstendur af fólki undir þrítugu. Eiginfjórðingur er einnig algengur í þessum hópi og svo er erfitt fyrir marga að standast greiðslumat,“ segir Magnús Árni Skúlason hagfræðingur. Frá ársbyrjun 2011 til loka júlí 2015 hefur leiguverð á húsnæðismarkaði hækkað um 40,2%. Á sama tíma hefur verð á íbúðarhúsnæði hækkað um 41,8%. Þetta er langt umfram almennar verðlagshækkningar.

„Húsnæðisframboðið sem var í boði fyrir efnahagshrun einkenndist af stórum íbúðum en þessi hópur er að leita sér að minni íbúðum. Flókið regluverk ríkis og sveitarfélaga kemur í veg fyrir að verktakar geti boðið upp á slíkar íbúðir þrátt fyrir góðan vilja. Í og eftir hrúnið var heldur



Magnús Árni Skúlason

enginn hvati til uppbyggingar þar sem íbúðaverð var við hrun svipaður og byggingarkostnaður.“

Fregnir hafa borist þess efnis að biðlistar eftir félagslegu húsnæði lengist og lengist. Hver er skýringin? „Eftir efnahagshrunið lækkuðu laun margra en kaupmáttaraukning síðastliðinna missera sem og riflegar launahækkningar ættu í eðli sínu að stytta biðlistana. Það er að segja, margir þeir sem hafa fengið launahækkningar munu líklega detta út vegna tekjumarkna.“

Magnús Árni bætir þó við að það muni sennilega ekki leysa vandan. „Fólk á enn í erfiðleikum með




SVO ER ERFITT FYRIR MARGA AÐ STANDAST GREIÐSLUMAT.

að standast greiðslumat, til dæmis vegna eiginfjórðinga og námskulda.“

En hverju heldur Magnús Árni að aðgerðir sem stjórnvöld hyggjast ráðast í á árinu til að bæta ástandið á leigumarkaði skili?

„Ég hef litla trú á því að yfirvöld geti gert mikið í þessu en viðbrögð þeirra hafa verið fálmkennd. Vandinn er háir vextir og lóðakostnaður verktaka.“

/// Vísitala leigu- og íbúðaverðs



Vísitala leiguverðs á höfuðborgarsvæðinu

Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu

Hlutfall leigu/íbúðaverðs

Hvetja til lengri leigusamninga

Eygló Harðardóttir, velferðarráðherra, fer með húsnæðismál.

„Í fjárlögum gerum við ráð fyrir 1,1 milljarði í aukinn húsnæðisstuðning,“ segir Eygló. „Í því felst að húsaleigubætur og frítekjumark hækka, og hækka einnig eftir fjölda heimilismanna í stað fjölskyldugerðar. Þannig komum við til móts við fólk sem leigir saman án þess að bindast fjölskylduböndum.“

Hún segir stjórnvöld ætla að lækka skatta af leigutekjum umtalsvert. „Markmiðið með því er að hvetja til langtímaleigu íbúðarhúsnæðis og

að fasteignaeigendur sjái hag sinn í því að gera langtímaleigusamninga, en hætta er á að skammtímaleiga húsnæðis, til dæmis til ferðamanna, dragi úr framboði á leiguhúsnæði til langs tíma og þrýsti þar með upp leiguverði.“ Þannig hyggjast stjórnvöld leggja sitt af mörkum til að auka við framboð og öryggi leigjenda með framtíðarhúsnæði í huga.

„Þar að auki mun ríkið leggja 1,5 milljarða í stofnframlög til byggingar á nýju félagslegu húsnæði og stefnt er að því að byggja 2.300 nýjar íbúðir á næstu fjórum árum. Markmiðið er að lækka húsnæðiskostnað efnaminni leigjenda og horft er sér-

staklega til barnafjölskyldna og heimila sem eru í fjárhagsvanda. Framlag ríkis og sveitarfélaga til uppbyggingar leigukerfisins ætti að jafnaði að leiða til þess að leigan nemi ekki hærra hlutfalli en 20-25% af tekjum.“

Með nýju kerfi telja stjórnvöld að þau auðveldi fjölskyldum að koma undir sig fótunum, leggja til hliðar og minnka greiðslubyrði sína jafnt og þétt. „Markmið okkar er að auka framboð ódýrs og hagkvæms húsnæðis, lækka húsnæðiskostnað efnaminni leigjenda og tryggja öryggi í húsnæðismálum í samræmi við þarfir hvers og eins.“



Stjórnvöld með Eygló Harðardóttur í broddi fylkingar ætla að lækka skatta af leigutekjum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR




Of hátt leiguverð og endalaust rötleysi

Sveinn Rúnar Einarsson er 29 ára gamall barþjónn. Hann leigir með öðrum í miðbæ Reykjavíkur.

Hvað borgar þú í leigu á mánuði? 20% af mínum launum

Hvaða reynslu hefur þú af leigumarkaðnum? Ég hef sem betur fer alltaf verið heppinn og fundið íbúðir fljótt þegar ég hef verið að leita. Ég hef ég átt misgott samband við leigusala. Sumir eru of afskiptasamir á meðan aðrir hafa lítið sem ekkert samband á meðan samningurinn stendur.

Hins vegar er það sem sviður mest er of hátt leiguverð og rötleysi sem fylgir því að vera á leigumarkaðnum. Það eru allt of fáir leigusalar sem vilja gera lengri samning en árs samning, þannig að maður veit aldrei almennilega hvar maður mun búa eftir ár. Það getur tekið smá á og ég væri alveg til í að sjá yfirvöld taka fastar á þessum málum eins og um var samið.



Leigir ódýrt af fjölskyldumeðlimi

Diljá Ámundadóttir er 36 ára. Hún rekur eigið fyrirtæki, er almanna-tengill og viðburðastjórnandi.

Hún stundar MBA-nám í Háskólanum í Reykjavík. Hún leigir íbúð af fjölskyldumeðlimi sem býr í Bandaríkjunum.

Hvað borgar þú í leigu á mánuði? Ég borga lága leigu.

Hvaða reynslu hefur þú af leigumarkaðnum í höfuðborginni? Ég átti íbúð í 10 ár sem ég seldi fyrir þremur árum. Síðan þá hef ég verið leigjandi í fjölskylduhúsnæði. Vegna hagstæðrar leigu get ég leyft mér að fara í tiltölulega kostnaðarsamt nám og rekið eigið fyrirtæki (s.s. tekið áhættu á að fá ekki full laun í hverjum mánuði). Ég gæti ekki mótað líf mitt með þessum hætti ef ég væri í íbúð í hverfi sem mér þætti ákjósanlegt að búa í. Ég þyrfti að vera með allavega 150.000 kr. meira útborgað mánaðarlega ef ég væri í leiguibúð á markaðsverði.

Gátum ekki verið heppnari með leigusala

Kristján Hjálmarsson er fertugur almanna- og viðskiptatengill á auglýsingastofu. Hann býr ásamt eiginkonu sinni og þrettán ára gömlum syni. Hann er nýhættur á leigumarkaði.

Hvað borgaðir þú í leigu á mánuði? Við vorum að leigja þriggja herbergja 70 fermetra íbúð í miðbæ Reykjavíkur á 120 þúsund krónur, sem var í raun hlægilegt verð fyrir það sem gengur og gerist á markaðnum. Leigusaliinn hækkaði leiguna í 140 þúsund í byrjun þessa árs, sem var enn langt undir markaðsvirði. Þetta var engu að síður orðin spurning fyrir okkur hvort við ættum að leigja eða kaupa og við létum slag standa á þessu ári.

Hvaða reynslu hefur þú af leigumarkaðnum? Við vorum að flytja heim frá Svíþjóð þegar við fréttum af því að íbúðin væri að losna í gegnum vinkonu okkar. Strákurinn okkar var



rétt fjögurra ára þegar þetta var og við ætluðum að vera búin að kaupa áður en hann byrjaði í grunnskóla. Okkur leiddi svo vel í íbúðinni og leigan var svo lág að við drögum það langt úr hófi fram að kaupa. Við létum loks verða af því í ár, þegar strákurinn var að byrja í áttunda bekk.

Við gátum ekki verið heppnari með leigusala. Konan sem við leigðum af býr erlendis en þegar hún er hér á landi dvelur hún í íbúðinni á efri

hæðinni sem hún á líka. Hún kom ótrúlega vel fram við okkur og vildi allt fyrir okkur gera. Það kom tvisvar upp leki í íbúðinni og það var aldrei neitt vesen. Bara ráðist í að laga hlutina-græja og gera.

Mánaðarleigan hækkaði jafnt og þétt á meðan við bjuggum þar en oftast ekki um meira en 5 þúsund krónur árlega. Þegar hún tilkynnti okkur hækkinguna fengum við alltaf fallegt bréf þar sem hún útskýrði ástæðu. Henni var oftast þvert um geð að gera það. Hún bauð stundum syni okkar í kjötsúpu og þar fram eftir götunum. Ég efast stórlega um að þú finni betri leigusala en hana – í raun efast ég um að þú finni mikið betri manneskju því hún heldur úti alls konar sjálfbóðaliðastarfi um allan heim og styrkir allt og alla, þar á meðal okkur á meðan dvöl okkar í hennar húsum stóð. Megi hún lifa vel og lengi.

Á öryggið undir misskynsömum leigusölum

Katla Ásgeirsdóttir er 32 ára, námsmaður og plötusnúður. Hún býr með syni sínum og meðleigjanda í Svíþjóð um þessar mundir, en hefur milka reynslu af leigumarkaði í höfuðborginni.

Hvaða reynslu hefur þú af leigumarkaðnum?

Þessi frjálsi markaður er náttúrulega mjög erfiður fyrir leigjendur þar sem þeir eru algjörlega upp á náð og miskunn leigusala komnir. Sjálf hef ég bæði verið heppinn og óheppinn í þeim efnum, ég var einu sinni svikin um dágóða tryggingarupphæð, það er bara ekkert sem bannar það að skithælar eigi fasteignir. Svo hef ég líka átt alveg dásamlegan leigusala sem gaf mér



konfektikassa um hver jól og hugsaði vel um fasteignina. Á frjálsum leigumarkaði er maður einfaldlega kominn í þá stöðu að eiga öryggi heimilis síns undir misskynsömum einstaklingum sem taka geðþóttaákvörðanir í stað þess að fara eftir fyrirfram ákveðnum reglum. Leigan þarf ekkert endilega

að vera í neinu samræmi við þann kostnað sem stendur af húsnæðinu, heldur virðist oftast en ekki stýrast af markaðinum, ef eftirspurnin er næg hækkað verðið einfaldlega.

Fyrir einu og hálfu ári síðan flutti leigusali minn sjálfur í íbúðina sem við mæðginin höfðum verið í, þá var leiguverð í borginni komið upp úr öllu valdi og menn að berjast um myglaðar kjallaraholur. Það var bara skelfilegt ástand en þetta var ágætis hvati fyrir mig, ég seldi allt utan af mér, flutti inn í lítið herbergi heima hjá foreldrum mínum og sótti um í skóla erlendis. Við bjuggum inni á foreldrum mínum í sex mánuði áður en við eignuðumst nýtt heimili ... í öðru landi.

» Tveggja herbergja 60 fermetra íbúð í miðbænum kostar líklega í kringum 140 þúsund krónur á mánuði en undir 120 þúsund krónum á mánuði í Breiðholti.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

U

UNGSVEITIN LEIKUR SHOSTAKOVITSJ

SUN. 4. OKT. KL. 17 – ELDBORG/HARPA

Tónleikum Ungsveitarinnar fylgir alltaf mikil eftirvænting. Glíman við verkefnið og þrotlausar æfingar liggja að baki og spennandi verður að heyra ferska túlkun unga fólksins á einu stærsta og veigamesta tónverki 20. aldarinnar, 10. sínfóníu Shostakovitsj. Tryggið ykkur miða á einstaka tónleika!

Dmítríj Shostakovitsj: Sinfónía nr. 10
Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands
Hljómsveitarstjóri: Eivínd Aadland

Námsmenn og ungt fólk undir 25 ára fær 50% afslátt af miðaverði í miðasölu Hörpu.

   @icelandsymphony #sinfó

HELGAAR

LAUGARDAG 11-16 og SUNNUDAG 13-17

FRYSTIKISTUR



**ALLAR
WHIRLPOOL
FRYSTIKISTUR
Á TILBOÐI**

Whirlpool

**SAFAPRESSUR
15% AFSLÁTTUR**

HUROM
Slow Juicer



**HRAERIVÉLAR
15% AFSLÁTTUR**

KENWOOD



MONSTER



**HEYRNARTÓL
50% AFSLÁTTUR**



DNA / NCREDIBLE / INSPIRATION

**15% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM DENON VÖRUM UM HELGINA**

DENON  **HEOS**
BY DENON

Fullt af nýjum vörum að lenda,
m.a. HEOS Multi room hátalararnir
sem fengu hin virtu EISA verðlaun.




**TVÖFALDIR KÆLISKÁPAR
15% AFSLÁTTUR**

LG
Life's Good



RTILBOÐ

OPIÐ ALLA HELGINA Á SUÐURLANDSBRAUT



Philips 47PFT5609

47" Smart LED sjónvarp með háskerpu 1920x1080p upplausn. DualCore örgjörvi. Pixel Precide HD. 200Hz Perfect Motion Rate. Wi-Fi. Skype möguleiki. EasyLink. Stafrænn DVB-C/T2 móttakari. Þráðlaus nettenging. 2 USB, 3 HDMI o.fl.

TILBOÐ

99.995

FULLT VERÐ 129.995



Með
Android

Philips 49PUS7909

49" Ultra HD 4K sjónvarp með ofur háskerpu 3840x2160 upplausn. Pixel Precise Ultra HD með quad core örgjörva. 600Hz PMR Ultra, Perfect Natural Motion og Micro Dimming Pro. Ambilight baklýsing. Android stýrikerfi. Twin tuner. 4 3D gleraugu fylgja!

TILBOÐ

159.995

FULLT VERÐ 229.995



Philips 32PFT4100

32" FHD LED sjónvarp með 1920 x 1080p upplausn. Digital Crystal Clear. 100 Hz Perfect Motion Rate. Stafrænn DVB-C/T2 móttakari. USB tengi og upptökumögu leiki. 2 HDMI, Scart, Component, heymartólstengi, optical út & CI rauf. EasyLink.

TILBOÐ

59.995

FULLT VERÐ 99.995



Dolce Gusto

KYNNING

Í HEIMILISTÆKJUM
SUÐURLANDSBRAUT

Allar Dolce Gusto
vélar á tilboði



Heimilistæki ht.is

SUÐURLANDSBRAUT 26 REYKJAVÍK S: 569 1500

tl.is

**TÖLVU
LISTINN**

**48 TÍMA
TILBOÐ**

25% AFSLÁTTUR AF NEXUS 9!

Ein öflugasta spjaldtölvan í sögu Tölvulistans á 20.000 króna afslætti um helgina. Hæsti gæðaflokkur frá Google og HTC með Tegra K1 fjögurra kjarna örgjörva og skjákorti. Kristaltær 9" IPS QXGA skjár með ofurupplausn og ótrúlegri litaskerpu.

nexus 9



HTC-NEXUS916GBWIFI

-20.000

59.995

VERÐ ÁÐUR 79.995



-20.000

69.995

VERÐ ÁÐUR 89.995

ÓTRÚLEGT TILBOÐ!

ASU-F552MJSX028H

Glæsilega hönnuð hágæðafartölva frá Asus með Intel örgjörva, 8GB vinnsluminni og nVidia GeForce 920M grafikkjarna. Mjög mikið fyrir peninginn.

EPSON

HAGKVÆMUR OG FJÖLNOTA

Fullkominn og þráðlaus heimilisprentari sem skannar líka og ljósritar. Hægt að prenta út beint úr sínum og spjaldtölvum.



EPS-XP322

-27%

10.995

VERÐ ÁÐUR 14.995



-17%

14.995

VERÐ ÁÐUR 17.990

CORSAIR GRAPHITE

Vinsæll og traustur turnkassi með ótal möguleikum. Nettur og fyrirferðalítil með tveimur 120mm viftum að framan.



-40%

17.995

VERÐ ÁÐUR 29.995

SJÓNVARPSFLAKKARI Á 12.000 KR. AFSLÆTTI!

Háskerpu sjónvarpsflakkar frá A.C Ryan sem spilar 1080p og 3D myndir. Hægt að nota eins og NAS við heimanet.



-50.000

249.995

VERÐ ÁÐUR 299.995

50-300" MYNDFLÖTUR

Hæsti gæðaflokkur af skjávarpa með sérstaklega bjátri 4400 lumensa peru og 1920x1200p XGA upplausn.



-33%

11.995

VERÐ ÁÐUR 17.995

ROUTER FYRIR LJÓSLEIÐARA

Fullkominn Asus N Gigabit breiðbands og ljósleiðara router með innbyggðum switch með fjórum gigabit tengjum.

0% VEXTIR
Í ALLT AÐ 12 MÁNUÐI

TAKMARKAÐ MAGN!

OPIÐ ALLA HELGINA Á SUÐURLANDSBRAUT

LAUGARDAG 11-16
SUNNUDAG 13-17

acer

24" SKJÁTÖLVA Á 40.000 KRÓNA AFSLÆTTI!

Hin fullkomna borðtölva fyrir heimilið þar sem tölvan sjálf er í skjánum og tekur því mjög lítið pláss. Glæsileg hönnun, háskerpu skjágæði, öflugur Intel i3 örgjörvi og 8GB vinnsluminni.

-22%
139.995
VERÐ ÁÐUR 179.995



22" HÁSKERPUSKJÁR

Glæsilega hannaður skjár með SmartContrast tækni, 5ms. Svartíma og LED baklýsingu.

-26%
19.995
VERÐ ÁÐUR 26.995

PHILIPS

PHS-SPA7380



DÚNDURKRAFTUR Í HERBERGIÐ

Öflugt hátalarasett frá Philips með bassaboxi og þægilegum styrkstílli til að setja á borð.

-30%
13.995
VERÐ ÁÐUR 19.995



-23%
11.995

VERÐ ÁÐUR 15.490

RAZER TAIPAN

Ofurleikjamús fyrir þá sem krefjast nákvæmni. 8200dpi og 4G Dual sensor. 9 forritanlegir takkar.



-21%
10.995

VERÐ ÁÐUR 13.995

120GB SANDISK SSD

Traustur SanDisk Ultra II SSD sem gerir fartölvur og borðtölvur margfalt hraðvirkari.



-50%
4.995

VERÐ ÁÐUR 9.995

PHILIPS LEIKJAHEYRNARTÓL

50% afsláttur í 48 tíma af þessum flottu leikjaheyrnartólum með djúpum bassa og alvöru hljómgæðum fyrir leikjaspilara.



-33%
795

VERÐ ÁÐUR 1.195

8GB MINNISLYKILL

Traustur minnislykill til þess að færa gögn á milli tölva. 33% afsláttur í 48 tíma.

REYKJAVÍK
SUÐURLANDSBRAUT 26
Sími 414 1700

AKUREYRI
GLERÁRGÖTU 30
Sími 414 1730

HÚSAVÍK
GARÐARSBRAUT 18A
Sími 464 1600

EGILSSTAÐIR
KAUPVANGI 6
Sími 414 1735

KEFLAVÍK
HAFNARGÖTU 90
Sími 414 1740

SELFOS
AUSTURVEGI 34
Sími 414 1745

AKRANES
ÞJÓÐBRAUT 1
Sími 431 3333




Þeir Ágúst og Helgi eiga margar góðar minningar frá ferli Ríó tríós. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ekkert nema ljúfar minningar

Þeir **Ágúst Atlason** og **Helgi Pétursson** fagna fimmtíu ára afmæli sveitarinnar með tónleikum þar sem farið verður yfir ferilinn. Þeir segja skrítið að koma fram án síns gamla féлага, Ólafs Þórðarsonar, sem lést fyrir tæpum fjórum árum, en segja að Óli hefði viljað að þeir myndu spila lög þeirra enda af nægu að taka, sveitin gaf út 22 plötur á ferlinum.

Viktoría
Hermannsdóttir
viktoriah@frettabladid.is



Þegar við vorum að byrja þá hefði okkur aldrei grunað að við værum enn að spila tónlist 67 ára gamlir, fólk yfir sextugt var svo gamalt að það var bara á grafarbakkanum," segir Helgi Pétursson, einn meðlima Ríó tríós. Hálfrar aldar afmæli tríósins verður fagnað í Hörpu þann 23. október næstkomandi með glæsilegum tónleikum. Helgi stofnaði tríóið ásamt skólalærdrum sínum úr Kópavoginum þeim Ólafi Þórðarsyni og Halldóri Fannari. Sá síðastnefndi hætti í bandinu þegar hann fór í tónlistarnám og í stað hans kom Ásgeir Atlason sem hefur verið í bandinu allar götur síðan. Þeir Ólafur og Halldór eru báðir látnir, en þeir létust með tveggja mánaða millibili, fyrir tæpum fjórum árum, Ólafur eftir hræðilega árás sem hann varð fyrir og Halldór varð bráðkvaddur.

Engir minningartónleikar

„Svona haga örlögin sér stundum," segir Helgi er blaðamaður sest niður með þeim Ágústi á kaffihúsi í Kópavoginum. Þeir segja það auðvitað skrítið að hafa ekki sinn gamla féлага Ólaf með sér að spila. „Já, það er það. En hann hefði svo sannarlega viljað að við höldum tónleika og værum að spila. Og ekkert helvítis röfl um það, ekkert væl um sig eða nokkurn skapaðan hlut," segir Helgi brosandí þegar hann minnst vinar síns. „Enda eru þetta engir minningartónleikar

eða neitt slíkt, við erum bara að spila tónlistina okkar. Óli er örugglega búinn að sparka í rassgatið á okkur oft þó að við höfum ekki fundið fyrir því, segja okkur að hætta þessari leti og fara að spila meira. Hann var alltaf primus mótor í því að gera eitthvað. Það eru ekkert nema ljúfar minningar þannig séð frá okkar árum saman. Lífið gengur sinn gang og ég er viss um að hann myndi vilja að við værum að spila meira," segir Helgi.

Skáldið gerir sér ferð í bæinn

Og það ætla þeir svo sannarlega að gera. Þeir komu fyrst fram sem Ríó tríó án Óla á 60 ára afmælistónleikum Kópavogsbæjar í sumar. „Þetta er tvöfalt tríó hjá okkur núna," segir Ágúst en með þeim á tónleikunum verða þeir Björn Thors, Snorri Helgason og Gunnar Þórðarson ásamt skáldinu Jónasi Friðriki Guðnasyni sem gerir sér sérstaka ferð frá Raufarhöfn í bæinn. „Og það gerist ekki oft," segir Ágúst. „Hann er skáld og hefur samið alla okkar texta ásamt því að semja fyrir marga aðra. Honum er hins vegar ekki mikið gefið um Reykjavík og kemur eiginlega aldrei í bæinn. Honum líður bara best á Raufarhöfn og við höfum tvisvar farið þangað til þess að spila fyrir hann. En hann ætlar að koma til Reykjavíkur núna til að vera með okkur á tónleikumunum," segir Helgi.

Það er af nægu að taka af hálfrar aldrar ferli sveitarinnar. Þeir gáfu út 22 plötur og líklega liggja eftir þá yfir 200 lög. Þeir nutu fljótt mikilla vinsælda þegar þeir stigu fram á sjónarsviðið; unglíngarnir með þjóðlagapoppið. „Þetta voru svo skemmtilegir tímar. Það var allt svo nýtt, við vorum



HANN HEFÐI SVO SANNARLEGA VILJAÐ AÐ VIÐ HÉLDUM TÓNLEIKA OG VÆRUM AÐ SPILA. OG EKKERT HELVÍTIS RÖFL UM ÞAÐ, EKKERT VÆL UM SIG EÐA NOKKURN SKAÐAN HLUT.

fyrstir með svo margt," segir Helgi og Ágúst tekur undir. „Þetta eru gjörbreyttir tímar. Þetta var ekkert eins og er í dag, þarna þurfti maður að pikka löginn upp úr útvarpinu eða að plötum," segir Ágúst.

Meðlimir Ríó tríós voru miklar stjórnur á Íslandi á sínum tíma og það var nóg að gera. „Í dag eru margir í tónlistarnámi og það er frábært. En það sem hefur versnað í dag er peningahlíðin. Við spiludum mikið en fengum líka vel borgað. Við seldum líka plötur í 25-30 þúsund eintökum og fengum vel greitt fyrir. Í dag er þetta allt öðruvísi. Það er allri tónlist stolið og tónlistarmenn fá litlið greitt," segir Helgi. Þeir félagarnir voru í meira en fullri vinnu við spilamennskuna en voru allir í öðrum störfum með. „Það tíðkaðist ekki í þá daga að vera bara í tónlist, eða það voru allavega fáir sem gerðu það," segir Helgi.

Það var nóg að gera og farið lands-hornanna á milli í litlum rellum, í öllum veðrum til þess að gleðja skemmtanabyrsta Íslendinga. „Við vorum stundum að spila á þremur stöðum, sama kvöld. Og yfirleitt allavega fimmtudag, föstudag og laugardag," segir Ágúst. „Ég held að mest höfum við spilað á fimm stöðum sama kvöld," segir Helgi. „Ég man eftir einum 17. júní þar sem við byrjuðum á að fljúga til Saudárkróks um hádegi, þaðan á Höfn í Hornafirði og þaðan beint á Ólafsfjörð," segir Ágúst hlæjandi.

Aldrei rifist

Aðspurðir segja þeir að samstarfið hafi alltaf verið gott. „Ég held við höfum aldrei rifist. Þetta gat í mesta

lagi farið út í eitthvert tuð og þá var það bara tekið til greina. En aldrei neinn listrænn ágreiningur eða neitt slíkt," segir Helgi. „Við vorum sæmlega reglusamir, settum okkur reglur um að spila ekki undir áhrifum áfengis eða þunnir og vera stundvísir. Við bárum allir það mikla virðingu fyrir hver öðrum að við stóðum alltaf við þetta," segir Helgi og heldur áfram: „Það er líka lykkillinn að þessu hvað vináttan er sterk. Við vorum alltaf saman og miklir vinir.“

Þeir lögðu alltaf mikið upp úr því að vera vel æfðir og gera hlutina vel. Útsetningar voru útpældar, ekkert tilviljunum háð og þeir segjast stoltir geta hlustað á gamlar plötur. „Við höfum alltaf lagt mikið upp úr því að æfa vel, við gerðum einu sinni þau mistök að mæta með illa æft lag á einhvern vöðalega finan galakvöldverð á Hótel Sögu. Við byrjuðum að spila lagið og enginn af okkur mundi textann. Ekki einu sinni Gústi sem er nú oft kallaður harði diskurinn því hann man alla texta. Við rifjuðum þetta oft upp með hryllingi," segir Helgi hlæjandi. „Það hefur verið svona gegnumgangandi hjá okkur að æfa alltaf rosalega vel. Það eru engar tilviljanir í þessu. Og það eru kannski þau skilaboð sem maður hefur til fólks að þetta gerist ekkert af sjálfu sér.“

Þeir segja það líka hafa skipt miklu máli hvað þeir hafi alltaf haft gott fólk í kringum sig. „Við vorum rosalega heppnir að Gunnar Þórðarson kom mjög snemma í samstarf við okkur þó að hann væri á kafi í Hljómum og stóppari á þeim tíma. Hann útsetti og spilaði með okkur á gítar þegar við tókum upp plötu í Háskólabíó 1969 og þá var það í fyrsta sinn sem hljómleikaplata hafði verið tekin upp „live“. Hann var síðan alltaf með, hafði mjög gaman af þessum raddsetningum og öðru slíku sem hann stjórnaði líka," segir Helgi.

Eftirminnileg Bandaríkjaferð

Það er margt eftirminnilegt frá ferlinum. Til dæmis fjögurra mánaða ferð sem Ríó tríó fór til Bandaríkjaanna árið 1973 sem fulltrúar Íslands. „Við vorum beðnir um að fara og spila í amerískum háskólum," segir Helgi. „Við keyptum okkur gamla skólarútu, settum borð og stóla aftast í hana og keyrðum á milli," segir Ágúst. Það var margt öðruvísi í Bandaríkjunum en á Íslandi á þessum tíma. „Það var verið að bjóða okkur alls konar grænar og gular pillur, þetta og hitt að reykja en við höldum okkur bara við gamla góða vodkann. Og vorum í lopapeysum," segir Helgi. „Já, og bjórin. Þarna fengum við bjór sem var ekki til á Íslandi á þeim tíma," segir Ágúst. „Í eitt skiptið fjárfestum við í Coors-óli því okkur var sagt að hann væri svo flottur og eftirsóttur. Við keyptum 20 kassa og ætludum að selja þá á tónleikum hjá okkur en ég held við höfum ekki selt einasta kassa heldur drukkið hann sjálfir í rútunni," segir Helgi og þeir skella báðir upp úr.

Þeir keyrðu um Bandaríkin á skólarútnunni og komu fram á kvöldum þar sem fór fram sérstök Íslandskynning. „Það var vöðu fint í skólanum þar sem var sett upp einhver kynning á landinu, myndir sýndar og vöðu gaman. Við lentum svo í því að spila í Chicago minnir mig og komum á eftir hljómsveitinni Manfred Man en á þeim tíma voru þeir alveg rosalegt sýruband og áhorfendur eftir því. Við komum svo á eftir með kontrabassa og kassagítar að spila íslensk þjóðlög," segir Helgi hlæjandi. „Liðið var svo útúrflippað og vissi ekkert hvað var í gangi. Það hélt það væri bara lent á sýrutrippi lífs síns," segir Helgi. „Við að spila þjóðlagapopp á íslensku og á bak við voru myndir af klakabrynjum togurum á Íslandsmiðum," segir Ágúst og þeir hlæja að minningunni.

A tónleikunum í Hörpu verður öllu tjaldað til. „Við erum mjög spenntir fyrir þessu. Það verður gaman að taka lögin okkar, það er alltaf gaman að spila og við verðum að gera meira af því.“



Gleðin við völd.



Það var gjarnan glatt á hjalla þegar Ríó tríó tróð upp.

Íslenskt fjölskyldufyrirtæki
og framleiðsla síðan 1984

TE & KAFFI

Sérvalið
**HANDBRAGÐ
MEISTARANS**
af brennslumeistara

— NÝ ÍSLENSK —
FRAMLEIÐSLA —

ILMANDI KAFFIPÚÐAR FRÁ TE & KAFFI

Te og Kaffi hafa nú framleitt þrjár vinsælustu kaffitegundir sínar sem kaffipúða. Sérvaldar kaffibaunir sem halda bragðgæðum og ilmi alla leið í bollann þinn, Java Mokka, Espresso Roma og French Roast.

Flestir gifta samkynja með ánægju

Nærri allir prestar þjóðkirkjunnar vilja gefa saman samkynja pör í hjónaband. Nokkrir þeirra vildu þó ekki taka þátt í könnun Fréttablaðsins. Af ótta við viðbrögð sóknarbarna, annarra presta eða samfélagsins. Tveir prestar vilja ekki gefa saman samkynja par og vilja ekki tjá sig um það opinberlega af sömu ástæðu.

Ef samkynja par biður þig um að gefa sig saman í hjónaband í kirkju, munt þú gera það?

FIÖLDI SVARA


ÓÁKVEÐINN 1
VILDU EKKI TAKA ÞÁTT 11

NEI 2

JÁ 108

Nærri því allir prestar þjóðkirkjunnar vilja gifta samkynja par í kirkju sinni séu þeir beðnir um það. Í úrtaki Fréttablaðsins voru 153 prestar skráðir hjá þjóðkirkjunni. Hundrað og átta prestar svöruðu játandi, tveir sögðu nei, ellefu vildu ekki taka þátt og einn var óákveðinn. Ekki náðist í þrjátíu og einn prest.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjanabjorg@frettabladid.is



Nærri því allir prestar þjóðkirkjunnar vilja gifta samkynja par í kirkju sinni séu þeir beðnir um það. Í úrtaki Fréttablaðsins voru 153 prestar skráðir hjá þjóðkirkjunni. Spurt var: Ef samkynja par biður þig um að gefa sig saman í hjónaband í kirkju, munt þú gera það? Svarmöguleikar voru þrjár: já, nei og óákveðinn. Hundrað og átta prestar svöruðu játandi, tveir sögðu nei, ellefu vildu ekki taka þátt og einn var óákveðinn. Ekki náðist í þrjátíu og einn prest.

Langflestir þeirra sem svöruðu játandi bættu því við að þeir myndu gera það af mikilli ánægju. Séra Sigfús Kristjánsson er einn þeirra. „Ég gaf saman tvær konur daginn sem hjúskaparlögin tóku gildi og mun gera það aftur ef ég er beðinn um það.“

„Að sjálfsgöðu mun ég gera það. Mér þykir samviskufrelsi fátíðlegt orð. Veit ekki hver hefur búið þetta til. Persónulega finnst mér að það eigi að afnema þetta úr lögum,“ sagði séra Solveig Lára Guðmundsdóttir.

Vilja ekki koma fram undir nafni
Prestar sem vilja ekki gifta samkynja par eru í miklum minnihluta í þjóðkirkjunni, reyndar aðeins tveir. Í könnun 24 Stunda frá árinu 2008 þar sem prestar voru spurðir hvort þeir myndu staðfesta samvist samkynhneigðra vildu níu prestar ekki staðfesta samvist samkynja pars og 27 voru óákveðnir. Tveir þeirra sem sögðu nei í þeirri könnun

hafa skipt um skoðun og segja nú já.

Þeir tveir sem sögðu nei í könnun Fréttablaðsins vildu ekki gera það undir nafni. Annar prestanna sagði ástæðuna vera þá að skoðunin væri óvinsæl, bæði á meðal sóknarbarna og presta. Hann myndi eiga erfitt með að sinna vinnu sinni ef hann tjáði sig um málefnið opinberlega. Hann segist myndu gefa saman tvær konur í hjónaband en ekki tvo karla vegna þess að konurnar gætu þó alið barn.

Óttast usla sóknarbarna

Ellefu prestar vildu ekki taka þátt í könnuninni og ástæður þess voru margvíslegar.

Séra Geir Waage vill ekki svara spurningunni og segir hana einfaldlega ekki á dagskrá þjóðkirkjunnar. „Á sínum tíma var þessari spurning svarað á Prestastefnu og síðan þá hefur ekkert breyst,“ segir hann. „Ég færist undan því að tjá mig um þetta yfirhöfuð, það er ekki tímabært. Þá verður að ræða þetta á allt öðrum forsendum og ekki í því samhengi sem fréttamiðlarnir setja málið fram. Prestur á ekki skyldur við aðra en sóknarbörn sín.“

Þrjár prestar vildu segja já en treystu sér ekki til að gera það opinberlega. Einn sagði það myndu valda usla á meðal sóknarbarna sinna sem hefðu tjáð sér að þau myndu ekki koma inn í kirkjunna ef hann gæfi þar saman samkynja par.

Annar sagði það myndu valda óþarfa illindum í þeirri kirkju sem



MÉR ÞYKIR SAMVISKU-

FRELSI FÁRÁNLEGT ORÐ.

VEIT EKKI HVER HEFUR

BÚIÐ ÞETTA TIL.

PERSÓNULEGA FINNST

MÉR AÐ ÞAÐ EIGI AÐ

AFNEMA ÞETTA ÚR

LÖGUM.

Séra Solveig Lára Guðmundsdóttir



PRESTUR Á EKKI SKYLDUR

VIÐ AÐRA EN SÓKNAR-

BÖRN SÍN.

Séra Geir Waage



hann starfar í. Sá þriðji svaraði á sömu nótum en bætti því við að honum myndist minnihluti presta þjóðkirkjunnar sem krefst þess að prestar megi hafna samkynja pörum hávaðasamur og frekur.

Nokkrir prestar voru því einfaldlega mótfallnir að þurfa að svara spurningunni líkt og Geir Waage. Einn prestur taldi umfjöllun Fréttablaðsins aðför að þjóðkirkjunni. Séra Flóki Kristinsson vildi ekki taka þátt í könnuninni og sagdist einfaldlega búinn að fá nóg af málinu. Þá vildu tveir prestar sem svöruðu spurningunni játandi mótmæla umfjöllunum fjölmiðla og sögðu hana alla í neikvæðu ljósi. „Ég er ekki hrifinn af svona normaveiðum, það geta verið aðrar ástæður fyrir því að prestar treysta sér ekki til þessa, að þeir hafi ekki umboð til þess byggt á ritningunni.“

Verði meinað að mismuna

Sr. Kristján Björnsson, sr. Guðrún Karls Helgudóttir, sr. Vigfús Bjarni Albertsson, sr. Bryndís Malla Elí-dóttir og sr. Páll Ágúst Ólafsson, öll þjónandi prestar og stjórnarfolk í Prestafélagi Íslands, svöruðu spurningunni játandi. Þau segja gagnrýni á presta þjóðkirkjunnar réttmæta í ljósi þess að Íslendingar vilja vera til fyrirmyndar í mannréttindabaráttu. „Það hefur líka verið réttmætt í ljósi þess að þjónusta prestanna krefst þess að þeir mæti hverjum einstaklingi á sama hátt og Jesús gerði, þ.e. í kærleika og virðingu fyrir mann-gildinu.“

Guðrún segist munu leggja fram

þingsályktunartillögu á næsta kirkjuþingi sem verður haldið þann 24. október næstkomandi. „Efni tillögunnar er að kirkjuþing álykti að prestum verði meinað að hafna pörum um hjónavígslu á grundvelli kynhneigðar. Það er að segja að ekki eigi að gilda aðrar reglur um presta þjóðkirkjunnar en borgaralega vígslumenn. Persónulega tel ég að þau sem eru með vígsluleyfi eigi að fara að lögum,“ segir Guðrún. Hún segir mörgum prestum hafi sárnað umræða síðustu daga í tengslum við samviskufrelsi. „Mín tilfinning er að eftir þessa umfjöllun liti kirkjan út fyrir að vera á móti hjónabandi samkynja para. Á meðan prestar voru í fararbroddi þegar hjúskaparlögin voru samþykkt. Yfir 90% presta þjóðkirkjunnar eru öflugir stuðningsmenn samkynhneigðra.“

Vill breyta lögum

Steinunn Þóra Árnadóttir, þingmaður Vinstri grænna, ætlar að leggja fram þingsályktun um að fela innanríkisráðherra að breyta lögum á þann hátt að löggerningur hjónavígslu og nafngifta fari frá trúfélögum til borgaralegra vígslumanna. Tillagan er svohljóðandi: „Alþingi ályktar að fela innanríkisráðherra að vinna og leggja fram nauðsynlegar lagabreytingar svo hjónavígsluréttindi og skráning nafngifta verði alfarið flutt til borgaralegra embættismanna. Frumvörpin verði lögð fram svo fljótt sem auðið er, þó ekki síðar en 31. mars 2016.“ kristjanabjorg@frettabladid og fréttastofa 365.

Völuteigi 19 - Mosfellsbæ
Sími 660 0021

LAGER sala

30.sept - 3.okt
Opið virka daga 12-18:30
Laugard. 12-16
Frábært teki



Síðasti dagur - Síðasti dagur - Síðasti dagur



20-70%

af skiptidýnum, eldri gerðum,
útlitsgölluðum dýnum,
stillanlegum rúmum,
höfðagöflum og rúmstæðum
hvíldarstólum og sófum,
rúmteppum, koddum,
lökum o.fl.



Ótrúlegt
verð

Gömlu og góðu
Jersey bómullarlökin
80 - 140 cm kr. 3000.-
150 - 193 cm kr. 4000.-

Litur: Beige - Uppseld í 180 cm en til í 180x210 cm

Frábær tilboð í verslun meðan
á lagersölu stendur



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

12 mán.
vaxtalaugar
greiðslur*

Svefn & heilsa



Fimm stjörnu verslun

Lager. Völuteigi 19 - Mosfellsbæ
Sími 660 0021 - Opið kl. 12-18:30
laugardag 12:00 - 16:00

*3.5% lántökugjald

Á að aðskilja ríki og kirkju?

Ólöf
Skaftadóttir
olof@frettabladid.is



Halldór Auðar Svansson píratí og Gunnlaugur Stefánsson prestur eru á öndverðum meiði. Gunnlaugur telur spurninguna um aðskilnað tímaskykkju, að kirkjan sé þegar skilin frá ríkisvaldinu. Hann segir það örökstudda sleggjudóma að þjóðkirkjan njóti sérstakrar verndar og stuðnings ríkisvaldsins sem líkja megi við forréttindi. Halldór vill ekki sjá að þjóðkirkjan njóti sérstakrar verndar samkvæmt stjórnarskrá.



Gunnlaugur Stefánsson

sóknarprestur



ÞAÐ ERU GAMLIR
OG ÓRÖKSTUDDIR
SLEGGJUDÓMAR

SEM HENTA VEL Í ÁRÓÐRI GEGN
KIRKJUNNI AÐ ÞJÓÐKIRKJAN NJÓTI
SÉRSTAKRAR VERNDAR.



Halldór Auðar Svansson

borgarfulltrúi Pírata



TRÚLEYSI EYKST SEM
GERIR ÞAÐ ERFITT AÐ
SKAPA NOKKURS KONAR

SÁTT UM AÐ TRÚARBRÖGD NJÓTI
OPINBERS STUÐNINGS.

Ofmetin ríkisvernd þjóðkirkjunnar

Umræður um kirkjuna og spurningin sem endurtekin er í síbýlju: Viltu aðskilnað ríkis og kirkju? er tímaskykkja. Þegar nær er skoðað er kirkjan sjálfstætt trúfélag að lögum, en með samninga við ríkið á ýmsum sviðum, eins og gildir um fjölmörg frjáls félög. Upphrópanir um aðskilnað ríkis og kirkju heyra því sögunni til og breytir engu hversu oft er um það spurt í skoðanakönnunum. Nær væri að spyrja: Hvað á að aðskilja í sambandi ríkis og kirkju? Þá verður jafnan fát um svör. Bent hefur verið á að prestar eru opinberir embættismenn og kynnu að vera tákn um ríkistengsl, en þá ráða almannahagsmunir, þar sem prestar bera einnig starfsskyldur í viðtækri velferðar- og menningarþjónustu við fólkið í landinu.

Aðskilnaðarferlið hófst fyrir alvöru með laga-setningu um sóknargjöldin og stofnun Jöfnunarsjóðs kirkjunnar árið 1988. Þar var grunnur að fjárhagslegu sjálfstæði kirkjunnar staðfestur. Síðan voru skrefin stigin í áföngum m.a. með yfirtöku kirkjunnar á stjórn og skipan innri mála þar sem kirkjuþing er æðsta valdastofnun, samningnum um kirkjujarðirnar árið 1997 sem stendur undir launum presta og yfirstjórnar á Biskupsstofu. Þá var einnig staðfest að ríkið sjái um innheimtu sóknargjalda fyrir söfnuðina. Samkomulag varð um stöðu prestsetranna árið 2007 og að biskup skipi presta í embætti, en ekki ráðherra sem er áþreifanleg staðfesting á sjálfstæði kirkjunnar frá ríkisvaldinu.

Kirkjan sinnir velferðarþjónustu

Þrátt fyrir aðskilnað ríkis og kirkju er með þeim náð samstarf. Sambúð kirkju og þjóðar er samofin þar sem kristinn siður er kjölfestan í þjóðlífinu. Vandlifað er án þess að kirkjan komi við

sögu í persónulegu lífi. Þjóðkirkjan er kjölfesta í sögu og menningu þjóðarinnar og gegnir stóru hlutverki í velferðarþjónustu samfélagsins. Þess vegna skiptir máli hvernig búið er að kirkjunni með skipulagi, og hún hagar þjónustu sinni og störfum. Þjóðkirkjan þarf að standa vörð um kristin gildi, vera samastaður í bliðu og stríðu og veita landsmönnum trausta þjónustu, því ræður fólkið með aðild sinni að þjóðkirkjunni og þátttöku í kirkjustarfi, en ekki ofmetin ríkisvernd.

Reynslan af kirkjulöggjöfni frá 1997 hefur verið góð. Kirkjan hefur lagað starfshætti sína og skipulag að löggjöfni og verið meginverkefni kirkjuþings allt fram á þennan dag með setningu nýrra starfsreglna og er þeirri aðlögun enn ekki lokið.

Þjóðkirkjan þarf að þola sleggjudóma

Það eru gamlir og örökstuddir sleggjudómar sem henta vel í áróðri gegn kirkjunni að þjóðkirkjan njóti sérstakrar verndar og stuðnings ríkisvaldsins sem líkja megi við forréttindi. Allt félags-, menningar- og atvinnulíf nýtur verndar og stuðnings ríkisvaldsins, m.a. með viðtækri löggjöf og margs konar þjónustu ríkisins, t.d. með því að mennta fag- og fræðafólk í Háskólanum og kirkjan nýtur góðs af eins og aðrir. Jafnræði ríkir um innheimtu sóknargjalda fyrir öll trúfélög í landinu. Sérstakur samningur, kirkjujarðasamkomulagið, er í gildi á milli ríkis og kirkju um afgjald af kirkjujarðunum í umsjá ríkisins. Sá samningur er ekki síður ríkinu í hag en þjóðkirkjunni. Sama gildir um Jöfnunarsjóð sókna, Kristnisjóð og Kirkjumálasjóð. Af þessu má ljóst vera, að sambúð ríkis og kirkju er og verður óhjákvæmileg og getur ekki talist til forréttinda, en er báðum til hags og farsældar fyrir fólkið í landinu.

Varhugavert að blanda saman trú og valdi

Ég er hlynntur aðskilnaði ríkis og kirkju. Sumsé að þjóðkirkjan njóti ekki sérstakrar verndar samkvæmt stjórnarskrá og prestar séu ekki opinberir starfsmenn. Hún hafi sömu stöðu og önnur trúfélög. Í þessu gæti líka falist að skilja öll trúfélög alfarið frá hinu opinbera. Trúfélög, þar með talin þjóðkirkjan, gætu vel áfram verið til í einhverri mynd en það er ekki síst trúarinnar sjálfrar vegna sem ég tel að það sé heppilegast að trúfélög séu ekki opinberar stofnanir.

Stofnanavæðing getur virkað sæmilega fyrir grunnþjónustu og tiltölulega hlutlausu starfsemi, en trú og trúarbrögð eru mun meira en það. Þetta eru lífandi hefðir sem dafna best án stofnana, hjá fólkinu sjálfu í frjálsum félagskap. Það er varhugavert að blanda þeim saman við veraldlegt vald og til þess að þau geti verið almennilega gagnrýnin á það og virkað sem mótvægi við það þurfa þau að vera óháð því. Það er heldur ekki hollt fyrir veraldlega valdið að vera varðhundur trúarsetninga.

Trúarbrögðin hafa breyst

Eitt dæmi um óæskilegan samruna af því tagi er hið nýlega afnumda guðlastaksákvæði í almennum hegningarlögum, sem gildi bara fyrir kenni-setningar formlega skráðra trúfélaga, þannig að ríkið var með því að standa vörð um trúarlegt kennivald eins og það skilgreinir það sjálft og samþykkir. Afnáam þessa ákvæðis er eitt skref af mörgum sem hefur verið stigið nú þegar til að draga skýrari línu milli veraldlegs valds og trúarlegs á Íslandi. Trúarbrögðin hafa líka breyst og munu halda áfram að breytast.

Við lifum á mjög alþjóðavæddum tímum sem þýðir að fjölhyggja, að fólk taki ýmislegt

úr mismunandi trúarhefðum og blandi saman í sinni trúariðkun, færast í aukana. Þannig verður trúin enn persónulegri og óstofnanavænni. Núverandi fyrirkomulag gerir hins vegar ráð fyrir að hver og einn sé aðeins í mesta lagi í einu trú- eða lífsskoðunarfélagi og þau þurfa að skrá sig formlega hjá hinu opinbera. Á móti eykst líka trúleysi, sem gerir það erfitt að skapa nokkurs konar sátt um að trúarbrögð njóti opinbers stuðnings – það eru sterk rök úr hinni áttinni.

Annaðhvort er eitthvað til í trúarbrögðunum (sumsé, þau vísa raunverulega í eitthvert afl sem er til handan þessa heims) og þau þurfa þá ekki á því að halda að vera haldið uppi af hinu opinbera, eða ekkert er til í þeim, og þá eru þau ónaúðsynleg. Ef við erum eins og einhverjir vilja meina „kristin þjóð“ þá endurspeglast það auðvitað í kristna fólkinu sjálfu sem hér býr og mun alltaf finna sér sinn farveg. Þeim farvegi þarf hins vegar ekki að þröngva upp á aðra, hvað þá með opinberum stuðningi.

Jafnræði milli trúfélaga

Það er hins vegar rétt að taka fram að á meðan núverandi fyrirkomulag um þjóðkirkju og opinberlega skráð trúfélög er í gildi þarf auðvitað að vinna einhvern veginn með það og það tel ég best gert með því að þjóðkirkjan sé samfélagslega virk og láti sig málefni samfélagsins varða; að starfsmenn hennar leggi sig fram við að greina þau með sínum trúarlegu gleraugum með gagnrýnum hætti. Svo er eðlilegt að gæta jafnræðis milli trúfélaga þegar kemur að úthlutunum gæða. Mesta jafnræðið væri samt auðvitað í því að þau sætu algjörlega við sama borð og væru sem minnst háð hinu opinbera.

SAMSUNG

Samsung með **24 af 25** bestu sjónvörpunum í gæðakönnun Neytendablaðsins*

Viðskiptablaðið fjallar um gæðakönnun Neytendablaðsins á sjónvörpum á íslenskum markaði, 24. september sl.

Í könnuninni er tækjunum gefin einkunn fyrir myndgæði, hljóðgæði, tengingar, orkunotkun, þægindi í notkun og ofl.

Í niðurstöðunum kemur fram að Samsung sjónvörpin eru talin besti kostur í 24 tækjum af 25, í stærðum 47" til 55".

Með stolti bjóðum við því uppá bestu sjónvörpin og vonum að niðurstöðurnar hjálpi fólki að gera upp hug sinn við sjónvarpskaupin.



SAMSUNG



SAMSUNG



SAMSUNG



SAMSUNG



SAMSUNG



SAMSUNG



SAMSUNG



SAMSUNG



SAMSUNG



SAMSUNG



SAMSUNG



SAMSUNG



ANNAÐ



SAMSUNG



SAMSUNG



SAMSUNG



SAMSUNG



SAMSUNG



SAMSUNG



SAMSUNG



SAMSUNG



SAMSUNG



SAMSUNG



SAMSUNG



SAMSUNG

* <http://vb.is/frettir/samsung-med-mikla-yfirburdi-i-gaedakonnun-neytendabladisins/121050/>



FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

SAMSUNG
SETRIÐ

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535	ORMSSON PRISTUR-ISAFIRÐI SÍMI 456 4751	KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500	SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559	ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000	ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	ORMSSON VÍK - EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038	ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900	ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160	GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333	TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211	OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300
--------------------------------------	--	------------------------------------	--	--------------------------------------	-------------------------------------	---	--	--	---	--	------------------------------------

AFMÆLISHIÁTIÐ ELKO Á GRANDA!

FJÖLDI GLÆSILEGRA AFMÆLISTILBOÐA HELGINA 3. – 4. OKTÓBER.
GILDA AÐEINS Í VERSLUN ELKO GRANDA

40 stk.

JVC
LED SJÓNVARP

- HD Ready – upplausn 1366x768
- 50Hz
- 2xHDMI, 1xScart, 1xComponent, 1xVGA o.fl.
- USB fyrir kvikmyndir, tónlist og ljósmyndir
- Stafrænn móttakari DVB-T/T2

LT32E33B

32"

SKOÐAÐU
VERÐIÐ!

Einnig til hvítt

34.995

eða 3.408 kr. á mánuði
miðað við 12 mánaða vaxtalaust kortalán,
alls 40.900 kr. - ÁHK 34,4%

Verð áður: 64.995

49.995

eða 4.702 kr. á mánuði
miðað við 12 mánaða vaxtalaust kortalán,
alls 66.425 kr. - ÁHK 25,6%

A+ | 12 | 48
Orkuflökkur | Manna | db

Whirlpool
UPPÞVOTTAVÉL

- Stílhreinvél vél gerð er fyrir innréttingu
- Seinkuð ræsing og 30 mín. hraðkerfi
- Spar- og kraftkerfi og kerfi fyrir viðkvæmt
- Lekavörn og sjálfhrensandi affallssía

ADPU108WH

23%
afsláttur

25 stk.

30 stk.

Verð áður: 2.995

1.995

33%
afsláttur

Logic3
STÝRIPINNI

- USB tengdur stýripinni fyrir PC
- 12 action takkar með titringi

JP284

50 stk.

Verð áður: 14.995

9.995

Bollar fylgja ekki

33%
afsláttur

PHILIPS
SENSEO KAFFIVÉL

HD781760

20 stk.

Verð áður 15.995

11.995

23%
afsláttur

PHILIPS
FERÐATÆKI

- Spilar CD diska og MP3 diska
- FM útvarp
- Kasettutæki
- USB tengi
- 2W
- Tekur við rafhlöðum

AZ328W

30 stk.

Verð áður: 11.995

7.995

33%
afsláttur

PHILIPS
TÖFRASPROTI

- Öflugur ProMix töfrasproti frá Philips
- 650W mótur, 2 hraðar og turbo stilling
- 300 ml hakkari f. lauk, jurtir og krydd
- Þeytari úr málm og 500 ml bikar fylgja

HR1625

20 stk.

Með myndavél

Fjarstýring með skjá

Verð áður 34.995

24.895

29%
afsláttur

HUBSAN
HUBSAN X4 DRÓNÍ

- 8 axis flugkerfi
- Innbyggður nemi fyrir jafnvægisstillingu
- 100 metra drægni á fjarstýringu
- 7 mínútna rafhlöðuending
- Hleðsla með USB á 30 mínútum
- Fjarstýring með skjá
- Hægt að fylgjast með fluginu á skjánum

HUB107FPV

120 stk. alls

4 lítr

Hljóðnemi og svarhnappur

Verð áður: 5.495

3.495

36%
afsláttur

Goji
HEYRNARTÓL

- 112 dB – 20-20.000 Hz
- 1,2 m snúra með 3,5 mm tengi
- Hljóðnemi og svarhnappur í snúru
- 4 lítr í boði: Svört, rauð, bleik og blá

G4OEEB14/ G4OEFU14/ G4OECR14/ G4OEBK14

60 stk.

Verð áður: 4.995

2.995

40%
afsláttur

BOSCH
BAÐVOG

- Þunn og með stórum skjá
- Vegur upp í 180 kg/100 g
- Slekkur sjálf á sér

PPW3300

Intel i5 örgjörvi
8GB vinnsluminni
AMD R5 2GB skjákort

hp
PAVILION

- Örgjörvi
- Vinnsluminni
- Harður diskur
- Skjákort
- Skjár
- Annað

Intel i5 2 kjarna 2.2-2.7GHz
8GB DDR3 1600MHz
1.000GB (1TB)+8GB CACHE minni
AMD Radeon R5 M330 2GB
15,6" LED baklýstur skjár með HD
Brightview tækni (1366x768).
CD/DVD drif, HDMI, Bluetooth, W 8.1,
frí uppfærsla upp í Windows 10

HP15AC085NO

23% afsláttur

20 stk.

Verð áður: 109.995

84.995

eða 7.721 kr. á mánuði
miðað við 12 mánaða vaxtalaust kortalán,
alls 92.650 kr. - ÁHK 17,5%

DC DUAL CORE
WIFI

48"

PHILIPS

LED SNJALLSJÓNVARP

- Full HD – upplausn 1920x1080
- 200Hz PMR
- 4xHDMI, SCART, Component, Optical, heymartólatengi, 3xUSB, Wifi
- 20W hátalarar
- Stáfrænn móttakari – DVB-T2/C
- Smart TV með Android stýrikerfi
- Dual Core örgjörvi

48PFT5500

12% afsláttur

20 stk.

Verð áður: 112.995

99.995

eða 9.015 kr. á mánuði
miðað við 12 mánaða vaxtalaust kortalán,
alls 109.175 kr. - ÁHK 15,9%

Disney
JÓAKIM AÐALÖND
Viðskiptaleikur

30 stk.

Verð áður: 995

495

50% afsláttur

60 stk.

Verð áður: 24.995

16.995

32% afsláttur

POLAR
LISTEN TO YOUR BODY

M400 ÁN SENDIS

- Fylgist með daglegri hreyfingu, kaloríum og skrefum
- Mjög góður hugbúnaður
- Innbygggt GPS, getur rakið leið þína
- Getur planað og deilt þjálfunarprogrammi í gegnum símann eða tölvuna
- Getur sett þér markmið og keppt við þau
- Getur fundið leiðina aftur til baka með því að ýta á "back to start"
- Þjálfaðu eftir þínum hjartslætti, þarf "H7 heart rate sensor"

POL90051092

50 stk.

Verð áður: 21.995

15.995

27% afsláttur

Canon

MYNDAVÉL-IXUS 160

- 20 Mpix. 28 mm gleiðlinsa með 8x optical aðdrætti
- Video með HD upplausn 720p og 25 ramma á sek. 2,7" skjár
- DIGIC 4+ örgjörvi sem skilar frábærum myndgæðum
- Minnkar suð í myndum

IXUS160(BLA/RED/WHI/SIL)

JOAKIMSPIL

50 stk.

Verð áður: 22.995

12.995

700 W6tt | MEN3001 Ryksugupoki

43% afsláttur

RYKSUGA

- Öflug ryksuga með innfellaða fylgihluti
- 9 m vinnuradius og parkethaus fylgir
- Hepa sía tryggir hreinni útblástur
- Einkunn: AACA og 83 dB

TE70TE33011

20 stk.

Verð áður: 74.995

44.995

eða 4.271 kr. á mánuði
miðað við 12 mánaða vaxtalaust kortalán,
alls 51.250 kr. - ÁHK 27,9%

NOKIA

GSM-LUMIA 830

- Bakmyndavél 10mp, Carl Zeiss linsa OIS, Full HD video 1080@30fps
- Windows 8.1 stýrikerfi. 4G
- 5" IPS LCD (720x1280). Gorilla Glass 3
- 16GB minni. 1GB vinnsluminni. 1,2GHz 4 kjarna örgjörvi
- Nokia HERE Maps og Drive. Innbyggðir félagsmiðlar, facebook o.fl.

NOKLUM830(BLA-WHI)

40% afsláttur

20 stk.

Verð áður: 44.995

29.995

PHILIPS

HEIMABÍÓ 5.1 3D BLU-RAY

- 300W – 5 hátalarar og bassabox
- Spilar Blu-ray 3D, Blu-ray, DVD og CD diska
- Innbygggt FM útvarp
- Tengi – HDMI, Optical, RCA, LAN, USB og 3,5 mm jack
- Youtube og Picasa stuðningur

HTB3560

33% afsláttur

40 stk.

Verð áður: 28.995

22.995

21% afsláttur

GoPro
HERO

- 1080p30fps / 720p60fps
- 5 MP ljósmyndir
- 5 ljósmyndir á sekúndu í "Burst"
- Tíma ljósmyndun "Time Lapse"
- SuperView fyrir enn víðari myndir
- Vatnshelt plasthúsi, fyrir allt að 40 m dýpi

CHDHA301

100 stk.

Verð áður: 5.995

3.495

42% afsláttur

Jamie Oliver

STEIKARPANNA

- 28 cm steikarpanna úr áli
- Virkar á allar hellur
- Polir 175° inni í ofni
- Slitsterk teflon húð
- Thermospot

CE770672

60 stk.

Verð áður: 1.995

1.295

35% afsláttur

Logic3

SELFIE STÖNG MEÐ PRÆÐI

- Taktu betri Selfie myndir
- Með hnappi til að smella af mynd

LG122

60 stk.

Verð áður: 12.995

4.995

62% afsláttur

DESTINY

SAMSUNG

Bluetooth

MULTIROOM HÁTALARI

- Hægt að nota einn og sér eða tengja saman með öðrum tækjum úr Samsung Multiroom línunni t.d. soundbar eða heimabíó
- Práðlaus tenging – WiFi og Bluetooth með NFC
- Stjórnad í gegnum app í snjallsíma eða spjaldtölvu
- Getur staðið lóðrétt eða lárétt
- Utanálggjandi spennugjafi
- Spotify stuðningur
- Breidd: 34,3 cm / 34,3 cm / 40,2 cm

WAM350

48% afsláttur

20 stk.

Verð áður: 28.995

14.995

ELKO

GRANDA - FISKISLÓÐ 15

5 ÁRA

Skipti um hlutverk við sjúklingana

Gunnar Bjarni Ragnarsson, yfirlæknir lyflækninga krabbameina á Landspítalanum, er í veikindaleyfi eftir að hafa greinst með heilæxli. Hann snýr aftur til vinnu nú í október. Hann ræðir nýjan Landspítala, hraða framþróun í lyflækningum og hvernig læknar geta verið verstu sjúklingarnir.

Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is



Það er fróðleg upplifun að vera í hlutverki sjúklingsins. Það mun breyta ýmsu í nálgun á starfið. Ég upplifi aukaverkanir af lyfjum sem ég ávísá og kannski gerði mér ekki fulla grein fyrir hverjar væru. Ég var ör eftir að hafa verið settur á stera til að minnka heilabjúg vegna æxlisins. Ég kynntist því hvernig er að greinast sem var ekki auðvelt,“ útskýrir Gunnar Bjarni. „Það sem mér fannst kannski verst var að vera kipt úr sambandi, úr daglega lífinu. Þá fer sorgarferli í gang vegna þess að maður er búinn að missa gamla lífið sitt. Ég upplifði alls kyns tilfinningar, samviskubít yfir því að vera ekki í vinnu.“

Hugsanlega ólæknandi

Það voru álagstímar á spítalanum þegar Gunnar veiktist. „Það var nýbúið að setja lög á verkföll heilbrigðisstétta. Ástandið var erfitt. Verkföllin voru eitt erfiðasta tímabil sem ég hef gengið í gegnum sem læknir. Heilbrigðiskerfið er ein keðja þar sem allir skipta máli. Þegar mikilvægur stéttir fara í verkfall þá versnar þjónustan.“

En Gunnar segist hafa verið heppinn. „Nýr krabbameinslæknir kom til starfa í sömu viku og ég veiktist og hann tók við mínum sjúklingum. Svo á ég frábært samstarfsfólk sem hefur lagt meira á sig til að hlutirnir gangi upp. Það hjálpar að vita að sjúklingarnir eru í góðum höndum.“

Hann lýsir nóttinni þegar hann greindist. „Ég hugsaði þetta alla leið. Að þetta væri hugsanlega ólæknandi sjúkdómur. Ég vaknaði upp í sjúkrahúsi eftir að hafa fengið flog og datt strax í hug að það hefði komið til vegna heilameinvarps. En ég var svo heppinn að æxlið, sem var býsna stórt, var skurdækt.“

Er það rétt sem maður heyrir að læknar séu verstu sjúklingarnir?

„Það er ábyggilega heilmargt til í því, en ég reyndi að hegða mér,“ segir Gunnar Bjarni og hlær.

Óttaðist áhrif geislanna

Hann segir þjónustuna sem hann fékk hafa verið frábæra. „Neyðarlínan, sjúkraflutningsmenn, starfsfólk á brádamóttöku, röntgendeild, skurdstofu, gjörgæslu og legudeild og svo framvegis. Allir mynduðu eina keðju sem aldrei rofnaði. Öll aðgerðin var kortlögð. Það var metið með nýjustu tækni hvort æxlið eða aðgerðin hefðu áhrif á stöðvar í heilanum. Það virðist ekki vera. Ég ákvað að fara ekki í geisla meðferð þar sem ég óttaðist að geislarinn myndu hafa áhrif á vitsmunalega getu mína. Ég er mjög bjartsýnn á að krabbameinið sé læknað.“

Gunnar fór í aðgerðina í fyrri hluta júlí og undirgengst nú lyfjameðferð til að minnka líkur á endurkomu

meinsins. „Aðgerðin var erfð en ég hef jafnað mig ágætlega. Lyfjameðferðin dregur úr þreki og þess vegna er ég í veikindaleyfi. En ég er allur að koma til og hlakka til að fara aftur að vinna.“

Verðum að auka lyfjakaup

Talið berst að heilbrigðiskerfinu á Íslandi, hvar það standi í alþjóðlegum samanburði. Gunnar Bjarni segir að árangur hafi verið góður en vel þurfi að halda á spöðunum til að fylgja hraðri þróun í læknisfræði, sérstaklega þegar kemur að upptöku nýrra og oft mjög dýrra lyfja.

„Þetta er ekki einfalt. Langflest lönd takmarka upptöku á dýrum lyfjum að einhverju leyti. Ég skil alveg að fjárveitingarvaldið vilji aðeins vera á bremsunni, en við verðum að halda í við þróun. Það hafa orðið miklar framfarir í þróun lyfja.“ Gunnar Bjarni nefnir sem dæmi ný gigtarlyf og lyf við lifrabólgu C. „Þessi nýju lyf þýða að margir sem voru áður óryrkjar vegna gigtar eru við miklu betri heilsu en áður og ný lyf við lifrabólgu C gera það mögulegt að meðhöndla sjúklinga með betri árangri og minni aukaverkunum en áður. Lækning á lifrabólgu C getur komið í veg fyrir alvarlega lifrarsjúkdóma. Í krabbameinsmeðferðum er líka framþróun. Ég tel að við verðum að auka framlag til lyfjakaupa á hverju ári, þannig að við getum jafnt og þétt tekið upp ný lyf. Öðruvísi getum við ekki veitt þjónustu á pari við þau lönd sem við berum okkur saman við.“

En hvar stöndum við núna í samanburðinum? „Samanburður er erfiður, ef við berum okkur saman við Danmörku þá erum við ekki á pari. Þeir hafa verið duglegir að taka upp ný lyf fljótt. Í fyrstu drögum að fjárlögum fyrir næsta ár er gert ráð fyrir mjög lítilli aukningu til lyfjakaupa. Ég kvíði því óneitanlega að það þýði að það verður mjög erfitt að taka upp ný lyf. Ég óttast að ef við förum að dragast meira aftur úr, þá verði ærferðara og dýrara að halda í við þróunina.“

Gunnar Bjarni er yfirvegaður í málflutningi sínum, sem ekki er alltaf raunin þegar um spítalann er rætt. Sjaldan hefur Landspítalinn verið jafn miklið í deiglu og árið 2015.

„Í það heila erum við að veita ágætis þjónustu. En þetta er kerfi sem þarf að halda við. Ef við viljum vera áfram í fremstu röð, sem við höfum verið, þá má ekki slá slöku við.“

Tryggingarfélag mega ekki ráða

Talið berst að einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu. Hverju myndi það breyta?

„Við höfum búið við almanna-tryggingakerfi þar sem allir eiga að vera jafnir og mér þætti slæm þróun ef sjúklingar þyrftu að fara að greiða jafnvel margar milljónir fyrir lyf og þjónustu. Það myndi leiða til óþolandi mismununar. Það kallar líka á einka-tryggingakerfi, sem ég þekki frá Bandaríkjunum þar sem ég var í sérnámi og vann sem sérfræðingur. Það er óhag-



Gunnar Bjarni Ragnarsson vill ekki að við eltum þær leiðir sem Bandaríkin hafa farið í heilbrigðismálum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

kvæmt kerfi sem við viljum ekki taka upp. Þar þekkti maður dæmi þess að meðferðir voru ákvarðaðar eftir því hjá hvaða tryggingafélagi sjúklingurinn var. Það er nógu flókið og dýrt að veikjast eins og kerfið virkar á Íslandi í dag, sem er í raun miklið áhyggjuefni.“

Gunnar er þeirrar skoðunar að besti árangur náist þegar þverfagleg samvinna er góð. „Þegar sjúklingar greinast til dæmis með lungnakrabbamein þá hittast krabbameinslæknar, lungnaskurðlæknar, meinafræðingar, lungnalæknar og röntgenlæknar reglulega og ræða flest tilfelli. Svo er haft náið samráð um flest krabbamein sem greinast. Með því að skapa svona þjónustu við sjúklinginn eru bestu ákvarðanirnar teknar. Efeinkavæðing þýddi að þessi samfella rofnaði væri það óhagkvæmt. Hagræðið felst í því að sérfræðingarnir starfa náið saman, á einum stað.“

Eigum ekki að elta Bandaríkin

Hann segir einhverja þætti heilbrigðisþjónustunnar þegar einkavæðda. „Stór hluti eftirlits sjúklinga með krabbamein fer þegar fram á einkareknum stofum. Það er svo sem ekkert um það að segja, það hefur gefist ágætlega. En ég er þeirrar skoðunar að allar meiriháttar ákvarðanir og þjónusta við sjúklinga með alvarleg krabbamein eigi að fara fram á spítala.“

Talið berst aftur að kerfinu í Bandaríkjunum. „Ég vil ekki sjá þessa fjármögnunarleið í gegnum einkatryggingar. Það er svo óréttlátt kerfi enda eru þeir að eyða miklu púðri í það að draga úr þeirri mismunun sem kerfið þar veldur. Ég kynntist því úti að einstaklingar, sem voru ótryggðir, komu

mjög illa fjárhagslega út úr veikindum, urðu jafnvel gjaldþrota. Sem lækni finnst mér þetta óþægilegt. Að þurfa að pæla í fjármunum um leið og þú þælir í hvernig sé best að hjálpa viðkomandi.“

Ræturnar á Íslandi

Gunnar flutti heim og fór að vinna á Landspítalanum árið 2011. En hvernig datt honum í hug að koma heim?

„Það voru persónulegar aðstæður sem réðu því, og ég vissi alveg hvað ég var að koma mér í,“ segir Gunnar og hlær. „Ræturnar liggja hérna, mig langaði að koma heim. Ég vildi að strákarnir mínir byggju á Íslandi. Það var mjög erfitt fyrir þá að flytja heim, við bjuggum úti í níu ár. Það var spurning um að fara þá eða aldrei.“

Síðan Gunnar kom heim hafa þeir læknar, sem sinntu lyfjameðferð krabbameina, hætt en um fimm talsins síðan 2008. „Ef við miðum okkur við Svíþjóð ættum við sennilega að

vera tvöfalt fleiri. Þetta er óneitanlega mikið álag og getur verið slitandi. En við höfum haldið uppi öflugri starfsemi, sem hefur tekist vegna þess að allt starfsfólkið hefur lagt meira á sig.“

Mannlegi þátturinn dró hann að

Hann segir mikilvægt að byggja nýjan Landspítala sem fyrst. „Þetta snýst um sjúklingana, að þeir geti verið á spítala við viðunandi aðstæður. Ef það er fljótlegast og hagkvæmast að byggja við Hringbraut, þá vil ég að við drifum í því.“

Gunnar Bjarni talar um starfið af ástríðu. „Eitt af því sem heillaði mig við krabbameinslækningar var mannlegi þátturinn. Maður fylgir sjúklingum lengi eftir og kynnist þeim vel og fjölskyldum þeirra. Þau samskipti gefa mér mikið, sérstaklega þegar þau ganga vel. Þegar samskiptin ganga ekki vel er það aftur á móti mjög erfitt.“ Hann segir sitt hlutverk aðallega felast í því að veita þá meðferð sem gefur bestan árangur og reyna að viðhalda sem bestum lífsgæðum á meðan. „Ávinningurinn af meðferðinni, sem er gefin, þarf að réttlæta þá skerðingu lífsgæða sem getur orðið þegar sjúklingar undirgangast þungar meðferðir. Það er ekki bara hægt að mæla ávinning af meðferð í lengra lífi. Krabbameinslækningar eru langhlaup. Það er hröð og mikil þróun í þessu fagi. Það er alltaf verið að taka smá skref í rétta átt. Best væri ef hægt væri að fyrirbyggja krabbamein með forvörn og snemmgreiningu eða jafnvel bólusetningu, eins og raunin er með leghálskrabbamein. Það er líklega langt í land í þeim efnum en það er svona útópíska markmiðið.“



SEM LÆKNI FINNST MÉR

ÞETTA ÓÞÆGILEGT. AÐ

ÞURFA AÐ PÆLA Í FJÁR-

MUNUM UM LEIÐ OG ÞÚ

ÞÆLIR Í HVERNIG SÉ BEST

AÐ HJÁLPA VIÐKOMANDI.

KRÓNAN

- fyrst og fremst ódýr!

Gestus Lit og gleði alla daga

Nýtt

489 kr. stk.

Gestus pizza salami, skinka/sveppir eða mozzarella/pestó, 350 g

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eda myndabrengi

Gestus

Nýtt

399 kr. pk.

Gestus franskar kartöflur, kryddaðar hálfar eða bátar, 600 g

Gestus

Nýtt

299 kr. pk.

Gestus smábrauð, 630 g

Gestus

Nýtt

379 kr. stk.

Gestus karrísild, marineruð eða sinnepssild, 255 g

25% afsláttur

84 stk.
80 stk.
72 stk.
88 stk.

1949 kr. pk.

Verð áður ~~2599~~ kr. pk.
Libero bleyjur, Mega Pack, 4 stærðir.
5-8 kg, 7-14 kg, 10-16 kg eða 12-22 kg

Barnadagar í Krónunni

15% afsláttur af öllum barnamat

395 kr. pk.
Verð áður ~~465~~ kr. pk.
Hafragrautur fyrir 4 mán., 250 g

211 kr. stk.
Verð áður ~~248~~ kr. stk.
Grísk jógúrt, mangó, jarðarber, bláber, 90 g

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

Uppáhalds í hosiló

Steinunn Harðardóttir tónlistarkona



Á miðju stofugólfinu er stór hringlaga rauð motta. „Þetta er upphaldsstaðurinn minn. Hér er hægt að gera jógaæfingar á morgnana og ýmislegt,“ segir hún og bætir við að mottan sé einnig vinsæl í partium. „Ég held mig stundum á mottunni.“

Fréttablaðið/Vilhelm



„Ég fékk gítarinn í jólagjöf frá Þráni vini mínum og ég tek hann alltaf með mér hvert sem ég fer af því að ef það er einhvers staðar ekki gaman að vera eða einhver er ekki í góðu skapi þá er fólk komið í gott skap eftir svona tvær mínútur þegar maður spilar á hann.“



„Á útgáfutónleikum minum bað ég alla um að mæta með heimagerða fiska. Einn gaurinn kom með þennan fisk og hann fékk verðlaun. Mér fannst hans svo geðveikt flottur. Þetta er pomeranian-fiskur og ég elska pomeranian-hunda,“ segir Steinunn og tekur skýrt fram að fiskurinn sé hennar allra mesti upphaldshlutur.



Barinn er smíðaður af listamanninum Helga Þórssyni. „Stundum erum við með reykvel hjá honum og þá kemur eins og vitaljós úr toppnum á honum.“

Tónlistarkonan Steinunn Harðardóttir, **dj. flugvél og geimskip** býr ásamt kærastanum í skemmtilegri og litríkri íbúð í miðbænum sem þau hafa búið í síðan í sumar.

Gyða Lóa Ólafsdóttir
gydaloa@frettabladid.is




Í íbúðinni sem er opin og björt kennir svo sannarlega ýmissa grasa en þar má meðal annars reka augun í tvo ketti, verðlaunafisk, fjölda listaverka og skemmtilega skrautmuni sem koma hvaðanæva.

Einnig er talsverður fjöldi af fjölbreyttum pottaplöntum í íbúðinni sem skapa skemmtilega safaristevningu og Steinunn hefur skrifað niður nokkra af sínum upphaldshlutum á lítinn miða sem hún fer yfir á meðan hún röltir um íbúðina og tekur til við að segja frá sínum upphaldshlutum og upphaldsstað.



Brúnn handsmíðaður hundur geymir vítamín húsráðenda en hann keypti Steinunn í Kolaportinu. „Hann er svo skemmtilegur á svipinn og geymir alltaf vítamínin. Konan sem seldi mér hann stakk upp á að það væri hægt að geyma síróp eða vítamín í honum.“

Við innganginn í íbúðina stendur vígalegur snákur. „Gulla vinkona mín gerði þennan snák og hann var á listasýningu einu sinni en nú er hann bara hér. Ég held sko að ef það kæmi þjófur þá myndi honum bregða um leið og hann sæi hann.“



„Þetta er mynd eftir Baldvin Einarsson vin minn. Það er svo frábær stemning á þessari mynd. Þessi gaur er svo æðislegur á svipinn. Hann er eitthvað að laumast að gera eitthvað sem hann má ekki, maður sér það svo vel á honum.“

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



MEGRUN ER FITANDI

Erla Gerður Sveinsdóttir heldur fyrirlesturinn Af hverju er megrun fitandi? á sýningunni Heilsa og lífsstíll 2015 í Hörpunni um helgina. Síða 4


Náttúruleg húðnæring í úðaformi

Er húðin þín þurr?

Purrkur - Sóríasis - Exem
- Kláði í húð - Útbrot

Tilboðspakning
Zeoderm 100ml & Dermasprey 50ml fylgir í kaupbætil

Fæst í flestum apótekum og heilsubúðum. www.salcura.is



LÍFIÐ VAR EINS OG GOTT ÆVINTÝRI

ÆVINTÝRI Hilmar B. Jónsson matreiðslumeistari hefur verið einn ötulasti talsmaður íslenska fisksins í Bandaríkjunum í rúma tvo áratugi. Hann segist hafa verið í skemmtilegasta starfi í heimi og sakna þess mikið. →

Fararstjórn erlendis

Meðal námsefnis:

- Mannleg samskipti.
- Helstu áfangastaðir erlendis í máli og myndum.
- Mismunandi trúarbrögð.
- Saga landsins, menning og listir.
- Frumbyggjar og saga staðarins.
- Þjóðlegir siðir og hefðir.
- Leiðsögutækni og ræðumennska.

Ferðalandafræði: Evrópa, Asía, Africa, Ameríka og Eyjaálfan.

Námið fer fram í formi fyrirlestra og reynslu fararstjóra í leiðsögn á erlendra grund.

Leiðbeinendur eru: Halla Birgisdóttir fararstjóri, Pétur Björnsson konsúll Ítalíu á Íslandi, Jónas Þór fararstjóri, Höskuldur Frimannsson viðskiptafræðingur, Ómar Valdimarsson blaðamaður, Magnús Björnsson fararstjóri í Kína, Pétur Óli Pétursson fararstjóri í Rússlandi, Bjarni Randver Sigurvinsson kennari við Guðfræðideild H.Í., Sr. Bragi Skúlason sjúkrahúsprestur.

Ferðamálastólur Íslands

Ferðamálastólur Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466

Vertu laus við LIÐVERKINA

Eitt mest selda bætiefnið fyrir liðina á Íslandi!


NUTRILENK™ GOLD

Laus við verki vegna slitgigtar

„Ég hef verið að kljást við slitgigt í hjám og mjóbaki í fjölmörg ár og prófað margt, bæði lyf og náttúrulyf sem dugað hafa skammt. Bæklunarlæknir benti mér á að hyggja betur að lífsstílnum og taka inn NUTRILENK. Ég fór að hans ráðum og batinn er ótrúlegur. Ég finn ekki lengur til í hjánum og get hreyft mig óhindrað. Ef ég sleppi því að taka inn NUTRILENK finn ég verkina koma aftur. Ég mæli heilshugar með NUTRILENK.“

Hinrik Ólafsson; leikari, kvikmyndagerðarmaður og leiðsögumaður

Útsölustaðir: flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur stórmarkaða og verslana. www.gengurvei.is



ACIDOPHILUS PLÚS

MJÓLKURSÝRUGERLAR

120 HYLKI | FÆÐUBÓTAREFNI



200KR.

AF HVERJU SELDU BLEIKU GLASI RENNUR TIL STYRKAR BLEIKU SLAUFUNNAR.

ACIDOPHILUS PLÚS

meltingin
parmaflóran
vinveittir góðgerlar

SKAMMTASTÆRÐ | 120 HYLKI | 1 MÁN.

Fæst í öllum helstu apótekum,
heilsubúðum og matvöruverslunum



www.gulimidinn.is

FÓLK|

→ **H**ilmar á langan og farsælan feril að baki sem matreiðslumeistari. Hann hefur upplifað meira en flestir kokkar geta látið sig dreyma um á starfsævinni. „Líf mitt hefur verið eins og ævintýri,“ segir Hilmar sem hefur eldað ofan í ellefu helstu þjóðhöfðingja heimsins. „Þetta var eiginlega ekki vinna heldur stöðug skemmtun.“ Þegar Hilmar er spurður hvort hann sakni starfsins, svarar hann af einlægni: „Já, alveg svakalega mikið. Mesta sjökk í lífi mínu var að hætta að vinna. Fyrsta árið á Íslandi var mér erfitt. Ég hafði árin á undan gíst um 240 nætur á hótélum víðs vegar og það voru mikil viðbrigði að gera allt í einu ekkert. Mig langaði ekki heim, var með fjögur atvinnutilboð frá kokkaskólum í Bandaríkjunum, svo ég hefði getað haldið áfram að vinna. Kona mín, Elín Káradóttir, hefur verið að glíma við erfið veikindi og hún vildi fara heim.“

Hilmar og Elín fluttu til Íslands árið 2012. „Elín er bæði að kljást við Parkinsonsjúkdóminn auk þess sem hún fékk heilablæðingu. Mitt starf þessa dagana felst í umönnunarstörfum,“ segir hann. „Elín er búin að vera mjög slæm í á fjórða ár. Það virðist vera að fyrstu tíu árin með þennan sjúkdóm séu þokkaleg en síðan fer allt niður á við,“ segir hann. „Veikindi Elínar settu auðvitað strík í reikninginn hjá okkur. Hún fór alltaf mikið heim og hér voru lækarnir sem önnuðust hana svo það var skiljanlegt,“ útskýrir hann.

MISSTU ALEIGUNA

Á sínum tíma byggði Hilmar með eigin höndum einbýlishús í Hafnarfirði þar sem þau hjónin bjuggu í áratugi. Hilmar setti upp Matreiðsluskólann okkar í Hafnarfirði árið 1988 en áður höfðu þau hjón sett á fót tímaritið Gestgjafann sem gekk mjög vel og varð strax vinsælt blað. Á þessum árum fór að harðna á dalnum hjá landsmönnum, kreppa skall á í ýmsum atvinnugreinum og aðsókn að matreiðslunámskeiðum minnkaði. Hilmar og Elín misstu aleiguna vegna kreppunnar og verðbóta á lánun.

Sagt er að þegar einar dyr lokast opnast aðrar. Það gerðist hjá þeim hjónum. Hilmar var með námskeið fyrir kunningja sinn í matreiðsluskólanum. Sá var forstjóri Samband of Iceland í Bandaríkjunum. „Þetta var stórt íslenskt fyrirtæki með um sjö hundruð starfsmenn í vinnu. Nokkrir hópar voru sendir til Íslands á hverju ári og ég var beðinn um að halda fisknámskeið fyrir þá. Þegar ég þurfti að loka skólanum sagði ég vini mínum að það yrðu ekki fleiri námskeið. Við grétum báðir í símann í smástund, enda var þetta mjög erfitt fyrir mig. Hann hringdi síðan stuttu



HEPPINN Hilmar segir að hann hafi verið heppnasti kokkur landsins. MYND/PIETUR



HILMAR og eiginkona hans, Elín Káradóttir, sem nú glímir við erfiðan sjúkdóm.

seinna og bauð mér að halda námskeiðin hjá sér í Bandaríkjunum sem úr varð. Ég ferðaðist á milli og hélt námskeið, var með kynningar á matreiðslusýningum, hélt námskeið í kokkaskólum og ýmislegt fleira,“ segir Hilmar.

Á BESSASTÖÐUM

Meðfram þessu fór Hilmar með Vigdísí Finnbogadóttur í ferðalög um heiminn á meðan hún gegndi embætti forseta Íslands. Elín, kona hans, fékk starf sem ráðskona á Bessastöðum. „Ég eldaði ofan í kónga, drottningar, þjóðhöfðingja, sendiherra, varaforseta, þingmenn og aðra hátt setta embættismenn víða um heim,“ segir hann. Ég sá um allar opinberar veislur fyrir Vigdísí. Yfirleitt erlendis voru 350-400 gestir og það mátti auðvitað ekkert klicka. Veislurnar voru haldnar á fyrsta flokks hótélum. Stundum komu auðvitað upp óvænt atvik en þetta reddaðist alltaf. Ég var aldrei stressaður,“ segir Hilmar. „Þegar ég fór að vinna í Bandaríkjunum tók Gísli Thoroddsen í Perlunni við að elda fyrir Vigdísí. Núna er algengt að matreiðslumenn í íslenska kokkalandslíðinu taki að sér svona ferðir. Hákon Már Örvarsson matreiðslumeistari og Sigurður Hall hafa tekið að sér verkefni tengd landkynningu.“ Hilmar var í fyrsta kokkalandslíðinu sem keppti fyrir Íslands hönd. „Það var fyrir næstum fjörutíu árum,“ rifjar hann upp og bætir við að þótt ferillinn sé langur hafi honum aldrei leiðst í starfinu.

Elín var ráðskona á Bessastöðum í sex ár á meðan Vigdís var í embætti og fyrstu fjögur ár Ólafs Ragnars. Þau hjónin áttu heimili á Bessastöðum þann tíma. „Þessi tíu ár starfaði ég í Bandaríkjunum og Evrópu. Ég var í sex til átta vikur í hverri ferð og því mikið að heiman,“ segir Hilmar.

VÍÐTÆK ÞEKKING Á SJÁVARAFURÐUM

„Samband of Iceland flutti síðan til Newport News í Virginíu, byggði þar nýja verksmiðju, og mér var boðið fullt starf. Þá fluttum við hjónin utan og bjuggum þar í tólf ár. Ég fékk græna kortið og atvinnuleyfi á undarlega skömmum tíma. Ég hef stundum gantast með að það hafi munað öllu að maður hefði unnið fyrir þjóðhöfðingja. Ég lét fylgja þykkann blaðabunka með úrklippum. Sterkustu meðmæli sem maður getur haft eru blaðaúrklippur, sérstaklega

þar sem ég gat sagt að ég hefði unnið fyrir Vigdísí Finnbogadóttur, forseta Íslands, í tólf ár,“ segir Hilmar.

Hilmar segir að hann langi til að starfa við eitthvað þótt hann sé orðinn 72 ára. „Það er þó ekki auðvelt fyrir mig núna,“ segir hann. Hilmar hefur víðtæka þekkingu á íslenskum fiskafurðum. „Ég gæti vel hugsað mér að aðstoða Íslendinga við útflutning á fiski. Ég hef meiri reynslu á því sviði en flestir aðrir.“

SELT TIL KEPPINAUTAR

Fyrirtækið sem hann vann fyrir í Bandaríkjunum hafði sameinast tveimur öðrum íslenskum fyrirtækjum þar ytra í sama geira og var orðið mjög öflugt þegar hrundi varð á Íslandi 2008. Þá hét það Icelandic. „Ég skil ekki af hverju fyrirtækið var selt helsta keppinautur sínum eftir hrun. Ég hef skrifað mörg bréf og beðið um skýringar en ekki fengið svör. Framkvæmdasjóður eignaðist fyrirtækið eftir hrun og seldi það til helsta keppinautar í Kanada. Með þessari sölu fór í súginn 63 ára uppbygging á íslensku vörumerki í Bandaríkjunum. Við misstum 110 dreifiaðila á fiski, 3-4.000 sölumenn á Icelandic-vörumerkinu og 54 umboðsmenn. Allt þetta kerfi sem hafði verið byggt upp hrundi. Þarna var verið að skera júgríð undan mjólkurkúnni. Þetta er hneyksli í mínum huga sem enginn fjallar um,“ segir Hilmar og er mikið niðri fyrir.

DUNDAR VIÐ VÍKINGAVOPN

Nýlega fluttu Elín og Hilmar í Garðinn, seldu íbúð sem þau áttu í Garðabæ og keyptu gott hús með stórum bílskúr. Það var einmitt hann sem vantaði. Hilmar ætlar að setja upp smíðaverkstæði í skúrnum og skera út víkingavopn. Hann er mjög handlaginn og það hefur lengi verið áhugamál hjá honum að smíða slík vopn, Elín og Hilmar eiga tvö börn og fjögur barnabörn. „Við fluttum í Garðinn í febrúar og ég er enn að dunda við að koma okkur fyrir. Hér er mikil kyrrð, mörg börn hér í kringum okkur og þau eru úti að leika sér, ólíkt því sem maður sé annars staðar. Ég var að hluta til alinn upp í Ljárskógum í Dölum, var þar til fjórtán ára en flutti þá til Keflavíkur. Þar bjó ég þar til ég fór að læra kokkinn á Matstofu Austurbæjar. Það var fyrir tilviljun því ég var að vinna í blikksmiðju þegar amma mín hringdi og spurði hvort ég vildi ekki læra að vera kokkur. Ég sló til og hef aldrei séð eftir því. Ég hef verið heppnasti kokkur landsins.“

■ elin@365.is

Stærðir
36-56

FYRIRMYNDAR-
FYRIRTÆKI
KRINGLUNNAR

3 ÁR
Í RÖÐ!

2013 - 2014 - 2015

Frábært úrval
af munstruðum
kjólum og toppum
í stærðunum
36-56!

GLÆNÝ KJÓLASENDING!

GÓÐAR stærðir og FRÁBÆRT verð!

ZIKZAK

TÍSKUHÚS



Bómullar
leggings!

LEGGINGS
2.990kr
st. S-XXXL



KJÓLL
6.990kr
st. S-XXXL



BOLUR
4.990kr
st. S-XXXL



TOPPUR
5.990kr
st. S-XXXL



KJÓLL
5.990kr
st. S-XXXL



KJÓLL
5.990kr
st. S-XXXL



KJÓLL
4.990kr
st. S-XXXL



BOLUR
4.990kr
st. S-XXXL



BOLUR
1.990kr
st. S-XXXL



KJÓLL
6.990kr
st. S-XXXL

Náttúrulegt
Melatónín MADE WITH NON-GMO INGREDIENTS

ZenBev **Triptófan** úr graskersfræjum

Friðsælar nætur Streitulausir dagar

Betri og dýpri svefn
Engin eftirköst eða ávanabinding

Upplýsingasími 896 6949 og www.vitex.is

Visindaleg sönnun á virkni
<http://www.ncbi.nlm.nih.gov/pubmed/16053244>
<http://www.ncbi.nlm.nih.gov/pubmed/18066139>

Fæst í apótekum og heilsubúðum



EKKERT ER BANNAÐ „Skjólstæðingar mínir eiga það margir sameiginlegt að um leið og þeir taka ákvörðun um að huga betur að heilsunni byrja þeir að sleppa hinu og þessu og fara mjög gjarnan í þennan megrunar- og skortsfasa. Ég mæli alls ekki með því,” segir Erla Gerður.

NORDICPHOTOS/GETTY

Betra blóðflæði

NO. - 1. dós superbeets jafngildir 30 flöskum af 500 ml rauðrúfusa

Betri heilsa

Íslensk vottun á virkni NO³

Sýni rannsóknarstofa Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Fæst í apótekum og heilsubúðum

Upplýsingar WWW.SUPERBEETS.IS vitex ehf - Upplýsingasími 896 6949

GÓÐIR HLUTIR GERAST HÆGT

MEGRUN ER FITANDI Sýningin *Heilsa og lífsstíll 2015* verður haldin í Hörpu um helgina. Meðal dagskrárliða er fjöldi ókeypis fyrirlestra. Einn þeirra ber yfirskriftina *Af hverju er megrun fitandi?* Erla Gerður Sveinsdóttir, læknir og lýðheilsufræðingur hjá Heilsuborg, flytur hann. Titillinn er grípandi og féllst Erla á að segja aðeins frá innihaldinu.

Ég vinn mikið með fólki sem vill léttast. Margir kannast við að hafa farið í megrunarkúr, misst fjölda kílóa og bætt þeim svo á sig aftur. Mig langar að fjalla um af hverju þetta gerist,” segir Erla Gerður, en að hennar mati er það manningnum ekki eðlislægt að halda megrunarkúra út. „Mig langar að vekja fólk til umhugsunar um hvernig við getum unnið með líkamanum en ekki á móti og náð þar með varanlegum árangri, haldið góðri heilsu og notið lífsins.“

Eftir að hafa unnið í áratug með fólki sem vill léttast telur Erla sig vera komna með uppskriftina. „Hún er ansi ólík því sem fer mest fyrir í fjölmiðlum og heilsutengdri markaðssetningu.“

SNÝST UM MATARVENJUR

Í upphafi þarf fólk, að sögn Erlu Gerðar, að gera sér grein fyrir því að það er ekki til ein leið fyrir alla. „Við erum svo svakalega ólík og vinnum ólíkt úr sama mataræði. Þetta snýst heldur ekki aðeins um mataræði og hreyfingu eins og svo oft er talað um heldur miklu meira um matarvenjur, hugarfarar og aðstæður. Allt þetta þarf að skoða og taka með í reikninginn. Í kjölfarið er hægt að fara að skoða leiðir til úrbóta sem eru líklegar til að virka fyrir hvern og einn, en í öllum tilfellum þarf fólk að geta hugsað sér að halda þær út lífið,“ útskýrir Erla Gerður.

Hún segir þetta ekki snúast um að fara í átak, sleppa fæðutegundum og ströglu heldur að semja sátt við líkama og sál. „Skjólstæðingar mínir eiga það margir sameiginlegt að um leið og þeir taka ákvörðun um að huga betur að heilsunni byrja þeir að sleppa hinu og þessu og fara mjög gjarnan í þennan megrunar- og skortsfasa. Ég mæli alls ekki með því. Ég mæli með því að fólk byrji á því að setja inn meira af þessu góða og einblíni á góðu þættina og það sem það getur gert. Hægt og sígandi setur fólk inn meira og meira af góðu fæði. Að endingu er mataræðið að stærstum hluta hluta orðið gott og um leið fjarar óhollustan út.“ Erla Gerður segir hins vegar ekkert bannað. „Ekki nema fólk hafi hreinlega líkamlegt ofnæmi fyrir einhverju. Sé eitthvað tekið

út á það að vera af heilsufarsástæðum en ekki til þess gert að léttast.“

Erla Gerður segir marga þurfa aðstoð við að koma sér af stað og halda sér við efnið. „Við höfum stöðugt verið að þróa okkar nálgun og vinnum mjög markvisst með okkar fólki og er árangurinn eftir því.“

KÍLÓIN AUKAVERKEFNI

Erla segir bæði þurfa að huga að líkama og sál. Árangurinn kemur ekki á einni nóttu. „Fólk þarf að leyfa sér að þykja vænt um sig og hugsa breytingarnar til langs tíma. Þá kemur þetta hægt og rólega og þannig verður árangurinn varanlegri. Þá er að mínu mati mikilvægt að horfa ekki bara á árangurinn í kílóum. Þau eiga bara að vera aukaverkefni og fara hægt og rólega um leið og fólk einbeitt sér að því að verða hraust og koma jafnvægi á hugann, líkamsstarfsemi, blóðsykurinn og þarmaflöruna“

ÓGERLEGT AÐ HALDA ÚT

Að mati Erlu Gerðar virka megrunarkúrar alls ekki. „Ég held að það geti ekki verið að svona mörgum sé alltaf að mistakast. Það er bara ógerlegt að halda megrun út til langs tíma. Það gerist líka ýmislegt í líkamanum þegar við erum stöðugt að berjast við okkur sjálf. Þetta er hreinlega spurning um efnaskipti en megrunarstreitan breytir því hvernig heilinn vinnur og getur meðal annars haft áhrif á efnaskipti og hormón sem stýra svengd og seddu. Við erum því að gera okkur mjög erfitt fyrir með því að fara í megrun. Líkaminn er sömuleiðis hannaður til að bjarga okkur úr hungursneyð. Ef við borðum ekki í lengri tíma virkjar hann þau kerfi og bregst öðruvísi við matnum sem að lokum kemur. Hann setur mun stærri hluta í geymslu í stað þess að brenna hann eins og hann myndi gera ef maturinn kæmi í reglulegum skömmtum. Við það hleðst fitan upp. Þetta snýst því ekki bara um kaloriur heldur hreinlega um það hvernig við umgöngumst mat og borðum.“

Fyrirlestur Erlu Gerðar hefst klukkan 14.30 í dag og stendur til 14.50. Upplýsingar um sýninguna í heild og aðra fyrirlestra er að finna á harpa.is



ERLA GERÐUR SVEINSDÓTTIR

Bring ideas to life
VIA University College viauc.com

NÁM Í DANMÖRKU

HJÁ VIA UNIVERSITY COLLEGE Í HORSSENS
BJÓÐUM VIÐ UPP Á MARGVÍSLEGA MENNTUN

Í BODI ER:

Á ENSKU OG DÖNSKU	Á ENSKU	Á DÖNSKU
- Byggingafræði	- Tölvutæknifræði	- Véltaekni
- Véltaeknifræði	- Framleiðslutæknifræði	- Landmælingar
- Byggingaiðnfræði	- Útflutnings-tæknifræði	- Vörubrún og tæknileg sameining
- Markaðshagfræði	- BS í Markaðsfræði	- Aðgangsnámskeið
- Byggingatæknifræði		
- Veitutæknifræði		

Fulltrúi skólans
Johan Eli Ellenderson,
verður á Íslandi
2.-9. október 2015.
Áhugasamir geta

haft samband í síma
8458715, eða
netfang
jee@viauc.dk.
Leggið inn skilaboð/

skrifa og við munum
hringja/skrifa til
baka.

VIA University College
Chr. M. Østergaards Vej 4
DK-8700 Horsens
Tel. +45 8755 4000
Fax: +45 8755 4001
Mail: horsens@viauc.dk

FEMARELLE ER FRÁBÆR LAUSN

ICECARE KYNNIR Femarelle er náttúruleg lausn fyrir konur á breytingaaldri. Það er gert úr jurtaefnum og rannsóknir sýna að það slær á einkenni tíðahvarfa og hefur hjálpað mörgum konum að ná betri líðan.

Virkni Femarelle hefur verið staðfest með fjölda rannsókna á undanförunum þrettán árum. Eva Ólöf Hjaltadóttir deilir reynslu sinni af notkun Femarelle. „Mér hafði ekki liðið nógu vel í svoltinn tíma, var á lyfjum við sykursýki og vegna veikinda í skjaldkirtli. Ég hafði þyngst vegna lyfjanna. Einnig er ég með gigt og hef því haft mikla verki. Mér fannst óþægilegt að vera of mikið innan um fólk, var orðin svoltíð þunglynd af vanlíðan. Mér fannst ekki gott að vera þar sem var hávaði og var því mjög mikið að einangrast frá félagslífi,“ segir Eva Ólöf. „Ég er 71 árs og var ekki sátt við hvernig mér leið, ég vildi geta tekið meiri þátt í lífinu. Eftir að ég las umfjöllun um Femarelle leist mér vel á að prófa náttúrulega og hormónalaus meðferð, sérstaklega þar sem ég sá að hún getur haft áhrif á verki. Ég hef notað Femarelle í fjóra mánuði og hef endurheimt mitt fyrra líf. Mér líður svo vel að nú get ég farið daglega út að ganga með hundinn.“

Ég fer í sund á hverjum degi og sæki félagsvistina og fer í bingó vikulega. Mig er hætt að verkja um allan líkamann og ég nota Femarelle sem náttúrulega verkjameðferð því ef ég er með verk tek ég aukalega af því. Það besta er að börnin mín og tengdabörn segja að ég sé orðin miklu líflegri og hressari. Ég hef meira gaman af því að hitta barnabörnin mín, því ég get veitt þeim betri athygli. Ég hef að auki misst ellefu kíló án þess að reyna það, vegna þess að mér líður betur og ég get hreyft mig óhindrað.“

FEMARELLE HEFUR HJÁLPAÐ MIKIÐ

Valgerður Kummer Erlingsdóttir hefur notað Femarelle í nokkurn tíma og finnur nú vel hve miklu máli það skipti fyrir hana að taka það. „Ég var byrjuð að finna fyrir breytingum hjá mér, var farin að svitna mikið yfir daginn og var oft með skapsveiflur. Ég var ekki sátt við þessa líðan, ég fékk hormónatöflur hjá læknum en var aldrei róleg yfir að nota þær. Mér líður núna svo miklu betur en áður, og jafnvel betur en þegar ég var að nota hormónatöflurnar. Ég tek yfirleitt bara eitt hylki af Femarelle á dag, en stundum tvö þegar ég er í miklum hita á sumrin.“

Valgerður er svo ánægð með Femarelle að hún mælir með því við allar vinkonur sínar. „Ég veit að nokkrar eru að nota það líka. Femarelle hefur hjálpað mér alveg ótrúlega mikið og bjargað líðan minni.“

UNDRANDI HVAÐ ÞAÐ VIRKAR VEL

Gerður Guðjónsdóttir er betri af verkjum í liðamótum og meltingin hefur lagast eftir að hún fór að taka Femarelle. „Mér bauðst að prófa Femarelle fyrir tveimur mánuðum og ég ákvað að slá til. Ég hafði verið með verki í liðamótum og í vöðvum í töluverðan tíma, hélt ég væri komin með liða- og vefjagigt. Einnig hafði ég verið slæm í meltingunni en ég var orðin mjög von því eftir mörg ár, þannig að það var ekki að angra mig sérstaklega. Eftir um það bil eina viku fann ég fljótlega mun á liðamótunum og var ekki lengur með verki. Þá fór ég að hugsa hvað ég hefði gert öðruvísi en áður, og þá rann upp fyrir mér að það væri inntakan á Femarelle sem var eina breytingin hjá mér.“

Gerður var mjög ánægð að uppgötva að hún myndi svo fljótt mun á sér, og ákvað að halda áfram að taka Femarelle. „Núna get ég setið lengi við og heklað og þrjónað, sem ég gat varla gert lengur. Ég á erfitt með að gleypa hylki, þess vegna tek ég innihaldið úr hylkjunum og blanda með matnum. Eftir um það bil mánuð fann ég líka mjög góða breytingu á meltingunni en þar sem ég hafði verið í mörg ár með slæma meltingu, þá kom þetta mér sérstaklega á óvart og er ég alveg undrandi og mjög glöð að Femarelle skuli virka svona vel á mig,“ segir Gerður.

Gerður var mjög ánægð að uppgötva að hún myndi svo fljótt mun á sér, og ákvað að halda áfram að taka Femarelle. „Núna get ég setið lengi við og heklað og þrjónað, sem ég gat varla gert lengur. Ég á erfitt með að gleypa hylki, þess vegna tek ég innihaldið úr hylkjunum og blanda með matnum. Eftir um það bil mánuð fann ég líka mjög góða breytingu á meltingunni en þar sem ég hafði verið í mörg ár með slæma meltingu, þá kom þetta mér sérstaklega á óvart og er ég alveg undrandi og mjög glöð að Femarelle skuli virka svona vel á mig,“ segir Gerður.

SEFUR EINS OG ENGILL

Ég sá nokkrar auglýsingar í blöðunum um



LÍÐUR BETUR Femarelle hefur hjálpað Valgerði mikið en hún fann áður fyrir skapsveiflum og svitnaði mikið. MYND/GVA




MUN SÁTTARI Eva Ólöf Hjaltadóttir hefur endurheimt fyrra líf eftir að hún fór að taka Femarelle og er mun hressari nú.



ÁNÆGD Soffía getur ekki ímyndað sér hvernig henni liði í dag ef hún hefði ekki kynnst Femarelle.



ÁNÆGD MED LÍFIÐ Gerður var ánægð að uppgötva að hún myndi svo mikinn mun á sér eftir að hún hóf að taka inn Femarelle.



undramátt Femarelle og þar sem ég var farin að finna fyrir miklum hitakófum og svefntruflunum langaði mig að prófa,“ segir Sigríður Elín Thorlacius. „Ég fékk þessi hitakóf nokkrum sinnum yfir daginn og vaknaði við þau tvisvar til þrisvar yfir nóttina. Þessi truflun á svefni fór illa í mig þar sem ég hafði aldrei vaknað á nóttunni fyrr. Ég keypti pakka og sé ekki eftir því. Það tók um það bil þrjár vikur að virka hjá mér svona í fyrsta skipti en eftir það hef ég ekki fundið fyrir hitakófum og sef eins og engill allar nætur,“ segir hún.

„Ég þarf vinnu minnar vegna að ferðast um nokkur tímabelti tvisvar í mánuði og hafði smá áhyggjur af því að þetta rugl með líkamsklukkuna myndi hafa áhrif á Femarelle-notkun mína. Það gerðist ekki, ég sef líka mjög vel erlendis. Ég mæli hiklaust með Femarelle þar sem það er náttúrulegt. Þar sem ég vildi ekki taka inn hormóna var þetta snilldarlausn fyrir mig.“

DÁSAMLEGT UNDRÆFNI

„Ég ákvað að prófa Femarelle síðasta vetur eftir að hafa lesið frásögn konu í blaði þar sem hún lýsti ánægju sinni með vöruna,“ segir Soffía Káradóttir sem á þeim tíma var að byrja á breytingaskeiðinu en vildi ekki nota hormóna. „Ég fann fyrir hitakófum, fótaóeirð, skapsveiflum, líkamlegri vanlíðan og vaknaði oft upp á nóttunni.“

Eftir að Soffía hafði tekið Femarelle inn í aðeins tíu daga hurfu öll einkenni breytingaskeiðsins. „Nú fæ ég samfelldan svefn, finn ekki lengur fyrir hitakófum eða fótaóeirð og líður mun betur á allan hátt og er í góðu jafnvægi.“ Soffía mælir hiklaust með Femarelle við vinkonur sínar. „Ég mæli með því að allar konur á breytingaaldrinum prófi Femarelle.“

FEMARELLE ER ÖRUGGUR KOSTUR FYRIR KONUR

Vinnur á einkennum tíðahvarfa.

- Slær á óþægindi eins og hitakóf, höfuðverk, svefntruflanir, nætursvita, skapsveiflur, óþægindi í liðum og vöðvum.
- Þéttir beinin.
- Hefur ekki áhrif á móðurlíf eða brjóstavef.
- Náttúruleg vara, unnin úr soja og inniheldur tofu-extrakt og hörfræjaduft.
- Inniheldur engin hormón eða ísóflavóníða.
- Staðfest með rannsóknum sem fram hafa farið síðustu þrettán ár.

SÖLUSTADIR OG UPPLÝSINGAR Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, www.icecare.is.

IceCare

ÞRÍRÉTTUÐ HELGARVEISLA

LÚXUS Áttu von á gestum um helgina? Þá er hér uppskrift að þrírétta veislu sem gaman væri að spreyta sig á. Ítalskt og íslenskt blandað saman, eitthvað sem öllum finnst gott.

Það er gaman að fara út að borða stöku sinnum. Ekki er síður skemmtilegt að bjóða gestum heim í veislumat. Hér er þriggja rétta veisla sem er einföld fyrir flesta matgæðinga. Þeir sem hafa gaman af því að prófa sig áfram í eldhúsinu ættu að búa til sitt eigið pasta. Aðrir geta keypt fersk lasanja-blöð og notað þau í ravioli.

Við stingum upp á að í forrétt verði boðið upp á heimalagað ravioli (pastakoddar) með ricotta-osti og spínati. Ljúffengur réttur sem er léttur í maga. Í aðalrétt gæti verið lambalæri með hvítlauk og fersku rósmaríni og heimagerður, ítalskur ís í eftirrétt.

Ravioli með spínati

- Fyrir pastað**
- 250 g hveiti**
- ½ tsk. salt**
- 2 egg**
- 2 eggjarauður**
- Fylling**
- 200 g ferskt spínat**
- 2 tsk. salt**
- 250 g ricotta-ostur**
- 100 g parmaskinka, smátt skorin**
- 30 g rifinn parmesanostur**
- ¼ tsk. rifin múskaðnet**
- 1 tsk. nýmalaður pipar**
- 4 blöð fersk salvía**
- 50 g smjör**
- 30 g heslihnatur, skornar smátt**



HEIMAGERT RAVIOLI Það er gaman að spreyta sig á heimagerðu pasta. Þetta er ljúffengt.

Þegar pastadeig er búið til er gjarnan búið til „eldfjall“ úr hveitinu á borðinu. Í fjallið er síðan gerður gígur. Þar eru eggin, eggjarauðurnar og salt sett. Notið gaffal til að hnoða hveiti og egg saman þar til allt er orðið blautt. Þá er deigið hnoðað með höndunum þar til það verður mjúkt og fínt. Pakkið inn í plastfilmu og geymið í ísskáp í 30 mínútur. Best er að nota pastavél til að útbúa ravioli en vel er hægt að fletja deigið út.

Setjið spínat í sjóðandi vatn í 30 sekúndur en kælið það síðan strax í vatnsbaði. Þá heldur það fallægum

grænum lit. Takið upp og þerrið mjög vel. Skerið spínatið mjög smátt og blandið síðan saman við ricotta-ostinn og önnur hráefni í fyllingunni í skál. Geymið í ísskáp þar til pastað er klárt. Leggið pastadeigið á hveitistráð borð og fletjið út í þunnar lengjur. Skiptið deiginu í tvær alveg eins lengjur. Takið fyllinguna með teskeið og leggið á aðra lengjuna með jöfnu millibili. Leggið hina yfir. Notið fingur til að þétta deigið í kringum hverja fyllingu og passið að loft komist ekki að. Skerið hringi í kringum fyllinguna með litlu hringformi.



HÆGELDAD LAMB Hvað er betra að bjóða gestum en íslenskt lambalæri?

Sjóðið vatn og saltið. Setjið ravioli í sjóðandi vatnið í 4 mínútur. Bræðið smjör á pönnu og setjið salvíuna út í. Því næst er ravioli sett á pönnuna og vætt í salvíusmjörinu. Setjið strax á diska með smjörósú, hnetum og stráði parmesanosti yfir.

Hægeldað lambalæri með hvítlauk og rósmarín

- 1 lambalæri, 2,5 kg**
- 2 tsk. salt**
- 1 tsk. pipar**
- 4 stíllar ferskt rósmarín**
- 3 hvítlauksrif**
- 3 gulrætur**
- 2 laukar**
- 1 lítri vatn**

Nuddið lærið vel með salti og pipar. Skerið hvítlauksrifin í litla báta, gerið göt í lærið með hníf og stingið hvítlauksbita og smá rósmaríni í hvert gat. Setjið lauk og gulrætur í eldfast form. Leggið lærið ofan á og hellið vatni í botninn. Steikið lambið við 125°C í um það bil þrjár klukkustundir. Lærið er meðalsteikt þegar kjöthitamælir sýnir 70°C og gegnumsteikt þegar mælirinn sýnir 76°C. Látið lærið hvíla á borði á að minnsta kosti 15 mínútur áður en það er skorið niður.

Gratineraðar kartöflur

- 12 stórar kartöflur**
 - 1 laukur**
 - 1 msk. smjör**
 - 2 tsk. salt**
 - ¼ tsk. pipar**
 - 4 dl rjómi**
 - 1 dl rifinn ostur**
- Skrælið kartöflur og lauk og skerið í þunnar sneiðar. Leggið kartöflurnar og laukinn í smurt eldfast form. Bragðbætið með salti og pipar og hellið rjómanum yfir. Bakið kartöflurnar með lambalærinu síðustu 60 mínúturnar. Stráði ostinum yfir þegar fimmtán mínútur eru eftir af bökunartímanum og hitið þá ofninn upp í 200°C.

Sósa

- 8 dl soð frá lambalærinu**
- 4 msk. hveiti sem hefur verið hrært út með vatni**
- smávegis rauðvín**
- 1 tsk. sojasósa**
- Salt og pipar**

Sjóðið upp soðið og þykkið með hveitiblöndunni. Gætið að því að hræra vel á meðan svo ekki myndist kekkir. Bætið við rauðvíni, sojasósu og salti og pipar. Það má bragðbæta sósuna enn frekar með smávegis rjóma og til dæmis piparosti. Ágætt er að hafa léttsoðið grænmeti með lambalærinu.

Ítalskur ís með súkkulaði og hnetum

Þessi ís er bragðmikill og góður. Hann kemur úr smiðju hinnar ítölsku, Michela Chiappa, sem býr í Wales þar sem hún rekur veitingahús. Michela hefur verið með þætti á BBC-Lifestyle þar sem hún býr til girnilega ítalska rétti, þar á meðal þennan ís.

- 500 ml rjómi**
- 1 dós (395 g) condensed mjólk (fæst í austurlenskum búðum)**
- 2 tsk. vanilludropar**
- 50 g kakó**
- Hnetusúkkulaði (í uppskriftinni er notað ítalskt Baci-súkkulaði, sem eru konfektkossar með hnetufyllingu, en ekki er vitað hvort það fæst hér). Notið annað gott súkkulaði ef Baci fæst ekki.**
- 100 g heslihnatur**
- 2 msk. flórsykur**

Fyrst er lítil panna hituð á meðalhita og flórsykur settur út á hana. Þegar sykurinn bráðnar er hnetunum bætt á pönnuna og þeim velt upp úr sykrinum. Hitið í 5-10 mínútur og hreyfið pönnuna með reglulegu millibili svo hneturnar brenni ekki, þær eiga að fá á sig karamelluútlit. Setjið hneturnar í mortel og berjið þær. Geymið. Þeytið saman rjóma, condensed mjólk og vanilludropa. Hrærið síðan kakóinu saman við. Ef notaðir eru Baci-kossar eru 3 þeirra skornir smátt og settir út í blönduna ásamt næstum öllum hnetunum. (Geymið smá til skrauts). Setjið í ísform og dreifið restinni af hnetunum og 2 Baci-súkkulaðikossunum í bitum yfir ísinn. Frystið í minnst fimm klukkustundir. ■ elin@365.is



ÍTALSKUR heimagerður ís, með súkkulaði og hnetum.



MARABON

STÖÐ 2 MARABON FYLGIR ÁSKRIFT AÐ SKEMMTI-PAKKANUM!

BREAKING BAD MARABON

Allar fimm seríurnar af **Breaking Bad** eru komnar á **Stöð 2 Marabon**. Njóttu þess að horfa á þátt eftir þátt af magnaðri spennu þegar þér hentar.

800 klst. af sjónvarpsefni á Maraboninu.





Sérfræðingur á fjárreiðusviði

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins óskar eftir að ráða sérfræðing til starfa inn á fjárreiðusvið sjóðsins.

Starfssvið sérfræðings er:

- Rekstraruppgjör, áætlana- og ársreikningagerð
- Innlestur bókhaldsfærslna úr undirkerfum og bókun í Navision
- Afstemmingar bankareikninga
- Afstemming milli tölvukerfa og ýmis flóknari bókhaldsmál
- Skýrslugerð og úttektir
- Ýmis önnur tilfallandi verkefni á fjárreiðusviði
- Aðstoð við skrifstofu- og fjármálastjóra eftir þörfum

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði viðskipta, hagfræði, verkfræði eða skildum greinum
- Framhaldsmenntun af ofangreindum sviðum kostur
- Reynsla af bókhaldi og uppgjörsvinnu mikill kostur
- Góð almenn tölvukunnátta skilyrði sem og góð kunnátta á Excel
- Góð kunnátta í íslensku sem og mikil geta til að tjá sig í ræðu og riti

Nauðsynlegir eiginleikar sérfræðings eru:

- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Færni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Talnagleggni og góð greiningargeta

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR) er stærsti lífeyrissjóður landsins ef miðað er við eignir. Meginhlutverk sjóðsins er að greiða sjóðsfélögum eftirlaun til æviloka og koma á mótis við þá vegna tekjutaps. Sjóðurinn tekur á móti iðgjöldum og ávaxtar þau í sameiginlegum sjóði til að standa undir skuldbindingum sínum varðandi elli-, örorku, maka- og barnalífeyri. Auk þessa veitir LSR sjóðsfélögum lán og tekur við og ávaxtar frjálsan lífeyrissparnað.

Umsóknarfrestur er til og með 18. október nk.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, www.capacent.is.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Ragnheiður Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent ráðningum.

capacent

LANDSBANKINN KT. 471008-0280

Unix kerfisstjóri

Landsbankinn óskar eftir að ráða Unix kerfisstjóra í UT Rekstri. UT Rekstur tilheyrir Upplýsingatækni og er meginhlutverk deildarinnar að hámarka gæði og uppitíma á rekstri tölvukerfa Landsbankans og tryggja öruggt aðgengi viðskiptavina og starfsmanna að kerfum og gögnum.

Helstu verkefni og ábyrgð

- » Unix og Linux kerfisumsjón
- » Rekstur vélasala, netþjóna og diskakerfa
- » Aðstoð við rekstur á Oracle á Unix kerfum
- » Eftirlit og rekstur á afritunarkerfum

Menntunar- og hæfniskröfur

- » A.m.k. fimm ára reynsla af rekstri Unix kerfa
- » Þekking á sjálfvirkum verkfærum, s.s. Chef eða Puppet
- » Þekking á IBM vélbúnaði og hugbúnaði er kostur
- » Þekking á KSH, Perl, Python er kostur
- » Reynsla af 24/7/365 umhverfi er kostur

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veita Ægir Þórðarson, deildarstjóri UT Reksturs, í tölvupósti aegir.thordarson@landsbankinn.is eða í síma 410 7016 og Berglind Ingvarsdóttir í Mannauði í tölvupósti berglindi@landsbankinn.is eða í síma 410 7914.

Umsókn merkt „Unix kerfisstjóri“ fyllist út á vef bankans. Umsóknarfrestur er til og með 9. október nk.





maskína

Viðskiptatengill

Maskína óskar eftir að ráða öflugan viðskiptatengil til starfa. Leitað er að einstaklingi sem sýnir frumkvæði og metnað í starfi og tilbúinn að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni.

Starfssvið:

- Öflun verkefna og nýrra viðskiptavina
- Þjónusta og samskipti við viðskiptavini
- Eftirfylgni verkefna
- Kynning og túlkun niðurstaðna kannana
- Þátttaka í þróun lausna

Menntun, reynsla og hæfni:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af viðskiptatenglastarfi æskileg
- Þekking og reynsla á sviði rannsókna æskileg
- Góð íslenskukunnátta og hæfni í tjáningu í ræðu og riti
- Mikill metnaður og frumkvæði í starfi

Maskína er framsækið markaðs- og viðhorfsrannsóknarfyrtæki. Hjá Maskínu leggjum við áherslu á gæðarannsóknir og fagleg vinnubrögð. Allar nánari upplýsingar er að finna á maskina.is.

Umsóknarfrestur er til og með 12. október nk.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, www.capacent.is.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent ráðningum.



Skógræktarstjóri



Umhverfis – og auðlindaráðuneytið auglýsir laust embætti skógræktarstjóra. Skógrækt ríkisins starfar samkvæmt lögum nr. 3/1955 um skógrækt og skulu aðalstöðvar hennar vera á Fljótisdalshéraði. Fyrirhugað er að sameina allt skógræktarstarf sem heyrir undir ráðuneytið í eina stofnun, þ.e. landshlutaverkefni í skógrækt (Héraðs- og Austurlandsskógar, Norðurlandsskógar, Skjólsskógar á Vestfjörðum, Suðurlandsskógar, Vesturlandsskógar) og Skógrækt ríkisins, til að skapa tækifæri fyrir framþróun og eflingu skógræktar í landinu. Skógræktarstjóri mun vinna að framfylgd þess verkefnis, komi til sameiningar, í samstarfi við ráðuneytið, sbr. skýrslu starfshóps umhverfis- og auðlindaráðherra frá september sl. <http://www.umhverfisraduneyti.is/frettir/nr/2802>

Helstu verkefni:

- Dagleg stjórnun og rekstur stofnunarinnar
- Stefnumótun og innleiðing breytingastjórnunar
- Ábyrgð á áætlanagerð, þjónustu og árangri
- Samskipti við stjórnvöld og hagaðila
- Forsvar vegna erlendra samskipta

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf á sviði skógræktar eða á sambærilegu sviði
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Reynsla eða þekking á sviði stefnumótunar
- Reynsla eða þekking af opinberri stjórnsýslu er kostur
- Gott vald á íslensku, ensku og vald á einu Norðurlandamáli er kostur

Færni og aðrir eiginleikar:

- Leiðtogaþæfileikar og geta til hvetja aðra til árangurs
- Samskiptahæfni, jákvæðni og drifkraftur
- Metnaður til að sýna árangur og kraftur til að hrinda verkum í framkvæmd

Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um stöðuna. Valnefnd skipuð þremur einstaklingum mun meta hæfni og hæfi umsækjenda og skila greinargerð til umhverfis- og auðlindaráðherra, sem skipar í starfið til fimm ára. Launakjör skógræktarstjóra eru ákvörðuð af Kjararáði. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Umsóknarfrestur er til og með 19. október nk.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, www.capacent.is.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Sigríður Auður Arnardóttir, ráðuneytisstjóri í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu (sigridur.arnardottir@uar.is) og Þóra Pétursdóttir hjá Capacent (thora.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent.



Capacent Ráðningar

Ráðgjafar Capacent búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt. **Kynnið ykkur þjónustuna á www.capacent.is**

Störf hjá Landhelgisgæslu Íslands

Landhelgisgæsla Íslands auglýsir lausar til umsóknar stöður gagnafulltrúa, öryggisfulltrúa, viðhaldsmanns og tæknimanns á Öryggissvæðinu á Keflavíkurlugvelli.

Landhelgisgæsla Íslands er löggæslustofnun sem hefur það hlutverk að sinna löggæslu og eftirliti sem og leit og björgun á hafsvæðinu umhverfis Ísland. Þá fer Landhelgisgæslan einnig með daglega framkvæmd öryggis- og varnarmála samanber varnarmálalög, þ.m.t. er rekstur Öryggissvæða, mannvirkja, kerfa, stjórnstöðvar NATO/LHG og ratsjár- og fjarskiptastöðva. Vegna starfa viðhaldsmanns, öryggisfulltrúa og tæknimanns þarf búseta að miðast við að unnt sé að bregðast við útköllum með skömmum fyrirvara.

GAGNAFULLTRÚI

Leitað er að gagnafulltrúa til starfa í stjórnstöð NATO/Landhelgisgæslunnar. Um vaktavinnu er að ræða.

Helstu verkefni:

- Loftrýmisefirlit og stuðningur við loftrýmisgæslu
- Samskipti við stjórnstöðvar Atlantshafsbandalagsins
- Skýrslugerð og greining gagna
- Önnur tengd verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi
- Góð íslensku- og enskukunnátta bæði í ræðu og riti
- Góð tæknipækking og reynsla í tækniúthverfi æskileg
- Góð tölvukunnátta og tölvulæsi
- Reglusemi, nákvæmni, snyrtimennska og stundvísi
- Sjálfstæði og agi í vinnubrögðum
- Geta til að vinna vaktavinnu
- Góðir samskiptahæfileikar
- Ökuréttindi skilyrði

ÖRYGGISFULLTRÚI

Leitað er að öryggisfulltrúa til að sinna öryggisgæslu Öryggissvæðanna og eftirliti með þeim. Starfssvæðið er hjá Landhelgisgæslunni, þ.m.t. á Keflavíkurlugvelli og á ratsjár- og fjarskiptastöðvunum (Miðnesheiði, Bolafjalli, Gunnólfsvíkurfjalli og Stokksnesi).

Helstu verkefni:

- Dagleg framkvæmd öryggisgæslu og öryggiseftirlits Öryggissvæðanna og öryggismannvirkja í samráði við þá er að verkefninu koma þ.m.t. við löggæsluaðila og verktaka
- Útgáfa aðgangsheimilda og gerð aðganglista
- Úttektir og skýrslugerð
- Gerð leiðbeininga
- Þjálfun starfsmanna, gesta og verktaka
- Önnur tilfallandi verkefni í samráði við yfirmann

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Reynsla sem nýtist í starfi
- Stúdentspróf og/eða önnur menntun sem hentar í starfi
- Almenn góð íslensku- og enskukunnátta og þekking á einu Norðurlandamáli
- Ökuréttindi skilyrði
- Reglusemi, nákvæmni og snyrtimennska
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og góðir samskiptahæfileikar
- Líkamleg geta til að starfa við erfiðar aðstæður

VIÐHALDSMAÐUR

Leitað er að viðhaldsmanni. Starfið felur í sér daglega umsjón, viðhald og eftirlit þ.m.t. viðhald svæða, mannvirkja og tengds búnaðar og kerfa.

Helstu verkefni:

- Daglegt eftirlit með svæðum, mannvirkjum og búnaði
- Allt almennt viðhald þ.m.t. viðhald mannvirkja, svæða, búnaðar, farartækja og véla
- Eftirlit með verktakavinnu og umhverfismálum
- Gistirikjastuðningur
- Útköll vegna bilunar í kerfum og búnaði
- Önnur verkefni í samráði við yfirmann

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Reynsla sem nýtist í starfi
- Menntun sem hentar í starfi s.s. vélstjórnar- eða iðnmenntun er æskileg
- Almenn íslensku- og enskukunnátta
- Vinnuvélapróf og ökuréttindi skilyrði
- Reglusemi, nákvæmni og snyrtimennska

TÆKNIMAÐUR / SÉRFRÆÐINGUR

Leitað er að tæknimanni / sérfræðingi. Starfið felur í sér daglegan rekstur og viðhald á búnaði sem samanstendur m.a. af ratsjár- og fjarskiptabúnaði. Kerfið er hluti af samþættu loftvarna- og eftirlitskerfi NATO sem rekið er í þeim tilgangi hér á landi af Landhelgisgæslu Íslands. Starfssvæðið er hjá Landhelgisgæslunni, þ.m.t. á Öryggissvæðinu á Keflavíkurlugvelli og á ratsjár- og fjarskiptastöðvunum (Miðnesheiði, Bolafjalli, Gunnólfsvíkurfjalli og Stokksnesi). Starfið krefst tilfallandi ferða út á stöðvarnar. Unnið er samkvæmt stöðlum, reglum og leiðbeiningum NATO. Ákveðnar kröfur eru gerðar um vinnu við tæknibúnað og fær starfsmaður viðeigandi þjálfun vegna þess. Um er að ræða dagvinnu ásamt bakvöktum.

Helstu verkefni:

- Viðhald og rekstur á ratsjár-, fjarskipta- og samskiptabúnaði sem og rekstur á almennum tæknibúnaði
- Almenn viðhald, viðgerðir og bilanagreining
- Umsjón og gerð handbóka, leiðbeininga og teikninga
- Skýrslugerð og áætlanir (að mestu rafræn)
- Eftirlit og skráning varahluta, verkfæra og mælitækja
- Þátttaka í þjálfunarverkefnum

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Rafeindavirkjun, tæknifræði, verkfræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Kerfis- og hugbúnaðarþekking er kostur
- Almenn góð tölvukunnátta er nauðsynleg
- Gerð er krafa um fagmennsku og öguð vinnubrögð, að viðkomandi geti unnið sjálfstætt undir álagi og að fyllsta öryggis sé gætt
- Áhersla er lögð á frumkvæði, skipulagshæfni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Reglusemi, nákvæmni og snyrtimennska
- Ökuréttindi skilyrði

Umsækjendur um öll störfin þurfa að standast kröfur Landhelgisgæslunnar um líkamlegt og andlegt atgervi. Einnig skulu starfsmenn uppfylla skilyrði fyrir öryggisheimild og bakgrunnsskoðun samanber varnarmálalög nr. 34/2008 og reglugerð nr. 959/2012. Konur, jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um störfin.

Umsóknarfrestur er til og með 19. október nk.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent, www.capacent.is.

Umsóknum þurfa að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) og Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent ráðningum.

Spennandi störf í Áhættustýringu

Sérfræðingur í Innri áhættulíkönnum

Innri áhættulíkon er deild innan Áhættustýringar Landsbankans sem hefur það hlutverk að sjá bankanum fyrir líkönum og tengdum ferlum til að mæla áhættu, þar með talið að tengja saman áhættu og eigið fé, og styðja við innleiðingu þeirra innan bankans.

Helstu verkefni

- » Áframhaldandi þróun á líkönum til að meta tap að gefnum vanefndum (e. loss given default, LGD)
- » Sannprófun, viðhald og þróun á aðferðafræði við mat á varúðarálagi (e. margin of conservatism) á líkur á vanefndum (e. probability of default, PD)
- » Stuðningur við þróun á öðrum líkönum tengdum útlánaáhættu og eiginfjárútreikningi
- » Gagnagreining og úrvinnsla, skjölun, kynningar og samskipti við hagsmunaaðila innan bankans og eftirlitsaðila vegna ofangreindra verkefna

Menntunar- og hæfniskröfur

- » Háskólamenntun sem nýtist í starfi, svo sem verkfræði, eða stærðfræði/tölfræði
- » Framhaldsmenntun, þ.e. meistara- og/eða doktorspróf, er æskileg
- » Ítarleg þekking á tölfræði og aðferðum við smíði tölfræðilíkana
- » Reynsla af forritun í SAS, eða öðru sambærilegu forritunarmáli
- » Staðgóð þekking á gagnagrunnum og SQL
- » Þekking á bankastarfsemi, þ.m.t. vöruframboð, þjónusta, verkferlar og vinnulag, er kostur
- » Þekking á þeim reglum sem gilda um fjármálafyrirtæki og þá sérstaklega hvað varðar útreikning á eiginfjárkröfu, t.d. CRR og CRD IV, er kostur
- » Færni í samskiptum og þægilegt viðmót

Sérfræðingur í Áhættulausnum

Áhættulausnir er deild innan Áhættustýringar Landsbankans, sem hefur umsjón með tæknilausnum sem Áhættustýring notar til að fylgjast með og stýra áhættu bankans. Áhættustýring notar kerfi og sérlausnir frá SAS Institute til að greina áhættu bankans, svo sem útlánaáhættu og markaðsáhættu.

Helstu verkefni

- » Viðhald, þróun og gagnavinnsla í áhættustjórnunarkerfum bankans
- » Greining á gögnum bankans gagnvart CRDIV tilskipun
- » Samstarf við Upplýsingatæknisvið bankans
- » Kröfugreining og breytingastjórnun
- » Aðstoð við notendur áhættustjórnunarkerfa
- » Gagnasendingar til ytri eftirlitsaðila

Menntunar- og hæfniskröfur

- » Háskólamenntun sem nýtist í starfi, svo sem verkfræði, stærðfræði, viðskiptafræði eða tölvunarfræði
- » Þekking á gagnagrunnskerfum, gagnakeyrlum (ETL) og SQL fyrirspurnarmálinu er nauðsynleg auk þess sem reynsla af forritun á SAS er kostur
- » Reynsla og þekking af bankastarfsemi er kostur
- » Færni í samskiptum og þægilegt viðmót

Nánari upplýsingar veita Sindri Reynisson, deildarstjóri Innri áhættulíkana, í tölvupósti sindri.reynisson@landsbankinn.is eða í síma 410 7723, Skúli G. Jensson, deildarstjóri Áhættulausna, í tölvupósti skuli.g.jensson@landsbankinn.is eða í síma 410 6803 og Bergþóra Sigurðardóttir, hjá Mannauði, í tölvupósti bergsig@landsbankinn.is eða í síma 410 7907.

Umsókn merkt „Sérfræðingur í Innri áhættulíkönnum“ og „Sérfræðingur í Áhættulausnum“ fyllist út á vef bankans. Umsóknarfrestur er til og með 9. október nk.





273
þúsund m²

430
leigutakar

Framkvæmdastjóri fjármálasviðs

Eik fasteignafélag leitar að öflugum og metnaðarfullum einstaklingi í starf framkvæmdastjóra fjármálasviðs

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:

- Dagleg stjórnun fjármálasviðs
- Fjárfesting og fjármögnun
- Virðismat fasteigna
- Fjárfestatengsl
- Áætlanagerð og eftirfylgni áætlaða
- Ábyrgð á uppgjörum og reikningshaldi
- Greiningar, samantekt upplýsinga og skýrslugerð

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýttist í starfi. Framhaldsmenntun kostur
- Reynsla af sambærilegu starfi
- Haldbær reynsla af fjármálamarkaði
- Greiningarhæfni
- Leiðtogaþæfni, færni í samskiptum, frumkvæði og metnaður

Eik fasteignafélag sérhæfir sig í eignarhaldi og útleigu á atvinnuhúsnæði. Félagið er meðal stærstu fasteignafélaga landsins með yfir 270 þúsund fermetra í yfir 100 fasteignum. Um 80% af eignasafni þess er á helstu viðskiptakjörnum höfuðborgarsvæðisins og eru leigutakar félagsins yfir 430 talsins. Hlutabréf félagsins eru skráð á aðallista Nasdaq Iceland. Auk þess er félagið með tvo skráða skuldabréfaflokka.

Umsóknarfrestur er til og með þriðjudeginum 13. október nk.

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, www.capacent.is

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Nánari upplýsingar veita Auður Bjarnadóttir hjá Capacent (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Garðar Hannes Friðjónsson, forstjóri Eikar Fasteignafélags (gardar@eik.is).



KERFISFRÆÐINGUR Á UPPLÝSINGATÆKNIDEILD REYKJAVÍK



Starf kerfisfræðings í rekstrarþjónustu á upplýsingatæknideild Vegagerðarinnar er laust til umsóknar. Um 100% starf er að ræða.

Starfssvið

Starfið felst í notendapjónustu og viðveru á þjónustuborði ásamt fjölbreyttum verkefnum tengdum rekstri upplýsingakerfa Vegagerðarinnar. Um er að ræða umsögn með útstöðvum og netþjónum, uppsetningar og viðhald á þeim, vinnu við öryggis- og aðgangsstýringar. Ásamt öðrum verkefnum er tengjast starfinu. Vinnutími er 8-16 eða 9-17, viku í senn.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Þekking á Microsoft stýrikerfum og hugbúnaði
- Þekking á Linux stýrikerfum og netsamskiptum
- Reynsla af rekstri upplýsingakerfa
- Þekking á Lotus Notes er kostur
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Góðir samstarfshæfileikar og rík þjónustulund
- Skipulögð vinnubrögð

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum og í samræmi við jafnréttisáætlun Vegagerðarinnar eru konur með umbeðnar hæfniskröfur sérstaklega hvattar til að sækja um starfið.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins við SFR.

Umsóknarfrestur er til 19. október 2015.

Umsóknin berist mannauðsstjóra Vegagerðarinnar netfang oth@vegagerdin.is.

Í umsókninni komi fram persónulegar upplýsingar ásamt starfsferilsskrá og upplýsingum um þá menntun og hæfni sem óskað er eftir.

Æskilegt er að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Íris Leósdóttir í síma 522 1000

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

DEILDARFORSETI MYNDLISTARDEILDAR

Listaháskóli Íslands leitar eftir metnaðarfullum einstaklingi með sterka listræna sýn og góða samskipta- og leiðtogaþæfni til að leiða áframhaldandi uppbyggingu háskólamenntunar á sviði myndlistar. Deildarforseti fer með yfirstjórn deildarinnar, stýrir akademísku starfi hennar og ber ábyrgð á rekstri, auk þess að sitja í framkvæmdaráði skólans.

Starfsumhverfið er gefandi og kraftmikið þar sem um 120 nemendur stunda nám á BA og MA stigi undir handleiðslu framúrskarandi myndlistarmanna og annarra sérfræðinga. Fastráðnir starfsmenn eru um 15 og árlega starfa um og yfir 100 stundakennarar og gestir við deildina.

Hæfi umsækjanda verður metið í samræmi við reglur Listaháskóla Íslands um veitingu akademískra starfa, sjá nánar á heimasíðu skólans: www.lhi.is/skolinn/stjornsysla/log-og-reglur/. Hæfir umsækjendur, verða m.a. metnir út frá eftirfarandi kröfum á grundvelli umsóknar auk þess sem frammistaða umsækjanda í viðtölum mun hafa mikið vægi.

Listaháskóli Íslands er sjálfseignarstofnun með viðurkenningu á fræðasviðinu listir.

Skólinn starfar í fimm deildum: myndlistardeild, hönnunar- og arkitektúrdeild, tónlistardeild, sviðslistadeild og listkennsludeild. Starfsstöðvar skólans eru fjórar, við Þverholt, Sölvhólsgötu, Austurstræti og Laugarnesveg í Reykjavík.

Aðalskrifstofan í Þverholti 11 er opin alla virka daga kl. 9–15.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- > Meistaragráða á fræðasviði myndlistar eða sambærileg menntun.
- > Reynsla af akademísku starfi og kennslu á háskólastigi.
- > Reynsla af stjórnun.

Deildarforseti skal hafa prófessorshæfi.

Með umsókn skulu fylgja eftirfarandi gögn:

- > Starfsferilsskrá.
- > Staðfest afrit af námsferli.
- > Greinargerð um fyrri störf og reynslu af akademísku starfi.
- > Greinargerð um sýn umsækjanda á starfið, þar sem fram koma viðhorf til háskólamenntunar á sviði myndlistar og framtíðarsýn. Hámark 1500 orð.
- > Meðmæli eða umsagnir um fyrri störf umsækjanda.

Vinsamlegast skilið umsóknargögnum öðrum en ítarefni á stafrænu formi.

Ráðið er í starfið frá 1. janúar 2016.

Umsóknum skal skila á aðalskrifstofu skólans Þverholti 11, 105 Reykjavík, eigi síðar en föstudaginn 23. október kl. 15. Nánari upplýsingar um starfið veitir Fríða Björk Ingvarsdóttir, rektor (frida@lhi.is), s. 552 4000. Farið verður með umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál. Skólinn áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum.

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland Academy of the Arts

AÐSTOÐARVERSLUNARSTJÓRI Í ELKO LINDUM

Starfið felur í sér ábyrgð á rekstri verslunarinnar í samráði við verslunarstjóra. Aðstoðarverslunarstjóri er staðgengill verslunarstjóra. Helstu verkefni eru m.a. ábyrgð á vöruframsetningu, áfyllingu og stjórnun birgða ásamt verkstjórn. Stuðla að hvatningu meðal starfsmanna til að ná settum markmiðum. Halda utan um dagleg störf söludeilda og stýra þjónustu verslunarinnar í umboði verslunarstjóra.



Umsóknarfrestur er til og með 18. október. Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Sótt um á ELKO.is. Nánari upplýsingar veitir Sófus Hafsteinsson verslunarstjóri í Lindum, sofus@elko.is

ELKO
LINDUM

STARFSLÝSING OG HELSTU VERKEFNI

- Ábyrgð á rekstri verslunar
- Dagleg stjórnun og starfsmannahald
- Samskipti og þjónusta við viðskiptavinum
- Umsjón og ábyrgð á útliti verslunar og framsetningu
- Ábyrgð á að sölu- og þjónustumarkmið náist
- Mönnun vakta og ráðningar

HÆFNISKRÖFUR

- Framúrskarandi samskiptahæfileikar og rík þjónustulund
- Jákvætt viðmót og sveigjanleiki
- Góð tölvukunnátta til að leysa dagleg verkefni og til að tileinka sér ný tölvukerfi
- Reynsla af verslunarstörfum
- Aldurslágmark er 25 ára

Mekonomen

Staðgöð 2.200 Garðabæ
Sími 527 2300
gar@mekonomen.is
www.mekonomen.is

Mekonomen leitar að öflugum sölumanni

Mekonomen er brautryðjandi á Íslandi í notkun rafrænna lausna við sölu á bílavörum og varahlutum. Vegna aukinna umsvifa þurfum við að bæta við öflugum sölumanni. Um er að ræða fjölbreytt framtíðarstarf í vaxandi fyrirtæki.

Helstu verkefni:

- # Ráðgjöf og sala í verslun
- # Meðhöndlun rafrænna pantana
- # Pantanir á vörum frá erlendum birgjum
- # Vörumóttaka og vörusendingar

Hæfniskröfur:

- # Staðgöð þekking á bílum og varahlutum
- # Skipulagshæfileikar og yfirsýn
- # Tala og skrifa ensku
- # Góð almenn tölvuþekking
- # Sveinspróf í bifvélavirkjun er æskileg

Nánari upplýsingar:

- # Umsóknarfrestur er til og með 12. október 2015
- # Starfshlutfall er 100%
- # Umsókn ásamt ferilskrá skal senda í tölvupósti á sala@mekonomen.is

Mekonomen á Íslandi er hluti af stærsta fyrirtæki á Norðurlöndunum í sölu á bílvörum og varahlutum.

Sérfræðingur í Upplýsingastjórnun

Landsbankinn rekur margþætt og fjölbreytt viðskiptagreindarumhverfi. Vegna aukinna umsvifa og fjölda verkefna leitum við að öflugum einstaklingi í teymið.

Helstu verkefni

- » Uppbygging viðskiptagreindarumhverfis (BI) bankans
- » Gagnavinnsla í Oracle grunni (SQL)
- » Framsetning upplýsinga með aðstoð SAP Business Objects
- » Þarfagreining og skjölun

Menntunar- og hæfniskröfur

- » Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- » Miklir greiningarhæfileikar
- » Góður skilningur á upplýsingasöfnun og gagnaskilum
- » Þekking á viðskiptagreind og uppbyggingu vöruhúsa
- » Lágmarksþekking á SQL forritunarmáli
- » Frumkvæði, fagmennska og skipulagshæfni
- » Hæfni í mannlegum samskiptum
- » Reynsla í fjármálageiranum er kostur
- » Almenn þekking á viðskiptagreindartólum er kostur

Nánari upplýsingar um starfið veita Kristín B. Jónsdóttir í tölvupósti kristin.b.jonsdottir@landsbankinn.is eða í síma 410 7719 og Berglind Ingvarsdóttir hjá Mannauði í tölvupósti berglindi@landsbankinn.is eða í síma 410 7914.

Umsókn merkt „Sérfræðingur í Upplýsingastjórnun“ fyllist út á vef bankans. Umsóknarfrestur er til og með 13. október 2015.





Viltu gæta auðlindanna?

Þróunarsvið Orkuveitu Reykjavíkur (OR) leitar að sérfræðingum til liðs við öflugan hóp sem hefur það hlutverk að gæta að auðlindum svo fólk fáið notið þeirra til langrar framtíðar. Þróunarsviðið þjónar félögum innan samstæðunnar; Veitum, Orku náttúrunnar, Gagnaveitu Reykjavíkur og OR. Umsækjendur þurfa að búa yfir góðri samskiptahæfni, geta leitt verkefni og geta sýnt frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Sérfræðingur í reiknilíkönum

Starfinu fylgir ábyrgð á forðalíkönum lághita- og kaldavatns-auðlinda sem og forðagæslu. Mikilvægur þáttur starfsins er túlkun niðurstaðna, ráðgjöf og skýrslugerð. Viðkomandi mun einnig sinna verkefnastjórnun og taka þátt í rannsóknum, þróun og rýni á forðalíkönum.

Menntunar- og hæfnikröfur

- Framhaldspróf í jarðeðlisfræði, eðlisfræði, verkfræði eða skyldum greinum
- Góð kunnátta í stærðfræði og eðlisfræði er nauðsynleg
- Reynsla á sviði líkanreikninga er mjög æskileg
- Færni í forritun er kostur
- Þekking á forða- eða grunnvatnsfræði er kostur

Nánari upplýsingar veitir Bryndís Ernsts dóttir mannauðsráðgjafi í netfanginu starf@or.is

Þú sækir um á ráðningavef Orkuveitunnar, starf.or.is

Umsóknarfrestur er til og með 12. október 2015

Við hvetjum bæði konur og karla til að sækja um störf

Sérfræðingur í jarðhitarannsóknum

Starfið felst í greiningu og ráðgjöf um efnafræði á vinnslusvæðum og í virkjunum sem og verkefnastýringu rannsókna á auðlindum. Viðkomandi mun einnig taka þátt í rýni á niðurstöðum, túlkunum og skýrslugjöf.

Menntunar- og hæfnikröfur

- Framhaldspróf í jarðefnafræði, efnafræði, efnaverkfræði eða skyldum greinum
- Góð innsýn á sviði jarðhita er kostur
- Reynsla af vinnu á rannsóknarstofu er kostur
- Reynsla af rannsóknum á sviði orkumála er kostur



JAFNRÉTTISRÁÐ

Orkuveita Reykjavíkur hlaut jafnréttisviðurkenningu 2002 og 2013

Orkuveita Reykjavíkur er fjölbreyttur og lifandi vinnustaður fólks með mikla þekkingu. Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi, vinnuumhverfi og möguleika til að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð.

Nánari upplýsingar um þjónustu okkar má finna á www.or.is



Orkuveita Reykjavíkur



ERT ÞÚ LEAN SNILLINGUR?

Við leitum að klárum og skemmtilegum Lean snillingi sem brennur í skinninu að láta ljós sitt skína. Verkefnið felst í að innleiða Lean hjá Veritas samstæðunni sem samanstendur af fimm fyrirtækjum og 190 starfsmönnum.

Um er að ræða tímabundið starf í eitt til tvö ár.

Ef þú fellur fyrir þessu og vilt vita meira skaltu endilega kíkja á ráðningarvefinn á heimasíðunni okkar.

www.veritas.is

VERITAS

MÓÐURFYRIRTÆKI / PARENT COMPANY OF :



Are you passionate about travel and languages?

We are looking for an

Icelandic Language Specialist

in our Reykjavik office.

Find out more on
workingatbooking.com

Booking.com

Aðstoðarmanneskja í ráðgjafadeild



Rannsóknarþjónustan Sýni auglýsir eftir aðstoðarmanneskju í ráðgjafadeild fyrirtækisins. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Helstu kröfur eru að viðkomandi þarf að vera hæfur í mannlegum samskiptum, skipulagður, sveigjanlegur og þjónustulipur. Starfsmaðurinn þarf einnig að geta unnið sjálfstætt.

Verkefnið eru mjög fjölbreytt og áhugaverð og felast m.a. í sýnatökum og eftirliti, umsjón með námskeiðum og kennslueldhúsi, skýrslugerð, almennri þjónustu við ráðgjafana okkar og hinum ýmsu tilfallandi verkefnum innan fyrirtækisins.

Viðkomandi þarf að geta unnið utan hefðbundins vinnutíma. Engar kröfur eru gerðar um menntun en stúdentspróf er kostur. Almenn tölvukunnátta er nauðsynleg. Um framtíðarstarf er að ræða.

Umsóknir sendist á atvinna@syni.is en **umsóknarfrestur er til 10. október n.k.**
www.syni.is



Við leitum að forystugarpi sem kann að klæða sig vel.

66°NORÐUR leitar að drífandi verslunarstjóra í verslun okkar í Bankastræti 5. Starfið felst í daglegri stjórnun verslunarinnar, samskiptum og þjónustu við viðskiptavini, ábyrgð á sölu- og þjónustumarkmiðum, mönnun vakta og ráðningum.

Hæfniskröfur:

- Leiðtogahæfileikar, skipulagshæfni og frumkvæði.
- Þjónustulund og jákvætt viðmót.
- Reynsla af verslunarstjórnun og rekstri er kostur.
- Reynsla af sölumennsku.
- Menntun í verslunarstjórnun eða önnur menntun við hæfi er kostur.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Mjög góð enskukunnátta. Kunnátta í öðrum tungumálum er kostur.
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar.
- Brennandi áhugi á útivist og hreyfingu.

Hægt er að sækja um starfið á 66north.rada.is. Umsóknarfrestur er til og með **11. okt.** Nánari upplýsingar um starfið veitir Elín Tinna Logadóttir - elin@66north.is.

Tækniteiknari á hönnunardeild Reykjavík



Starf tækniteiknara á hönnunardeild Vegagerðarinnar er laust til umsóknar. Um 100% starf er að ræða.

Í boði er krefjandi og fjölbreytt framtíðarstarf. Á hönnunardeild eru 17 starfsmenn við ýmis verkefni er tengjast hönnun, þróun og rannsóknum umferðarmannvirkja.

Starfssvið

Gerð uppdráttá á öllum hönnunarstigum. Ritun fundargerða, minnispunkta o.þ. h. Frágangur og sala á útboðsgögnum. Ritun og útgáfa rannsóknar- eða sérverkefnaskýrsla, hönnunarskýrsla og annarra skýrsla. Gerð uppdráttá vegna landa-kaupa. Önnur tilfallandi verkefni er tengjast starfinu.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Viðurkennt próf í tækniteiknun
- Þekking á ritvinnslu-, teikni-, og hönnunarforritum
- Góð íslenskukunnátta
- Kunnátta í ensku og einu Norðurlandamáli
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í teymivinnu
- Skipulögð og öguð vinnubrögð
- Góðir samstarfhæfileikar

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar báðum kynjum og í samræmi við jafnréttisáætlun Vegagerðarinnar eru konur með umbeðnar hæfniskröfur sérstaklega hvattar til að sækja um starfið. Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins við SFR.

Umsóknarfrestur er til 19. október 2015.

Umsóknin berist mannaússtjóra Vegagerðarinnar netfang oth@vegagerdin.is. Í umsókninni komi fram persónulegar upplýsingar ásamt starfsferilskrá og upplýsingum um þá menntun og hæfni sem óskað er eftir. Æskilegt er að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Kristján Kristjánsson forstöðumaður í síma 522 1231.

Öllum umsóknum um starfið verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Læknastöður á Umdæmissjúkrahúsi Austurlands/FSN

• SÉRFRÆÐILÆKNIR • HEILSUGÆSLU- OG DEILDARLÆKNIR

Lausar er til umsóknar stöður sérfræðilæknis og heilsugæslu- og deildarlæknis við Umdæmissjúkrahús Austurlands/FSN í Neskaupstað. Starfshlutfall er 100% en hlutastarf kemur til greina. Stöðurnar veitast frá 1. nóvember 2015 eða eftir nánara samkomulagi.

Helstu verkefni og ábyrgð

Sérfræðilæknir:

Pátttaka í daglegri læknisþjónustu á deildum umdæmissjúkrahússins og heilsugæslunnar þar.

Heilsugæslu- og deildarlæknir:

Pátttaka í daglegri læknisþjónustu á heilsugæslu og öðrum deildum sjúkrahússins.

Gildir fyrir bæði störf:

Vaktskylda, samskipti og þjónusta við sjúklinga, kennsla, teymisvinna og endurmenntun.

Nánar um störf in í starfslýsingum.

Hæfnikröfur

Sérfræðilæknir:

Fullgild sérfræðiréttindi í almennum lyflækningum eða bráðalækningum.

Heilsugæslu- og deildarlæknir:

Sérfræðileyfi í heimilislækningum, eftir atvikum í annarri sérgrein læknisfræði eða almennt lækningaleyfi.

Gildir fyrir bæði störf: Lögð er áhersla á faglegan metnað, jákvæðni og sveigjanleika. Lipurð og áreiðanleiki í samskiptum eru skilyrði. Áskilinn er réttur til að hafna umsóknnum frá einstaklingum sem ekki teljast uppfylla framangreind skilyrði.

Umsóknarfrestur er til og með 20. október 2015.

Kjör fara eftir kjarasamningi fjármálaráðherra og Læknafélags Íslands.

Umsóknnum skal skilað á eyðublöðum sem fást á vef Embættis landlæknis; www.landlaeknir.is, til HSA, mannauðsstjóra, Lagarási 22, 700 Egilsstöðum.

Öllum umsóknnum verður svarað. Tekið er mið af jafnréttisstefnu HSA við ráðningar.

Umsókn fylgi staðfestar upplýsingar um nám, starfsreynslu, kennslu og vísindastörf, ásamt afriti af greinum sem umsækjandi kann að hafa birt eða skrifað. Mat HSA byggist á innsendum umsóknargögnum.

Viðtöl verða tekin við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið einnig á þeim.

Nánari upplýsingar veita Pétur Heimisson, framkvæmdastjóri lækninga, s. 470-3052 og 860-6830, netf. petur@hsa.is,

Jón H. H. Sen, starfandi forstöðulæknir, s. 840-4144, netf. jon@hsa.is,

Valdimar O. Hermannsson, rekstrarstjóri, s. 860-6770, netf. valdimarh@hsa.is og Emil Sigurjónsson mannauðsstjóri, s. 470 3053 og 895 2488, netf. emils@hsa.is.



HSA
HEILBRIGÐISSTOFNUN
AUSTURLANDS

AUGNLÆKNIR ÓSKAST TIL STARFA Á AUSTURLANDI

Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA) óskar eftir augnlækni til þess að sinna augnlæknaþjónustu í Fjarðabyggð; á starfsstöðvum HSA í Neskaupstað og á Eskifirði.

HSA er með samning við Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) um sérfræðiþjónustu í augnlækningum fyrir sjúkratryggða einstaklinga samkvæmt lögum um sjúkratryggingar nr. 112/2008.

Augnlæknir getur nýtt sér viðkomandi samning vegna þjónustunnar, sem kveður á um 650 viðtöl á ári. Miðað er við augnlæknaþjónustu sem ekki krefst innlagnar á sjúkrahús og skal veita þjónustuna sem jafnast yfir árið.

Umsóknarfrestur er til 26. október 2015.

Umsóknnum skal skilað á eyðublöðum sem fást á vef Embættis landlæknis; www.landlaeknir.is, til HSA, mannauðsstjóra, Lagarási 22, 700 Egilsstöðum.

Nánari upplýsingar veita Kristín B. Albertsdóttir, forstjóri, s. 470-3050, netfang; kba@hsa.is eða Pétur Heimisson, framkvæmdastjóri lækninga, s. 470-3050, netfang; petur@hsa.is

HSA starfar á þremur fagsviðum; heilsugæslu-, hjúkrunar- og sjúkrasviði. Áhersla er lögð á samvinnu þvert á byggðarlög. Stofnunin þjónar rúmlega 11.000 íbúum frá Djúpavogi til Vopnafjarðar, auk ferðamanna sem sækja Austurland heim. Umdæmissjúkrahús Austurlands er í Neskaupstað.

Umdæmissjúkrahús Austurlands/FSN í Neskaupstað starfrækir blandaða lyf- og handlækningadeild, hjúkrunardeild, fæðingarþjónustu og endurhæfingardeild ásamt stoðdeildum, sem og heilsugæslu fyrir íbúa í Neskaupstað og Mjóafirði. Þjónustusvæði sjúkrahússins nær frá Bakkafirði til Djúpavogs, svæðis sem telur um 11.000 íbúa.

Meginhlutverk sjúkrahússins er að veita almenna sjúkrahúsþjónustu samanber lög um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 og það er hlekkur í þjónustukeðju HSA, sem starfar á þremur fagsviðum; heilsugæslu-, hjúkrunar- og sjúkrasviði. Á þjónustusvæði HSA eru auk FSN fimm heilsugæslur, en alls eru starfsstöðvarnar ellefu talsins.

HSA vill byggja þjónustu sína á mannvirðingu, þekkingu og þverfaglegri samvinnu.



Oddi er stærsti framleiðandi landsins á sviði umbúða úr pappír og plasti, ásamt því að veita atvinnulífina fjölbreytta prentþjónustu. Viðskiptavinir Odda eru úr mörgum starfsgreinum einkum á sviði sjávarútvegs, matvælaframleiðslu, iðnaðar, verslunar, þjónustu og útgáfu. Oddi hefur um 250 starfsmenn á fjórum starfsstöðvum í Reykjavík og er velta fyrirtækisins liðlega 5 milljarðar króna. Oddi er jafnréttisinnáður vinnustaður sem leggur mikla áherslu á samskipti mannauðs, samfélags og umhverfis.

Forstjóri

Oddi óskar eftir að ráða öflugan forstjóra með mikla reynslu af rekstri og góða þekkingu á framleiðslu og markaðsmálum. Leitað er að árangursdrifnum, metnaðarfullum og sóknjörfum einstaklingi til að leiða hátæknivætt iðnfyrirtæki inn í nýja tíma.

Kröfur:

- Háskólamenntun
- Mikil reynsla af stjórnun og rekstri
- Þekking á íslenskum markaði
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Framúrskarandi leiðtogaþæfileikar

Upplýsingar veita:

Sverrir Briem
sverrir@hagvangur.is

Þórir Þorvarðarson
thorir@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á
www.hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og
með 15. október nk.



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

Verkefnisstjóri í 50% starf á skrifstofu Hjúkrunarfræðideildar

Leitað er að metnaðarfullum og drífandi verkefnisstjóra við framhaldsnám í Hjúkrunarfræðideild. Viðkomandi þarf að vera lausnamiðaður, fljótur að tileinka sér nýjungar og hafa gaman af að vinna með fólki.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Gott vald á upplýsingatækni og hæfni til að tileinka sér nýjungar á því sviði
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Góð færni í mannlegum samskiptum og rík þjónustulund
- Frumkvæði, sjálfstæði, sveigjanleiki og nákvæmni í starfi

Nánari upplýsingar veitir Heba Soffía Björnsdóttir, deildarstjóri Hjúkrunarfræðideildar, í síma 525 4961, heba@hi.is.

Umsóknarfrestur er til og með 12. október 2015. Sjá nánar www.hi.is/laus_storf.



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Loftorka Reykjavík ehf

Óskar eftir að ráða vana menn á verkstæði.

Upplýsingar gefur Róbert í s. 891 9669



STÁL~ORKA

SKIPAVIDGERÐIR
HVALEYRARBRAUT 37 220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 565-0399 GSM 892-7687

Stálorka óskar eftir

Stálorka óskar eftir að ráða menn til framtíðarstarfa vana smíði úr ryðfríu stáli og áli. Aðalstarfsvið er smíði á búnaði í skip og báta. Hægt er að senda inn umsóknir á stalorka@simnet.is eða hafa samband við Benedikt í síma 8927687 á virkum dögum milli 8 og 18.



HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

www.hafnarfjordur.is

Áslandsskóli auglýsir eftir sérkennara á eldra stigi (6. - 10. bekkur)

Áslandsskóli var stofnaður árið 2001 og er staðsettur í Áslandshverfi í Hafnarfirði. Skólinn byggir stefnu sína á fjórum stöðum náms og menntunar sem eru:

- Allar dygðir
- Hnatrænn skilningur
- Þjónusta við samfélagið
- Að gera allt framúrskarandi vel

Í skólanum er nám einstaklingsmiðað þannig að hver nemandi fái námsefni við hæfi og þrói þannig og þroski hæfileika sína með markvissum hætti. Í skólanum er lögð áhersla á velliðan nemenda og góðan námsárangur. Unnið er eftir SMT skólafærni. Áslandsskóli mun í haust hefja innleiðingu á notkun Apple Ipad spjaldtölva í 5.-10. bekk skólans. Jafnframt hefst í haust undirbúningur að því að verða heilsueflandi grunnskóli.

Helstu verkefni:

- Annast sérkennslu í 6.-10. bekk skólans
- Vinnur að skipulagi sérkennslu í ofantöldum árgöngum
- Vinnur að þróun skólustarfs í samstarfi við stjórnendur og samstarfsfólk
- Stuðlar að velferð nemenda í samstarfi við foreldra og annað fagfólk
- Vinnur samkvæmt stefnu skólans í SMT skólafærni og að græn fánaverkefni sem ætlað er að skapa gott andrúmsloft í skólanum og tryggja öryggi og velferð nemenda og starfsfólks
- Tilfallandi verkefni sem skólastjóri felur viðkomandi

Hæfniskröfur:

- Kennsluréttindi í grunnskóla
- Mikill áhugi á starfi með börnum
- Reynsla af skipulagi og verkefnastjórnun er kostur
- Frumkvæði og styrkur til ákvörðunartöku
- Uppbyggjandi í samskiptum, sveigjanleiki og samstarfshæfni
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Jákvæðni og áhugi á að starfa í skapandi og metnaðarfullu umhverfi og efla sterka liðsheild enn frekar
- Stundvísi og samvissusemi
- Æskilegt að viðkomandi hafi áhuga á að starfa með SMT skólafærni

Upplýsingar um starfið veitir Leifur S. Garðarsson, skólastjóri í síma 585 4600, leifur@aslandsskoli.is

Umsóknarfrestur er til og með 14. október nk. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ.

Frístundaleiðbeinendur Víðistaðaskóli og Engidalur

Víðistaðaskóli óskar eftir að ráða frístundaleiðbeinendur með fjölbreytta hæfileika og áhuga á að vinna með börnum í hlustastörf á frístundaheimilum. Um er ræða 50% störf eða minna. Vinnutími er kl. 13-17 alla virka daga.

Hæfniskröfur:

- Reynsla eða menntun sem nýtist í starfi æskileg
- Áhugi á að vinna með börnum
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði

Um kaup og kjör fer samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar veitir Gunnella Hólmarsdóttir verkefnastjóri Tímstundamiðstöðvar Víðistaðaskóla í síma 664-5784. Einnig má senda fyrirspurnir á gunnella@hafnarfjordur.is Umsóknarfrestur er til og með 15. október nk.

Öflugur bókarí óskast á Fjármálasvið Hafnarfjarðarbæjar

Fjármálasvið er annað af stöðsviðum sveitarfélagsins og þar starfa um 15 manns. Sviðinu er skipt í fjárreiðudeild, hagdeild og bókhaldsdeild og heyrir starfið undir deildarstjóra bókhalds. Um er að ræða 100% starf. Viðkomandi þyrfti að geta hafið störf sem fyrst.

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:

- Skráning reikninga og færsla bókhalds
- Afstemmingar
- Skil á virðisaukaskattskýrslum, skattskýrslum og öðrum gögnum til skattayfirvalda
- Önnur störf tengd bókhaldi og uppgjörsvinnu

Hæfniskröfur:

- BS í viðskiptafræði
- Reynsla af sambærilegu starfi
- Mjög góð kunnátta í Excel og almenn tölvukunnátta
- Reynsla af Navision æskileg
- Samskipta- og samstarfshæfni
- Nákvæmni í vinnubrögðum

Nánari upplýsingar um starfið veitir Rósa Steingrimsdóttir sviðsstjóri fjármálasviðs, rosas@hafnarfjordur.is

Umsóknarfrestur er til og með 13. október nk. Laun eru skv. kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Samkvæmt jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvattir til að sækja um starfið.

Garri er leiðandi innflutningsaðili á mat- og hreinlætisvöru til fyrirtækja og stofnana. Garri hefur starfað frá 1973.

LAGERMAÐUR ÓSKAST

Garri heildverslun óskar eftir að ráða starfsmann á lager að Lynghálslí 2, Reykjavík.

Helstu verkefni:

- Tiltekt pantana
- Almenn lagerstörf

Hæfniskröfur:

- Nákvæm vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar
- Reynsla af sambærilegum störfum kostur
- Íslenskukunnátta æskileg

Áhugasamir sendi inn ferilskrá með upplýsingum um menntun og fyrri störf á netfangið karl@garri.is merkt; Lagerstarf 2015.

Umsóknarfrestur er til og með 11. október 2015.

www.garri.is
5 700 300



LímtreVírnet

BYGGINGAFRÆÐINGUR Á BYGGINGAÐEILD.

Límtre Vírnet ehf. auglýsir eftir byggingafræðingi til starfa á byggingadeild að Vesturvör 29 í Kópavogi.

Starfssvið

- Hönnun og teiknivinna fyrir límtreshús með Yleiningum.
- Þróunarvinna við íbúðarhús úr steinullareiningum.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Byggingafræði B.Sc.
- Þekking á teikniforritunum AutoCAD, Revit Architecture og SketchUp.
- Hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í teymisvinnu.
- Skipulögð og öguð vinnubrögð í starfi.
- Frumkvæði og faglegur metnaður.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Iðnmenntun er kostur.

Umsóknir með ferilskrá sendist til Sigurðar Guðjónssonar forstöðumanns byggingadeildar á netfangið sg@limtrevirnet.is

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigurður í síma 412-5390 og 617-5390.

Umsóknarfrestur er til 11. okt. 2015

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

ráðum
ráðningarstofa

Við leitum að starfsfólki!

RÁÐUM EHF • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is

Viðskiptastjóri – Snyrti- og hreinlætisvörusvið

Nathan & Olsen leitar að viðskiptastjóra í fullt starf. Leitað er að árangursdrifnum einstaklingi með framúrskarandi samskiptahæfni.

Nathan & Olsen hf 

zendium
GÓÐI TANNHJÓÐIRIN

GUERLAIN

BOURJOIS
PARIS

Elizabeth Arden
NEW YORK

CHANEL

Libero

Neutral

Dove

GOSH

TONI&GUY

BURBERRY

Libresse

VIÐSKIPTASTJÓRI

STARFS- OG ÁBYRGÐARSVIÐ

- Samningar og samskipti við lykilviðskiptavini
- Uppbygging tengsla við starfsmenn í verslunum
- Ábyrgð á sölu og eftirfylgni sölumarkmida
- Upplýsingaflæði og samstarf við sölu- og markaðsdeild
- Önnur tilfallandi verkefni í samráði við sölustjóra

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi æskileg
- Reynsla og þekking af neytendavörumarkaði skilyrði
- Reynsla af samningatækni og tölulegum upplýsingum
- Frumkvæði, áreiðanleiki og drifkraftur
- Þjónustulund, samstarfshæfni og jákvætt viðhorf

Upplýsingar um starfið veitir Þorsteinn Gunnarsson, sölustjóri í s. 821-8407. Umsjón með ráðningu hefur Inga Guðrún Birgisdóttir mannaútskjóti. Öllum umsóknnum verður svarað þegar ákvarðanir um ráðningar hafa verið teknar. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur er til 19. október 2015

Nathan & Olsen er traust sölu- og markaðsfyrirtæki með dagvöru. Fyrirtækið er hluti af 1912 samstaðunni þar sem starfa u.þ.b. 100 manns. Starfsfólk býr við glæsilega aðstöðu í höfundstöðvum fyrirtækisins að Klettagörðum í Reykjavík þar sem jafnframt er rekið vel útbúið mótuneyti. Að auki er starfsstöð á Akureyri.

Gildin sem starfsfólk hefur að leidarljósi eru:

Frumkvæði - Líðsheild - Áreiðanleiki - Ástríða

NÁNARI UPPLÝSINGAR

Áhugasamir um starf fari á vefsíðu okkar á www.1912.is og grunnskrái sig og sækji um starfið. Greint skal frá menntun, fyrri störfum og tekin fram sú reynsla sem umsækjandi telur að muni gagnast sér í starfi. Bæði kynin eru hvött til þess að sækja um starf.

Klettagarðar 19 | 104 Reykjavík | Sími 530 8400 | Fax 530 8401 | www.1912.is



Fjarðalax leitar að áhugasömu og dugmiklu starfsfólki

Störf í boði bæði í Reykjavík og á Vestfjörðum

AÐALBÓKARI FJARÐALAX

Fjarðalax leitar að aðalbókara í 100% starf á skrifstofu félagsins í Reykjavík. Um framtíðarstarf er að ræða hjá stærsta laxeldisfyrirtæki landsins.

Starfið felst í bókhaldi, samskiptum við endurskoðendur, launaútreikningi, almennum skrifstofustörfum, s.s. símsvörun, móttöku viðskiptavina og ýmsum tilfallandi verkefnum.

Hæfniskröfur:

- Reynsla af bókhaldsstörfum, þekking á Navision er nauðsynleg.
- Góð almenn tölukunnátta, einkum í Excel.
- Skipulögð, sjálfstæð og nákvæm vinnubrögð.

VÉLSTJÓRI

Umsækjandi þarf að hafa réttindi sem yfirvéltjóri VS.III á skip sem er lengra en 12 metrar eða A réttindi og vélarstærð 750 kw eða stærri.

SKIPSTJÓRI

Umsækjandi þarf að hafa skipstjórnarnám B allt að 45 m.

Áhugasamir vinsamlegast sendi ferilskrá til starfsmannastjóra, kristin@fjardalax.is

Umsóknarfrestur um framangreind störf er til **11. október 2015**.

Umsækjendur þurfa að geta hafið störf eigi síðar en **1. nóvember 2015**.

Fjarðalax var stofnað árið 2009 en fyrirtækið elur lax í Arnarfirði, Patreksfirði og Tálknafirði. Fjarðalax hefur frá upphafi framið umhverfisvænan lax í kynslóðaskiptu eldi.

Kynslóðaskipti eldi felur í sér að hver kynslóð er alin í sjó í rúmlega tvö ár og síðan er fjórurinn hvíldur í tæpt ár. Fjarðalax notar engin eiturfæri eða aflúsunarfæri við eldið.

Fjarðalax hefur hlutið umhverfis- og gæðavottunina BAP, Best Aquaculture Practices, ásamt IMO vottun fyrir Whole Foods Market í Bandaríkjunum. Umhverfissvöktun, rannsóknir og gæðastýring eru lykilþættir í rekstri fyrirtækisins.

Á sunnanverðum Vestfjörðum búa um 1300 manns, í ægifögru umhverfi í námunda við Látrabjarg, Rauðasand og Arnarfjörð.

Á Patreksfirði, Tálknafirði og Biddal eru starfræktir fjórir skólar og þrjú leikskólar auk tónlistarskóla. Þá rekur fjölbrautaskóli Snarfeilinga framhaldsdeild á Patreksfirði.

Mannlífið á sunnanverðum Vestfjörðum er blómlegt og fjölmörg félagsamfélök eru þar starfandi.



 **FJARÐALAX**

Strandgötu 43
460 Tálknafjörður
fjardalax@fjardalax.is

Grandagarði 14
101 Reykjavík
www.fjardalax.is



Verkefnisstjóri í Nemendapjónustu Verkfræði- og náttúruvísindasvið

Verkfræði- og náttúruvísindasvið Háskóla Íslands leitar að verkefnisstjóra framhaldsnáms í Nemendapjónustu sviðsins.

Nemendur Verkfræði- og náttúruvísindasviðs eru um 2.300 talsins. Um 500 nemendur eru í framhaldsnámi, fjórðungur þeirra er erlendur. Doktorsnám hefur þróast hratt á undanföllum árum við sviðið og hefur doktorsnemum fjölgað mikið. Í dag eru þeir 150 talsins.

Starfssvið

- Umsjón með umsóknum og námsferlum framhaldsnema
- Þátttaka í fjölbreyttum verkefnum Nemendapjónustu Verkfræði- og náttúruvísindasviðs
- Samhæfing rannsóknaráms við rekstur rannsókna
- Þróun vinnuferla framhaldsnáms
- Þátttaka í gerð kennsluskrár
- Umsjón með skiptinámi
- Þjónusta við nemendur og leiðbeinendur

Á Verkfræði- og náttúruvísindasviði starfa um 360 manns við rannsóknir á heimsmeðlíkvarða og við fjölbreytta og metnaðarfulla kennslu. Starfsumhverfi er alþjóðlegt enda eykst sífellt hlutfall erlendra nemenda og starfsmanna við sviðið. Rannsóknarstofnanir sviðsins eru eftirsóttir samstarfsaðilar erlendra háskóla og gegna veigamiklu hlutverki í vísindasamfélaginu. Þetta eru Verkfræðistofnun, Líf- og umhverfisvísindastofnun og Raunvísindastofnun. Háskóli Íslands er í hópi 300 bestu háskóla heims samkvæmt nýjum matslista Times Higher Education.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi, gerð er krafa um meistaraþróf
- Þjónustulund og afbrigðs samstarfshæfni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti
- Skipulagshæfni og frumkvæði í starfi

Æskilegt er að viðkomandi hafi doktorsþróf. Reynsla af verkefnastjórnun og gæðastjórnun er kostur.

Umsóknarfrestur er til og með 12. október 2015.

Nánari upplýsingar veitir Guðrún Helga Agnarsdóttir, kennslustjóri Verkfræði- og náttúruvísindasviðs, í síma 525 4646, ulla@hi.is

Sjá nánar www.hi.is/laus_storf



HÁSKÓLI ÍSLANDS

PRAN/IMA • SÍA • 134538



BYGGINGATÆKNIFRÆÐINGUR/ BYGGINGAVERKFRÆÐINGUR Á BYGGINGAÐEILD.

Límtré Vírnet ehf. auglýsir eftir byggingatæknifræðingi eða byggingaverkfræðingi til starfa á byggingadeild að Vesturvör 29 í Kópavogi.

Starfssvið

- Hönnun á límtrésburðarvirki fyrir byggingar.
- Deilihönnun og teiknivinna fyrir límtréshús með Yleiningum.
- Þróunarvinna við hús með límtrésbitum og steinullar-einingum.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Byggingatæknifræði B.Sc./Byggingaverkfræði M.Sc.
- Þekking á teikni- og hönnunarforritum.
- Þekking á teikniforritinu Revit Architecture er kostur.
- Hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í teymisvinnu.
- Skipulögð og öguð vinnubrögð í starfi.
- Frumkvæði og faglegur metnaður.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Iðnmenntun er kostur.

Umsóknir með ferilskrá sendist til Sigurðar Guðjónssonar forstöðumanns byggingadeildar á netfangið sg@limtrevirnet.is

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigurður í síma 412-5390 og 617-5390.

Umsóknarfrestur er til 11. okt. 2015

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

DEILDARSTJÓRI Í MÁLNINGARDEILD GRANDA

Mikil fjölbreytni ríkir í starfsemi BYKO og erum við ávallt að leita að góðu fólki. Ef þú býrð yfir hæfileikum til að starfa sjálfstætt, ert jákvæður og átt gott með að vinna með öðrum þá hvetjum við þig til að sækja um. Við bjóðum upp á góða vinnuástöðu, frábæra samstarfsfélaga og mikla framtíðarmöguleika hjá traustu og öflugum fyrirtæki. Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um starfið.

✓ STARFSSVIÐ

Starfið felst í ráðgjöf og sölu á málningu og tengdum vörum. Deildarstjóri ber ábyrgð á daglegri sölu og starfar í samvinnu við verslunarstjóra við eftirfylgni vöruflæðis inn í deildina og frágangi á vörum. Deildarstjóri er leiðtogi sem þarf að vera hvetjandi til að ná settum markmiðum með samstarfsmönnum sínum.

✓ HÆFNISKRÖFUR

Þekking og reynsla af sölumennsku er góður kostur ásamt því að viðkomandi hafi þekkingu á málningu og tengdum vörum auk leiðtogahæfni. Viðkomandi þarf að hafa ríka þjónustulund.

Umsóknarfrestur er til 20. október næstkomandi og sækja þarf um starfið á www.byko.is.

Nánari upplýsingar veitir Agnar Kárasón, verslunarstjóri, agnar@byko.is.

Húsvörður

Húsfélagið að Hraunbæ 103 í Reykjavík vill ráða húsvörð. Í húsinu eru 46 íbúðir fyrir íbúa 60 ára og eldri. Verkefni húsvörðar eru þríf á sameign, almenn umhirða húss, lóðar og bílastæða auk almenns viðhalds og endurbóta. Húsvörður þarf að vera laghentur og útsjónarsamur og skal hafa auga fyrir því sem betur má fara. Gert er ráð fyrir að kalla megi húsvörð til þegar nauðsyn krefur utan vinnutíma en hluti af kjörum húsvörðar eru afnot af húsvörðaríbúð. Lögð er áhersla á að umsækjandi sé sé jákvæður að eðlisfari og sé góður í samskiptum.

Skriflegar umsóknir ásamt ferilskrá og meðmælum berist:
Eignaumsjón hf. Suðurlandsbraut 30, 108 Reykjavík eða
starfsumsokn@eignaumsjon.is
Umsóknarfrestur er til og með 7. október 2015.



Kennsluþjálfari

Háskólinn í Reykjavík óskar eftir að ráða öflugan og metnaðarfullan einstakling í starf kennsluþjálfara á kennsluvið háskólans. Kennsluvið hefur umsjón með nemendabókhalda, kennsluráðgjöf og þjálfun kennara, þróun kennsluferfa, prófum og annarri umsjón um kennslu við skólann. Sviðið sinnir jafnframt skipulagningu og eftirfylgni með innra og ytra gæðaeftirliti með kennslu og námi.

Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem er tilbúinn að taka þátt í að fylgja eftir stefnu skólans um átak í eflingu gæða kennslu og náms.

Starfssvið

- Próun og innleiðing á nýrri stefnu um aukið gæðamat kennslu og náms.
- Próun aðferðafræði kennslu og innleiðing á nýjum kennsluáðferðum.
- Ráðgjöf og handleiðsla kennara.
- Skipulagning og úrvinnsla kennslumats.
- Ráðgjöf við kennslustefnu.
- Þátttaka í verkefnum kennslusviðs s.s. prófahaldi, undirbúningi útskrifta, almenns gæðaeftirliti o.fl.

Hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýttist í starfið, s.s. í kennslufræði, náms- og starfsráðgjöf eða uppeldisfræði.
- Reynsla af kennsluþjálfun eða sambærilegu starfi.
- Þekking og reynsla af háskólastarfi.
- Frumkvæði í starfi og framsýni.
- Skipulag og ögun í vinnubrögðum.
- Góð enskukunnátta er skilyrði.
- Teymishugsun, lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum.

Nánari upplýsingar veitir Einar Hreinnsson (ainarhr@ru.is) forstöðumaður kennslusviðs og Sigríður Elín Guðlaugsdóttir (sigrigureg@ru.is) mannaúdsstjóri HR. Umsóknnum skal skilað á vef Háskólans í Reykjavík, www.hr.is/lausstof. Farið er með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál. Umsóknarfrestur er til og með 19. október 2015.

Hlutverk Háskólans í Reykjavík er að skapa og miðla þekkingu til að auka samkeppnishæfni og lífsgæði fyrir einstaklinga og samfélag með siðgæði, sjálfbærni og ábyrgð að leiðarljósi. Akademískar deildir skólans eru fjórar: lagadeild, tölvunarfræðideild, tækni- og verkfræðideild og viðskiptadeild. Kennsla og rannsóknir við Háskólann í Reykjavík mótast af sterkum tengslum við atvinnulíf og samfélag. Lögð er áhersla á þverfaglega, alþjóðlegt umhverfi, nýsköpun og góða þjónustu. Nemendur háskólans eru um 3500 og starfa um 230 fastir starfsmenn við skólann auk fjölda stundakennara.

Háskólinn í Reykjavík | Menntavegi 1 | 101 Reykjavík | Sími 599 6200 | www.hr.is



Auðarskóli
Ábyrgð - Ánægja - Árangur

Aðstoðarleikskólastjóra vantar við Auðarskóla

Laus er staða aðstoðarleikskólastjóra við leikskóladeild Auðarskóla. Auðarskóli, sem er samrekin leik-, grunn- og tónlistarskóli, er staðsettur í Búðardal.

Einkunnarorð skólans eru: Ábyrgð - Ánægja - Árangur.

Leikskólinn er tveggja deilda og að jafnaði dvelja þar 35 - 40 börn frá 12 mánaða aldri. Húsnæði leikskólans er nýlegt og aðstaða og aðbúnaður góður. Næsti yfirmaður aðstoðarleikskólastjóra er skólastjóri. Við leitum að einstaklingi sem er jákvæður, skapandi og hefur hæfileika til að virkja krafta starfsfólks til góðra verka.

Hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun
- Góð færni í mannlegum samskiptum
- Áhugi og metnaður fyrir faglegu leikskólastarfi
- Skipulagshæfni
- Frumkvæði
- Sjálfstæði í vinnubrögðum

Laun eru samkvæmt kjarasamningum Kennarasambands Íslands.

Umsóknarfrestur er til og með 12. október.

Nánari upplýsingar veitir Eyjólfur Sturlaugsson skólastjóri í síma 899-7037. Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á netfangið eyjolfur@audarskoli.is



Við leitum að snillingum í samskiptum

Vegna aukinna umsvifa þurfa Momentum og Gjaldheimtan að bæta við sig öflugum einstaklingum


MARKAÐS- OG SÖLUFULLTRÚAR

Starfið felst í því að kynna og selja þjónustu fyrirtækjanna í viðtækum skilningi. Umsækjendur þurfa að hafa reynslu af markaðs- og/eða sölustörfum og yfirgripsmikla þekkingu á markaðnum. Umsækjendur þurfa að vera tilbúnir að starfa undir álagi, hafa ríka þjónustulund og mikla söluhæfileika. Laun eru að hluta árangurstengd.

Momentum og Gjaldheimtan bjóða upp á lífleg en um leið krefjandi störf í ört vaxandi umhverfi. Starfsfólk okkar er jákvætt, öflugt og reynslumikið og leitum við að nýju fólki til þess að bættast í okkar góða hóp.

Umsækjendur sendi ferilskrá á umsoknir@momentum.is eigi síðar en þriðjudaginn 9. október 2015.

Bent er á upplýsingar um félögin á www.momentum.is og www.gjaldheimtan.is



Fagstjóri lækninga Heilsugæslan Mjódd

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins auglýsir laust til umsóknar starf fagstjóra lækninga við Heilsugæsluna Mjódd. Um er að ræða ábyrgðarmikið og krefjandi starf sem reynir á frumkvæði, skipulagshæfni og samskiptahæfileika. Starfshlutfall er 100% og verður ráðið í starfið til 5 ára frá og með 1. nóvember nk. eða eftir nánara samkomulagi.

Umsóknarfrestur er til og með 19. október 2015.

Heilsugæslan á að vera fyrsti viðkomustaður í heilbrigðisþjónustunni þar sem ólíkum þörfum notenda er mætt og þeim leiðbeint yfir í önnur kerfi heilbrigðisþjónustunnar eftir því sem þörf er á. Flóknari vandamál, þörf fyrir fjölbreyttari úrræði og skortur á sérhæfðu starfsfólki kallar á nýja nálgun í starfsemi heilsugæslustöðva. Hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins er hafin breyting á skipulagi og

rekstri heilsugæslustöðva sem miðar að því að auka þjónustu við notendur, nýta betur fjármuni og bæta vinnuumhverfi starfsmanna.

Til að gera þjónustuna markvissari verður teymisvinna grunnstef í starfsemi stöðva, ásamt innleiðingu aðferða straumlínustjórnunar. Þverfagleg teymi heilbrigðisstarfsfólks munu auðvelda stöðvum að taka á flóknum vandamálum með fjölbreyttum úrræðum. Í breyttu skipulagi mun starfsfólk fá auknið sjálfstæði til að móta starfsemina og útfæra þjónustu sem mætir þörfum íbúa og uppfyllir um leið kröfur um árangur samkvæmt mælingum og mati.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Skipulag, verkstjórn og samhæfing innan fagsviðs ásamt svæðisstjóra, í samræmi við stefnu og markmið Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins
- Er svæðisstjóra innan handar við daglegan rekstur stöðvar og er staðgengill hans
- Innleiðir nýjungar og vinnur að breytingum á starfsemi til hagsbóta fyrir skjólstæðinga stöðvar
- Tekur þátt í gerð, innleiðingu og notkun klínískra leiðbeininga
- Stuðlar að góðri vinnustaðamenningu
- Tekur þátt í vísinda-, þróunar- og gæðastarfi
- Hefur umsjón með sérnámslæknum stöðvar, veitir fræðslu til nema, nýliða og starfsmanna fagsviðs í samvinnu við aðra starfsmenn stöðvar
- Er faglegur yfirmaður á sínu sviði og sinnir klínísku starfi samhliða

Hæfnikröfur:

- Sérfræðingur í heimilislækningum
- Reynsla af starfi í heilsugæslu
- Þekking, reynsla og hæfni á sviði stjórnunar
- Nám í stjórnun æskilegt
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Leiðtogaþæfni og metnaður til að ná árangri í starfi
- Frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt
- Reynsla af og áhugi á teymisvinnu

Nánari upplýsingar veita:

Hrafnhildur Halldórsdóttir, svæðisstjóri
Netfang: hrafnhildur.halldorsdottir@heilsugaeslan.is
Sími 821-2230

Oddur Steinarsson, framkvæmdastjóri lækninga
Netfang: oddur.steinarsson@heilsugaeslan.is
Sími 585-1300

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og Læknafélags Íslands.

Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar. Leggja skal fram staðfestar upplýsingar um menntun, fyrri störf og reynslu. Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Svövu Þorkeldsdóttur, mannauðsstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Álfabakka 16, 109 Reykjavík.

Sækja skal um starfið rafrænt á vef Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (www.heilsugaeslan.is) undir laus störf eða á Starfatorgi (www.starfatorg.is). Jafnframt skal fylla út eyðublaðið „Umsókn um læknisstöðu“ og setja það í viðhengi. Umsóknareyðublaðið má nálgast á vef Embættis landlæknis (www.landlaeknir.is) undir útgefið efni.

Allar umsóknir verða sendar til stöðunefndar hjá Landlæknisembættinu. Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið á þeim og innsendum gögnum.

Tekið er mið af jafnréttisstefnu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins við ráðningu í starfið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Ábyrgð – Fagmennska – Traust – Þjónusta – Framþróun

Verkstjóri Óskast

Hreint ehf. óskar eftir verkstjóra sem hefur umsjón með vörulager, þvottahúsi og sinnir útkeyrslu.

Leitað er að starfsmanni sem er þjónustulundaður, skipulagður, sjálfstæður í vinnubrögðum og með góða almenna tölvukunnáttu. Reynsla af sambærilegu starfi æskileg. Umsækjendur þurfa að hafa náð 25 ára aldri, tala íslensku, hafa bílpróf og vera með hreint sakavottorð.

Umsóknarfrestur er til og með 11. október.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Nánari upplýsingar veitir Arna Kristín Harðardóttir (arna@hreint.is) ráðningastjóri Hreint ehf.



MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

Fulltrúi á skrifstofu

Menntaskólinn í Kópavogi óskar eftir að ráða fulltrúa í fullt starf á skrifstofu skólans, um framtíðarstarf er að ræða.

Starfið felur í sér símsvörun og almenn skrifstofustörf s.s. afgreiðslu, ritvinnslu, móttöku, miðlun upplýsinga til starfsmanna og nemenda, auk sérverkefna. Umsækjandi þarf að vera góður í mannlegum samskiptum hafa þjónustulund og sýna frumkvæði og árverki í starfi.

Æskilegt er að umsækjandi hafi menntun í skrifstofugreinum og góða tölvufærni.

Ráðið er í starfið frá 1. nóvember n.k. og fara launakjör eftir samningi Starfsmannafélags ríkisins og fjármálaráðherra. Umsóknarfrestur er til 19. október. Ekki þarf að sækja um á sérstöku umsóknareyðublaði en í umsókn þarf að greina frá menntun og starfsreynslu.

Umsókn skal senda til skrifstofustjóra Sigríðar Guðrúnar Sveinsdóttur sem jafnframt veitir frekari upplýsingar um starfið í síma 594 4000.

Skólameistari

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



PORT hönnun

Capacent Ráðningar

Umsækjendur og atvinnurekendur • www.capacent.is

capacent



BYGG GRÖFUMADUR

Óskum eftir að ráða vanan hjólagröfumann.
Meirapróf kostur ekki skilyrði.
Framtíðarstörf í boði.

Upplýsingar veitir Guðjón í síma 617-3000
Netfang: gudjon@bygg.is



Starfsmaður í Tannlæknadeild

Starfskraft vantar í Tannlæknadeild Háskóla Íslands.

Umsóknarfrestur er til og með 9. október 2015.
Nánari upplýsingar á www.starfatorg.is og hjá
Hönnu G. Daniélsdóttur í síma 525 4888, hgd@hi.is.



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Vissir þú að...



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Foreldrar bera megin ábyrgð á aðstoðu
afvikandi, andlegum og félagslegum
þroska barna sinna.



Landflutningar Samskip óska eftir akstursstjóra til starfa

Meginverksvið akstursstjóra er að skipuleggja og stýra akstri bílaflota fyrirtækisins innan höfuðborgar-
svæðisins og strandakstri um land allt. Akstursstjóri sér um skipulagningu viðhalds á tækjakosti
starfsstöðvar og tryggir að viðskiptavinir fyrirtækisins fái góða þjónustu.

Um er að ræða fullt starf þar sem unnið er á bakvöktum þriðju
hverja viku.

Menntunar- og hæfnikröfur

- Menntun sem nýtist í starfi
- Marktæk reynsla af verkstjórn
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Meiraprófsréttindi er kostur
- Góð tölvufærni

Eiginleikar

- Afburða samskiptahæfni og jákvætt viðmót
- Rík þjónustulund og sveigjanleiki
- Metnaður, seigla og framsýni til þess að ná árangri í starfi
- Skipulögð og lausnamiðuð hugsun

Umsóknarfrestur er til og með
11. október n.k. Eingöngu er
tekið á móti umsóknum í gegnum
heimasiðu okkar www.samskip.is
og eru umsækjendur beðnir um að
skila inn ferilskrá ásamt greinagóðu
kynningarbréfi.

Nánari upplýsingar veitir
Jóhannes Karl Kárasón, flotastjóri.
johannes.karl.karason@samskip.com

Landflutningar
SAMSKIP

VILTU VINNA VIÐ ALVÖRU VÉLAR?

Okkur vantar **bifvélavirkja, vélvirkja eða einstakling með reynslu af vörubíla viðgerðum.**

Starfið felst í viðhalds- og viðgerðarþjónustu á vörubíla- og vinnuvélaverkstæði Kletts.
Það er mjög vel tækjum búið og er eitt það fremsta á sínu sviði í heiminum í dag.
Um er að ræða framtíðarstarf í traustu og öruggu umhverfi.

Hjá Kletti starfa um 75 manns við þjónustu og sölu á meðal annars Scania,
Caterpillar, IR loftpressum og Goodyear hjólbörðum.

Áhugasamir vinsamlegast hafi samband við Svein Símonarson
í síma 825 5752 eða svsi@klettur.is





Íbúðalánasjóður er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins sem veitir einstaklingum, sveitarfélögum, félögum og félagasamtökum húsnæðislán til íbúðarkaupa og byggingarframkvæmda. Sjóðurinn er fjárhagslega sjálfstæður og stendur undir lánveitingum og rekstri með eigin tekjum.

Markmið Íbúðalánasjóðs samkvæmt lögum er meðal annars að stuðla að því að landsmenn geti búið við öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum og auka möguleika fólks til að eignast eða leigja húsnæði á viðráðanlegum kjörum.

Íbúðalánasjóður vill ráða öflugt og jákvætt starfsfólk í fjölbreytt og krefjandi störf.

Sérfræðingur í áhættustýringu

Starfið er fjölbreytt og snertir öll starfssvið áhættustýringar. Sérfræðingurinn á samstarf við flest svið Íbúðalánasjóðs. Um er að ræða fullt starf.

Starfssvið:

- Þátttaka í þróun aðferða og kerfa innan áhættustýringar
- Skýrslugjöf til stjórnenda og eftirlitsaðila
- Úrvinnsla og framsetning talna og gagna
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun í verkfræði, hagfræði eða skyldum greinum
- Góð tölvukunnátta, svo sem á töflureikna, tölfræðiforrit og gagnagrunna
- Afbragðs greiningarhæfni og gott vald á úrvinnslu og framsetningu upplýsinga
- Hæfni til tjá sig í ræðu og riti, bæði á íslensku og ensku
- Þekking á viðfangsefnum ÍLS er kostur
- Hæfni í mannlegum samskiptum og til að vinna í hóp
- Frumkvæði, samvirkusemi og nákvæmni

Verkefnastjóri upplýsingatæknimála

Starfið felur í sér umsjón og daglega stjórnun allra upplýsingatæknimála Íbúðalánasjóðs. Um er að ræða fullt starf.

Starfssvið:

- Utanumhald, skipulagning og stýring verkefna
- Samskipti við þjónustuaðila
- Gerð tíma- og kostnaðaráætlana
- Skýrslugerð og eftirfylgni

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði tölvunarfræði, verkfræði eða viðskiptafræði
- Reyndsla í verkefnastjórnun er skilyrði
- Reyndsla af verkefnastjórnun í hugbúnaðargerð er kostur
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Hæfni í mannlegum samskiptum og til að vinna í hóp
- Frumkvæði, samvirkusemi og nákvæmni

Kerfisstjóri

Kerfisstjóri sér um daglegan rekstur upplýsingatæknikerfa sjóðsins og þjónustu við notendur. Um er að ræða fullt starf.

Starfssvið:

- Umsjón með daglegum rekstri upplýsingatæknikerfa
- Ábyrgð á viðhaldsáætlun vegna vél- og hugbúnaðar
- Þjónusta við notendur
- Samskipti við þjónustuaðila
- Umsjón með afritunartöku
- Umsjón með vöktunarkerfum

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Nám í kerfisstjórn eða sambærileg menntun
- Microsoft MCSA vottun er æskileg
- Þekking og reynsla af rekstri Microsoft miðlara
- Þekking og reynsla af rekstri VMWare/VEEAM
- Hæfnit í mannlegum samskiptum og til að vinna í hóp
- Frumkvæði, samvirkusemi og nákvæmni
- Framúrskarandi þjónustulund

Upplýsingar veitir:

Inga S. Arnardóttir
inga@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á
www.hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 19. október nk.

Starfskjör eru í samræmi við kjarasamning ríkisins og viðkomandi stéttarfélags.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu verður tekin. Umsóknir gilda í 6 mánuði ef ráðið verður í önnur störf á þeim tíma.



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK Sími 520 4700
www.hagvangur.is

Sterk tengsl í
Íslensku atvinnulífi
www.hagvangur.is



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK Sími 520 4700
www.hagvangur.is

Bráðadeild**SJÚKRALÍÐAR**

Við leitum eftir drifandi og metnaðarfullum liðsmönnum. Starfið felur í sér móttöku og aðhlyningu sjúklinga sem leita á bráðadeild, bæði vegna sjúkdóma og slysa. Starf á bráðadeild er umfangsmikið, fjölbreytt og lærdómsríkt.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Hjúkrun einstaklinga í samvinnu við aðra fagaðila
- Virkur þátttakandi í teymisvinnu

Hæfnikröfur

- Jákvætt viðhorf, frumkvæði í starfi
- Góð samskiptahæfni og hæfni til að starfa í teymi
- Sjálfstæð vinnubrögð og hæfni til að vinna undir álagi
- Íslenskt sjúkraliðaleyfi

Umsóknarfrestur er til og með 19. október 2015.

Nánari upplýsingar veita Ragna Gústafsdóttir, deildarstjóri (ragnagu@landspitali.is, 824 5931) og Rut Tryggvadóttir, hjúkrunarfræðingur (rutt@landspitali.is, 825 9309).

Unnið er á þrískiptum vöktum og er starfshlutfall og vinnufyrirkomulag samkomulagsatriði. Góð aðlögun í boði.

Starfið er laust frá 1. nóvember 2015 eða eftir samkomulagi. Umsókn fylgi náms- og starfsferilskrá ásamt afriti af prófskírteinum og starfsleyfi.

Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og stéttarfélag. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf“.

Öllum umsóknum verður svarað. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.

Landspítali er lífandi og fjölmennur vinnustaður með um 5.100 starfsmenn. Hann er aðalsjúkrahús landsins og miðstöð menntunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Á Landspítala er lögð áhersla á öryggi, jafnrétti, ábyrgan rekstur, góðan starfsanda og bættan húsakost.

**STÁL~ORKA**

SKIPAVIÐGERÐIR
HVALEYRARBRAUT 37 220 HAFNARFJÖRDUR
SÍMI 565-0399 GSM 892-7687

Stálorka óskar eftir

Stálorka óskar eftir að ráða menn til framtíðarstarfa vana smíði úr ryðfríu stáli og áli. Aðalstarfsvið er smíði á búnaði í skip og báta. Hægt er að senda inn umsóknir á stalorka@simnet.is eða hafa samband við Benedikt í síma 8927687 á virkum dögum milli 8 og 18.

Afgreiðslustarfsmaður óskast

Við óskum eftir þjónustulunduðu, hressu og samviskusömu fólki. Um er að ræða fullt starf og hlutastörf í afgreiðslu, vinnutíminn er frá 13:00 til 18:00 virka daga og aðra hverja helgi frá 8:00 til 16:30. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Áhugasamir sækji um á netfangið bjornsbakari@bjornsbakari.is merkt **ATVINNA**.

**Spennandi störf hjá Kópavogsbæ****Leikskólar**

- Leikskólakennari í leikskólann Rjúpnahæð
- Sérkennslustjóri í leikskólann Rjúpnahæð
- Matráður í leikskólann Austurkór
- Leikskólakennari í leikskólann Núp
- Aðstoðarmatráður í leikskólann Sólhvörf
- Aðstoðarmatráður í leikskólann Arnarsmára
- Leikskólakennari í leikskólann Arnarsmára
- Leikskólakennari/þroskaþjálfari í leikskólann Dal

Grunnskólar

- Starfsfólk í dægradvöl í Smáraskóla
- Skólaliðar í dægradvöl í Snælandsskóla
- Forfallakennari í dönsku í Snælandsskóla
- Umsjónarkennari í Hörðuvallaskóla

Velferðasvið

- Starfsmaður á hjúkrunarsambýli fyrir aldraða
- Starfsmaður í íbúðakjarna fyrir fatlað fólk
- Starfsmaður í íbúðakjarna fyrir fatlað fólk

Nánari upplýsingar og fleiri störf er að finna á vef Kópavogsbæjar

Eingöngu er hægt að sækja um störf rafrænt á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is

Vakin er athygli á að öll laus störf hjá bænum eru auglýst www.kopavogur.is

**Kópavogsbær**

kopavogur.is

Bráðageðdeild**HJÚKRUNARFRÆÐINGUR**

Laust er til umsóknar starf hjúkrunarfræðings á bráðageðdeild 32C. Deildin er 12 rúma geðgjörgæsludeild sem veitir sérhæfða meðferð og umönnun einstaklinga með bráð geðræn einkenni.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Ákveður, skipuleggur og veitir hjúkrunarmedferð í samráði við skjólstæðinga og ber ábyrgð á meðferð, samkvæmt starfslýsingu og stefnu Landspítala.

Hæfnikröfur

- Faglegur metnaður og ábyrgð í starfi
- Áhugi á geðhjúkrun skilyrði
- Framúrskarandi samskiptahæfni er skilyrði
- Sveigjanleiki og jákvæðni gagnvart öllum störfum sem til falla í starfsemi deildar
- Reynsla af starfi í geðheilbrigðisþjónustu er æskileg en ekki skilyrði
- Íslenskt hjúkrunarleyfi

Umsóknarfrestur er til og með 19. október 2015.

Nánari upplýsingar veita Eyrún Thorstensen, deildarstjóri (eyruntho@landspitali.is, 824 5419) og Sigríður Edda Hafberg, mannauðsráðgjafi (shafberg@landspitali.is, 543 4453).

Starfið er laust frá 1. nóvember 2015 eða eftir samkomulagi.

Landspítali er lífandi og fjölmennur vinnustaður með um 5.100 starfsmenn. Hann er aðalsjúkrahús landsins og miðstöð menntunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Á Landspítala er lögð áhersla á öryggi, jafnrétti, ábyrgan rekstur, góðan starfsanda og bættan húsakost.

Umsókn fylgi náms- og starfsferilskrá ásamt afriti af prófskírteinum og starfsleyfi.

Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og stéttarfélag. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf“.

Öllum umsóknum verður svarað. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.

ráðum
ráðningarstofa

Parftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf.

Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

LEITUM VIÐ AÐ ÞÉR?

Markaðs- og auglýsingastofa óskar eftir hressum og hæfileikaríkum starfskrafti.

Þitt hlutverk:

- Verkefni eru fjölbreytileg og þú munt framleiða efni bæði fyrir prent og stafræna miðla, frá hugmynd að tilbúnu efni.
- Útbúa prentefni; auglýsingar, bæklinga, plaköt, vefborða, skilti, veggspjöld o.fl.
- Bæta og aðlaga texta í hönnun.
- Myndvinnsla og einföld ljósmyndun.

Hver ert þú:

- Þú hefur viðeigandi bakgrunn í grafískri hönnun og átt auðvelt með að skila af þér verkefnum á tilsettum tíma.
- Ert jákvæð(ur), hugmyndaþrik(ur), samvissusöm/samur, ábyrgðarfull(ur) og hefur gott auga fyrir smáatriðum.
- Getur unnið undir álagi.

Við ætlumst til að þú:

- Sért með góða reynslu í Illustrator, Photoshop og InDesign.
- Sért með reynslu á uppsetningu og framleiðslu á auglýsingum.
- Hafir góð tök á íslensku og textauppsætningu.

Vinsamlegast sendu okkur umsókn merka Fundinn á box@frett.is ef þú telur þig vera réttan aðila í starfið. Umsókn ber að skila fyrir 12 október.



Barnaheill
Save the Children in Iceland

visir þu að...
börn eiga rétt á læknisástoð
og heilbrigðisþjónustu.



**Veðurstofa
Íslands**



Sérfræðingur í hugbúnaðarþróun

Viltu vinna í kviku hugbúnaðarteymi? Viltu vinna í fjölbreyttu umhverfi að þverfaglegum hugbúnaðarverkefnum með spennandi vísindagögn?

Veðurstofa Íslands óskar eftir að ráða sérfræðing í hugbúnaðarþróun. Sérfræðingurinn mun starfa í hugbúnaðarþróunarhópi Veðurstofu Íslands. Hópurinn sér um nýsmíði og þróun hugbúnaðarlausna ásamt því að veita sérfræðiráðgjöf til allra fagsviða Veðurstofunnar. Eitt af megin verkefnum hópsins er að auka aðgengi að og bæta framsetningu á mæligögnum Veðurstofunnar enda hafa atburðir í náttúru landins síðustu ára sýnt fram að mikilvægi þess.

Hópurinn vinnur samkvæmt Agile Scrum hugmyndafræðinni. Meginforritunarmálin er Python, JavaScript og PHP og þróunarumhverfið er almennt keyrt í Linux. Gagnagrunnskerfi eru DB2, Oracle, MSSQL og PostgreSQL en megin áhersla er á að nota PostgreSQL fyrir nýjar hugbúnaðarlausnir ásamt því að nota REST þjónustumiðlun.

Eitt af megin hlutverkum Veðurstofunnar er að veita bestu mögulegu upplýsingar um veður og vá hverju sinni og í því tilliti er

Veðurstofan ein stærsta gagnasöfnunar og úrvinnslustofnun landsins með gögn sem spanna loft, vatn, snjó, jökla, jörð og haf.

Menntunar- og hæfniskröfur

- ▶ Háskólamenntun á sviði tölvunnar- eða verkfræði
- ▶ Frumkvæði, hæfni í mannlegum samskiptum og teymisvinnu
- ▶ Þekking á gerð vefviðmóta og bakenda-miðlunar
- ▶ Þekking á málum s.s. Python, JavaScript, PHP, SQL
- ▶ Þekking á þróun gagnagrunna og notkun gagnagrunnskerfa, s.s. SQL Server og PostgreSQL
- ▶ Reynsla af hugbúnaðar- og kerfisþróun
- ▶ Þekking á þjónustumiðaðri högun (SOA) s.s. REST

Tækifæri - miklir möguleikar felast í þessari eign sem skiptist í gullfallega sérhæð, óinnréttað ris og tvöfalda bílskúr í Norðurmýrinni. Íbúðin er 105 fm. fallega innréttað með stórum og björtum stofum, 2 svefnherbergi, eldhús hol og baðherbergi. Rísið, sem er skráð 42 fm. er einangrað en ó-innréttað, býður upp á mikla möguleika, hvort sem er sem viðbót við íbúðina sjálfa eða aukaíbúð. Tvöfaldir bílskúr með hita og rafmagni. Húsið er reysulegt og fallegt með grónum garði.

Þóra
Fasteignasali
☎ 777 2882
Verð: 49.500.000



Opið HÚS 3 herb. 86 m²
Opið hús þriðjudaginn 6. okt. kl. 18.00-18.30
Grýtubakki 8

Laus við kaupsamning! Góð 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í þessu gróna og rólega umhverfi. Íbúðin er ný- máluð, plastparket á gólfum. Stofa, borðstofa og eldhús eru í alrými - góðar svalir mót vestri út af borðstofu. Svefnherbergi eru 2, hol og baðherbergi.

Þóra
Fasteignasali
☎ 777 2882
Verð: 24.900.000



3 herb. 113.2 m²
Skólavörðustígur - 101 Reykjavík

Rúmgóð og björt 113.2 fm 3ja herb íbúð á tveimur hæðum í miðbæ Reykjavíkur. Bílastæðahús við hlið hússins. Íbúðin er í útleigu, en losnar í mars 2016. Leigutekjur.

Vilborg
Fasteignasali
☎ 853 7030
Brandur
Fasteignasali
☎ 897 1401
Verð: 54.900.000



Opið HÚS 6-7 herb. 220 m²
Opið hús þriðjudaginn 6. okt. kl. 17.00-17.30
Ásbúð 43

Glæsilegt og mikið endurnýjað raðhús á tveimur hæðum með 4-5 svefnherbergi, glæsilegt alrými með opnu eldhúsi, stofu og borðstofu auk sjónvarprýmis. Stór bílskúr, hellulagt stórt bílapan og gróin garður.


Þóra
Fasteignasali
☎ 777 2882
Verð: 64.500.000



Opið HÚS 3 herb. 111 m²
Opið hús mánudaginn 5. okt. kl. 17.30-18.00
Norðurbakki 11c

Björt og rúmgóð íbúð á 3ju hæð í lyftuhúsi við Norðurbakkann. Alrými með opnu eldhúsi og rúmgóðum stofum, yfirbyggðar svalir mót vestri og gott útsýni til vesturs. 2 góð svefnherbergi með skápum, baðherbergi með sturtuklefa og baðkari.

Þóra
Fasteignasali
☎ 777 2882
Gunnlaugur
Aðst.fasteignasala
☎ 844 6447
Verð: 38.500.000



BÓKIÐ SKOÐUN 3 herb. 104.8 m²
Lindargata 39

Falleg og björt íbúð á 3ju hæð með flottu útsýni í vönduðu fjölbýlishúsi í Skuggahverfinu. Glæsilegar innréttingar og vönduð tæki - gluggar frá gólf til lofts með óhindruðu útsýni í norður og austur.

Þóra
Fasteignasali
☎ 777 2882
Gunnlaugur
Aðst.fasteignasala
☎ 844 6447
Verð: 59.900.000



884 m²
Einbýlishúsalóð, Fróðaping - 203 Kópavogur

884fm einbýlishúsalóð í Þingahverfi Kópavogs, innst í botnlanga. Hámarksgrunnflötur húss má vera 140 fm m/bilageymslu, en hámarksflatarmál húss 270 fm. Lóð fyrir eins eða tveggja hæða einbýlishús. Gatnag gjöld greidd


Vilborg
Fasteignasali
☎ 853 7030
Héðinn Birnir
Fasteignasali
☎ 848 4806
Verð: 17.000.000



Opið HÚS 4-5 herb. 160 m²
Opið hús mánudaginn 5. okt. kl. 17.30-18.00
Klappakór 4

Glæsileg 4ra herbergja sérhæð með séringangi (gengið inn í götuhæð) og 24 fm. bílskúr. Björt og falleg íbúð með stóru alrými fyrir eldhús með eyju, borðstofu og stofu og 3 rúmgóð svefnherbergi.


Þóra
Fasteignasali
☎ 777 2882
Verð: 47.900.000



Opið HÚS 4 herb. 131 m²
Opið hús sunnudaginn 4. okt. kl. 16.00-16.30
Bollagata 8

Björt og falleg íbúð á 2. Hæð í steyptu húsi. Íbúðin hefur verið mikið endurnýjuð, m.a. eldhús, skápar, baðherbergi og gólfefni. Eldhús er opið og rúmgott, tvær opnar og stórar stofur, 2 svefnherbergi, baðherbergi og hol.

Þóra
Fasteignasali
☎ 777 2882
Úlfar Þór
Fasteignasali
☎ 897 9030
Verð: 42.900.000



2 herb. 52,1 m²
Njálsgata 50

Tveggja herbergja íbúð í kjallara. Eitt svefnherbergi, stofa, eldhús og baðherbergi. Sameiginlegt þvottahús í sameign. Sameignilegur suður garður Ath. íbúðin er skráð; Ósamþykkt hjá Þjóðskrár Íslands.

Gunnlaugur
Aðstoðarmaður
fasteignasala
☎ 844 6447
Verð: 15.400.000



Opið HÚS 4 herb. 115,9 m²
Opið hús mánudaginn 5. okt kl. 17:30-18:00
Klukkuvellir 1 - 221 Hafnarfjörður

Ein íbúð eftir! Ný og glæsileg 4ra herb, 115,9 fm íbúð á 2.hæð í viðhaldsléttu lyftuhúsi, fullbúin án gólfefna, nema í forstofu, þvottahúsi og baðherbergi eru flísar. Afhending við kaupsamning.

Vilborg
Fasteignasali
☎ 853 7030
Verð: 34.600.000

Stofnað
1983

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA

Magnús Emilsson
löggitur fasteignasali

Erluás – Hafnarfjörður – Glæsilegt einbýli



Höfum fengið í einkasölu á þessum einstaka stað sérlega glæsilegt 245 fm. einbýli með innbyggðum 44 fm. tvöföldum bílskúr. Húsið er teiknað af Guðmundi Gunnlaugssyni arkitekt. Glæsilegar innréttingar frá Brúnás, gólfhiti, vönduð gólfefni, vönduð lýsing með Gira Funk – bus stýrikerfi. Allt fyrsta flokks. Húsið er mjög vel staðsett á útsýnisstað. **Verð 82,9 millj.** Allar upplýsingar veitir Hilmar Þór Bryde s. 892-9694 hilmar@hraunhamar.is

Bæjarhrauni 10 • Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is

Til leigu: Smiðjuvegur 5



250 fm. skrifstofu- / iðnaðarhúsnæði til leigu að Smiðjuvegi 5, Kópavogi.

Allar nánari upplýsingar í s: 696-1111



Norðurbakki 17B

OPIÐ HÚS

sunnudaginn 4.okt. kl. 15:00 - 15:30



Bókaðu skoðun:
Jason Kristinn Ólafsson
aðstoðarmaður fasteignasala
sími: 775 1515
jassi@miklaborg.is



Óskar R. Harðarson
hdl. og löggiltur fasteignasali

3ja herbergja íbúð á 3ju hæð - 117 fm

Glæsilegt eldhús

Gólfhiti

Útsýni - Tvennar svalir

Púttvöllur í garðinum

Stæði í bílageymslu

Verð: **39,9 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG 569 7000** Lág múla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -



Dalhús 107

Glæsilegt parhús
mikið útsýni



OPIÐ HÚS Í DAG

laugardaginn 3.okt. kl. 13:00-14:00



Nánari upplýsingar veitir
Jórunn Skúladóttir
löggitur fasteignasali
sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Tvilyft parhús að stærð 214,2 m²

Fjögur svefnherbergi

Glæsileg alrými með útsýni

Bílskúr 24,0 m²

Stæði fyrir fjóra bíla á plani

Einstök staðsetning

Verð: **63,9 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG 569 7000** Lág múla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -



Vatnsendablettur 510
(Fagranes)



Bókaðu skoðun:
Atli S. Sigvarðsson
aðstoðarmaður fasteignasala
sími: 899 1178
atli@miklaborg.is



Óskar R. Harðarson
hdl. og löggiltur fasteignasali

Vel skipulagt 228 fm einbýlishús

á einni hæð

Einstök gróin 4500 fm vatnalóð

við Elliðavatn

Húsið telur góð alrými og

4-5 svefnherbergi

Góð verönd með heitum potti,

sánu og sólskála

Sannkölluð náttúruprela innan

borgarmarka

Verð: **72,9 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG 569 7000** Lág múla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -



SKEMMUEGUR KÓPAVOGUR



Til leigu 430 fm skrifstofuhúsnæði á jarðhæð á Skemmuvegi í Kópavogi.

- Góð aðstaða fyrir 20-30 starfsmenn í opnu rými • Fjórar lokaðar skrifstofur eða fundarherbergi.
- Skrifborð og stólar á staðnum • Eldhús og salernisaðstaða með sturtu. • Hér er hægt að hefja rekstur strax.



Audun Ólafsson
Sölumaður
S: 894-1976
audun@trausti.is



Kristján Baldursson hdl.
Löggiltur fasteignasali
og leigumiðlari
kristjan@trausti.is


Trausti fasteignasala • trausti@trausti.is • s.546-5050 • Vegmúla 4 • 108 Reykjavík

ráðum
ráðningarstofa

Er verið að leita að þér?

RÁÐUM EHF • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is

NÝIR STRAUMAR Á NÝJUM STAÐ



NÝR STAÐUR:
SKÓGARLIND 2,
KÓPAVOGI

**OPNUNAR-
TILBOÐUM
LÝKUR Á
SUNNUDAG!**

**FJÖLDI
OPNUNAR-
TILBOÐA**
Þessi – og fleiri
og fleiri...

APERTURE
loftljós frá Habitat
3 stærðir
Verð frá 7.900 kr.



PISA sófar
4 ra sæta nú 176.000 kr.
áður 220.000 kr.
3ja sæta nú 151.200 kr.
áður 189.000 kr.
Stóll nú 76.000 kr.
áður 95.000 kr.

**20%
afsláttur**

HELENA
seríuljós frá Habitat
20% afsl.
Verð nú 19.500 kr.
Áður 25.900 kr.




DRIO
stækkanlegt
eikarborð 120/245 x 96 cm
Verð nú 99.000 kr.
áður 145.000 kr.
Fáanlegt í eik og
grábæsaðri eik



KERTI
ný sending
30% afsl.
Verð frá 553 kr.



EINLIT
handklæði
Balearé frá Habitat
3 fyrir 2



VALENTINA
stóll frá Habitat
3 lítr
Nú 29.000 kr.
Áður 39.000 kr.

habitat 
SÍÐAN
1964

TEKK
COMPANY

STYNNJA YFIR FEGURÐINNI

RÉTTARGLEÐI Stóðréttirnar í Víðidalstungurétt fara fram í dag. Herdís Brynjólfsdóttir mætir í réttirnar fjórtánda árið í röð en þangað kemur hún ríðandi með stóran hóp ferðamanna frá ýmsum löndum. Víðidalstunguréttir eru stærstu stóðréttir landsins og afskaplega gaman að fylgjast með fumlausum vinnubrögðum bænda sem draga hestana í rétta dilka.

Víð erum á leið upp á Víðidalstunguheiði,“ segir Herdís þegar blaðamaður slær á þráðinn í vikunni. „Við tökum okkur nokkra daga til að fara í réttirnar, byrjum fyrsta daginn á reið í héraði, höldum svo upp á Víðidalstunguheiði og förum á móti safninu. Reyndar fylgjumst við bara með fólkinu að störfum undir styrkri stjórn fjalldrottningarinnar Kristínar Guðmundsdóttur, en upplifunin er engu að síður mikil fyrir ferðamennina.“



HERDÍS BRYNJÓLFSDÓTTIR
kennari og leiðsögumaður Íshesta

ferðast en veðrið getur verið rysjótt. „Maður getur fengið allt frá æðislegu haustveðri upp í slyddu og rok,“ lýsir Herdís en segir ferðamennina alls ekki láta veðrið á sig fá. „Þeir eiga ekki orð yfir landslagið og stynja hástöfum yfir fegurðinni.“

Í gærkvöldi fylgdi hópurinn stóðinu niður í réttina en í dag mun hann fylgjast með réttarstörfum sem er afar skemmtilegt í þessari stóðrétt þar sem hrossafjöldinn er mestur. „Það sem einkennir réttirnar eru að það er farið vel að hrossunum og þau rekin í dilkana í rólegheitunum. Svo er ýmislegt skemmtilegt í gangi, uppboð, lottó og sölusýning þar sem ríðinn er hringur við réttina. Svo er alltaf kaffiskúr þar sem menn koma saman, spjalla og syngja.“

En hefur enginn freistast til að kaupa hross í réttunum? „Það er alltaf eitthvað um það en reyndar er það oftast þannig að fólk kaupir hesta sem það hefur kynnst í ferðinni,“ segir Herdís.

Eftir réttirnar ríður hópurinn dagleið í náttstað. Dagurinn er þó ekki að kveldi kominn enda fram undan árlegt réttarball í Víðihlíð. „Þar spilar Geirmundur Valtýsson á hverju ári. Þetta er mikil upplifun fyrir ferðamennina enda troðfullt hús, allir á gólfinu og stöðugt fjör hjá Geirmundi.“ ■ solveig@365.is



VÍÐIDALSTUNGURÉTT Stóðréttirnar í Víðidalstungurétt í Húnabingi vestra fara fram í dag. Þangað mætir fjöldi fólks, bæði heimamenn og gestir, til að fylgjast með og taka þátt í réttarstörfum.
MYNDI/HULDA GEIRSDÓTTIR





SIGGI HLÖÖ ER Í LOFTINU

LAUGARDAG MILLI KL. 16:00 - 18:30

BÍLAR & FARARTÆKI

Bílalíf



TILBOÐ 590.000.-

MERCEDES BENZ SPRINTER 412D 17 MANNNA. Árg.1998, ekinn 633.þ km, 5 girar, er á staðnum, 100% lán mögulegt. Rnr.127185. S:562-1717.



NÝR BÍLL

FORD FOCUS TREND STATION. Árgerð 2015, Dísel, 6 girar. Okkar verð 2.990.000.- er á staðnum. Rnr.127096. S:562-1717.

Bílalíf

Klettháls 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
Opíð 10-18 virka daga
www.bilalif.is



SUBARU Legacy. Árgerð 2006, ekinn 225 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.190.000. Rnr.106752. Á staðnum, góð þjónustubók.



M.BENZ C 55 amg . Árgerð 2005, ekinn 130 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.490.000. 400Hö Svaðaleg græja. Rnr.310022. Skoðar skipti. Á staðnum.



HYUNDAI Santa fe 4x4. Árgerð 2005, ekinn 179 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 980.000. Rnr.301913. Á staðnum.



HONDA Cr-v. Árgerð 2005, ekinn 149 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.290.000. Rnr.301912. Á staðnum.



HOBBY 560 ul . Árgerð 2012, Verð 3.650.000. Rnr.301863. Á staðnum.



FORD Expedition limited awd. Árgerð 2006, ekinn 112 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.990.000. Rnr.102449. Á staðnum.



DACIA Duster 4x4. Árgerð 2013, ekinn 115 P.KM, dísel, 6 girar. Verð 2.390.000. Rnr.301873. Á staðnum.



CHEVROLET Captiva. Árgerð 2009, ekinn 112 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Leður o.fl. Verð 3.190.000. Rnr.106697. Á staðnum.



BMW X5 xdrive30d 3.0d e70 m-sport. Árgerð 2014, ekinn 35 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 11.700.000. Rnr.301864. Á staðnum.

Bílasalan Planid
Korputorgi, Reykjavík
Sími: 517 0000
Opíð 10-18. Lau 12-16
www.planid.is



Á STAÐNUM!
LAND ROVER DISCOVERY SE 7 manna. 5.2014, ekinn 40 Pkm, Dísel, Sjálfsk, Leður, ofl. Verð 13.500þ. Rnr.100651. Einnig 2013 hvítur V:11.990þ.



Á STAÐNUM!
MERCEDES BENZ E 220 Avantgarde New Cdi Dísel 05.2015, Ath ekinn 324 km, Sjálfskiptur, Leður, ofl. Verð 8.600þ. Rnr.100234. 663-2430 eftir lokun.

Bílagallerí bílasala
Fiskilóð 16, 101 Reykjavík
Sími: 554 6700
Hagstæð sölulaun 1 2,9 %
www.bilagalleri.is



YAMAHA Xvs 1100. Árgerð 2006, ekinn 4 P.KM, bensín, 5 girar. Verð 950.000. Rnr.138825.

hjol.is
Sími: 577 4565
Erum með yfir 100 tæki á staðnum.....Kíktu í heimsókn!!!
www.hjol.is

GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar



HÖFÐABÍLAR
577 4747

Heitt á könnunni

Opíð alla helgina frá 12:00-16:00

Þú gerir ekki betri kaup!

- Allir bílarnir ástandskoðaðir hjá Frumherji
- Bílar í toppstandi.



NISSAN Qashqai+2 se. 4X4. Árgerð 2012, ekinn 64 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.880.000. Rnr.110286.



NISSAN Qashqai+2 se. 4X4. Árgerð 2012, ekinn 79 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.780.000. Rnr.110286.



SKODA Octavia Ambiente. Árgerð 2012, ekinn 110 P.KM, dísel, 5 girar. Verð 2.640.000. Rnr.110258.



SKODA Octavia Ambiente Kombi. Árgerð 2012, ekinn 107 P.KM, dísel, 5 girar. Verð 2.780.000. Rnr.210160.



SUZUKI Swift. Árgerð 2012, ekinn 128 P.KM, bensín, 5 girar. Verð 1.590.000. Rnr.110272.



SUZUKI Swift. Árgerð 2012, ekinn 108 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.690.000. Rnr.110278.



SUZUKI Swift. Árgerð 2012, ekinn 95 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.640.000. Rnr.210192.



TOYOTA Avensis Turbo Diesel D4D. Árgerð 2005, ekinn 168 P.KM, dísel, 5 girar. Verð 1.590.000. Rnr.210165.



VW Polo Trendline. Árgerð 2012, ekinn 128 P.KM, bensín, 5 girar. Verð 1.390.000. Rnr.110257.



VW Polo Trendline. Árgerð 2012, ekinn 117 P.KM, bensín, 5 girar. Verð 1.390.000. Rnr.221384.



VW Up! Take. Árgerð 2014, ekinn 52 P.KM, bensín, 5 girar. Verð 1.390.000. Rnr.221391.



HYUNDAI i10 GL. Árgerð 2012, ekinn 117 P.KM, bensín, 5 girar. Verð 1.090.000. Rnr.110275.

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



FORD Fiesta trend sjálfskiptur. Árgærd 2011, ekinn 48 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.690.000. Rnr.161573.



RENAULT Traffic langur. Árgærd 2014, ekinn 42 P.KM, dísel, 6 gírar. Verð 3.190.000. Rnr.101067.

BMW X5 xdrive30d 3.0d e70 30d. Árgærd 2012, ekinn 80 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 8.890.000. Rnr.991374.



MERCEDES-BENZ B 200 CDI. Árgærd 2013, ekinn 41 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.590.000. Rnr.991467.

ASKJA notaðir bílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 590 2160
www.notadir.is

100 bílar.is



Ford Fiesta Trend, 5/2015, ek 25 þús km, sjúk, bensín, tilboðsverð 2350 þús, ásett verð 2490 þús, er á staðnum, raðnr 210166.

100 bílar ehf
í miðbæ Mosfellsbæjar,
Sími: 517 9999
Opið 10-18.00 virka daga. Lokað á laugard.
www.100bilar.is

BRAUT
BÍLASALA



VW Polo trendline. Árgærd 2012, ekinn 120 P.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.390.000. Rnr.101017.



RENAULT Clio authentic. Árgærd 2014, ekinn 51 P.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.650.000. Rnr.101081.



SUZUKI Swift. Árgærd 2012, ekinn 106 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.060.000. Rnr.101015.



SUZUKI Swift. Árgærd 2012, ekinn 106 P.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.590.000. Rnr.101011.

Braut Bílasala
Bíldshöfða 3, 110 Reykjavík
Sími: 587 6600
bilabraut@bilabraut.is
www.bilabraut.is

bilauppbod.is

PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bilauppboð - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is

NETBÍLAR
www.netbilar.is



LÍTID EKINN
TOYOTA Land cruiser 120 vx. Árgærd 2006, ekinn 106 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.750.000. Rnr.112260. Bíllinn er á staðnum



SPARNEITINN SMÁBÍLL
CHEVROLET Spark lt. Árgærd 2011, ekinn 46 P.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.390.000. Rnr.212652. Bíllinn er á staðnum



FALLEGT EINTAK
SUZUKI Jimny jlx. Árgærd 2014, ekinn 40 P.KM, bensín, 5 gírar. Verð 2.490.000. Rnr.112371. Bíllinn er á staðnum

Netbilar.is
Hlíðsmára 2, 201 Kópavogur
Sími: 588 5300
http://www.netbilar.is

MB bílar



VW Golf trendline. Árgærd 2010, ekinn 85 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.890.000. Rnr.101830.



VW Golf trendline. Árgærd 2012, ekinn 65 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.570.000. Rnr.110415.



VW Passat eco/highline. Árgærd 2011, ekinn 94 P.KM, bensín, sjálfskiptur, leður, toppluga og fl. Verð 3.150.000. Rnr.120068.



VW Tiguan track - field. Árgærd 2012, ekinn 29 P.KM, dísel, sjálfskiptur, leðuráklæði, dráttarkrókur og fl. Verð 4.290.000. Rnr.110342.

MB Bílar
Kletthálsi 1a, 110 Reykjavík
Sími: 415 1150
Opið 10-18, lau 12-16
http://www.mbbilar.is

bíll.is
bestir í bílum...



TILBOÐ DAGSINS
FORD Fiesta. Árgærd 2006, ekinn 195 P.KM, bensín, 5 gírar. Tilboðsverð 390.000. Rnr.196152. 100% lán Sími 894-5332



EINN GÓÐUR
RENAULT Megane scenic. Árgærd 2005, ekinn 119 P.KM, bensín, 5 gírar. Verð 690.000. Rnr.195826. Sími 894-5332



KLÁR Í VETURINN
TOYOTA Land cruiser 120 vx 35'. Árgærd 2006, ekinn 180 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.490.000. Rnr.196267. Sími 894-5332

Bíll.is
Sími: 577 3777
www.bill.is

Bílar til sölu



Til sölu falleg Honda hrv 2004, 1,6L vél. Ekinn 156þ, mikið endurnýjaður, góð vetrardekk fylgja. Verð: 750þ S: 7774491, Sturla



Volvo xc90 SE. Nón 2007 dísel ek. 86þús 5 manna. Verð 4,7m. Uppl í s: 6997473



M.Benz E200 NGT árg 2012 ek.86 þús. original metan/benzin. Frábært verð 5590 þús. s 8441640 og sjalfsalinn.is



Nissan Pathfinder SE árg. 2006, ek. 141 þús km. 35" breyttur. Einn eigandi, gott viðhald. Verð 2.800.000. Uppl í s. 822 4725

SJÁLFSKIPTUR - EK. 115.ÞÚS
HONDA CRV 4x4, árg. 2003, sjálfskiptur. Ek. 115.þús. Heilsársdekk, dráttarkrókur og gott viðhald. Verð 1.250 þús. Uppl. í s. 788-9900



Suzuki Mini Bus 1400, 4x4 árg. 2013 ekin 1300km. (nýr bíll) skráður 6 manna en með belti fyrir 8 (hægt að fá breytingu á skráningu) Ný vetrardekk fylgja. Tilboð 2.390þús. Uppl. í s. 6995595



Toyota Avensis árg. 1999 b.sk. ek. 287.000 km. Ný skoðaður. Hefur fengið gott viðhald. Verð 290.000 Uppl. í s: 896 5642



Mitsubishi Montero limited, árg.2003. Ek. 167.000 km. Ásett verð 990.000 Uppl. í s. 858 8178

ÓDYRIR DÍSELBÍLAR
Skoda Octavia, Skoda Fabia, Partner, Berlingo, R. Clio, R. Megane, og fleiri Nánar á Facebook: Ódyrir Díselbílar Sími: 534-0000

250-499 þús.



GÓÐUR BÍLL - 100% VÍBALÁN
FORD MONDEO 1,8 árg 2001 ek.163 þús, beinskiptur, sk.16 einn eigandi, vel við haldinn bíll, smugur þjonustubók, heilsársdekk ofl verð 550 þús TILBOÐ 450 ÞÚS möguleiki á 100% vísaláni í 36 man s.841 8955



SPARIBUAKUR - TILBOÐ 350 ÞÚS
Peugeot 206 árg 2001beinskiptur, 3ja dyra, ný skoðaður 16, ný heilsársdekk, verð 450 þús TILBOÐ 350 þús, möguleiki á 100% vísaláni í 36 man.S.841 8955



SJÁLFSKIPTUR SMÁBÍLL - 450 ÞÚS
Hyundai Getz árg 2004 ek.179 þús,sjálfskiptur, sk.16, góður bíll sem eyðir litlu verð 450 þús möguleiki á 100% vísaláni í 36 man s.841 8955

500-999 þús.



Corolla st. 2003, sjálfsk., 174 þús., nýjar bremsur, skoðun 7/16, tilboð 650 þús. S. 6635469.

Bílar óskast

BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

KAUPI BÍLA FYRIR ALLT AÐ MILLJÓN STGR!!

Óska eftir að kaupa bíla fyrir allt að 1.000.000. staðgreitt. Er með pappír og pening til að ganga frá því samdægurs ef að samningar nást. Bíllinn má þarfnast lagfæringar og/ eða skoðunar. skoða allar tegundir. Hringdu í síma: 659-9696 eða sendu email á 6599696@gmail.com

Óska eftir bíl á bilinu 30-900þ. Ekki eldri en '00. Má þarfnast viðgerðar. S. 866 0784.

Jeppar



Nissan Terrano'03, 5-7m., dísel, ek. 157þús 2 dekkjasett. V.1.100þús. s.6984564

Sendibílar



Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Vörubílastöðin Þróttur

Vörubílar - Kranabílar
Sandur - Mold
Jarðvinna
Sími 577 5400

Húsbílar

rotor.is

Dótabúð
húsbílaeigenda.

Rótor ehf. s. 5554900
Helluhrauni 4, H.f.

Fjór hjól

Til sölu Honda TRX ER 450 árg. 2012 afturdrifid. Topp eintak, lítið notað. Verð 850þús stgr. Uppl. í s. 892 1524

Lyftarar

BendPak

Hágæða bandarískar vökvadrifnar bílalyftur.

Stál og Stansar ehf.
VACHOFORDI 7 - Sími 517 5000
stalgstansar@stalgstansar.is

til sölu

Til sölu niðursuðutæki

Eftirfarandi vélar eru til sölu og eru notaðar. Allar vélar hafa fengið viðhald 2012 og svo yfirfarnar fyrir stuttu þar sem skipt var um legur o.s.frv. Vélararnar eiga því að vera í góðu lagi en möguleiki er á að útvega vélamann til að starta þeim fyrir nýja eigendur.

Skammtari: Hema CBZ – year 1998 rebuilt 2012
Lokunarvél: Alaska, árgærd 1998, rebuilt 2012
Pvottavél: Tin Can WN9 árgærd 2012

Einnig fást færribönd sem tengja ofangreindar vélar.

Frekari upplýsingar veitir Þórhallur Lárusson í síma 895 8873 eða netfang Thormehf@gmail.com

Bátar



Til sölu Zodiac Classic með 25h tvígens Suzuki. Kerra frá vikuvöðnum. Lítur allt mjög vel út. Verð 650þúsund. Er á höfuðborgasvæðinu. Uppl. í s: 6913002.



Tveir fjórðungshlutir í 39ft. Westerly (árg. 1992) skútu í Króatíu til sölu. Ný vél, nýr léttabátur, nýir rafgeymar. Verð 1milljón á hlut. Hafnargjöld og tryggingar til 31.08.2016 innifalið. Uppl. í s. 821 7305 og 661 9777

Hjólbarðar



FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ

Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppi ný. VAKA S: 567 6700.

ÞJÓNUSTA

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Pípulagnir

PÍPULAGNIR

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315 & 699 6069.

Málarar

INNIMÁLUN

Get bætt við mig verum innandyrna í vetur. Vönduð vinnubrögð, fag og snyrtimennska í fyrirrúmi. Ágúst S.G Málarameistari S: 699-4464 og 695-4464. asgmalun@gmail.com

MÁLNINGARÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR

Ahliða málningarpjónusta. Sími 776-0000

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

REGNBOGALITIR

Málningarpjónusta, vönduð vinnubrögð og snyrtimennska. Sími 891 9890 malarar@simnet.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagningar
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is
www.golflist.is

Gólf list

99% RYKFRITT

VANTAR ÞIG IÐNAÐARMANN?



Við þjónustum þig með litil sem stór verk.

Tímavinna eða tilboð.

Sími 544-4444 / 777-3600

www.jaiðnaðarmenn.is

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagningar og trésmíði. S. 616 1569

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Viðgerðir, flotun og flísal. Vönduð vinna Tilb./tímv. S. 896 5778

Húsasmíðameistari getur bætt við sig verkefnum, nýsmíði, viðgerðir og viðhald. Uppl. í s. 858 3300

Nudd

NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 695 9434, Zanna.

Glæsileg nuddstofa í 101 opið alla daga s.787-7481

Spádómar

SPÁSÍMINN 908 5666

Stjörnuþá. Tarot. Ársspá. Draumaráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

SÍMASPÁ 555 2927

Draumaráðningar, fyrirbærir. Opið frá 13 Hanna s. 847 7596

Rafvirkjun

RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025

Tilboð dyrasímakerfi, töfluskripti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Bjóðum hagstætt verð í töfluskripti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Trésmíði

INNRETTINGAR.IS

Sérsmíðum innréttingar eftir þínum þörfum. Sérsmíði ehf s. 587 0777.

KEYPT & SELT

Til sölu



Hitaveituskel 1850 L.



Hitaveituskel 1650 L.



Lok á heita potta, margar stærðir.

Heitirpottar.is • S. 777 2000



Ungnautakjöt beint frá býli. Nýjung minnst 1/8 úr skrokk. Hak, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204.

Óskast keypt



Óska eftir 20 og 40 feta. S. 770-5144


KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjalddeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til ellif/örorkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
koll og góðfæra stuðlar
að líkanteigu heilbrigði
sérhæfna Elga Resa

til sölu



Gamli glugginn úr,
nýi glugginn í
...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum,
ásamt ísetningum og viðhaldi.

Haðu samband og við metum ástandið.

Súðarvogur 5 • Sími 566-6630 • gluggagerdin@gluggagerdin.is

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

LOK Á HEITA POTTA




- Einangrunarlok
- Yfirbreiðslur
- Metum ástand og gerum við

www.fjardarbolstrun.is

Fjardarbolstrun S. 561 4188 • 840 0339 fjardarbolstrun@gmail.com

ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?



Viðgerðir á öllum gerðum af bíla-, mótorhjóla og snjósleðasætum. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu.

Formbólstrun

Hamraborg 5 kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hsbolstrun.is

VARAHLUTIR

Iveco • Benz • Man • Renault
Varahlutapjónusta

VÉLANAUST ehf

Álhella 4 • Símar 555 6670 • 860 1859 • www.velanaust.is

FIAT
VARAHLUTIR
S. 5 400 800



Iveco

Viðgerðar- og varahlutapjónusta

VélRás

Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8

BLIKK
Rör • Tengiefni • Viftur • Loftræsting
Heildsala • Smásala

Íshúsið ehf
Smíðjuvegur 4a, Græn gata, Kópavogur | 566 6000

Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagningar
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is

99% RYKFRITT

BÍLAÞJÓNUSTA BJARKA
alhliða bílaviðgerðir

Tímamantani s: 445 4540/697 4540
Viðarhöfði 2b 110 Reykjavík

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is

HEIMILIÐ

Dýrahald



Labradorhvolpar til sölu. Brúnn hundur og gul tík. Ættb. Frá HRFÍ. Nánari uppl. í 896-0028.



VOFFIS - NÝ HVOLPASÍÐA

www.voff.is er hvolpasíða Hundaræktarfélags Íslands, þar geturðu fengið upplýsingar um got, ræktendur, tegundir ásamt greinum um hvolpauppeldi, allt á einum stað. Hundaræktarfélag Íslands stuðlar að góðri meðferð, aðbúnaði, uppeldi og heilsufari hvolpa. Leitaðu þér nánari upplýsingar á www.hrfi.is og www.voff.is



GRINDARBÚR Á GÓÐU VERÐI

Stærð 61 cm verð 6.990,-
Stærð 76 cm verð 8.990,-
Stærð 91 cm verð 10.990,-
Stærð 107 cm verð 12.990,-
Stærð 122 cm verð 14.990,-
Dýraland Mjódd s.587-0711
Dýraland Kringlan 7 s.588-0711
Dýraland Spöngin 23 s.587-0744

atvinna

STARF Í VERSLUN

Geturðu selt allt mögulegt?



Við erum að leita að einhverjum harðduglegum, bráðsnjöllum og stórskemmtilegum starfsmanni. Þarf að vera gull af manni og tala íslensku. Upplýsingar: umsokn@ishusid.is

skemmtanir

BOLTINN Í BEINNI

Cafe Catalina

Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is

"Best geymda leyndarmál Kópavogs"

HLJÓMSVEITIN KLETTAR

LEIKIR HELGARINNAR
LAUGARDAGINN 3. OKT

13:50 MAN. CITY - NEWCASTLE
13:50 ASTON VILLA - STOKE CITY
16:20 CHELSEA - SOUTHAMPTON

SUNNUDAGINN 4. OKT
12:20 EVERTON - LIVERPOOL
14:50 ARSENAL - MAN.UNITED

RÚNAR ÞÓR,
RÚNAR VILLAVALLA,
REYNIR G.
OG SIGGI ÁRNA.
SPILA UM HELGINA

Allir velkomnir

<http://www.facebook.com/cafecatalina>
 Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilin

WWW.LEIGUHERBERGI.IS

Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.

gsm 777 1313

leiga@leiguherbergi.is

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

TIL SÖLU:

100 FM. SÉRHÆÐ Í TVÍBÝLI. LÉTT KAUP.

Fín 3ja herbergja sérhæð í góðu steinhúsi á rólegum stað, ca. 5mín. asktur frá gólfvelli Suðurnesja og athafnarsvæðinu í Helguvík. Íbúðin er öll ný standsett með nýjum gólfefnum. Stórt og fallegt eldhús, stofa og 2 góð herbergi, með útsýni yfir sjávarsíðuna.

Verð aðeins kr. 18,9 m. Skuldlaus eign.

Get tekið nýlegan bíl uppí kaupin.

Laust strax.

Húsgögn og húsbúnaður má fylgja með í kaupunum.

Einnig getur fylgt 65 fm. skemma.

Tilvalið atvinnutækifæri. Verð kr. 3,8 m.

Nánari upplýsingar í s. 866 2257 og jjjj@simnet.is

TIL LEIGU

SÉRBYLI 103 RVÍK.

Vandað og glæsilegt um 250 fm með 5. Svefnherb og bílskúr. Laust í nóv-des nk.

Tilboð og upplýsingar senda sigurdur@eigna.is

Lítill stúdíóíbúð til leigu í Fossvogshverfi. Reglusemi áskilin. Tilboð sendist á netfangið: sibbib@hotmail.com merkt íbúð-1000, fyrir 15. október.

SKAMMTÍMALEIGA

til leigu 4-5 herb., íbúð í 104 RVK. Tímabil frá 5. okt - 1. jan 2016. Uppl. í s. 824 3040

TRÖNUHRAUN 10, HFJ.

Herb. með húsgögnum sér baðherb., neti, tv, aðgengi að sameiginlegu eldhúsi og þvottahúsi til leigu frá 01. okt - 01. maí. Uppl. í s. 899 7004 og bh@vigri.is

LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Geymsluhúsnæði

GEYMSLULAUSNIR.IS

Upphitað og vaktað geymslurými. Verð frá 2900kr.mán. SÆKJUM OG SENDUM. S: 615-5005

GEYMSLUHÚS.IS

Hjólh, húsb, fellih, Camper, bílar, upph, húsn. S. 770-5144

GEYMSLURTILLEIGU.IS

Nýjar sérhannað 300 geymslur, stærðir 1,7-10 fm. Hausttilboð: Fyrsti mánuðurinn frír. Aðgangur 24 tíma sólarhrings, upphitað og vaktað. Smiðjuvegur 4 Kópavogi. S: 4143000.

Til leigu 90fm geymsluhúsnæði í miðbæ Mosfellsbæjar, göngu og keyrsluhurð. Húsnæðið er laust til afhendingar. Uppl. gefur Ólafía í s. 660 4481

GEYMSLUR.COM

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskilóð í Reykjavík. S. 555 3464

WWW.BUSLÓDAGEYMSLA.IS

Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

ATVINNA

Atvinna í boði

RAFVIRKJAR RAFVIRKJAR

Er ekki kominn tími á að breyta til?

Vantar rafvirkja eða nema í skemmtilega og hreinlega innivinnu.

Unnið er við ljósleiðara, tölvulagnir, myndlyka, tölvur og ýmsan annan smáspennubúnað. Ýmis hlunnindi fylgja starfinu og samkeppnishæf laun.

Starf með skóla kæmi einnig til greina.

Upplýsingar í síma 6604090 einnig má senda póst á netfangið birgir@bbrafvirktakar.is

STÓLL TIL LEIGU !!!

Stóll til leigu á hárstofunni Yfir höfuð 108 Rvk.

Nánari upplýsingar í s. 869 5670.



MOSFELLSBAKARÍ - RVK.

Óskum eftir þjónustulunduðu, hressu og samviskusömu fólki til að vinna með okkur í verslunum okkar í Reykjavík. Unnið er eina viku fyrir hádegi og aðra viku eftir hádegi ásamt helgarvinnu. Umsækjendur þurfa að tala góða íslensku

Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast á netinu. Slóðin er www.mosfellsbakari.is/ atvinnu-umsokn/

GINGER

GINGER

ERTU AÐ LEITA AÐ VINNA ?

ARE YOU LOOKING FOR A JOB ?

Óskar eftir hressu fólki í hlutastörf frá 10:30 - 15:00 alla virka daga. Ef þú ert 18 ára eða eldri, reyklaus og langar að vinna í skemmtilegu umhverfi sendu þá ferilskrá á brynja@ginger.is eða kíktu við í Ginger Síðumúla 17, milli kl. 14-16 virka daga.

KÖKUHORNID

Röskur starfskraftur óskast í afgreiðslustarf í bakarí okkar í Bæjarlind, unnið er á vöktum og aðra hvora helgi. Æskilegt er að viðkomandi sé 20 ára eða eldri. Íslenskukunnátta skilyrði. Framtíðarstarf.

Uppl. gefur Gréta í s. 867 1433 milli kl. 9-16



Pípuhúsnir með sveinspróf eða maður vanur pípuhúsnir óskast í fullt starf. Um er að ræða framtíðarstarf á góðum vinnustað. Sveinspróf í pípuhúsnir æskileg. Umsóknir og fyrirspurnir sendist á landslaginn@landslaginn.is og uppl. í s. 896-2908 Almar.



ÖRYGGISVÖRÐUR - VERSLUNARÞJÓNUSTA

Skilyrði:

-Hreint sakavottorð

-Íslenskukunnátta

-20 ára lágmarksaldur

-Góð þjónustulund

Umsókn með mynd og ferilskrá sendist á 115@115.is Nánari upplýsingar um starfið eru veittar í síma 5 115 115 www.115.is

KAFFIHÚSIÐ TÍU DROPAR

Óskar eftir duglegum starfsmanni í eldhúsi. Í boði er hlutastarf sem hentar mjög vel með skóla. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Þarf að hafa náð 20 ára aldri.

Allar upplýsingar og ferilskrá sendist á 10dropar@gmail.com

Óskum eftir fólki í úthringistarf. Hentar vel með skóla eða annarri vinnu. Föst laun og bónusar í boði. Uppl og fyrirspurnir sendist á umsoknir@tmi.is eða í 770-2277

Óska eftir yfirvélstjóra á 200 tonna netabát. Báturinn er gerður út frá Suðurnesjum. Uppl. í s. 845 3480 Sigvaldi

Kona: Viltu spjala við heita karla í síma gegn góðu gjaldi? Hitaspjall.eu

Atvinna óskast

VANTAR PIG SMÍÐI, MÚRARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?

Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.

Proventus starfsmannabjónusta - Proventus.is S. 782-8800

CA. 50% STARF ÓSKAST

Er Ms. Byggingartækni.

Er laghentur smiður.

Er viðurkenndur bókarí.

Með word og exel.

Er með aukin ökuréttindi;

B,C,D,BE,CE,DE

Góð tungumálakunnátta.

Uppl: gudjonr2@internet.is

S: 7775066, Guðjón

36 ára maður óskar eftir Beitningu. Bý á höfuðborgarsvæðinu. Suðurnesin koma til greina. Þorlákshöfn kemur einnig til greina. Er vanur og mjög duglegur. Frekari upplýsingar í síma 8668112/5625013

38 ára gamlan föður og háskólanema bráðvantar aukavinnu með skólanum, hef reynslu af t.d. matreiðslu og sendibílakstri. Áhugasamir hafi samband í s. 783 0678 Ólafur

TILKYNNINGAR

Einkamál

Kona: leitar þú skyndikynna? RauðaTorgið.is


STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS

VÍSIR

FÉLAG FASTEIGNASALA

Ótrúlegt úrval íbúða til sölu eða leigu!



 Tannlæknafélag Íslands mælir með notkun xylitols sem aðalsæfufnis í tyggigúmmí

 Borða  Drekka tyggja 

TÆKNI

Könnun Mars

Frá 1964 hafa bandarískar, evrópskar, rússneskar, japanskar og indverskar geimvísindastofnanir sent könnunarjeppa og gervitungl að Mars.

MARINER 9

1971 NASA

Geimkanni (óvirkur)

Fyrsta geimfarið á sporbraut um aðra plánetu.

MARS ORBITER MISSION

2014 Indland

Geimkanni (virkur)

Verkfræðilegar athuganir. Rannsóknir á lofthjúpi.

PATHFINDER/

SOJOURNER

1997 NASA

Geimkanni með lendingarbúnaði/könnunarfar (óvirkur)

Fyrsta könnunarfarið sem ók um yfirborð Mars.

VIKING 1

1976 NASA

Geimkanni með lendingarbúnaði (óvirkur)

Fyrsta geimfarið til að lenda á og rannsaka Mars.

VIKING 2

1976 NASA

Geimkanni með lendingarbúnaði (óvirkur)

Leitaði að lífi á yfirborði Mars.

MARS 3

1971 Sovétríkin

Geimkanni með lendingarbúnaði (óvirkur)

Fyrsta landing á annarri plánetu en náði ekki að senda frá sér gögn.

SPIRIT OG OPPORTUNITY

2004 NASA

Geimkanni með lendingarbúnaði/könnunarför (Spirit óvirkur)

Ítarlegar rannsóknir og athuganir á Mars. Opportunity enn virkur.

CURIOSITY

2012 NASA

Könnunarfar (virkur)

Hefur fundið flóknar lífrænar sameindir, forna árfarvegi og framkvæmt rannsóknir á jarðvegi Mars.

Vinin í rauðu eyðimörkinni

Rúmri öld eftir að kenningar um rauðu paradísina Mars vöktu hrifningu vitum við nú að vatn er að finna þar í vökvaformi. Þar með er ekki sagt að líf sé til staðar enda mörgum spurningum enn ósvarað.

Kjartan Hreinn Njálsson
kjartanh@365.is



Hugmyndir um Mars sem vota og lífvænlega veröld ná hundruð ára aftur í tímann. Bandaríski stjörnufræðingurinn Percival Lowell var atkvæðamikill í þessum misráðnu vísindum. Hann taldi sig sjá mikilfenglega áveituskurði á plánetunni árið 1877. Kenningar hans vöktu mikla athygli og voru líklega á allra vörum á Seyðisfirði föstudaginn 20. nóvember 1896.

„Það fjarar seint út á Mars, og höf og flóar verða að ákaflega stórum mýrarflákum, þar sem mikill jurtagróður þýtur upp.“ Þetta ritaði blaðamaður hjá tímaritinu Austra á Seyðisfirði árið 1896 í umfjöllun sinni um kenningar Lowells.


Tæplega 120 árum eftir að heima-stjórnarmenn á Austra fræddu Seyðisfirðinga um rauðu paradísina höfum við nú traustar vísendingar um að vatn í fljótandi formi sé að finna á yfirborði Mars.

Grunsemdir staðfestar

Vísindamenn NASA tilkynntu í vikunni að hægt væri að rekja dökkar rákir í hlíðum Mars til vatns í vökvaformi. Gögn frá gervitunglum á sporbraut um Mars sýna fram á tengsl þeirra við saltútfellingar í fjallshlíðum, sem er möguleg ástæða fyrir því að rakinn gufar ekki upp í þunnum lofthjúpi plánetunnar.

Þetta er ekki raki sambærilegur þeim sem Mars státaði af fyrir örfáum milljörðum ára, ár, stöðuvötn og jafnvel úthöf, heldur litlir blettir af rökum jarðvegi. Þetta er vatn í litlu magni en vísindamenn hafa komið auga á þúsundir sambærilegra raka og aðeins agnarsmár hluti plánetunnar hefur verið kannaður af slíkri nákvæmni.

Tilgátan varð til seint á tíunda áratugnum þegar ítarlegar myndir bárust af rákunum. Vísindamenn grunaði fljótt að rekja mætti fyrirbærið til vatns. Ekki ósvipað því þegar steinsteypa blotnar í rigningu.



Grenjandi hlíðar Mars. Rákirnar myndast út frá árstíðabundnu flæði vatns á yfirborðinu. MYND/NASA/JPL

Staksteinar vísa veginn

Tilkynning NASA var alls ekki sláandi enda hefur vísindamenn lengi grunað að vatn í vökvaformi væri að finna á plánetunni við ákveðnar aðstæður. Jafnframt hefur ekkert verið sannað í þessum efnunum. Aðeins traustar vísendingar kynntar og rökrétt tilgáta staðfest. Og margir ypptu öxlum: „Vatns á Mars, enn eina ferðina.“

Uppgötvanir í vísindum eru sjaldgæfar. Hin vísindalega aðferð krefst tíma, endurtekninga og þolinmæði. Sérstaklega þegar athuginin á sér stað í 140 milljóna kílómetra fjarlægð. Enginn kallaði „eureka!“ þegar rákirnar reyndust vera vatn. Þúsundir vísindamanna og verkfræðinga eiga heidurinn af uppgötvuninni. Dr. Ari Kristinn Jónsson, rektor Háskólans í Reykjavík, hóf störf hjá NASA 1997 og stýrði þróun hugbúnaðar fyrir vitjeppana Spirit

og Opportunity sem lentu á Mars 2004. Vitjepparnir eru í góðum hópi vísindatækja sem ýmist eru á sporbraut um Mars eða á yfirborði plánetunnar og hjálpuðu vísindamönnum að finna vatnið.

„Þetta gæti hreinlega ekki verið betra,“ segir Ari. Margt bendir til að líf leynist á Mars. En uppgötvunarir eiga sér stað í áföngum og leitinn að lífi snýst í raun um leitina að vatni. Núna, þegar litrófsgreinar hafa greint efnasambönd vatnsins, er í raun búið að útiloka alla aðra möguleika. „Þetta er eiginlega orðið skothelt. Það er fljótandi vatn á Mars undir ákveðnum kringumstæðum og það er betri útkoma en við hefðum getað vonast eftir þegar við byrjuðum á þessu.“

Marsneskur pækill

Vatnið á Mars er gríðarlega salt. Það væri í raun ágætis hálkuvörn ef

Vegagerðin treystir sér í útboð. Slík er seltan að líffræðingar NASA telja ólíklegt að líf geti þrífist í vatninu. En vatn er hið fullkomna leysiefni, forsenda lífs eins og við þekkjum það og tilvist þess í vökvaformi á annarri plánetu er vafalaust ein besta vísending um framandi líf sem við höfum komist í tæri við.

Vandamálið er að vitjepparnir á Mars munu aldrei kanna vatnið, enda er töluverð hættu á að jarðneskar örverur mengi sýnin. Finnist líf á Mars í dag verður erfitt að sanna að um frumbyggja Mars sé að ræða. Fleiri leiðangra þarf til að leysa þetta vandamál – og meira fjármagn.

Þegar Ari hóf störf hjá NASA var könnun Mars áætluð sem náði áratugi fram í tímann. Hann segir að kúending hafi átt sér stað hjá NASA í stjórnartíð George Bush jr. og skyndilega varð markmiðið að koma fólki aftur út í geim. Mann-



**MED VATNI OG SÓLAR-
ORKU GETUR ÞÚ NÁNAST
GERT HVAD SEM ER.
VIÐ HORFUM TIL ÞESSA Í
VINNU OKKAR HJÁ NASA.
VIÐ KÖNNUM MARS,
SENDUM VERKSMÍÐJUR
ÞANGAÐ SEM VINNA ELDS-
NEYTI, VATN OG SÚREFNI.
ÞANNIG ÞURFA GEIM-
FARAR AÐEINS AÐ KOMA
MED ÞURRKAÐAN MAT.“**

Dr. Ari Kristinn Jónsson, rektor Háskólans í Reykjavík



aðar geimferðir og frekari könnun sólkerfisins er mikilvægt að mati Ara.

„Það er mikið í sólkerfinu sem við þurfum að kanna og fólk er svo brothætt,“ segir Ari og hlær. „Mikla tækni þarf til að halda lífi í svo viðkvæmum lífverum út í geimnum. En eitt af því sem tengir þetta saman – mannaðar ferðir til Mars og könnun – er að þetta verður ekki átaksverkefni eins og tunglferðirnar. Við þurfum að vanda okkur.“

Þannig getur þekking á vatnsflæði og ís á Mars skipt sköpum fyrir fyrstu Marsfarana. Þar sem áfangar í könnun radast saman og opna dyrnar fyrir mönnum ferðum um sólkerfið.



Himneskt

– AÐ NJÓTA –

Í þessari fallegu bók deila mæðgurnar Solla Eiríks og Hildur himneskum uppskriftum af hjartans ástríðu. Fjölskyldumáltíðir, nesti, veisluréttir og dásamlegir desertar eru meðal þess sem finna má í bókinni.



BONUS

HAGKAUP



HIMNESKT



ÞÖKKUM FRÁBÆRAR

við fyrstu frumsýningum vetrarins, 4:48 Psychosis,
Í hjarta Hróa hattar og Móðurharðindunum



Apríl | STÓRA SVIÐIÐ

DJÖFLAEYJAN

eftir Einar Kárason

Nýr söngleikur byggður á einni vinsælustu skáldsögu Íslands-sögunnar, sýndur í samstarfi við Baltasar Kormák.



Desember | STÓRA SVIÐIÐ

SPORVAGNINN GIRND

eftir Tennessee Williams
í leikstjórn Stefáns Baldurssonar
Seiðmagnað og kraftmikið leikrit,
eitt þekktasta verk bandarískra
leikbókmennta á 20. öld.



Febrúar | STÓRA SVIÐIÐ

HLEYPTU ÞEIM RÉTTA INN

eftir John Ajvide Lindqvist í
leikgerð Jack Thorne og leikstjórn
Selmu Björnsdóttur

Hvað myndir þú taka til bragðs ef
nýi nágranninn þinn væri vampíra?
Hrollvekjandi fantasía.



Janúar | KASSINN

UMHVERFIS JÖRÐINA

byggt á sögu eftir Jules Verne,
í leikgerð Sigurðar Sigurjónssonar
og Karls Ágústis Úlfssonar.
Leikstjóri Ágústa Skúladóttir

Ævintýrlega spennandi sýning
fyrir alla fjölskylduna. Skyldi
okkur takast að ljúka þessari
svaöilför á 80 dögum?



Janúar | KASSINN

≈ [um það bil]

eftir Jonas Hassan Khemiri í
leikstjórn Unu Þorleifsdóttur

Glænýtt verk eftir þekktasta
samtimeikskáld Svía. Bráðfyndið
og harkalegt í senn.

MÓÐURHARÐINDIN



- DV -

4:48 PSYCHOSIS



- Morgunblaðið -



- DV -

Í HJARTA HRÓA HATTAR



- Morgunblaðið -



- Fréttablaðið -



- DV -

VIÐTÖKUR



Veldu 3 sýningar fyrir aðeins 11.500 kr.

Tryggðu þér sæti í síma 551 1200 og á leikhusid.is



Október | STÓRA SVIÐIÐ

HEIMKOMAN

eftir Harold Pinter í leikstjórn Atla Rafns Sigurðarsonar

Kraftur, spenna og heiftúðug átök í meistaraverki Nóbelskaldsins Pinters.

September | KASSINN

MÓÐURHARÐINDIN

eftir Björn Hlyn Haraldsson

Sprenglægilegur gamanleikur um samskipti móður og barna þar sem kynhlutverkin eru stokkuð rækilega upp.

September | KÚLAN

4:48 PSYCHOSIS

eftir Söruh Kane, í leikstjórn Friðriks Friðrikssonar og flutningi Eddu Bjargar Eyjólfsdóttur

Magnað kveðjuverk Söruh Kane sem lýsir hatrammri baráttu hennar við alvarlegt þunglyndi og rökræðum sálarinnar um réttlætingu þess að taka eigið líf.

September | STÓRA SVIÐIÐ

Í HJARTA HRÓA HATTAR

eftir David Farr í leikstjórn Gísla Arnar Garðarssonar og Selmu Björnsdóttur

Eldfjörug fjölskyldusýning, uppfull af leikhústöfrum í anda Vesturports.

Október | STÓRA SVIÐIÐ

YFIR TIL ÞÍN

Spaugstofan 2015

Spaugstofumeðlimirnir fimm halda upp á 30 ára grínafmæli í snarruglaðri gleðisýningu fyrir alla fjölskylduna.

Flækjusaga

Illugi Jökulsson bíður spenntur eftir því að gróf Nefertítíar drottningar finnist í Egíptalandi. En hver var sú góða drottning?



Í þessari viku búrast fregnir af því að kannski væri búið að finna gróf Nefertítíar drottningar í Egíptalandi. Og ég hygg að flestir sem heyrðu fréttirnar hafi kinkað svolítið kalli í huganum, já, Nefertítí, það nafn kannast ég við, já, er búið að finna hana blessunina? En svo þykist ég vita að flestir hafi svo sem ekki verið öllu nær um Nefertítí, af hverju menn könnuðust við hana og hvað hafði hún hafði sér til frægðar gert. Því er hér komin upprifjun á ævi Nefertítíar drottningar, það sem vitað er, og svo er óskandi að gróf hennar sé vissulega fundin, því það væri ómetanlegur fengur og gæti vafalaust sagt okkur margt um hennar tíma í Egíptalandi.

Það fyrsta sem menn þurfa að átta sig á þegar þeir fara að skoða egípska sögu, það er hversu löng hún er. Fyrsta konungsættin, sem svo er kölluð, mun hafa sameinað efri og neðri hluta Egíptalands um það bil árið 3150 fyrir Krist. Það eru sem sé meira en 5.000 ár síðan! Við nútímafólk megum líklega þakka fyrir ef menning okkar þraukar í einhverri skiljanlegri og samfelldri mynd í 500 ár en getum engar vonir gert okkur um 5.000 ár. Og Khufu, faraóinn sem lét byggja stóra píramíðann í Gísa, þann sem enn er mest undur í heimi, hann ríkti kringum árið 2570 f.Kr. eða fyrir tæplega 4.600 árum.

Nefertítí var uppi löngu síðar. Hún er talin hafa orðið drottning árið 1353 f.Kr. Og svo áttu eftir að liða 1.300 ár frá Nefertítí til Kleópötru – sem er sú eina Egíptalandsdrottning sem telja má enn frægari en Nefertítí.

Þessari talnaþulu var ætlað að gefa lesendum einhverja hugmynd um hve gríðarlega löng saga Egípta er. Og það má líka nefna að sé eitthvað hæft í frásögnum Biblíunnar um herleiðingu Gyðinga til Egíptalands (sem er mjög vafasamt) þá hefur það gerst um svipað leyti og Nefertítí var á dögum. Því er til dæmis fáránleg sú hugmynd að Gyðingar hafi verið þrælkaðir til að vinna við stóra píramíðann hans Khufus. Þá voru sem sé rúm 1.200 ár liðin frá smíði hans, jafn langur tími og skilur okkur frá landnámi Íslands eða dögum Karlamagnúsar.



Nefertítí.

Sú fagra kemur

Stórbokkar

Á tímum Nefertítíar voru Egíptar helstu stórbokkar í Miðausturlöndum eins og yfirleitt bæði fyrir og síðar. Þeir réðu um þessar mundir Palestínu og langt norður í Sýrland. Í Mesópótamíu hafði stórveldið Babylon, sem löggjafinn Hammúrabi tilheyrði, fallið rúmum 200 árum fyrir og þar var nú millibilsástand, svonefndir Kassítar réðu þar ríkjum

og dýrkuðu hesta sína sem guði. Í uppsveitum voru Assyriumenn líka í biðstöðu eftir mikil veltiár en farnir að bíta járn og brýna kuta sína fyrir næstu útrás. Í Litlu-Asíu var hið dularfulla stórveldi Hittíta sem enn er sorglega fát vitað um en ógnaði alltent ekki yfirburðastöðu Egíptalands um þær mundir. Í Grikklandi var Kritarmenningin fallin og tómir villimenn þar um slóðir.

Svo allt var með kyrrum kjörum í Egíptalandi. Faraóar komu og fóru í mestanpart fríðsælli halarófu og allt virtist vera eins og best varð á kosið í hinum besta heimi allra heima. En þá skall allt í einu á fyrirvaralaust stormur. Faraóinn Amenhotep IV fékk þá flugu í höfuðið að allir hinir endalaus guðir Egíptalands í líki katta, fálka, tordýfla og fleiri kykvenda, þeir væru einskis virði, og líklega væri guð bara einn: Aten hétí hann og tákn hans væri hin völduga sól. Þetta var væntanlega sama hugmynd og hjá Þorkatli mána sem lét bera sig í sólargeisla í banasótt sinni og fól sig á hendur þeim guði er sólin hafði skapað, líkt og Landnáma segir. Þessi eini sólarguð faraós var vel að merkja allt annað fyrirbæri en gamli sólarguðinn Ra sem allir þekkja úr krossgátum. Því miður voru Forn-Egíptar litlir sem engir sagnaritarar þótt þeir kynnu að reisa glæsilegar byggingar og einkum grafhýsi. Því er í rauninni fát vitað um ástæður þess að Amenhotep IV hóf þessa trúarbragðabyltingu en Aten-trú hans má jafnvel kalla fyrstu eingyðistrú sem við höfum heimildir um. Á þeim tíma er til dæmis næsta

öruggt að Gyðingar (að því marki sem sú þjóð var til orðin) trúðu enn á marga guði. Til marks um trúskiptin tók faraó sér nýtt nafn og kallaðist síðan Akhenaten.

Aðkomukona?

Og Nefertítí var sem sé drottning hans, sú æðsta af nokkrum eigin-konum. Ýmsar kenningar eru um hvaðan hún var upprunnin, líklega var hún af egípskum aðalsættum, en kannski af ættum Mítanna sem bjuggu í norðurhluta Sýrlands. Nafnið þýðir alla vega „Fegurðin kemur“ og það er greinilegt af þeim fátæklegu heimildum sem til eru að Nefertítí var alla tíð kunn fyrir fegurð. En þó ekki bara fyrir fegurðina. Það er til dæmis ljóst að hún tók fullan þátt í trúarbyltingu eiginmannsins. Það má jafnvel hugsa sér að hafi Nefertítí verið aðkomukona, eins og nafn hennar og sögur um mítanskan uppruna gætu bent til, þá hafi það verið hún sem stóð á bak við eingyðistrú Akhenatens. Kannski hugdettan um einn guð hafi fæðst einhvers staðar í Sýrlandsfjöllum og borist þaðan með Nefertítí þegar henni var sett fyrir að giftast faraó Egíptalands. En fyrir þessari kenningu eru þó engar heimildir frekar en flestu öðru sem að Nefertítí lýtur. Óbeint má hins vegar lesa út úr veggmyndum á ýmsum byggingum að hún hefur verið mikil áhrifakona við hirð Akhenatens. Hún stendur ýmist við hlið eiginmannsins eða rétt fyrir aftan hann á ýmsum lágmyndum þar sem þau eru við opinberar athafnir, einkum trúarlegar til dýrðar Aten, en



EN ÞÁ SKALL ALLT Í

EINU Á FYRIRVARALAUST

STORMUR. FARAÓINN

AMENHÓTEP IV FÉKK

ÞÁ FLUGU Í HÖFUÐIÐ AÐ

ALLIR HINIR ENDALAUUSU

GUÐIR EGÍPTALANDS Í LÍKI

KATTA, FÁLKA, TORDÝFLA

OG FLEIRI KYKVENDA,

ÞEIR VÆRU EINSKIS VIRÐI,

OG LÍKLEGA VÆRI GUÐ

BARA EINN: ATEN HÉTÍ

HANN OG TÁKN HANS VÆRI

HIN VÖLDUGA SÓL.

hún sést líka iðulega ein á ferð og þá oft við athafnir sem yfirleitt kröfðust nærveru kóngsins. Til eru lágmyndir þar sem hún refsar óvinum hörkulega og ein mynd virðist sýna hana umkringda stríðsföngum. Þó verður að teljast ólíklegt að hún hafi tekið þátt í bardögum eða styrjöldum, því sennilega væru þá til mun skýrari heimildir um það.

Vel lukkuð bylting en skammlíf

Ekki er vitað annað en trúarbylting þeirra Akhenatens og Nefertítí hafi gengið nokkuð vel. Að minnsta kosti eru ekki til sjáanleg dæmi um mótspyrnu gegn Atens-dýrkun þeirra hjóna meðan þau lifðu.

Þau eignuðust sex dætur og til er falleg lágmynd þar sem hjónin og dæturnar eru viðstödd athöfn þar sem viðurkenning er veitt óþekktum manni fyrir dygga þjónustu við hinn eina guð Aten. Sýnir myndin, þó ekki sé annað, hve mikla áherslu hjónin lögðu á hina nýju trú. Öll fjölskyldan var greinilega virkjuð í því skyni.

Akhenaten ríkti í sautján ár en hvað þá gerðist er ekki að fullu ljóst. Svo virðist sem kona nokkur hafi tekið við um skeið eftir að Akhenaten dó og sumir fræðimenn telja að það hafi einfaldlega verið Nefertítí undir nýju nafni. Hafi svo verið, þá ríkti hún alla vega ekki lengi sem faraó því tveimur árum eftir andlát Akhenatens tók nýr faraó við. Það var níu ára sonur Akhenatens, sem þá hét Tutankhaten. Móðir hans var ekki Nefertítí heldur önnur af konum Akhenatens, kannski systir faraós eða frænka. Þegar ungpilturinn hafði ríkt í fáein ár stýrðu ráðgjafar hans nýrri trúarbyltingu og var nú guðinn Aten steypt af sínum eingyðisstalli en gamla trúin leidd til vaxandi á ný. Æðstur guða var þá nefndur Amun og faraó var látinn breyta nafni sínu í Tutankhamun af því tilefni.

Stytta Nefertítíar

Valdaseta hans varð stutt og ekki söguleg. Hann var nánast gleymdur þegar gróf hans fannst nærri ósnert árið 1922, en það er inn af henni sem menn vona að gróf Nefertítíar muni nú finnast. Ráðgjafar Tutankhamuns unnu að því öllum árum meðan á skammri stjórnartíð hans stóð, sem og í tíð arftaka hans, að bæla niður allar minningar um trúarbyltinguna sem faðir hans stóð fyrir, og með mjög góðum árangri – það var ekki fyrr en á 19. öld sem fræðimenn fóru að átta sig á hvíllik stórtíðindi höfðu verið þarna á seyði í trúarlegum efnum. Þá hafði Akhenaten verið öllum gleymdur í 3.200 ár. Og kannski gleymist hann aftur. En stórkostleg stytta sem myndhöggvarinn Tutmósis gerði af drottningu faraós og fannst 1912 mun ugglaut valda því að Nefertítí gleymist aldrei.

UMHVERFIS- OG AUDLINDARÁDUNEYTIÐ

Umhverfisþing 2015

IX. Umhverfisþing verður haldið á Grand Hótel Reykjavík föstudaginn 9. október undir yfirskriftinni **Samspil náttúru og ferðamennsku.**

Skráning á www.uar.is/skraning fyrir 6. október.

Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.



VERÐHRUN!

LOKAHELGIN

RÝMINGARSALA BÓKAÚTGEFENDA

OPIÐ ALLA DAGA FRÁ KL. 10-18 • MÖRKINNI 1

SÍÐASTI
SÉNS TIL AÐ
GERA FRÁBÆR
KAUP!

MIKIÐ ÚRVAL
BÓKA Á 99 KR.



ALDREI MEIRA ÚRVAL AF BARNABÓKUM!



BÓKAPAKKAR
Á FRÁBÆRU VERÐI

EKKI MISSA AF LESTINNI!

ALLIR SEM VERSLA FÁ FRÍA BÓK!

TÍMAMÓT

Merkisatburðir

- 1903** Danakonungur samþykkir heimastjórn á Íslandi.
- 1933** Félag byltingarsinnaðra rithöfunda er stofnað í Reykjavík.
- 1973** Bresk herskip yfirgefa 50 sjómílna fiskveiðilögsögu Íslands
- 1975** Þýrla Landhelgisgæslunnar hrapar í Skálafelli.
- 1996** Djöflaeyjan, kvikmynd Friðriks Þórs Friðrikssonar, er frumsýnd.



Friðrik Þór Friðriksson
leikstjóri

Veislan í anda Snorra

Haldið verður upp á 20 ára afmæli Snorrastofu í Reykholti í dag. Þar verður bæði litið yfir farinn veg og boðnar veitingar. Jafnvel að boðið verði í sögugöngu ef veður leyfir.

Metnaðarfull dagskrá hefst í Snorrastofu í Reykholti klukkan 15 í dag. Bergur Þorgeirsson forstöðumaður á von á mörgum gestum. „Yfirleitt er góð aðsókn hjá okkur. Við erum með yfir 40 viðburði á hverju ári, námskeið, fyrirlestra, bókasafnsvöld og margt fleira,“ lýsir hann og segir starfseminna hafa gengið vel í þau 20 ár frá því stofnskrá Snorrastofu var undirrituð á dánardægri Snorra Sturlusonar, 23. september árið 1995.

Bergur er menntaður á sviði forníslenskra fræða og var sá fyrsti sem ráðinn var að Snorrastofu eftir að hún var gerð að rannsóknarstofnun. Nú eru þar átta starfsmenn allt árið, þeir sinna rannsóknum auk þess að byggja upp sýningar, sinna móttöku gesta og umhverfinu á svæðinu.

Meðal þess sem fagnað verður í dag er að hollvínafélagið Snorres venner í Noregi var stofnað 23. september síðastliðinn. Það hefur að markmiði að styðja við bakið á ýmsum samvinnuverkefnum Íslands og Noregs, einkum þeim sem tengjast Snorrastofu. „Samtökin hafa verið í undirbúningi lengi, meðal annars hjá vinum okkar í Noregi sem hjálpuðu okkur að fjármagna byggingu stofunnar. Það var ákveðinn hópur í Bergen, undir stjórn Arne Holm konsúls. Nú er kominn nýr konsúll, Kim Lindgjærd sem hefur haft forgöngu um



„Jónas Árnason bjó í Reykholti og hafði mikið gildi fyrir staðinn. Því þykir mér alltaf vænt um þessa mynd,“ segir Bergur. MYND/ GUÐLAUGUR ÓSKARSSON

stofnun vinasamtakanna.“ Lýsir Bergur og getur þess að Vigdís Finnbogadóttir sé verndari Snorres venner.

Í afmælisdagskránni mun Ólafur Pálmason mag. art. fjalla um Jón Helgason á Rauðsgili og fara með nokkur ljóða hans, Snorri Hjálmarsson söngv-

ari og Ingibjörg Þorsteinsdóttir pianóleikari flytja sönglög og ný heimasíða Snorrastofu verður opnuð. Dagskráin hefst í Reykholtskirkju og veitingar verða í sýningar- og safnaðarsalnum. Ef veður leyfir bjóða heimamenn til sögugöngu um staðinn. gun@frettabladid.is



Innilegar þakkir fyrir auðsýndan hlýhug og samúð við andlát og útför eiginmanns, föður, tengdafaður, afa og langafa,

Eiríks Ármanns Guðmundssonar

bóna,
Brimnesi, Fáskrúðsfirði.

Starfsfólki FSN í Neskaupstað færur við sérstakar þakkir fyrir alúð og umhyggju.

Hulda Steinsdóttir

Sólveig Eiríksdóttir

Vilborg Eiríksdóttir

Guðmundur Eiríksson

Steinn Hróður Eiríksson

Albert Eiríksson

Halldóra Eiríksdóttir

Árdís Hulda Eiríksdóttir

afabörn, langafabörn og aðrir aðstandendur.

Björn Lindal

Einar Guðbjartsson

Bergþór Pálsson

Erling Örn Magnússon



Við þökkum fjölskyldu og vinum auðsýnda samúð við andlát og útför elskulegrar eiginkonu minnar og móður minnar,

Ásthildar Alfreðsdóttur

Vesturströnd 6,
Seltjarnarnesi.

Við viljum einnig þakka Jakobi Jóhannssyni krabbameinlækni, Heimahjúkrun Karítas og starfsfólki líknardeildar Landspítalans fyrir góða og alúðlega umönnun í veikindum hennar. Starfsfólki og vinkonum hennar í Ljósinu viljum við einnig þakka fyrir starfseminna og dýrmætan vinskap.

Þórhallur Birgir Jónsson
Gyða Þórhallsdóttir



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

Hreiðar Ársælsson

lést 23. september.

Útför hans fer fram frá Frikirkjunni í Reykjavík, þriðjudaginn 6. október kl. 13.

Guðbjörg Jóhannsdóttir
Ásta Sólveig, Ársæll, Jóhann Örn, Hafsteinn Haukur,
Arndís, tengdabörn og barnabörn.



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Herborgar Friðjónsdóttur

Holtsgötu 5, Reykjavík.

Sérstakar þakkir viljum við færa Karítas heimahjúkrun fyrir góða umönnun.

Ólafur Ali Halldórsson Anna María Halldórsdóttir
Erna María Halldórsdóttir Friðjón Stefán Guðjohnsen
makar, barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, systir, amma og langamma,

Áslaug Karlsdóttir

Klappargstíg 13,
Ytri-Njarðvík,

andaðist á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja þann 16. september sl.

Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk Áslaugar. Færum starfsfólki Garðvangs og síðar Nesvalla þakkir fyrir hlýju og góða umönnun. Þá fær starfsfólk D-deildar HSS þakkir fyrir nærgætni og umhyggju.

Hulda Karen Róbertsdóttir Bergur Páll Kristinsson
Sigríður Dúa Goldsworthy
Grimur Karlsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Hreiðar Bragi Eggertsson

Arnarsmára 22,

lést á Landspítalanum Fossvogi 24. september sl. Útförin fer fram frá Víðalíniskirkju í Garðabæ fimmtudaginn 8. október kl. 13.00.

Elisabet Guðjónsdóttir
Ólafía Þóra Bragadóttir Gunnar Davíðsson
Hafsteinn Bragason Linda Bára Lýðsdóttir
Sylvía Bragadóttir Rúnar Harðarson
Guðjón Þór Gunnarsson Rannveig Kjarran
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Júlíus Guðlaugsson

Barðastöðum 9,

andaðist á Landspítalanum

3. september síðastliðinn. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar.

Kristín Skúladóttir
Skúli Svanur Júlíusson Katarzyna Rafalowska
Einar Már Júlíusson Björg Jónsdóttir
Benjamín Júlíusson Bryndís Bachmann
og barnabörn.



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Ólöf Sigurbjörg Ágústsdóttir

lést 22. september á heimili sínu. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hennar látnu.

Eysteinn Sveinbjörnsson

Ingibjörg Eysteinsdóttir

Sjöfn Eysteinsdóttir

Sveinbjörn Eysteinnsson

barnabörn og barnabarnabörn.

Sigurður Steinarsson

Valdimar Gunnarsson

Dóra Jóhannsdóttir




Innilegar þakkir fyrir þann hlýhug sem okkur hefur verið sýndur vegna andláts og útfarar ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Sólveigar Geirsdóttur

frá Hallanda, Hraungerðishreppi, Garðatorgi 7, Garðabæ.

Ingimar Örn Ingimarsson Ella Kristín Karlsdóttir
Geir Ingimarsson Una Hannesdóttir
Auður Ingimarsdóttir Ómar Hafsteinnsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Þórdís Kristjánsdóttir

hjúkrunarkona, Undirhlíð 3, Akureyri,

lést miðvikudaginn 30. september. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hennar látnu.

Árni H. Sörensson

Sigrún R. Snædal

Magnús V. Snædal

Þórdís Jörgensdóttir

og barnabörn.

Kristján P. Snædal

Jóna Ármannsdóttir

sloggi®

**SLOGGI MAXI 3 Í PAKKA
Á TILBOÐI**
á útsölustöðum Sloggi

TILBOÐ



bér líður betur í Sloggi

Októberhátíð

LANGUR LAUGARDAGUR Í DAG

Haustið er komið með allri sinni litadýrð og borgin skartar sínu fegursta. Það verður sannkölluð októberhátíð í Miðborginni okkar í dag frá kl. 14:00, með lifandi, freyðandi tónlist á götum og torgum. Kjórið tækifæri til að koma og smakka á miðborginni, gæða sér á föstum krásum og fljótandi í fjölda verslana, fyrirtækja og veitingahúsa.

Þann 15. október verður svo Bleikt kvöld í miðborginni þar sem verslanir eru opnar til kl. 22:00.

Opið í verslunum til kl. 17:00 í dag og víða lengur. Næg bílastæði og munið bílastæðahúsin.




Girnileg tilboðsslá með 20–60% afslætti. 20% afsláttur af bleikum vörum út október.

Laugavegi 40



10% afsláttur af öllum yfirhöfnum.

Laugavegi 28b



20% afsláttur af öllum kjólum.

Laugavegi 77



Haustsprenghja á vetraryfirhöfnum.

Laugavegi 63



Full búð af nýjum vörum.

Laugavegi 53b



Léttar veitingar.

Pinghóltsstræti og Austurstræti



Frítt kaffi.

Geirsgötu 5a



20% afsláttur af öllum gallabuxum og Kontatto bolum í dag.

Laugavegi 49

Styrktaraðilar októberhátíðar eru eftirfarandi:



ALMENNA
LEIGUFÉLAGIÐ



ILSE JACOBSEN
HÖRNÆK

Endalaust af nýjum og glæsilegum haustvörum.

Laugavegi 33



Opið 11:00–18:00.

Laugavegi 92



20% afsláttur af öllum glösum.

Laugavegi 53b



Miðar og gjafabréf í sjóstangaveiðiferðir á 40% afslætti. Ferðaleikur.

Ægisgarði 3



Léttar veitingar og tilboð á völdum vörum. Opið 11:00–18:00

Laugavegi 35



Gleðistundarverð á bjór 14–16. Sara Signýjar spilar á Ukulele og gítar 16–18.

Ingólfsstræti 1a




15% afsláttur af öllum húfum og treflum fyrir haustið!

Aðalstræti 10



20% afsláttur á úrum frá Armani, Kenneth Cole og Michael Kors.

Laugavegi 15



20% afsláttur af völdum vörum. Góð tónlist og léttar veitingar.

Laugavegi 27



15% afsláttur af Wolford.

Laugavegi 80



20% afsláttur af öllum vörum, léttar veitingar í boði. Skartgripisögur.is

Bankastræti 12



Gómsætir ostar og léttöl. 10% afsláttur af öllum glösum og sælkeravörum.

Laugavegi 32



Gómsætir ostar og léttöl. 10% afsláttur af öllum teppum.

Laugavegi 25

MÍÐBORGIN OKKAR — ÞAR SEM HJARTAÐ SLÆR!
— WWW.MÍÐBORGIN.IS —





MYCONCEPTSTORE

15% afsláttur af öllum vörum.

Laugavegi 45

BORD FYRIR TVÖ

15% af öllum stellem og hnifapörum!

Laugavegi 97

ÍSAFOLD RESTAURANT

Krombacker lager og weissbier á sértilboði frá 11:30 til miðnættis.

Pinghóltsstræti 3-5

CAFÉ MEZZO

Bjór og Brezel'n, Lederhosen og Dirndl. Komdu og upplifðu léttu bavaríska stemningu!

Lækjargötu 2a, 2. hæð



20-50% af öllum fatnaði.

Laugavegi 71



Laugavegi 29



20% afsláttur af öllum skartgripum. Opið frá 11:00-17:00.

Grandagarði 31

Orr

15% af silfurskarti.

Bankastræti 11



Derrick, 1974-1998.

Laugavegi 59



Krombacker lager og weissbier á sértilboði frá 11:30 til miðnættis.

Ingólfsstræti 1



Sonderangebot á öllum björglösum. Jawohl!

Laugavegi 47



10% afsláttur af matseðli frá 11:30-22:00.

Geirsgötu 3

Styrktaraðilar októberhátíðar eru eftirfarandi:



GullBúðin
BANKASTRÆTI

 **CINTAMANI**

Couture
Laugavegi 86-94 101 Reykjavík Tel: 00354 5111060

 **Ígló & Indí**

20% afsláttur af öllum vörum. Léttar veitingar í boði, gullbudin.is.

Bankastræti 6

20% afsláttur af öllum skeljum. Léttar veitingar. Opið til 22:00.

Bankastræti 7

Nýjar vörur.

Laugavegi 86

Bjóðum börnin velkomin. Blöðrur og Ígló & Indí húðflúr.

Skólavörðustíg 4a



TÖSKU- OG HANSKABÚÐIN

30% afsláttur. Léttar veitingar.

Laugavegi 103

aurum
LÍFSTÍLL

Bankastræti 4 | sími: 551 2770

Léttar veitingar, stuð og stemmari. Hlökkum til að sjá þig.

Bankastræti 4

aurum
BY
GUÐBJÖRG

Léttar veitingar, stuð og stemmari. Hlökkum til að sjá þig.

Bankastræti 4



20% afsláttur af Marmot fatnaði.

Laugavegi 11



Ullarkistan

20% afsláttur af fylgihlutum og önnur flott tilboð.

Laugavegi 25



20% afsláttur af öllum vörum.

Laugavegi 55



20% af öllum Marimekko vörum, léttar veitingar.

Laugavegi 27

ZO·ON
ICELAND

Hvernig sem viðrar...

Bankastræti 10

MÍÐBORGIN OKKAR — ÞAR SEM HJARTAÐ SLÆR!

— WWW.MIDBORGIN.IS —





KROSSGÁTA

LÁRÉTT

- Langar oftár í aur, eins og í gamla daga (11)
- Kveikti á aðferð fyrir atvinnuskúrara (10)
- Bjórveitubarki liggur um ás hinnar sprúðlandi lindar (11)
- Tælir truflun í rokki (10)
- Þessi eini blekkti með litarefni og ruglinu sem hann dró upp með því (11)
- Hér má sjá haf hestanna og togarajaxlanna (10)
- Segi Steini fyrir verkum á Karfabjargi (11)
- Fylling nær miðju genginnar (9)
- Mörk milli þeirrar sem minnst var á og hinnar sem borin er til arfs (12)
- Ræðan er um mann sem varð ruglaður af hávaða (5)
- Gust tel ég þola smá óvild (3)
- Þó að frá reki tungu framan í hann fer sá montni hvergi (10)
- Hvetja glóðir svo úr verður glóandi hrið (11)
- Hverju blótar andinn sem allt vill fyrir alla gera? (12)
- Elska skrif fiska um atburði liðandi stundar (11)
- Rif í mig læri og skreyti herforingja (9)
- Gefum þeim ófrið með kveikjorum (8)
- Bý til hlekkí ef ég finn rétt efni (9)
- Keyra, einnig þekkt sem ensk skammstöfun (3)
- Rétt, þessi guð var uppi á tíma risaeðlanna (4)
- Á bæði itroðslu og ábót (9)
- Búa til Skuld (9)
- Hér segir frá neysluöld og því ráðrúmi sem við höfum til að njóta hennar (9)

LÓÐRÉTT

- Stuð skemmdar getur leitt til dauða (9)
- Kennd af akveðinni og skarpri konu (8)
- Landtaka jáka angrar landa (9)
- Saðland opnaði leið að sjálfu sér (9)
- Hindra aum ítrekað eftir óútkljáð átökin (9)
- Svona spil spannar riflega tólf tungl og kallar á jafnlanga dvöl (7)
- Kitli þig vessar biða spennandi tímar (8)
- Finnið sjálf það sem rímar við álf (7)
- Hitti jafn frumstæðan karl og homo habilis (8)
- Gunni næst þótt drottning ruglist (6)
- Flyt fjölskylduna út í Síðu á árabát, enda sinni ég henni vel (9)
- Fús til árbakkaferða fái hann nógu vel greitt (9)
- Ef ég tæki til orða mundi ég nota sérstakan talshátt (11)
- Borga útgönguleið milli herbergja (7)
- Þar sat svin, eilítið ringlað en afar forvitit (7)
- Rispa fléttaði lírfu saman við svæfandi eitur (9)
- Sjóengid er eins og málmblandan (7)
- Grá barnar gíldar mjög (9)
- Þýskt nei við rússneskt já leiðir oss á slóð óvera (6)
- Gengur fótur sinn gang (5)
- Svona vopn er fyrir piparsveina (9)
- Ljósberi gefur góða lykt (7)
- Nokkurnveginn beggja vegna við orð sem við endurtökum öðruvisi (7)
- Þetta stóð uppúr eftir næstum 6 vikna úrhelli (6)
- Lifna þau sem leynt var (5)
- Ef grant er skoðað sést að það er ekki rétt skrifað (5)
- Svell á fljótinu í höfuðborg Bæjaralands (4)
- Mitt er allt sem vindurinn ber, einkum aska á túnum (4)
- Komast til Melrakkaslétta og hitta kæra vini (4)



Lausnarorð síðustu viku var **ÍSLENDINGASÖGUR**



VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af **Sitji guðs englar saman í hring eftir Guðrúnu Helgadóttur** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Dagbjört Sigvaldadóttir, Reykjavík**.



LAUSNARORÐ

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist áhald. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 7. október næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „3. október“.

Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

Eldborg, Hörpu 20. desember kl. 21:00

UPPSELT KL. 21:00

Jólatónleikar

Boney M.

með söngdivunni **Liz Mitchell**

Aukatónleikar kl. 17:00 sama dag

Miðasala er hafin á aukatónleikana. Tryggðu þér miða strax í dag.

Hooray! Hooray! It's a Hall-Holiday
Daddy Cool
Rivers of Babylon
Mary's Boy Child
Rasputin

Boney M, ein stærsta hljómsveit diskólmabilsins heimsækir Hörpu á aðventunni. Með í för er sjálf söngdivan Liz Mitchell. Það er óhætt að lofa góðri skemmtun í Eldborg á meðan Mary's Boy Child, Rivers of Babylon, Rasputin og allir hinir smelliðir koma salnum á hreyfingu. Tryggðu þér miða á stórkostlega skemmtun og komdu þér í réttu stemninguna fyrir jólin.

Miðasala á fix.is, harpa.is og í síma 528 5050

DEGURFLUGAN HARPA


Prautir

Krossgáta

- LÁRÉTT**
- plat
 - átt
 - aur
 - æxlunarkorn
 - ullarflóki
 - aðfall
 - rabb
 - í röð
 - útsæði
 - bergmála
 - til
 - eignarfor

LÓÐRÉTT

- nýja
- frá
- þegn
- steinbogi
- hagnaður
- þrá
- hluti verkfæris
- matur
- dolla
- ólæti



10. ósk, 13. orf, 15. feði, 16. dós, 19. at.
LÓÐRÉTT: 1. unga, 3. af, 4. borgara, 5. þru, 7. arðsemi, 14. skaf, 16. de, 17. fræ, 18. óma, 20. að, 21. sítt.
LÁRÉTT: 2. gabb, 6. na, 8. for, 9. gró, 11. ru, 12. aðsog.

SPAKMÆLI DAGSINS

Við erum óruggj gagnvart fólki sem dáir okkur því við erum viss um að það vill fá eitthvað í staðinn, einkum þegar ástin er með í spilu. Edward Dahlberg

Skák Gunnar Björnsson



Kasparov fann skemmtilega vinningsleið gegn Browne árið 1979.

Hvítur á leik
1. Bh7+! Svartur gaf. Staðan er vonlaus eftir 1...Kxh7 2. Dxe6. Peter Svidler hefur 2-0 forystu gegn Sergei Karjakin eftir tvær skákir í úrslitaeinvigi heimsbikar-mótsins.
www.skak.is: Yfirlit yfir æskulýðsæfingar félaganna.

Sudoku

LÉTT

	6		4	2				7
8	7					6		5
9		2	7					
3			4	7				
			5	7				
	5	1	6	9				
			7	1	8			
	2				3			9
1	9		2	8				

MIDLUNGS

		3		2		1	7	
		2		5			6	
1				6		4		2
5	9		4	1	6			8
			5				9	
				8			1	
7	3	8				2		1
9								6
2	1		4					9

PUNG

	6		7	2		3	1		
			9						2
5				4		7			8
		9		6		8	2		
			2	5		1			
1				9	4				5
7	3								
	6	5			7	2			
									3

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

9	4	3	1	2	8	6	7	5		9	7	3	6	8	4	2	1	5		3	9	1	2	7	4	8	6	5
6	8	1	4	5	7	3	9	2		1	6	8	2	9	5	3	4	7		6	7	8	5	1	3	9	4	2
5	7	2	3	9	6	8	4	1		2	4	5	1	3	7	6	8	9		4	8	7	3	5	1	2	9	6
2	1	7	9	3	4	5	6	8		7	5	1	3	2	9	4	6	8		4	8	7	3	5	1	2	9	6
8	3	6	2	7	5	9	1	4		6	8	9	4	7	1	5	2	3		5	1	2	7	9	6	4	8	3
4	9	5	6	8	1	7	2	3		3	2	4	5	6	8	7	9	1		9	3	6	4	2	8	1	5	7
7	5	9	8	4	2	1	3	6		4	1	2	8	5	3	9	7	6		7	6	9	8	3	2	5	1	4
3	6	4	5	1	9	2	8	7		5	9	6	7	1	2	8	3	4		1	5	3	9	4	7	6	2	8
1	2	8	7	6	3	4	5	9		8	3	7	9	4	6	1	5	2		8	2	4	1	6	5	7	3	9

BLÓMASPRENGJA!

BLÓM Á BETRA VERÐI Í BLÓMAVALI



**ERIKUR
AÐ EIGIN VALI**

ERIKUR
CALLUNUR
3 STK.

999 kr

FULLT VERÐ: 1.499



10 RÓSIR

1.990 kr

FULLT VERÐ 2.990 kr



LILJUR 3 STK.
(BLEIKAR, HVÍTAR, ORANGE OFL)

990 kr

FULLT VERÐ 1.490 kr

**TAX
FREE**

HAUSTLAUKAR



1.524 kr

FULLT VERÐ: 1.890

Krókusar blandaðir
litir 50 stk
10200568



1.524 kr

FULLT VERÐ: 1.890

Túlipanar
Peacock 50
10200315



523 kr

FULLT VERÐ: 649


Túlipanar Jumbo
bleikir 10 stk
10201222



483 kr

FULLT VERÐ: 599

Túlipanar Pallada
Maroon 10 stk
10201940



960 kr

FULLT VERÐ: 1.190

Keisaralilja Aurora
1 stk í pakka
102011012



523 kr

FULLT VERÐ: 649

Krókusar Botani-
cal bl. litir 20 stk
10201054



483 kr

FULLT VERÐ: 599

Túlipanar Triumph
fjólubl 10 stk
10201191



LÁRA
VERÐUR
Í SKÚTU-
VOGINUM
UM
HELGINA!

Lára Jónsdóttir

gærðyrkjufraeðingur og sérfræðingur
í haustlaukum veitir ráðgjöf við val
og gróðursetningu haustlauka alla
helgina í Skútuvogi.

Konráð og félagar á ferð og flugi 168

Bragi Halldórsson

„Jæja þá, sudoku gáta,” sagði Kata glottandi. „Nú er ég orðin svo góð í að leysa sudoku að við skulum koma í kapp um hver verður fyrstur til að leysa hana,” bætti hún við. Konráð horfði á gátuna. „Allt í lagi,” sagði hann. „Til er ég.” Lísaloppa var líka góð í að leysa sudoku gátur svo hún var alveg til í keppni. „Við glímum öll við hana og þá kemur í ljós hversu klár þú ert orðin,” sagði hún. „Allt í lagi,” sagði Kata. „En ég vara ykkur við, ég er orðin mjög klár,” sagði hún montin.

Heldur þú að þú getir leyst þessa sudoku gátu hraðar en Kata?

1	4		9	8		6		3
		5		2			8	4
3	8	7			5		9	1
	7		4					
9		4	8	7		1		5
8					6		4	
				6			2	9
2		6				3		
7	5	9						



Brandarahornið

Hvað er stórt og grátt og með gula fætur?
– Fíll sem stendur ofan í hunangskrukku.

Hvað er stórt og grátt og fer upp og niður?
– Fíll í teygjustökki.

Hvað er það sem er samsett úr mörgum götum en getur þó haldið vatni? Svampur

Einu sinni voru tvær beljur á beit þegar önnur segir:
Muuuuuuu. Þá sagði hin: Ég var einmitt að fara segja það sama.

Í dag kl. 13:00

LOKAUPPGJÖR Í PEPSI

Fjölnismenn fá Breiðablik í heimsókn og má gera ráð fyrir hörkuviðureign í Grafarvoginum. Í kvöld verður sumarið svo gert upp í tvöföldum þætti af Pepsi-mörkunum.

365.is | Sími 1817

365



Gunnar Ingi Stefánsson

Aætlar að verða smiður eða flugmaður

Gunnar Ingi Stefánsson er 7 ára. Hann æfir fótbolta með Val og elskar að fara í sund. Honum finnst líka skemmtilegt að fara í ferðalög með skólanum sínum.

Hvað ertu gamall og í hvaða skóla ertu? Ég er 7 ára og ég er í Hlíðaskóla. Mér finnst mjög gaman í skólanum. Stjúpróðir minn er 6 ára. Hann er núna í skóla í Svíþjóð, skólinn hans heitir St. Hansskolan. Lovisa, stjúpmamma mín, verður í skóla í Svíþjóð í vetur.

Hvað finnst þér skemmtilegast að gera í skólanum? Mér finnst skemmtilegast í stærðfræði og listasmíðjunni. Ég er í textilmennt og þar er maður að æfa sig í nokkrum skritnum tækjum.

Ertu að æfa eitthvað? Fótbolta með Val, ég var að æfa handbolta síðasta vetur. Ég byrjaði að æfa fótbolta út af því að ég er svo góður.

Hver er uppáhaldsbókin þín og lestu mikið? Mér finnst skemmtilegast að lesa Andrésar Andar-syrpur. Ég les stundum.

Hver eru áhugamálin þín? Að spila Playstation 4 og að spila fótbolta. Ég elska líka að fara í sund og stundum fer ég í sjósund í Nauthólsvík. Mér finnst rosalega gaman að fara í ferðalög með skólanum mínum og líka fjölskyldunni minni. Einu sinni keyrði ég um allt Ísland með stjúpmömmu minni, pabba og stjúpróður mínum. Svo fór ég einu sinni með mömmu minni í Hrísey, Dalvík og til Akureyrar. Mér finnst líka gaman að horfa á fótbolta í sjónvarpinu, eins og á þriðjudögum og miðvikudögum þegar Meistaradeildin er. Uppáhaldsþátturinn hans pabba er Pepsi-mörkin og við horfum stundum á hann saman.

Með hvaða liði heldur þú? Val, Manchester United, Barcelona og Liverpool.

Hver er uppáhaldsfótbolta-

maðurinn þinn? Mér finnst Lionel Messi bestur út af því að hann er bara rosalega góður. Mér finnst Ronaldo líka góður og Neymar og Iniesta. Diego Costa er líka góður. Rooney er líka bestur og Zlatan. Daniel Sturridge er líka flottur.

Hvað ætlarðu að verða þegar þú verður stór? Ég ætla að verða smiður út af því að mér finnst svo gaman að smíða. Út af því að það er gaman að byggja eitthvað verðmætt. Af minn er smiður og ég hef verið að hjálpa honum að byggja bústað. Mig langar líka að verða flugmaður.


Áttu gæludýr eða langar þig að eiga gæludýr? Nei, ég á ekki gæludýr en mig langar í kanínu. Ég held samt að pabbi sé með ofnæmi fyrir kaninum, ég get samt spurt mömmu hvort ég geti fengið kanínu hjá henni.

Geta komið hættuleg vatnsflóð frá jöklum?

Í bókinni Af hverju eru jöklar og ís á jörðinni? eftir Helga Björnsson er að finna ýmsan fróðleik fyrir börn um jökla og ís. Hér birtum við eina spurninguna og svar úr bókinni:

Flóð geta komið frá jöklum ef bræðsluvatn safnast fyrir í lón í stað þess að renna jafnóðum og jökulis bráðnar. Jökullinn sjálfur getur stíflað afrennsli svo að lónið stækkar stöðugt þangað til vatnið rýfur ísstífluna og ryðst snögglega út í flóði sem við köllum

jökulhlaup. Einnig geta orðið jökulhlaup þegar eldgos verða undir jöklum og mikill ís bráðnar snögglega. Stór jökulhlaup æða fram jökulsanda, sópa burt öllu sem fyrir verður, eyða byggð og gróðurlendi, og mannvirkjum svo sem vegum og brúm.




ALLAR ERLENDAR LITABÆKUR

30% VILDAR AFSLÁTTUR



MORE MINDFULNESS COLOURING
1.748.-
áður 2.499.-



THE MAGICAL CITY
2.098.-
áður 2.999.-



THE MINDFULNESS COLOURING BOOK
1.748.-
áður 2.499.-

TROPICAL WONDERLAND
2.098.-
áður 2.999.-



Lizzie Mary Gullen
The Magical City
A Colouring Book



STAEDTLER
GÆÐA TÚSSLITIR
2.098.-
áður

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Flugstöð Leifs Eiríkssonar




540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Auglýsingin er birt með fyrirvara um villur og myndabrengl. Vildartilboð gildir 3. okt., til og með 5. okt. Vörurval er mismunandi eftir verslunum.

VEÐUR & MYNDASÖGUR

Veðurspá Laugardagur



Hæg breytileg átt, en suðaustlæg átt suðvestan til á landinu á morgun. Áfram dálitlar skúrir og líkur á slydduéljum á stöku stað. Hiti 3 til 9 stig að deginum, mildast austanlands, en allvíða næturfrostr.

Heimurinn



HARPA

Í ár er hálf öld liðin frá því að Río tríóið var stofnað. Tíminn flýgur.

Helgi P., Ágúst, Snorri Helgason og Bjóssi Thor ásamt Jónasi Friðrik og hljómsveit undir stjórn Gunnars Þórðarsonar rifja upp alla smellina, eftir minni.

Tryggið ykkur miða á þessa einstöku afmælistónleika í Eldborgarsal Hörpu í október.

Miðasala er í fullum gangi: tix.is | harpa.is | 528 5050



GULL BYLGJAN

Flóð & fjara

Flóð	Fjara
Reykjavík	
09.32	03.21
3,31m	0,7m
21.49	15.47
3,12m	0,87m

Akureyri	
01.37	07.41
1,28m	0,41m
13.57	20.10
1,33m	0,45m

Ísafjörður	
11.29	05.23
1,85m	0,43m
23.48	17.58
1,74m	0,58m

Tunglstaða



Vaxandi
25%

Sólarupprás:

07.00
Sólarlag:
19.40

Reykjavík

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
6° ↙ 17	8° ↑ 8	6° ↗ 1	7° ↙ 8	6° ↙ 7

Ísafjörður

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
1° ← 14	4° ↙ 10	5° → 3	3° ↙ 5	3° ↙ 4

Akureyri

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
2° ↙ 10	8° ↙ 10	10° ↑ 4	6° ← 2	5° ← 2

Egilsstaðir

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
3° ← 10	8° ↙ 13	9° ↙ 9	6° ↑ 3	5° ← 2

Kirkjubæjarklaustur

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
4° ← 15	9° ↙ 12	8° ↑ 5	7° ↙ 3	6° ← 6

Myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Øverli



GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





**Styrktu Bleiku
slaufuna með
Orkulyklinum**

+2 kr. af hverjum lítra
renna til Krábba-
meinsfélagsins

Látum gott af okkur leiða

Sæktu um **Orkulykil** Bleiku slaufunnar á orkan.is. Með honum styrkir þú baráttuna gegn krabbameini allan ársins hring. Í október renna tvær krónur af hverjum keyptum eldsneytislítra til Krabbameinsfélagsins.



ORKAN



Ali

598
kr. kg

Ali Grísabógur
Ferskur



Af nýslátruðu
2015

2.098
kr. kg

Íslandslamb Lambahryggur
Hálfur lundapartur, ferskur



998
kr. kg

Stjörnugrís
BBQ grísaríf
Fullelðuð

Ali



1.298
kr. 500 g

Ali Rifið grísakjöt
Pulled Pork í BBQ sósu
Fullelðuð, 500 g

Haustslátrun
2014



3.998
kr. kg

Íslandslamb Lambalundir
Ferskar



3.998
kr. kg

Íslandsnaut
Ungnauta Fillet, ferskt



3.998
kr. kg

Íslandsnaut
Ungnauta Ribeye, ferskt



MÁLTÍÐ
FYRIR 4-5

2.698
kr. pk.

Aromatic Crispy Duck
Önd, 24 vefjur og sósa, máltíð fyrir 4-5



1.998
kr. 625 g

Boneless Roast Duck
Beinlaus önd, 625 g



33%
afsláttur

198
kr. 1 l

Bónus Vanilluís
2 tegundir, 1 l
Verð áður 298 kr



1
lítri



NÝTT Í BÓNUS
KYNNINGARVERÐ

198
kr. 300 g

Bónus Lifrarkæfa
2x150 g



198
kr. pk.

Bónus
Samlokuskinka, 237 g



279
kr. 80 g

Voxis Hálstöflur, 80 g



259
kr. stk.

Nutra C-vítamín,
20 stk. freyðitöflur, 3 teg.



198
kr. 56 stk.

Huggies Purkkur
56 stk.



139
kr. stk.

Semper Barnamatur,
Smoothie, 90 g, 6 teg.
Verð áður 159 kr.

20
kr.
verðlækkun

12 HVÍT VISTVÆN STJÖRNUEGG
-frá lausagönguænum

20% afsláttur

559 kr. pk.

Stjörnuegg
12 vistvæn hvít egg, 816 g
Verð áður 698 kr

GOTT VERÐ Í BÓNUS!

198
kr. 500 g

Barilla Pennette
Heilhveiti pasta, 500 g

259
kr. 1 kg

Barilla Spaghetti
1 kg

298
kr. 1 kg

Barilla Penne Rigate
1 kg

298
kr. 1 kg

Barilla Fusilli
1 kg

20% meira magn

539
kr. 1,2 l

ISIO 4 Matarolía, 1,2 l
20% meira magn

LÍFRÆNT
Solla

398
kr. 340 g

Sollu Hnetusmjör
Fínt eða gróft, 340 g

Himneskt
- AÐ NJÓTA -

1.979
kr. stk.

Himneskt - AÐ NJÓTA
Uppskriftabók full af fróðleik frá mæðgunun Sollu Eiríks og Hildi

1 kg

2.798
kr. 1 kg

Nóa Konfekt, 1 kg

1.998
kr. 1,3 kg

Mackintosh Konfekt, 1,3 kg

359
kr. 200 g

Toblerone, 200 g

FRÉTTABLAÐIÐ **MENNING**

Margslunginn texti og miklar tilfinningar

Leikritið Lokaæfing eftir Svövu Jakobsdóttur verður frumsýnt í Tjarnarbíói annað kvöld, 4. október. Þegar litið er inn á æfingu í leikhúsinu standa lokamínútur verksins yfir og þær eru áhrifamiklar.

Lokaæfing gerist í byrgi undir heimili hjóna sem þau Elma Lísa Gunnarsdóttir og Þorsteinn Bachmann leika. „Það er karlmaðurinn sem hefur frumkvæði að því að fara niður í þetta heimasíðaða byrgi til að æfa endalok heimsins, því í hans huga er það ekki spurning um hvort heimurinn farist, heldur hvenær,“ lýsir Þorsteinn. Elma Lísa tekur þar upp þráðinn. „Okkar áhersla er á samband þeirra hjónanna og hvernig þeim líður þegar þau eru búin að loka sig af. Í byrjun áttar konan sig ekki á því hvað maðurinn er búinn að koma henni út í, þetta er æfing og hún veit ekki hversu lengi þau munu dvelja þarna niðri.“

Þriðja hlutverk sýningarinnar er í höndum Kristínar Pétursdóttur sem er nýútskrifaður leikari. Hún leikur píanómenda konunnar. „Þegar stúlkan kemur niður í

byrgið verða viss hvörf í verkinu,“ segir Kristín og Elma Lísa bætir við: „Konan lítur svolítið á hana eins og dóttur sína og stúlkunni rennur til rifja að sjá konuna sem hún þekkir svo vel, í svona aðstæðum.“

Leikararnir eru sammála um að Lokaæfing sé margslungið verk og taki á flestum þáttum mannlegrar tilveru. Hver og einn áhorfandi geti jafnvel túlkað það á sinn hátt. Höfundurinn, Svava Jakobsdóttir, hafi verið mikill brautryðjandi í jafnréttisbaráttu kvenna en þó vissulega sé fjallað um stöðu kynjanna í þessu verki þá sé fókúsinni víður.

„Þetta er leikrit um tilvist mannsins á jörðinni, hvernig hann hefur tapað tengslum við lífið, er hættur að treysta því og bara farinn að treysta á sjálfan sig til þess að lifa af. Það vekur hjá honum skorthugsun sem aftur veldur ofsóknarkennd,“ lýsir Þorsteinn. „Óttinn er grunnþemað í verkinu.“ Elma Lísa segir áhugavert að takast á við marg-



Þorsteinn, Elma Lísa og Kristín búa sig undir frumsýningu með bros á vör. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Í BYRJUN ÁTTAR KONAN SIG EKKI Á ÞVI HVAD MAÐURINN ER BÚINN AÐ KOMA HENNI ÚT Í, ÞETTA ER ÆFING OG HÚN VEIT EKKI HVERSU LENGI ÞAU MUNU DVELJA ÞARNA NIÐRI.

slunginn texta verksins, mikil hvörf og stórar tilfinningar.

Frumgerð af Lokaæfingu var sett upp fyrst árið 1983, síðan gerði Svava róttækar breytingar á því og sú útgáfa var frumsýnd í Kaupmannahöfn 1987 og hjá Leikfélagi Akureyrar sama ár. Það er sú leikgerð sem nú er unnið með og hún hefur aldrei verið sýnd í Reykjavík áður. En telja leikararnir hana eiga jafn mikið erindi nú og á niunda áratugnum? „Okkur finnst það, já. Góð verk standast alltaf tímans tönn og hægt er að setja þau upp á öllum tímum,“ svarar Elma Lísa.

Lokaæfing er sett upp í tilefni


af 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna. Höfundurinn, Svava Jakobsdóttir, hefði orðið 85 ára þann 4. október og leikhópurinn Háalofthið stendur að frumsýningunni á afmælisdeginum. Leikstjóri er Tinna Hrafnadóttir. Uppsetningin er hluti af lestrarháttíð Bókmennta-borgar sem í ár er tileinkuð Svövu og hennar verkum.

Leikritið tekur um einn og hálfan tíma í flutningi og ekki er um neina pásu að ræða. „Við erum þess fullviss að áhorfendur gangi hugsandi út. Í þessu verki eru svo margir þræðir,“ segir Þorsteinn.

gun@frettabladid.is



Þóra Einarsdóttir sópran fór á kostum á fimmtudagskvöldið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



STYRKIR TIL TÓNLEIKAHALDS Í HÖRPU 2016

Stjórn Styrktarsjóðs Samtaka um tónlistarhús og Ruthar Hermanns auglýsir eftir umsóknum um styrki til tónleikahalds í Hörpu árið 2016. Veittir verða styrkir til tónlistarmanna og/eða tónlistarhópa. Umsóknarfrestur er til kl. 17.00 mánudaginn 02. nóvember 2015.

Nánari upplýsingar og rafræn umsóknareyðublað eru á slóðinni:

<http://styrktarsjodursut.is/>

Úthlutun verður í nóvember.

Fullt af hamingju, sigri hrósandi

TÓNLIST

Verk eftir Brahms og Sibelius á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Hörpu fimmtudaginn 1. október.

Stjórnandi: Vladimir Ashkenazy

Einsöngur: Þóra Einarsdóttir

★★★★★

Tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands á fimmtudagskvöldið byrjuðu glæðilega. Á dagskránni var önnur sífónía Brahms. Hún var samín þegar tónskáldið var í slökun í bænnum Wörthersee í Austurríki. Þar er landslagið afar fagurt og Brahms fylltist innblæstri strax við komuna. Afraksturinn var fullur af hamingju. Það er yfir sumum hlutum verksins hrífandi frelsi sem erfitt er að skilgreina nánar. Draumkenndur fyrsti kaflinn skartar einhverju fegursta stéfi sem Brahms skrifaði á blað. Stefið er óháð tíma og rúmi, eins undarlega og það nú hljómar.

Vladimir Ashkenazy stjórnandi hljómsveitinni og hann kom stemningunni og öllum tilfinningunum fullkomlega til skila. Sagan í verkinu var ljóslífandi, hún var spennandi og litrík. Ef til vill mátti finna einhverja hnökra í málmblástursleiknum í fyrsta kaflanum, en þar sem túlkunin var svo rafmögnuð þá skipti það engu máli. Tónlistin var alveg sprellífandi, tignarleg og viðburðarík. Leikur hljómsveitarinnar var þéttur og þrunginn lokkandi blæbrigðum. Ómögulegt var annað en að hrífast með.

Hin tvö verkin á tónleikunum voru eftir Sibelius. Hann er nokkuð áberandi á tónleikaskránni um þessar mundir, en 150 ár eru síðan hann fæddist. Fyrri tónsmíðin var



Vladimir Ashkenazy á æfingu með Sinfóníuhljómsveit Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

sjaldheyrður unaður, Luonnotar að nafni. Hún er fyrir sópran og hljómsveit. Ljóðið er úr Kalevala, epískum kvæðabálki sem er einskona Eddukvæði Finnlands. Í textanum er sögð sköpunarsaga heimsins. Tónlistin er mögnuð, hún hefst á óreiðukenndum þyt sem strengjaleikarar framkalla, en von bráðar skín ljós í myrkrinu. Það er skær sópranródd sem að þessu sinni kom úr barka Þóru Einarsdóttur. Verkið er kröfuhart, laglínurnar byggjast stundum á stórum stökkum upp og niður tónstigann. Í lokin er lágvær, langur tónn mjög ofarlega. Það þykir erfitt, en Þóra hafði ekkert fyrir því. Túlkun hennar var ástríðufull og grípandi, röddin tær og sterk. Þetta var frábær frammistaða.

Lokastykkið á dagskránni var sífónía nr. 5 eftir Sibelius. Eins og svo oft er með þessi stærri verk tónskáldsins, þá er stillinn brotarkenndur allt fram að sigri hrósandi endinum. Það er eins og

öllum hugmyndunum sé kastað á borð í hrúgu strax í byrjun, og maður veit ekkert hvað snýr upp og hvað niður. Stef fæðast og leita eftir einhvers konar niðurstöðu, en hún fæst ekki. Svo birtist eitt-hvað annað en það verður ekki heldur að neinu bitastæðu. Smám saman renna þessir ólíku þræðir þó saman og í lokin eru þeir orðnir að tilkomumiklum söng. Fimmta sífónían er þessu marki brennd. En Ashkenazy missti aldrei þráðinn, þrátt fyrir kaosinn þá var tónlistin alltaf athyglisverð. Hljómsveitin var líka fantagöð, hér voru málmblástararnir með allt sitt á hreinu! Heildarhljómurinn var safaríkur og fókuseraður, styrkleikajafnvægið var fullkomlið, hraðar tónahendingar þrýðilega af hendi leystar. Hvílik dásemd!

Jónas Sen

NIÐURSTAÐA Spennuþrungin túlkun og himneskur söngur. Þetta voru frábærir tónleikar.

LOKAHELGI

BÓKAMARKAÐAR



Gunnar Helgason les úr óutkominni bók sinni **Mamma Klikk** kl 14.00



Kaffi, kleinur, pylsur og djús

*Á meðan birgðir endast, kveikjum upp í grillinu kl. 13.

Allt að **90%** afsláttur




Ef keypt er fyrir 6.000 kr. eða meira fylgir gjöf



RISALAGERSALA á Fiskislóð 39

OPIÐ ALLA HELGINA kl. 10-19


Yfir **4000** titlar frá öllum helstu útgefendum landsins!



Stórvirki **4.990** kr. stk.



99 kr.




10 bækur í pakka


3.990 kr.



990 kr.




990 kr.



Innbundin

990 kr.



990 kr.



490 kr.



1.490 kr.



990 kr.

*Birt með fyrirvara um prentvillur. Tilboðin gilda á meðan birgðir endast.

Kærleikurinn er kjarni málsins

LEIKLIST

Sókrates

Borgarleikhúsið - Litla sviðið

Handrit Bergur Þór Ingólfsson og Kristjana Stefánsdóttir

Leikstjórn Rafael Bianciotto og Bergur Þór Ingólfsson **Leikarar** Bergur Þór Ingólfsson, Kristín Þóra Haraldsdóttir, Kristjana Stefánsdóttir og Marianna Clara Lúthersdóttir **Leikmynd og ljóshönnun:** Egill Ingibergsson **Leik- og söngtextar** Bergur Þór Ingólfsson **Tónlist, útsetningar og upptökustjórn:** Kristjana Stefánsdóttir **Hljóð** Garðar Borgþórsson **Búningar:** Stefania Adolfsdóttir **Leikgervi** Elin S. Gísladóttir

★★★★★

Fyrir tvö þúsund fjögur hundruð og sextán árum beið heimspækingurinn Sókrates eftir dauðanum, samtímis ferðast minna þekktir spámenn, Pásanías og Patróklos, yfir Miðjarðarhafið með baneitraðan farangur. Trúðaóperan Sókrates í leikstjórn Rafaela Bianciotto og Bergs Þórs Ingólfssonar var frumsýnd í Borgarleikhúsinu síðastliðinn fimmtudag en trúðarnir Úlfar, Guðrún, Bella og Ronja eru svo sannarlega beittir og bráðfyndnir.

Litla sviðið umbreytist í helgireit með tilheyrandi leiktjöldum og heilögum hring fyrir miðju þar sem sýningin fer að mestu fram. Trúðarnir fara í allra kvikinda líki en hungraður hákarl og ónefnd flautustúlka með falinn harm koma meðal annars við sögu.

Marianna Clara Lúthersdóttir er ein færasta leikkona landsins þegar kemur að líkamlegum grínleik; hún fettir sig, brettir og lipur framkoma hennar

er hreinasti unaður. Henni fipast þó aðeins þegar kemur að framsetningu Platóns. Þrátt fyrir misgöða raddbeitingu hjá Kristínu Þóru Haraldsdóttur er hún virkilega góð í hlutverki hins þjakaða Patróklos. Lokasena hans er stórgóð þökk sé þeirri tilfinningalegu dýpt sem Kristín Þóra sýnir. Samleikur þeirra er einnig snjall og nær hápunkti þegar þeir félagar, Patróklos og Pásanías, verða að taka afdrifarika ákvörðun.

Söngur Kristjónu Stefánsdóttur er afbragð og leikur hennar ekki síðri. Hún er með flotta kómiska tímasetningu og lokasena flautustúlkunnar er hennar sterkasta stund þar sem tregablandinn söngur og glaðværð blandast saman á óvæntan hátt. Bergur Þór Ingólfsson er einn af okkar reyndustu sviðslistamönnum, bæði á sviði og bak við tjöldin. Líkt og leikkonurnar syngur hann og dansar ef mikilli list en lestur hans á áhorfendum er skarpur. Stundum gengur hann aðeins of langt í trúðsleiknum en gleðin skín úr sviðsframkomu hans.

Á frumsýningunni biðlaði trúðurinn Bella til hópsins að endurtaka flókið dansatriði en hún hafði ruglast á sporunum. Í Sókrates er nefnilega pláss fyrir mistök, trúðar gera einmitt reglulega mistök en ná sér alltaf aftur á strík. Heiðarleiki, samkennd og úrlausnir mynda ramma verksins, eitthvað sem fleiri mættu draga lærdóm af.

Þó að meirihluti trúðanna sé kvenkyns eru persónur verksins aðallega karlkyns, endurspeglun af karllægri sögu heimsins. Einungis eiginkona Sókratesar, Xanþippa, og ónefnd



flautustúlka koma við sögu en hennar söngur hljóðar svo: „Og stak er ég í þessu skakka mengi / Því stelpa eins og ég er varla gildi. / Í tölfraeðinni tíðkast engin mildi / er túlka skalt vort veraldlega gengi.“

Bergur Þór er afar snjall textahöfundur og hikar ekki við að blanda saman hádráma og fimmaurabröndurum af ódýrustu gerð. Samvinna hans og Kristjónu er gríðarlega góð, en hún hefur umsjá með tónlistinni. Þau draga upp skýrar myndlíkingar og takast á við málefni samtímans en ætíð er stutt í grínið og gleðina. Leikstjórn þeirra Rafaela og Bergs Þórs samrýmist textanum vel, umgjörðin er örugg en þeir

taka sjálfa sig ekki of alvarlega. Myndirnar sem þeir draga upp eru fallegar í gáskafullum einfaldleika sínum.

Því miður er lokasena verksins heldur endaslepp og eftirminnilegri úrlausn hefði verið ákjósanleg miðað við sterka uppbyggingu. Sumir brandararnir gengu ekki alveg upp s.s. grínið um Grímuverðlaunin og orkustig sýningarinnar dalaði stundum, þá helst á milli atriða.

Egill Ingibergsson sér um leikmynd og ljóshönnun en hann er einn færasti fagmaður landsins á þessu sviði. Svíðslausnirnar eru einfaldar en gleðja augað. Þá verður sérstaklega að nefna framsetningu hins smáa Sófranískos

sem verður ekki upplýst hér en var dásamleg, með góðri hjálp frá Mariönnu Clöru. Búningar Stefaníu Adolfsdóttur eru að sama skapi frumlegir, spaugilegir og vel útfærðir.

Samkenndin og stemmingin sem skapast í salnum er eftirtektarverð en trúðarnir, með traustri aðstoð Rafaela, halda áhorfendum algjörlega í hendi sér. Sókrates er engu lík og leikhúsaáðdáendur ættu ekki að láta þessa grátbroslegu trúðaóperu fram hjá sér fara.

Sigríður Jónsdóttir

NIÐURSTADA: Trúðarnir snúa aftur í öllu sínu veldi. Því ber hressilega að fagna.

Náttúrulega í vinnuna

Við erum ánægð með fólkið okkar!

Vínbúðin hefur lengi stutt starfsfólk í að taka upp vistvænan samgöngumáta, bæði með samgöngusamningum og öflugri fræðslu. Árangurinn hefur ekki látið á sér standa. Nýlega var Vínbúðinni veitt Samgönguveiðurkenning Reykjavíkurborgar og Hjólaskálin frá Hjólafærni og Landssamtökum hjólreiðamanna fyrir að stuðla að grænum samgöngumáta starfsfólks. Það er þó ekki síður gleðiefni að samgöngustyrkirnir hafa skilað sér margfalt til baka í bættu heilsufari og betri líðan starfsfólksins okkar.

46%
starfsmenn með
samgöngusamning
yfir sumartímann

VÍNBUÐIN

ÓMISSANDI Á HVERJU HEIMILI

Alkunnar tilvitnanir og lítt þekktir gullmolar



Sá sem veit allt getur
gert hvað sem er.
Hann þarf einungis að vita
– þá fær hann vængi.

LEONARDO DA VINCI

Torfi Jónsson valdi og þýddi.



www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39

AFMÆLISHELGI

FJÖLDI TILBOÐA Í VERSLUN



Nú 149.900 kr.

SPARAÐU
30%

Kingston City-hornsófi

1½ sæta sófi með sandlituðu áklæði. L 205 x D 161 cm. 219.900 kr. Nú 149.900 kr. Hægt að fá sófann speglaðann.

Nú 3.995 kr.



SPARAÐU
30%

Bamboo

Stigi fyrir handklæði. Grár, svartur eða natur. H 171 cm. 5.995 kr. Nú 3.995 kr.

Nú 49.900 kr.



Claire-skenkur

Hvítur skenkur með eikarfótum. 150 x 40 x 71,5 cm. 69.900 kr. Nú 49.900 kr.

Nú 9.995 kr.



SPARAÐU
35%

35% af öllum púðum

Moss. 50 x 50 cm. 5.995 kr. Nú 3.897 kr.
Geometric. 50 x 50 cm. 3.995 kr. Nú 2.597 kr.



Majestic

Þrjónaður skemill/sessa. Grá, svört eða hörlit. 16.995 kr. Nú 9.995 kr.

VEXTIR
0%*

KAUPTU NÚNA

og dreifðu greiðslumni á 12 mánuði, vaxtalaust.*



VISA

*Nú getur þú fengið 12 mánaða vaxtalaus greiðsludreifingu þegar verslað er með VISA eða MasterCard. Þegar verslað er fær kaupandi að sjá yfirlit yfir greiðsluáætlun sem sýnir áætlaðar mánaðarlegar greiðslur, þ.e. afborgun ásamt lántökukostnaði og færslugjaldi. Kaupandi þarf að undirrita áætlunina til að staðfesta útreikninginn.




Nú 99.900 kr.



Flip-hornsófi

Tveggja sæta sófi með legubekk. L 228 x D 202 cm. 149.900 kr. Nú 99.900 kr. Hægt er að fá sófann speglaðann.

Nú 4.495 kr.



Basket

Filtkarfa. Ýmsir litir. 35 x 45 cm. 5.995 kr. Nú 4.495 kr.

Nú frá 597 kr.



40% af öllum handklæðum

Nessa handklæði. Ýmsir litir. 50 x 100 cm. 995 kr. Nú 597 kr. 70 x 140 cm. 1.995 kr. Nú 1.197 kr. 100 x 150 cm. 2.995 kr. Nú 1.797 kr.

Nú 595 kr.



Letter

Hvít kanna með bókstaf. 895 kr. Nú 595 kr.

Nú 3.495 kr.



Bamboo

Grár, natur, svartur eða hvítur bambuskollur. 4.995 kr. Nú 3.495 kr.

Nú 6.495 kr.



Lantern

Lugt með gleri. 52 cm. 12.995 kr. Nú 6.495 kr.

Nú 4.995 kr./stk.



Bird og Moose myndir

Bird eða Moose mynd úr steypu. 20 x 30 cm. 8.995 kr. Nú 4.995 kr.



Nordic

Ljósgrá, dökkgrá og brúngrá motta. 140 x 200 cm. 54.900 kr. Nú 29.900 kr. 160 x 230 cm. 69.900 kr. Nú 39.900 kr.



2 fyrir 1
AF ÖLLUM
RÚMFÖTUM

KAFFIHÚS

Súkkulaðikaka

með rjóma. Djús eða kaffi

TILBOÐ 195 kr.

Kalkúnabringa

með kartöflugratíni, grænmeti

og brúnni sósu

TILBOÐ 995 kr.



verður hjá okkur milli kl 13-17
laugardag og sunnudag

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ

THE MARTIAN
MATT DAMON

★★★★★
- VARIETY
★★★★★
- EMPIRE
★★★★★
- HOLLYWOOD REPORTER

HJÁLPI ER AÐEINS
225 MILLJÓN KM Í BURTU

12

HÓTEL TRANSYLVÁNIA 2

16

SICARIO

16

EVEREST

12

Sýningartímar á eMiði.is og miði.is

LAUGARÁS BÍÓ

miði.is
Miðasala og nánari upplýsingar

Coca-Cola
LAUGARÁS BÍÓ

12

TILBOÐ KL. 2 12

16

L

L

LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

THE MARTIAN 3D	7, 10
EVEREST 3D	2, 5, 8, 10:30
SICARIO	8, 10:30
HÓTEL TRANSYLV. 3D ISL	2
HÓTEL TRANSYLV. 2D ISL	2, 4
HÓTEL TRANSYLV. 2D ENS	6 (ótextuð)
SKÓSVEINARNIR 2D ISL	4

SAMBÍÓINN NÁÐU Í SAMBÍÓ APPÍÐ ÞAÐ MARGEORGAR SIG

JOHNNY DEPP ER STÓRKOSTLEGUR Í HLUTVERKI SÍNU SEM JAMES „WHITEY“ BULGER.

BLACK MASS

★★★★★
GOLDEN STONE
★★★★★
VARIETY
★★★★★
USA TODAY

EVEREST

★★★★★
THE WRAP
★★★★★
USA TODAY

16

THE INTERN

★★★★★
VARIETY
★★★★★
USA TODAY

12

HÓTEL TRANSYLVÁNIA 2

★★★★★
VARIETY
★★★★★
USA TODAY

12

PAWN SACRIFICE

★★★★★
VARIETY
★★★★★
USA TODAY

12

SAMBÍÓINN ALFABAKKA

BLACK MASS	KL. 6 - 8 - 9 - 10:40
BLACK MASS VIP	KL. 12 - 5:20 - 10:40
THE INTERN	KL. 5:20 - 8 - 10:40
EVEREST 3D	KL. 12 - 2:40 - 5:20 - 8 - 10:40
EVEREST 2D VIP	KL. 2:40 - 8
HÓTEL TRANSYLVÁNIA 2 ISL 2D	KL. 12 - 2 - 4 - 6
THE MAN FROM U.N.C.L.E.	KL. 10:10
VACATION	KL. 8
SKÓSVEINARNIR ISL 2D	KL. 1 - 3:10
INSIDE OUT ISL 2D	KL. 1:30 - 3:40 - 5:50
TÖFRAHÚSÍÐ ISL 2D	KL. 12 - 2 - 4

SAMBÍÓINN KEFLAVÍK

BLACK MASS	KL. 8 - 10:40
THE MARTIAN 3D	KL. 8
EVEREST 3D	KL. 5:20
EVEREST 2D	KL. 10:30
HÓTEL TRANSYLVÁNIA 2 ISL 3D	KL. 3
HÓTEL TRANSYLVÁNIA 2 ISL 2D	KL. 6
SKÓSVEINARNIR ISL 2D	KL. 4

SAMBÍÓINN EGILSHÖLL

BLACK MASS	KL. 5:20 - 8 - 10:35
THE INTERN	KL. 5:20 - 8 - 10:35
EVEREST 3D	KL. 5:20 - 8
EVEREST 2D	KL. 2:40 - 10:35
HÓTEL TRANSYLVÁNIA 2 ISL 2D	KL. 1 - 2 - 3:10 - 5:40
THE MAN FROM U.N.C.L.E.	KL. 10:15
VACATION	KL. 8
INSIDE OUT ISL 2D	KL. 1 - 3:10

SAMBÍÓINN KRINGLUNNI NÚMÉRUB SÆTI

IL TROVATORE ÓPERA	KL. 4:55 (au)
BLACK MASS	KL. (8:10 - 10:50 (au)) (2:40 - 5:20 - 8 - 10:40 (su))
THE INTERN	KL. 2:40 - 5:20 - 8 - 10:40
PAWN SACRIFICE	KL. 5:30 - 10:30
LOVE & MERCY	KL. 8
INSIDE OUT ISL 2D	KL. 3:20

SAMBÍÓINN AKUREYRI

BLACK MASS	KL. 5:30 - 8 - 10:30
THE INTERN	KL. 5:30 - 8
THE MAN FROM U.N.C.L.E.	KL. 10:30
INSIDE OUT ISL 2D	KL. 3:20
TÖFRAHÚSÍÐ ISL 2D	KL. 3:30

SPARBÍÓ
MERKTAR MED GRÆNU Eða APPELSÍNUGULU KR. 950 Á APPELSÍNUGULT OG KR. 1250 Á GRÆNT

Góða skemmtun í bíó

LAUGARÁS BÍÓ Ódýrt í bíó **miði.is**
Miðasala og nánari upplýsingar

ÍSLENSKT TAL SÝND Í 2D OG 3D
SÝND KL. 2

SÝND Í 3D
SÝND KL. 2

TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

SAMBÍÓ.is

FJÖLSKYLDUTILBOÐ KR. 490

SPARBÍÓ MERKTAR MED GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓANNA KR. 1250 Á GRÆNT OG KR. 950 Á APPELSÍNUGULT

FJÖLSKYLDUPAKKINN
